

2024

VIRKJUM
BESSASTAÐI



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON



Virkjum Bessastaði
Endurútgáfa og viðbætur 2024
Ástþór Magnússon

Aðalmynd á kápu: Örvar Atli Þorgeirsson, Arcticphoto.is

Efnisyfirlit

Inngangur	11
Meira en veislustjóri.....	11
Nýsköpun.....	12
Þöggunarmúrinn.....	12
Ráðist á boðberann.....	13
Þrjár sýnir.....	13
Fordómar.....	14
Árið 2025.....	15
Taktu upplýsta ákvörðun.....	16
Stuðningur Íslands við stríð er tímaskekkja.....	16
Lestu bókina.....	16
Lífságrip	17
Þrautseigja vinnur þrautir allar.....	17
Friðarbandalag þjóðanna.....	17
Geng aldrei frá hálfkláruðu verki.....	18
Fyrsta íslenska kreditkortafyrirtækið.....	19
Seðlabankastjóri kallaði okkur á teppið.....	22
Fyrsta Íslenska fyrirtækið með eigin tölvu.....	23
Nær 200% verðbólga á Íslandi.....	23
Barist með myndavélinni í Þorskastríðinu.....	24
Eyjagosið.....	25
Filmupokinn.....	25
Með tvær hendur tómar.....	26
Nýtt upphaf í Kaupmannahöfn.....	27
Flogið yfir Atlantshafið með sextant.....	28
Nauðlending með brennandi hreyfil.....	29
Fyrsta þotan.....	30
Flugvélasalinn og Nígeríusvindið.....	32
Yfirheyrsla á Krímskaganum.....	33
Stöðvaður af orustuþotum Moldavíu.....	34
Þotunni lent með tóman tank í Póllandi.....	35

Utánríkisráðherra til bjargar.....	36
Viðskiptajöfrar reyndu að stela þotunni.....	37
Allt sett í Frið 2000.....	41
Stofnun Friðar 2000.....	42
Börnum bjargað.....	43
Bréf til Guðs leiddi til kraftaverks.....	44
Íslenskur verkalyðsforingi.....	44
Hættið að drepa börnin mín.....	44
Stríði afstýrt.....	45
Virkjum Bessastaði.....	47
Ein stærsta auðlind Íslendinga.....	49
Forsetaembætti gæti orðið ein stærsta tekjulind okkar.....	51
Viltu reikning eða ávísun frá Bessastöðum?.....	52
Forsetaembættið hefur allt sem til þarf.....	53
Með nýjum forseta koma nýjar áherslur.....	54
Hlutverk forseta Íslands til friðar.....	55
Forseti Íslands á greiðan aðgang.....	55
Fylgið hrynur af hermöngurum.....	56
Lítil kona ögrar kjarnorkuveldi.....	56
Flestir tapa á stríðsleikjum.....	56
Styrjaldir framleiða flóttamenn.....	57
Valdið til þjóðarinnar.....	58
Álitsgjafar dregnir fram til að blekkja almenning.....	58
Sérhagsmunatengsl brutu ísinn.....	59
Fjölmíðlar ráðskast með lýðræðið.....	59
Forsetinn og Alþingi.....	60
Regluverk þarf um málskotsréttinn.....	61
Fyrstur að tala fyrir beinu lýðræði.....	62
Tökum forystu í lýðræðisþróun.....	63
Beint lýðræði í framkvæmd.....	63
Hraðbankar sem kjörklefar.....	64
Virkara og haghvæmara Alþingi.....	64

Beint og milliliðalaust lýðræði.....	65
Tillaga að breytingum á Alþingi og ríkisstjórn.....	66
Ný stjórnarskrá.....	66
Tungan er mitt sverð.....	67
Uppskrift að friðsömum mótmælum.....	67
Stjórnvöld misnotuðu dómskerfið.....	68
Ofbeldi leiðir til aukins ofbeldis.....	69
Leikræn tjáning í mótmælum.....	69
Borgaraleg óhlýðni.....	70
Fyrsti pólitíski fanginn á Íslandi.....	71
Látinn hverfa út í nóttina.....	71
Færður daglega milli fangaklefa.....	72
Litla Hraun.....	73
Ráðist á skrifstofur Friðar 2000.....	73
Hótað 16 ára fangelsi.....	74
Æðstu ráðamenn misnotuðu vald sitt.....	75
Dómari sagði mig pólitískan fanga.....	75
Umfjöllun Íslenskra fjölmiðla á mælisverð.....	76
Hermang gegn þjóðarvilja.....	77
Sjálfstæði þjóðarinnar í hættu.....	78
Samfélagsmiðlar og gervigreind.....	79
Facebook ógn við lýðræðið.....	80
Stefnumálin í hnotskurn.....	82
Sameiningartákn þjóðarinnar.....	82
Vir kara lýðræði og málskotsréttur.....	82
Leiðandi til friðar- og lýðræðisþróunar.....	82
Forsetasamningurinn.....	84
Maður fólksins hvar í flokki sem það stendur.....	85
Hagsmunatengsl.....	85
Vir kara lýðræði í framkvæmd.....	86
Málskotsréttur.....	87
Lög um eignarhald fjölmiðla.....	88

Icesave.....	88
Virkara lýðræði með nútíma tækni.....	89
Ísland fyrirmynd friðar.....	90
Stuðningur frumkvöðla í friðarmálum.....	90
Atvinnu- og tekjuskapandi forsetaembætti.....	94
Leikrænar tjáningar.....	95
Hættið að drepa börnin mín.....	95
Mótmælin báru árangur.....	95
Leikræn tjáning ekki á dagskrá forseta.....	96
Ég er ekki til sölu.....	97
Fyrrum forseti, friðarverðlaunahafi Nóbels og heimsþekktir fræðimenn telja hugmyndirnar raunhæfar.....	99
Lítill þjóð, takmarkalaus framtíðarsýn.....	100
Hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi.....	104
Hræsni Morgunblaðsins.....	104
Efnahagshrunið.....	107
Spáði fyrir um efnahagshrunið.....	107
“Rússneskar” forsetakosningar á Íslandi í boði RÚV.....	109
Lög um fjölmiðla.....	111
Forseti Íslands í boði fjölmiðlafyrirtækis.....	112
RÚV lamað vegna fjölmiðlaframboðs.....	112
Kosningavaka skipulögð án framboðskynninga.....	113
Alvöru forsetaframboð.....	114
Fjölmiðlanefnd.....	115
Forseta skotið á loft af ríkisfjölmiðlinum.....	117
Álitsgjafi reyndist frambjóðandi í dulargervi.....	117
Varðhundur kolkrabbans.....	118
Réðist á aðra frambjóðendur.....	119
Geimverur gætu tekið frambjóðandann.....	120
Marklausir álitsgjafar RÚV.....	120
Nýtt RÚV framboð?.....	121
Ritskoðun RÚV.....	122
Dr. Dietrich Fischer skrifar um RÚV:.....	122

Úkraína og stríð við Rússland.....	124
Bandaríska leyniþjónustan.....	124
Gleymdu flóttamennirnir.....	124
Súkkulaðikóngurinn.....	125
Ekki orð til friðar frá Íslandi.....	126
Bréf til sent forseta Úkraínu:.....	126
Ísrael og Palestína.....	129
Friðarsetur Reykjavíkur.....	131
Friðarháskóli á Íslandi.....	131
Reykjavík borg friðarins.....	132
Vindhani frá Bessastöðum.....	132
Nýr forseti getur rutt brautina.....	133
Þverpólitískt sameiningartákn.....	133
Gallar í kosningakerfi afhjúpaðir.....	135
Skrifað með titrandi hendi.....	136
Hópur kjósenda kærði ógildingu framboðs.....	137
Ítrekað sendi tillögur að úrbótum.....	138
Blettur á sögu lýðræðis á Íslandi.....	138
Kosningar hófust án staðfestingar framboðs.....	139
Kem ríðandi að hætti Jóns Sigurðssonar.....	139
Forneskjuleg vinnubrögð.....	140
Framkvæmd kosningar á skjön við lög.....	141
Velkomnar betrubætur.....	143
Ráðist á framboðið.....	143
Grátsöngur um kostnað lýðræðis.....	144
Skipulagðar netárásir á framboðið.....	145
36,200 níðskrif á netinu.....	146
Sorpblaðamenska leiddi til sjálfsmorðs.....	146
Lögreglan gekk erinda mannorðsmorðingja.....	147
Endaþarmar leiddir saman í skítamáli DV.....	149
RÚV skáldaði frétt upp úr gróusögum.....	150
Persónunjósniir kalda stríðsins.....	151

Persónunjósniir Sjálfstæðisflokksins.....	151
Fjölmíðlum beitt gegn “vinum”.....	151
Fyrir bandarísku leyniþjónustuna.....	152
Viðurstyggilegar njósniir erlends ríkis.....	152
Persónunjósniir í menntastofnunum.....	153
Siðareglur HA í ruslafötuna.....	153
Grefur undan trausti í Þjóðfélaginu.....	154
Hrunvarpið.....	155
Pappírsmátt frá Texas.....	155
Lýðvarpið afhjúpar spillingu.....	156
Gullkálfur Sjálfstæðisflokksins.....	156
Íslensk þöggun.....	157
Matarpeningarnir gerðir upptækir.....	158
Milljörðum stolið frá almenningi.....	158
Kúguðum almenningi refsað.....	158
Héraðsdómur studdi Þjóðarmorð.....	159
Virkjum Bessastaði - Fyrsta útgáfa árið 1996.....	160
Upphaflega bókin er birt hér sem skannað viðhengi.	
Efnisyfirlit upprunalegu bókar á næstu síðu.	

Efnisyfirlit

Virkjum Bessastaði	13
Heimsendir eða upphaf nýrra tíma?	19
Forréttindi diplomatanna	23
Blekking aldarinnar	27
Viðvörðun vísindamanna	31
Kjarnorkuvopn	35
– Ísland styður kjarnorkuvopn!	
Að spila Matador	41
Hringekja dauðans	47
– Vopnakaþhlaupið heldur áfram	
Friðarpottlok á suðupottinn	51
Friður í vöggugjöf	55
– Er mannfólkið ofbeldishneygðar verur?	
Trúarbrögð	61
Tökum forystuna	67
Þróun til friðar og velmegunar á jörðinni	73
Hvað er Friður 2000?	77
Hvað getur þú sem einstaklingur gert?	81
Óþekkti vinur	82
– Með jólapakkanum fékk ég það dýrmætasta í lífi mínu	
Ferðasaga	84
– Ferðasaga Hörpu Karlsdóttur frá flugi Friðar 2000 til Sarajevo	
Friðardúfa á ferð og flugi	93
– Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður ræðir við Ástþór Magnússon	

Inngangur

Að vilja frið, öryggi og frelsi til athafna og orða er í grunneðli okkar sem manneskjur, gildi sem almenn samstaða er um. Lýðræðislegu skipulagi samfélagsins okkar er ætlað að reisa skjaldborg um þessi mikilvægu gildi. Sótt hefur verið að þeim úr öllum áttum með sívaxandi þunga undanfarin ár og lýðræðið okkar hefur látið undan. Valdið hefur færst í auknu mæli frá okkur, fólkinu í landinu, frá kjörnum fulltrúum okkar til ókjörinna embættismanna, jafnvel í fjarlægum löndum, fjölmiðlar gegna ekki lengur lýðræðislegu hlutverki sínu heldur þjóna sérhagsmunum og erlend stórfyrirtæki stjórna að miklu leyti hvað við megum sjá og heyra og kippa á sama tíma rekstrargrundvelli undan óháðum íslenskum fjölmiðlum. Þátttaka Íslendinga í stríðsrekstri, frekar en að vera boðberar friðar, er skýrt dæmi að mínu áliti um að farið er á svig við vilja almennings.

Meira en veislustjóri

Það er tímabært að við spornum gegn þessari óheillaþróun. Hingað til hefur embætti forseta Íslands verið að mestu táknrænt, veislustjóri sem kostar okkur mikla fjármuni en skilar litlu. Framboð mitt undir kjörorðunum „Virkjum Bessastaði“ er það eina sem hefur á stefnuskrá sinni að embættið verði virkjað til að standa vörð um lýðræðið, þróa það og efla, auk þess að gera það að leiðandi afli í friðarmálum á alþjóðavettvangi.

Bók þessi var fyrst gefin út 1996 og kemur núna út í nýrri útgáfu. Ég tel mikilvægt að kjósandi í lýðræðissamfélagi geti tekið upplýsta ákvörðun þegar hann ver atkvæði sínu og er því markmiðið með henni að annars vegar kynna ítarlega stefnu framboðsins, hvernig má útfæra hana og útskýra hvernig hún sé vel framkvæmanleg og vænleika hennar fyrir þjóðina og hins vegar að kynna persónuna sem stendur að baki framboðinu, ágríp af lífshlaupi mínu, baráttunni fyrir hugsjóninni um frið og betra lýðræði sl. 3 áratugi og af

hverju ég er líklegur til að láta hendur standa fram úr ermum og láta hana rætast.

Nýsköpun

Ferill minn í viðskiptalífínu hefur einkennst af sköpunargleði, mikilli vinnusemi og baráttu við ótal ljón sem hafa verið á vegi mínum. Frumkvöðullinn í mér kom fram strax á æskuárunum og rek ég söguna frá byrjun og staldra við nýsköpunarverkefni eins og að innleiða og kynna fyrir Íslendingum kreditkort með stofnun fyrsta kreditkortafyrirtækisins á Íslandi, nýtingu tölvutækninnar í atvinnurekstri o.m.fl.

Ég segi frá bæði sigrum og ósigrum, hvernig ég hef oftast en einu sinni orðið að byrja upp á nýtt með tómar hendur, þ.á.m. þegar ég ánafnaði megninu að eigum mínum í þágu hugsjónarinnar við stofnun Friðar 2000. Ég hef alltaf gengið óttalaus til verks, vitandi innra með mér að mér tækist að reisa mig við efnahagslega en í dag rek ég blómlegt fyrirtæki og heimili í þremur löndum, allt saman skuldlaust.

Ég fer ítarlega yfir stefnuna og útfærslu hennar sem miðar að því að forsetaembættið ávinni sér virðingu með því að standa vörð um lýðræðið og gera gagn á alþjóðlegum vettvangi í þágu friðar. Heimsþekktir fræðimenn og friðarverðlaunahafi Nóbels, hafa sannreynt hugmyndirnar mínar og er farið vel yfir það í bókinni.

Þöggunarmúrinn

Einnig fer ég yfir fyrri þátttöku mína sem forsetaframbjóðandi og það mótlæti sem ég orðið fyrir af hálfu ráðandi aðila, leyndra valdhafa, sem hafa gert allt til að þagga niður í boðskap mínum og ráðast þannig gegn grundvelli lýðræðisins í þágu eigin hagsmuna. Til að brjótast í gegnum þennan þöggunarmúr hef ég stundum tekið til bragðs að efna til mótmæla þar sem

leikrænir tilburðir hafa verið viðhafðir, vitandi að það var eina leiðin til að fá athygli fyrir málstaðinn. Í staðinn gaf ég þessum aðilum færi á að kalla mig nöfnum og fæða dómstóli götunnar, sem ég óttast ekki að upplýstir kjósendur sjái ekki í gegnum. Ég tel það samfélagslega skyldu mína að upplýsa um þetta því ef við vitum ekki hverjir eru óvinir lýðræðisins, verður okkur lítt ágengt í viðleitni okkar til að bæta það. Ég vara viðkvæma við að þegar ég lýsi þessum aðförum nota ég stundum óheflað orðbragð, óbreytt eins og það rann fram á ritvanginn og kaus ég að láta það standa þannig svo lesandinn skynjaði betur að ég hef djúpstæðar tilfinningar þegar kemur að þeirri aðför að lýðræðinu sem þarna er lýst.

Ráðist á boðberann

Mikill undirróður hófst gegn minni persónu bæði í fjölmiðlum þegar ég fyrst kynnti hugmyndafræðina að Virkja Bessastaði til friðar- og lýðræðisþróunar fyrir nær þremur áratugum. Flestu var til tjaldað til að draga úr trúverðuleika boðskapsins.

Á tímabili voru 37200 tilvitnanir að finna um mína persónu á netinu, mikið nafnlaus niðskrif. Þetta reyndi auðvitað á fjölskyldu mína, en mér tókst að byggja upp brynju gegn þessu og hélt ótrauður áfram.

Boðskapurinn er of mikilvægur til að gefast upp. Mín von er að þjóðin muni öðlast þann þroska til að sjá í gegnum rykið sem reynt er að þyrlla upp til að skyggja á það góða málefni að Virkja Bessastaði.

Þrjár sýnir

Þegar ég var að undirbúa stofnun Friðar 2000 birtist mér skýr mynd í hugleiðslu þar sem mér var sýnt með óyggjandi hætti að ég væri að hefja vegferð sem myndi taka marga áratugi. Að ég væri tannhjól í stærra verki sem stefnir á að umbreyta heimsmynd okkar frá hernaði til friðar. Það er engin

tilviljun að ég er nú mættur aftur 28 árum eftir að ég kynnti fyrst í aðdraganda forsetakosninga árið 1996 hugmyndafræðina að virkja embætti forseta Íslands til friðar- og lýðræðisþróunar.

Skilaboðin komu til mín með þremur sýnum sem ég lýsti með ljóðum í fyrri útgáfu þessarar bókar fyrir 28 árum. Þannig var mér veittur sá innri styrkur sem ég þurfti á að halda til að ganga einn gegn straumnum þröngan og grýttan stíg til Bessastaða til að kynna þjóðinni framtíðarsýn fyrir embætti forseta Íslands.

Fordómar

Ef fólk les þessa bók með opnum huga og án þeirra lágkúrulegu sleggjudóma og fordóma sem reynt hefur verið að umvefja um persónu mína með ómálefnalegum aðdróttunum, slúðri og lygum á undanförunum árum, er ég þess fullviss að margir munu átta sig á því að ég hef margt fram að færa sem myndi auka veg og virðingu forsetaembættisins hér heima, jafnframt því að yrði ég kjörinn forseti Íslands væri alþjóðlegu friðarhreyfingunni þannig gefið mikilvægt tækifæri til að valda straumhvörfum á alþjóðavettvangi í friðarmálum.

Fordómar gegn þeim sem hafa verið á undan samtímanum í boðskap sínum hefur einkennt mannkynið öldum saman. Á Íslandi eru til fræg dæmi. Það tók landsmenn hálfu öld að byggja fyrstu virkjun landsins eftir að Einar Ben kynnti þær hugmyndir fyrir daufum eyrum í byrjun síðustu aldar. Þá riðu einnig sunnlenskir bændur til Reykjavíkur til að mótmæla símanum.

Árið 2025

Næsta ár, rúmum 30 árum eftir að ég fékk sýnina, kemur fram í ljóðinu Paradís á jörð í bókinni sem ég lét dreifa á öll heimili landsins árið 1996:

*Stóllinn ferðist hægt í gegnum mannfjöldann
framhjá pýramídanum mikla
burðarmennirnir silkiklæddir
fólkið var fyllt gleði
loksins var dagur friðar
þetta er árið 2025
loks var Hann hér
skípið stórt sem borg lýsti upp himininn
glitrandi sem perla í sólskini
ekkert hljóð nema fagnarbróp
mannkyns frjálst frá stríðsfjötrum
nú var paradís á jörð.*

Tvö önnur ljóð eftir sýnum eru einnig í 1996 útgáfu bókarinnar:

*Ljós til friðar
Hvítir svanir*

Sýnirnar þrjár sem ég lýsti í ljóðum veittu mér sálrænan styrk til að takast á við áratuga baráttu á móti straumnum. Þær lýsa með táknrænum hætti ákalli mannkyns til friðar og mögulegum áfanga í friðarmálum árið 2025.

Árið 2025 hefst fáeinum mánuðum eftir að nýr forseti verður kjörinn á Íslandi nú í sumar. Íslenska þjóðin hefur tækifæri til að verða við kallinu að nýta þetta embætti til að valda straumhvärfum til góðs á alþjóða vettvangi.

Taktu upplýsta ákvörðun

Það fer um mig hrollur að fyrsta framlag ríkisstjórnarinnar til „friðar“ í Úkraínu hafi verið að leggja til Íslenskar flugvélar undir vopnaflutninga. Með þeirri aðgerð tók Ísland beinan þátt í styrjöld sem var svo trompað í Silfri RÚV af forseta Íslands með einhliða stríðsáróðri eins og ég sagði í aðdraganda forsetakosninga að hann myndi gera á örlagastundu ef kjörinn í embætti. Hafa Íslendingar ekkert betra fram að færa en þetta óráðshjal? Það er nýtt fyrir mér að hægt sé að stilla til friðar með vopnum og stríðsáróðri.

Stuðningur Íslands við stríð er tímaskekkja

Í stað þess að eyða fjármunum þjóðarinnar í hernaðarbrölt sem mun engu skila þegar á reynir, vil ég virkja embætti forseta Íslands til að auka þjóðartekjur um hundruði milljarða með því að gera landið að miðstöð friðar- og lýðræðisþróunar í heiminum. Þannig vil ég að þjóðin fái tekjur frá Bessastöðum í stað reikninga fyrir tilgangslaugar veislur forseta.

Lestu bókina

Það er trú mín að meirihluti Íslendinga myndu vilja sjá stefnumál mín fyrir forsetaembættið verða að veruleika. Ef þú ert einn af þeim en ert í vafa um hvort að ég sé rétti maðurinn til verksins, þá hvet ég þig til að lesa bókina og takir að því loknu upplýsta ákvörðun um hvernig þú telur að verðmætu atkvæði þínu verði best varið.

Fyrri hluti bókarinnar er viðbót gefin út árið 2024, unnið að hluta úr blaðgreinum sem voru birtar síðan fyrri bókin kom út 1996.

Seinni hlutinn er upprunalega bókina sem dreift var á öll heimili landsins fyrir 28 árum síðan. Boðskapurinn hefur í raun ekkert breyst, hugmyndafræðin um að Virkja Bessastaði stendur enn fyllilega fyrir sínu.

Lífságrip

Þrautseigja vinnur þrautir allar

Ég veit best sjálfur að ég er heill í mínum boðskap og að hugmyndafræðin að Virkja Bessastaði til friðar- og lýðræðisþróunar gæti valdið straumhvörfum til hins betra fyrir velferð Íslendinga og verið mikilvægt innlegg til að leiða heimsbyggðina til friðar í framtíðinni. Þessvegna gefst ég aldrei upp þótt ég hafi mátt ganga grýttan og þröngan stíg í vegferð minni til Bessastaða.

Sú hugljómun sem ég fékk fyrir þrjátíu árum þá fertugur, og sýnirnar sem birtust mér í hugleiðslu, sérstaklega þegar mér var sýnt ártalið 2025 þá 30 ár inni framtíðina, hafa hjálpað mér að öðlast þann kraft og óbilgjarna trú á framtíðina hvað varðar hlutverk Íslands til friðar- og lýðræðisþróunar fyrir heimsbyggðina. Því er ekki að neita að stundum hefur þessi ganga reynst erfið. En í hvert sinn sem ég hef ætlað að hætta hefur eitthvað gerst sem hefur rekið mig áfram í næstu ferð til Bessastaða.

Friðarbandalag þjóðanna

Í fyrsta forsetaframböðinu 1996 hringdi föðursystir mín í mig. Hún bjó árum saman í næsta húsi við Vigdísí Finnbogadóttur forseta við hlið Háskóla Íslands. Henni var nokkuð mikið niðri fyrir og sagði “þinn tími er ekki kominn”. Síðan lét hún mig fá afrit af bréfum sem hún hafði sent fleiri árum áður til Vigdísar með hugmyndum að friðarbandalagi þjóðanna. Mér fannst það ótrúlegt að svona nákominn ættingi minn hafði verið að vinna með nánast nákvæmlega sömu hugmyndafræði og ég sjálfur.

Geng aldrei frá hálfkláruðu verki

Ég er vinnusamur og geng aldrei frá hálfkláruðu verki. Þetta hefur einkennt minn lífstíl frá unga aldri, allt frá því að ég byrjaði að framleiða og selja jólakort um 12 ára gamall. Mér tókst að kaupa handsnúna fjölrítunarfél fyrir eitthvað slikk hjá Slippfélaginu í Reykjavík og setti upp litla prentsmiðju í kjallaranum á æskuheimilinu í Kleppsholti. Þetta var einslita frumstæður fjölrítari en mér tókst að prenta jólakort í litum með því að setja kortin nokkrum sinnum í gegn. Gekk síðan húsin í hverfinu að selja kortin.

Sköpunargleðin var rík í mér og áhugi á viðskiptum mikill. Ég setti upp leikhús í bílskúr föður míns og byggðum þar upphækkaðan pall sem svið. Setti síðan yngri systur mínar tvær og son elstu systur minnar, í að selja miða til unglíngana í hverfinu. Systursonur minn sem er þremur árum yngri en ég, Jón Gunnarsson sem síðar varð dómsmálaráðherra, kvartar stundum yfir því við mig að ég hafi verið harður húsbóndi og þrælað þeim út. Í raun var ég bara að kenna þeim að vinna með skipulögðum hætti.



Ástþór með systrunum tveimur sem eru með Jóni Gunnarsson á milli sín í veiðiferð við Þingvallavatn.

Næsta verkefnið var skólablaðið Gosi sem ég gaf út á grunnskóla árum mínum í Langholtsskóla. Safnaði auglýsingum frá fyrirtækjum og greinum frá nemendum. Síðar þegar ég var orðinn 17 ára stofnaði ég tímaritið Jónínu með tveimur félögum mínum sem varð fljótt stærsta tímarit landsins og fyrsta blaðið sem prentað var með kápu í lit.

Tímaritið stóð fyrir tónleikum í Háskólabíó með helstu poppstjörnum þess tíma. Miðarnir seldust allir upp, færri komust að en vildu og fjölmennur hópur unglinga herjaði á glugga og hurðir Háskólabíós til að reyna að komast inn. Svo óheppilega vildi til að hópurinn braut rúðu í andyrinu. Stjórnandi hússins varð ævareidur og sagðist aldrei myndi leigja mér Háskólabíó aftur. Það var síðan gleymt þegar Friður 2000 áratugum síðar hélt þar styrktartónleika fyrir Kósovo.

Fyrsta íslenska kreditkortafyrirtækið

Föður mínum leist ekkert á þessa útgáfustarfsemi mína og skipaði mér að selja tímaritið og fara til náms í Bretlandi. Það voru góð ráð sem varð síðan upphafið að því að ég kynntist því að búa erlendis sem leiddi síðan til að ég stofnaði fyrsta kreditkortafyrirtæki landsins, Kreditkort hf síðar Borgun.

Á þessum árum voru hvorki til kreditkort né debetkort á Íslandi. Bankarnir voru flestir í ríkiseigu og stjórnað af pólitískum klíkum sem vildu ekki sjá neina alþjóðlega greiðslumiðlun í landinu þrátt fyrir að búið væri að innleiða greiðslukort um nær allan heim.

Menn þurftu að bíða í biðröðum eftir bankastjórum til að fá smálán, kallað að slá víxil. Algengt var að ávísanir væru notaðar eins og keðjubréf í viðskiptum. Menn gáfu oft út innistæðulausa tékka í trausti þess að það tæki þrjá daga fyrir ávísunina að fara í gegnum kerfið og út af reikningi viðkomandi. Stór hluti íslensks viðskiptalífs keyrði á svona gúmmítékkum.

Ég var í nokkur ár að þróa viðskiptaáætlun fyrir innleiðingu debet og kreditkorta á Íslandi. Hér voru mjög sérstakar aðstæður, m.a. gjaldeyrishöft

og meira og minna allt lánakerfið keyrði á víxlum. Ég innleiddi þá séríslensku útgáfu af rekstrinum að fólk afhenti okkur tryggingavíxl sem síðan var notaður af viðskiptabanka okkar til tryggingar á úttektum korthafans hjá fyrirtækjum.

Fyrst átti fyrirtækið að heita Gírókortið. Til að kanna undirtektir hjá almenningi gekk ég sjálfur í hús og bauð fólki að sækja um kort. Síðan ákvað ég að reyna að ná samstarfi við erlenda greiðsluþjónustu til að gera þetta að alþjóðlegu korti. Á þessum tíma voru samskipti fyrirtækja að mestu í gegnum TELEX vélar. Ég sat við þá vél kvöld eftir kvöld að senda mismunandi kortafélögum erlendis beiðni um samstarf. Á endanum náði ég sambandi við yfirstjórn Eurocard í Brussel sem var samstarfsaðilinn með Mastercard. Þeir buðu mér að koma til viðræðna.

Ég var aðeins 28 ára gamall og því í raun allt of ungur til að kynna þetta nýja Íslenska fjármálafyrirtæki þannig að tekið væri mark á því. Ég safnaði því liði af fjárfestum m.a. skipamiðlara, útgerðarfyrirtæki og fleirum til að mynda bakland sem ég gæti kynnt í Brussel.

Haraldur Haraldsson forstjóri Andra sem var öflugt fyrirtæki á þeim tíma með gott tengslanet samþykkti að mæta með mér á fund í Brussel. Eurocard bókaði fyrir okkur Hilton hótelið. Ég minnst þess að við fengum sitt hvora svítuna og þeim fylgdi lykill festur á rautt plastspjald. Þegar við fórum á hótélbarinn í einn drykk, þá voru um leið komnar glæsikonur að bjóða sína þjónustu og virtust halda út frá lyklunum að hér væru milljónerar á ferð.

Að ryðjast inná markað íslensku bankanna með Eurocard-Mastercard var ekki auðvelt verkefni. Fyrsta fjallið til að klífa þarna var að komast í viðskipti við banka innanlands með þessa nýju greiðslumiðlun sem þeim fannst ógna sinni starfsemi. Mánuðum saman synjuðu allir viðskiptabankarnir okkur viðskiptum. Með þrautseigju tókst mér að sannfæra tengdaföður systur minnar, sem var stjórnarformaður eins minnsta bankans, Verzlunarbanka

Íslands, að skipa sínum bankastjórum að opna fyrir Kreditkort reikning í bankanum.

Við þurftum samninga við fyrirtæki eins og Icelandair, fríhöfnina auk fjölda verslunarfyrirtækja í Reykjavík og um landið. Sum þeirra sem þegar tóku við kortum frá ferðamönnum neituðu að eiga við okkur viðskipti. Ég þurfti að krefjast þess af alþjóðlegu greiðslumiðluninni að þeir myndu hætta að gera upp við aðila á Íslandi og þannig neyddi ég þessa aðila til að senda okkur í Reykjavík uppgjörin til útborgunar.

Ég hafði fengið í lið með mér eigendur og sölumenn frá bílasölum sem ætluðu að taka að sér að ganga í fyrirtæki og verslanir til að fá þau til samstarf og að taka kortin gild sem greiðslumiðil. Þeir mættu nokkru mótlæti og gáfust upp fljótlega. Það varð til þess að ég tók mér frí frá öðrum störfum og gekk sjálfur í verslanir ásamt framkvæmdastjóra félagsins, Gunnari Bæringssyni sem mér hafði tekist að fá til að yfirgefa víxladeild Landsbankans á Akureyri til að koma til liðs við mig sem framkvæmdastjóra Kreditkort h.f. Á nokkrum vikum voru komnar á annað hundrað verslanir.

Þá þurfti að ná í korthafa. Það var heldur ekkert einfalt mál. Ég minnst þess að systir mín sagði við mig að ég væri galinn því það myndi enginn nota svona kort. Tveimur árum síðar var hún alveg hætt að nota ávísanir eða peninga og keypti allt inn fyrir heimilið með kortinu frá okkur.

Við þurftum góða korthafa sem voru með sín fjármál í lagi. Á þessum tíma var ekkert lánstraust fyrirtæki til staðar. Bankarnir voru með svokallaða Svarta bók, þar sem vanskil einstaklinga voru skráð og hún var vel geymt leyniskjal hjá þeim.

Mér tókst að finna bankamann sem lét mig fá eintak af bókinni. Ég lét síðan mitt starfsfólk starfa á vöktum að slá inn allar færslur í bókinni í IBM tölvu sem ég var með á leigu. Þetta var fyrst tölvan hjá einkafyrirtæki á Íslandi. Frumstæð tölva eins og skrifborð með litlum grænum skjá og 256kb diskettu á stærð við gamla vinyl hljómplötu.

En ég þurfti einnig lista yfir fólk sem væri fjárhagslega vel stætt, þannig að ekki væru líkur á vanskilum. Við höfðum ekki bolmagn til að taka á miklum vanskilum á fyrsta starfsári félagsins. Mér tókst eftir krókaleiðum að ná í lista yfir alla fasteignaeigendur á Stór-Reykjavíkursvæðinu, lesa það inní tölvuna og lesa það svo saman við gögnin úr Svörtu bókinni. Út kom listi af þeim sem áttu fasteignir og voru skuldlausir. Þeim sendum við síðan bréf með tilboði um að sækja um Eurocard-Mastercard.

Ég minnst þess alltaf að það voru aðeins um 250 manns sem sóttu um kortin í upphafi. Brotabrot af þeim fjölda sem fékk sent tilboðið. Þetta var svo nýtt fyrir fólk að það áttaði sig ekki strax á haghvæmninni að nota kort.

Seðlabankastjóri kallaði okkur á teppið

Stofnun Kreditkort h.f. olli miklum deilum, m.a. á Alþingi, og því haldið fram að við værum að storka bankakerfinu og valda óðaverðbólgu í landinu með þessum kortum. Ég minnst þess þegar Jóhannes Norðdahl Seðlabankastjóri kallaði okkur á teppið á skrifstofu sinni og las pistilinn yfir mér og Gunnari Bæringssyni framkvæmdastjóra félagsins.

Það gekk heldur ekki átakalaust að stofna bankareikning fyrir Kreditkort h.f. Ég hafði skrifað töluvert umfangsmikla viðskiptaáætlun sem ég lagði fyrir Búnaðarbankann. Hagfræðingi bankans sem var falið að fara yfir þessa áætlun sagði að við yrðum fljótlega stærri en bankinn, við myndum taka yfir fjármálkerfið með þessu. Niðurstaða bankastjórnarinnar var að synja okkur um viðskipti. Sama varð uppá teningnum í Landsbankanum, sem síðar notuðu hugmyndir úr minni viðskiptaáætlun, sem hafði verið sérsniðin að Íslenskum aðstæðum, til að setja á stofn VISA í samkeppni við Mastercard.

Ef það hefði ekki verið fyrir einstakan velvilja tengdaföður systur minnar, hefðum við aldrei komist í loftið. Hann skipaði bankastjórum sem áður höfðu neitað um viðskipti að opna reikning fyrir Kreditkort h.f. og þannig komumst við í gang.

Fyrsta Íslenska fyrirtækið með eigin tölvu

Minn aðal rekstur á þessum tíma var ljósmyndagerð fyrir viðskiptavinum á Íslandi, Færeyjum og í Danmörku. Filmur var flogið til landsins með Icelandair þar sem unnið var allan sólarhringinn til að senda tilbúna myndir til baka á flugi næsta dag sem síðan var póstlagt í viðkomandi landi. Til að halda utan um þessa starfsemi tók ég í notkun IBM System 32 tölvu og varð þannig fyrsta einkafyrirtækið á Íslandi til að nota tölvu í eigin þágu. Tölvan var á stærð við skrifborð. Hún var svo dýr í rekstri að það varð eiginlega upphafið að því að ég fór að spá í kreditkortin til að auka nýtnina. Það kom mér síðan skemmtilega á óvart að Eurocard var einmitt sprottið úr svipuðum aðstæðum í Svíþjóð, það var tölvufyrirtæki þar sem hóf starfsemina.

Nær 200% verðbólga á Íslandi

Árið 1983 geisaði nær 200% verðbólga á Íslandi og mitt fyrirtæki sem var ljósmyndagerð, póstverslun og innflutningur á fatnaði, ljósmyndavörum, búsáhöldum og fleiru lenti í greiðsluferfðleikum. Ég gaf út tvisvar á ári póstlista sem var dreift á öll heimili landsins með tilboðsverðum á vörunum. Þegar innkaupsverðið meira en tvöfaldaðist í verðbólgunni hrundi salan.

Upphaf fyrirtækisins var þegar ég kom úr námi frá Bretlandi 1974 og stofnaði ljósmyndagerð. Ég þurfti auðvitað dýrar vélar í þetta og með því að gera kröftuga viðskiptaáætlun tókst mér að sannfæra nýtt kaupleigufyrirtæki að fá vélararnar á kaupleigu og fékk þannig fyrsta kaupleigusamning á Íslandi.

Ég kom með nýjung inná markaðinn þar sem viðskiptavinir fengu nýja filmu frítt þegar þeir komu með filmu í framköllun. Ég lét prenta kynningarbækling og filmupoka til að senda inn filmur í framköllun. En svo voru góð ráð dýr, því til að dreifa þessu á heimili landsins þurfti að greiða póstinum fyrirfram.

Verðbólguferið lék reksturinn grátt og þegar það lenti í greiðsluferfiðleikum, var enga fyrirgreiðslu að fá hjá íslensku bönkunum. Ég fékk bággt fyrir að hafa farið í samkeppni við þá með kreditkortunum og kom alls staðar að lokuðum dyrum þegar á reyndi. Þrátt fyrir að greiðst hafi stærsti hlutinn af kröfunum fékkst ekkert samkomulag um annað en gjaldþrot.

Alls kyns orðrómur og lygaþvæla hefur síðan árum saman grassað í þjóðfélaginu um þetta mál. Lögmaður minn sagðist aldrei hafa mætt annarri eins óvild og ég átti í bankakerfinu, enda fannst sumum bankamönnum ég hafa 'stolið' Eurocard-Mastercard umboðinu fyrir framan nefið á þeim.

Barist með myndavélinni í Þorskastríðinu

Frá unga aldri hafði ég starfað með skóla sem ljósmyndari á dagblaðinu Vísir á sumrin og sem fréttaritari þeirra í Bretlandi með skólanum á veturna. Eitt sinn var hringt í mig snemma morguns að mæta á Reykjavíkflugvöll og hoppa um borð í flugvél til að ljósmynda breska togara í landhelgi í miðju Þorskastríði. Þar skörtuðu bretarnir sjóræningjafána. Ég náði þessu á filmu. Myndin var síðan notuð af íslenskum stjórnvöldum í baráttunni við að vinna þorskastríðið, sýndu með þessari mynd að bretarnir viðurkenndu sjóránið.

Ég minnst einnar skemmtilegrar upptöku sem fréttaritari Vísis í London. Íslenskur þingmaður kom til að heimsækja Lávarðadeild breska þingsins (House of Lords) og setti sig í samband við mig áður en hann kom. Það varð úr að ég fékk skólafélaga minn sem átti eldgamlan Volvo bíl til að sækja þingmanninn með mér á flugvöllinn. Síðan mættum við á þessum skjóð, ungu námsmennirnir með íslenska þingmanninn innanborðs og ókum beint upp að dyrum breska þingsins. Þar hitti ég einn lávarðinn sem bauð okkur með sér og þingmanninum á Angus steikhúsið í London. Það kom hálfgerður furðusvipur á lávarðurinn þegar þingmaðurinn bað þjónana um að færa sér tómatsósu til að setja yfir dýrindis steikina.

Eyjagosið

Ég var nýkominn til Bretlands úr jólafríi í Reykjavík þegar Heimaeyjar gosið hófst. Faðir minn sagði mér að lokað væri fyrir allar ferðir til eyja og ég gæti gleymt því að fara þangað að taka myndir. Þá hafði ég samband við stórblaðið Sunday Times og tókst að sannfæra ritstjóran að þótt ég væri ungur námsmaður væri ég vel sjóaður í blaðaljósmyndum. Úr varð að hann réði mig í það verkefni að fara til Íslands að ljósmynda gosið.

Þetta varð til þess að ég komst til eyja með sérstöku flugi fyrir erlenda blaðamenn. Rétt fyrir landingu sagði flugstjórinn að vegna aukins hættuástands yrði aðeins stoppað í 40 mínútur. Nú voru góð ráð dýr. Ég hafði ekki ferðast alla leið frá London fyrir nokkurra mínútna stopp. Svo ég greip til þess ráðs að fela mig í einu af tómu húsunum þar til vélin var farin.

Nokkrum dögum síðar tókst mér að fá far með varðskipi til Reykjavíkur og koma filmunum mínum á flug til London. Á þessum tíma voru engir myndsendar til og það hlutaðist þannig að myndirnar mínar voru fyrstu litmyndirnar sem bárust frá Íslandi. Úr varð forsíða og stærðar umfjöllun sunnudagsblaðs Sunday Times. Myndirnar mínar voru seldar um allan heim í gegnum myndabanka. Ég fékk greiddar stórar fjárhæðir árum saman.

Þeir urðu hálf grænir af öfund skólafélagarnir í Bretlandi þegar ég mætti á splúnkunýjum bíl í skólann sem ég hafði alfarið greitt fyrir með ljósmyndun.

Filmupokinn

Þegar ég flutti heim úr námi ári síðar og var að setja á stofn ljósmyndagerðina gat ég ekki leyst bílinn úr tolli. Það endaði með því að ég seldi bílinn þar sem hann stóð á þaki Tollstöðvarhússins við Tryggvagötu fyrir reiðufé, sem ég gekk með niður á pósthús til að greiða burðargjöldin fyrir filmupokana sem dreift var á öll heimili landsins.

Næstu daga streymdu filmur í framköllun svo þúsundum skiptu, fljótlega fylltist heilt herbergi af póstpokum. Við réðum ekkert við álagið og það tók margar vikur að vinna kúfinn niður.

Kodak umboðið Hans Petersen brást ókvæða við samkeppninni og réðust í það verkefni að koma mér út af markaðnum með því að hækka ekki verð á framköllun um eina einustu krónu á meðan óðaverðbólga geisaði á Íslandi. Þegar ég byrjaði var verð á framköllun um tvöfalt hærra á Íslandi en á Spáni. Þegar við lentum síðan í greiðsluferfiðleikum var verðið á Íslandi orðið helmingi lægra en á Spáni. Í því einokunarumhverfi sem hafði ríkt á þessum markaði árum saman hafði Hans Petersen safnað digrum sjóðum sem þeir gátu gengið í til að koma samkeppnisaðila út af markaðnum.

Með tvær hendur tómar

Ég missti allt mitt í gjaldþroti fyrirtækisins og þurfti að byrja uppá nýtt með tvær hendur tómar. Það sem ég átti var áralangt traust stórra póstverslunarfyrirtækja í Bretlandi og reynsluna af því að vera einn af þeim fyrstu að taka tölvutækni í notkun. Mér tókst að ná samningum við einn af póstverslunarrisunum um að ég myndi setja upp útibú á Norðurlöndum og hanna forrit sem minni dreifingaraðilar gætu nýtt á PC tölvum sem voru þá að ryðja sér til rúms til að setja upp póstverslanir á sínum svæðum með vörum frá breska risanum. Breska fyrirtækið var með þúsundir starfsmanna og eitt af stærri verslunarfyrirtækjum Evrópu á þessum tíma.

Ég var skiptaráðanda til aðstoðar í nær heilt ár að koma því sem hægt var í verðmæti sem tókst ágætlega. Forgangskröfur og nánast allar innlendar kröfur voru á endanum greiddar. Þegar þessu var lokið pakkaði ég aleigunni í ferðatösku og hélt til Kaupmannahafnar.

Mér fannst skemmtilegt að stunda flug. Á Íslandi átti ég hlut í Cessnu Skyhawk og flaug oft um landið. Eitt skipti með sendingu af páskaeggjum til dreifiaðila míns í Vestmannaeyjum. Þetta var svokallað Hanaegg, hálfgerð

uppfirning af minni hálfu sem var að líma leikfang ofaná páskaegg sem þekktist ekki á þessum tíma. Þetta var upptrekkur hani sem gat hoppað um gólf sem ég fann á leikfangasýningu erlendis. Samdi síðan við Helga í Góu um framleiðslu til að selja í minni verslun og í heildsölu.

Nýtt upphaf í Kaupmannahöfn

Ég hef oft verið mjög næmur á að sjá fyrir framtíðina. Þegar ég flaug út til Kaupmannahafnar með aleiguna í ferðatösku fann ég það sterkt að ég myndi snúa til baka síðar og á eigin þotu. Það gerðist nokkrum árum síðar.

Ég átti ágætan félag í Kaupmannahöfn, Ólaf Haraldsson sem hafði haft milligöngu um að Haraldur í Andra kom inn í Kreditkort ehf með mér og sem hafði unnið með mér í markaðssetningu á framköllunarþjónustunni í Danmörku. Í nokkur ár vorum við á Danska og Færeyska markaðnum. Fólk sendi filmur með pósti á heimilisföng þar í landi sem voru síðan fluttar með Icelandair til Keflavíkur í sérstökum forgangspósti. Þar voru þær sóttar og unnið allan sólarhringinn að framleiða myndirnar til að senda til baka með næstu vél og póstleggja til viðskiptavina. Erlendir viðskiptavinir höfðu enga hugmynd um að myndirnar væru framkallaðar í Reykjavík.

Mér tókst að finna rúmgott einbýlishús til leigu í útjaðri Kaupmannahafnar frá verkfræðingi sem var að fara til starfa hjá Sameinuðu þjóðunum. Í kjallaranum setti ég upp skrifstofu og réði tvo unga forritara til að endurhanna forritið sem ég hafði notað á IBM vélinni yfir á PC tölvur. Þetta þróaðist síðan í gagnvirkt snertiskjá forrit sem var alger nýjung á þessum tíma. Ekkert internet eða netverslun var til á þessum tíma. Einn forritari sem vann hjá okkur kallaði mig síðar föður internet verslunar.

Ég seldi snertiskjákerfið innbyggt í sölu eða upplýsingaturna til að setja upp í verslunum, hótelum eða flugvöllum. Við áttum ekki fjármagn til að byggja prótótýpur í fullri stærð þannig ég lét gera pappamódel og fékk til liðs

við mig fyrrum stjórnarformann stærsta póstverslunarfyrirtækis Danmerkur, til að gera viðskiptaáætlanir og kynningar til að selja kerfið.

Fyrsta pöntunin á tuttugu kerfum kom frá Noregi. Til að fjármagna framleiðsluna nýtti ég mér útflutnings lánaþyrngreiðslu danska ríkisins. Lagði sölusamninginn í banka sem lánuðu okkur síðan stóran hluta af söluverðinu.

Fyrirtækið var ört vaxandi. Ég var kominn með heila skrifstofuhæð í Kaupmannahöfn og hóp starfsmanna. Einn dag mætti kona frá breska ríkinu og gerði mér tilboð um að flytja starfsemina til Bretlands. Eftir að kynna mér mismunandi staði sem voru í boði í Bretlandi endaði ég á Newcastle svæðinu í glæsilegri byggingu sem hafði staðið tóm um árabil og ríkið lagði okkur til á frábærum kjörum. Þetta var á Thatcher tímanum og allt komið á fullt að byggja upp breskt atvinnulíf.

Flogið yfir Atlantshafið með sextant

Á þessum tíma var ég kominn með tveggja hreyfla átta sæta Cessnu sem ég notaði til að ferðast um Evrópu með mínu teymi og sýningartækjum. Það var ekkert internet til að sýna svona tækninýjungar þannig við sóttum tölvusýningar og oft hitti ég einnig viðskiptavini á flugvöllum.

Vélina keypti ég í bandaríkjunum og fór þangað til að taka æfingar á hana áður en ég flaug henni heim. Kennarinn minn var þaulvanur ferjuflugmaður og ég fékk hann með mér í ferðina yfir Atlantshafið. Þar sem vélin var ekki með nægjanlegt flugþol til að fara beina leið, flugum við norður austur til Kanada og þaðan yfir til Grænlands. Á þessum tíma var ekkert GPS til staðar og á leið yfir hafið misstum við allar tengingar við flugleiðsöguvita á jörðu. En karlinn var með sextant í flugtöskunni sinni eins og notaður var í siglingum á átjándu öld. Þannig flugum við eftir sólinni þar til við náðum yfir til Grænlands. Ég verð að viðurkenna að á tímabili leist mér ekkert á blikuna því við vorum yfir ballarhafi, með takmarkað flugþol, sáum hvergi til lands og

flugleiðsögutækin í vélinni sýndu ekkert. Ferðin gekk síðan greiðlega yfir til Reykjavíkur og þaðan til Kaupmannahafnar.

Nauðlending með brennandi hreyfil

Í meira en ár fór ég á hverjum mánudagsmorgni frá Kaupmannahöfn Roskilde til Newcastle og til baka á föstudagskvöldum. Flugíð var eitt beint strik alla leið ef vindar stóðu þannig á flugvöllum. Ég var yfirleitt einn um borð og ef þetta voru kvöldflug þar sem engin önnur umferð var yfir Ermasundið átti ég það til að setja á sjálfstýringu og slappa aðeins af aftur í farþegarýminu í betri hægindastól. Passaði mig bara að hlusta vel eftir radíó sendingum eða öðrum hljóðum úr stjórnklefanum.

Framkvæmdastjóri stærsta verslunarfyrirtækis Bretlands á þessum tíma ætlaði að fljúga með mér frá Leeds Bradford til Oslo að hitta viðskiptavini okkar en konan hans bannaði honum algerlega að fara í þetta flug því hana hafði dreymt illa fyrir því. Þannig hann sagðist myndi taka áætlunarflug.

Þegar ég fór svo í loftið þá kviknaði í öðrum mótörnum á vélinni í klifrinu út yfir borginni. Það var í raun mildi að ég var einn um borð því þannig var vélin létt og engir skelfingu lostnir farþegar um borð. Mér tókst að snúa vélinni til baka og lenda. Þetta var

síðar rakið til mistaka í viðhaldi. Flugíð á undan hafði verið yfir Atlantshafið frá Reykjavík og þá hefði getað farið verr, því skoðun á vélinni leiddi í ljós að burðarbiti í vængnum hafði hitnað svo mikið að vængurinn var við það að rifna frá vélinni.



Fyrsta þotan

Tryggingar greiddu vélina út að fullu og þá keypti ég fyrstu þotuna. Samdi við flugfélag í Newcastle um að reka fyrir mig vélina og þeir gerðu það gegn því að geta leigt hana út til sinna viðskiptavina. Ég flaug á daginn og vélin var oft í hjartaflutningum til Svíþjóðar á næturna. Suma daga sem ég notaði ekki vélina leigði Rolls Royce í Norður Englandi vélina fyrir forstjóran.

Stundum flaug ég sjálfur með vini og aðra sem vildu leigja vélina. Þetta var fyrir mér svona hálfgerð afslöppun að fara í háloftin þar sem enginn sími var til að trufla mig. Í einu slíku flugi lenti ég á herflugvelli nálægt London til að sækja hertogafrú sem var að fara til Parísar með innanhússarkitekt til að kaupa sér gardínur. Ég botnaði aldrei í þessu brudli að leigja einkaþotu til að kaupa gardínur sem auðvitað var hægt að fá í úrvali í London.

Flugvélar þurfa að fara í reglubundið viðhald. Stundum getur það verið svolítið happdrætti hvað flugvirkjarnir finna að í eldri vélum. Vélín mín var um 15 ára gömul en búin óvenju fullkomnum tækjum í sínum stærðarflokki, stjórnborðið var eins og í stórra DC-10 farþegaþotu. Hún hafði áður verið í eigu Hollenska ríkisins og notuð til mælinga og reynsluflugs fyrir flugvelli.

Eitt sinn þegar vélín var í ársskoðun var hringt í mig frá verkstæðinu og mér tjáð að þeir hefðu fundið málmtæringu í burðarvirki vélarinnar. Vélín var síðan í marga mánuði hjá þeim og þegar ég fékk reikninginn fyrir viðgerðina var hann stjarnfræðilega hár. Ég hafði árum saman átt í góðum viðskiptum við tvö stærstu kortafyrirtækin. Ég fékk þeirra heimild til að skipta upphæðinni á tvö öflugustu kortin mín og fékk þannig greiðslufrest. Stuttu síðar er hringt í mig aftur frá verkstæðinu og ég spurður hvort ég vilji selja vélina. Ég myndi fá mjög gott tilboð. Það kom síðan í ljós að það var hollenskt flugfélag sem vildi kaupa vélina og þeir voru tilbúnir til að greiða mun meira en markaðsverð. Það var vegna einhvers furðulegs regluverks í Hollandi um framrúður í flugvélum. Þær þurftu að geta staðist árekstur við

mjög stóra fugla. Ég veit ekki til að það séu stærri fuglar í Hollandi en annarsstaðar í heiminum. Ég sló til og söluhagnaðurinn var slíkur að ég keypti aðra vél og lét millifæra söluhagnaðinn af eldri vélinni til greiðslu að fullu fyrir einbýlishús sem ég hafði haft augastað á í Bretlandi.



Sambýliskona mín í Bretlandi, ljósmyndafyrirsætan Karen Bell var stundum aðstoðarflugmaður minn á þotunni m.a. til Reykjavíkur. Meira er um þessi ár í kaflanum “Friðardúfa á ferð og flugi”.



Flugvélasalinn og Nígeríusvindlið

Ég fór til Bandaríkjanna að sækja nýju vélina. Þetta var þota af sömu gerð og sú fyrri en auðvitað með venjulegum framrúðum svo hún kostaði mun minna en sú eldri. Ég hafði keypt vélina í gegnum síma eftir tækniupplýsingum og myndum. Ég lét endurnýja innréttinguna í farþegarýminu og mála vélina í nýjustu litunum frá verksmiðjunni. Ég fékk reyndar hálfgerð sjokk þegar ég kom að sækja vélina því þeir höfðu valið einhvert algert ömmuáklæði með einhverju bleiku blómamynstri í hliðarnar. Ég vandist þessu svo enda eyddi ég að mestu mínum tíma í stjórnklefanum. Það urðu nokkrar tafir á afhendingu vélarinnar og ég þurfti að bíða einhverjar vikur í litlum bæ sem heitir Jonesboro og er í Arkansas. Þar var bannað að drekka bjór, vín eða annað áfengi. Menn keyrðu yfir í næsta ríki til að kaupa slíkt. Á veitingahúsum var sama upp á teningnum. Eini veitingastaðurinn sem bauð upp á léttvín var golfklúbbur bæjarins. Þetta var í raun hundleiðinlegur svefnbær þar sem sveitamennska réði ríkjum. Loks þegar vélin var tilbúin í flug fór ég strax í loftið og aftur norðaustur til Kanada, þaðan til Grænlands, Íslands og til Bretlands. Í þetta sinn þurfti engan sextant til að finna leiðirnar, nú var ég kominn með GPS og flughæð yfir þrjátíu þúsund fet.

Á meðan ég beið í Jonesboro kynntist ég ágætlega flugvélasalanum og föður hans sem rak lítinn banka á staðnum. Þeim voru að berast gylliboð frá Nígeríu um að hjálpa þar við að koma einhverjum peningum úr landi. Ég var nokkuð fljótur að sjá í gegnum þetta sem nígeríusvindl. En þeir voru allir uppveðraðir yfir þessu tilboði, sem þeir sögðu að þeim væri sent frá bankastjóra Seðlabanka Nígeríu. Þetta endaði með því að feðgarnir komu til London eftir að hafa boðið einhverri sendinefnd frá Nígeríu þangað og greitt þeirra flugmiða. Þeir meira að segja greiddu fyrir þá gott hótél, og þegar þeir sögðu að það væri kalt í London fyrir þá, fóru þeir með þá í fataverslun að kaupa dýrindis frakka. Síðan átti að skrifa undir samninga og opna

bankareikning til að taka á móti milljónunum frá Nígeríu og ákveðið að gera þetta í Guernsey skattaparadísinni í Bretlandi. Þeir báðu mig að fljúga sér þangað. Ég þróaði þá að hætta þessari vitleysu það væri alveg augljóst að það væri verið að spila með þá. En allt kom fyrir ekki, þeir létu ekki segjast, og ég samþykkti það sem vinagreiða að fljúga þeim til Guernsey ef þeir greiddu olfuna á vélina. Ég myndi ekki taka þátt í þessu rugli með þeim. Það varð síðan auðvitað eins og ég hafði sagt þeim strax, þetta var eitt stórt svindl.

Yfirheyrsla á Krímskaganum

Í Bretlandi kynntist ég íslenskum leikara sem var þar við nám. Eitt sinn fékk ég símtal og beðinn að koma til Prag að sækja innanríkisráðherra Úkraínu og frú, fljúga með þau til Kænugarðs, bíða eftir þeim þar yfir helgi. Fólkíð auðvitað átti von á tveimur flugmönnum en ég hafði engan tiltækan til að fara með mér í flugið. Vélín var hinsvegar útbúin fyrir einn flugmann og ég með mikla reynslu á vélina þannig það stóð ekkert í veginum að ég gæti flogið þeim örugglega á áfangastað. Ég bað vin minn að slást í för og lánaði honum flugmannsbúning. Hann skildi bara sitja þarna og þykjast vera busy en gera eða snerta ekkert í stjórnklefanum.

Þegar við vorum búnir að skila farþegunum af okkur í Kænugarði ákváðum við að kíkja yfir á Krímskagann og flugum þotunni yfir til Simferopol sem er flugvöllur nálægt flotastöð Rússlands í Sevastopol. Tékkudum okkur inn á hótél í miðbænum. Á hverri hæð í hótelinu sat nálægt lyftunni svokölluð “Babushka” sem þýðir amma eða eldri kona. Þær voru svona í bland siðgæðisverðir og hótelpurnur.

Þegar við snérum til baka eftir göngutúr um bæinn tjáði okkur stúlkan í móttökunni að lögreglan hafi komið og tekið vegabréfin okkar. Við þyrftum að mæta á lögreglustöðina. Þegar þar var komið vorum við færðir til yfirheyrslu hjá lögreglufoingja sem fór að spyrja hverra erinda við hefðum að gegna hér. Við sögðumst vera Íslendingar og hefðum flogið einkaþotu með

innanríkisráðherrann þeirra frá Prag til Kiev. Síðan ákveðið að skreppa í heimsókn á Krímskagann yfir helgina. Lögreglumaðurinn spurði hvernig hann ætti að trúá svona bulli. Réttast væri að láta okkur dúsa í fangaklefa þar til einhver kæmi að vitja okkar. Spurði síðan hver myndi koma. Ég sagði að líklegast kæmi enginn að sækja mig. Félagi minn íslenski leikarinn tók þetta hinsvegar vel og á sannfærandi hátt sagði að mamma sín, kraftakerling frá Íslandi, myndi koma og sækja hann. Líklegast var lögregluforinginn ekkert æstur í að mæta víkinga babúsku frá Íslandi, fór að skellihlægja, rétti okkur vegabréfin og óskaði okkur góðra stunda á Krímskaganum.

Þegar við snérum til baka á flugvöllinn eftir helgina það ég um eldsneyti á vélina. Ég var með öll helstu kreditkort og viðskiptakort frá flestum olúfélögum. Þetta var áður en evran kom til sögunnar og ég var með töluvert af þýskum mörkum og sterlingspundum. En eldsneytissalinn vildi ekkert nema bandaríska dali. Hvorki neitt af þessum fínu kortum mínum sem notuð voru á nær öllum flugvöllum, né evrópska gjaldmiðla. Það var svolítið skondið að sjá hann hringja í yfirmennina, það var gert með eldgömlum skífusíma sem var líklegast frá seinni heimsstyrjöldinni. Okkur var sagt að við gætum farið á svarta markaðinn í miðbænum og skipt þessum lélegu gjaldmiðlum okkar í alvöru gjaldmiðil þar. Við frestuðum flugtakinu og fórum næsta morgun til að skipta peningum. Við náðum ekki nægjanlegri upphæð í dollurum til að greiða fyrir fullan tank á vélina. Við fylltum á það sem við gátum og tókum síðan stutt flug yfir til Odessa til að tanka vélina þar. Þar vorum við komnir til baka í samtímann og öll kort velkomin.

Stöðvaður af orustuþotum Moldavíu

Önnur skemmtileg uppakoma úr fluginu var þegar ég flaug með vin minn sem var breskur vinnflutjandi. Við sóttum einhvern háttsettan pólitíkus til Rúmeníu og var ferðinni heitið til Moldovíu þar sem var vaxandi vinnrækt. Þegar við nálgumst landamæri Moldovíu var mér tilkynnt yfir talstöðina

að okkur væri ekki heimilt að koma inn í lofthelgina. Stuttu síðar voru komnar tvær orustupotur sitt hvorum megin við vélina. Mér var fyrirskipað að snúa við eða vélin yrði skotin niður. Ég hóf því svokallað “hold” þarna og flaug vélinni í hringi á meðan á samskiptunum yfir talstöðina stóð. Stjórnmalamaðurinn frá Rúmeníu kom frammí stjórnklefann og byrjaði að rífast við þá á Rússnesku. Eftir dágóða stund var mér tilkynnt að málið væri leyst og við værum nú velkomnir til Moldóvíu.

Það var nokkuð sorglegt að heimsækja aðal verslunargötuna í Kishinev höfuðborg Moldavíu á þessum tíma. Flestar hillur voru tómar og ljóst að fólkið bjó við mikla fátækt.

Dotunni lent með tóman tank í Póllandi

Eitt sinn lenti ég á herflugvelli í Póllandi. Samskipti við flugturn á herflugvelli eru aðeins frábrugðið borgaralegu flugi. Þeir notuðu á þessum tíma svolítið öðruvísi orðatiltæki. Ég lenti á flugumferðarstjóra sem talaði litla ensku. Veðrið og skyggni var mjög slæmt. Ég hafði flogið frá London og var með frekar lítið eldsneyti þegar aðflugið hófst. Flugumferðarstjórinn gaf mér endalausar leiðbeiningar sem erfitt var að skilja. Sendi mig í raun út og suður. Eftir þrjú misheppnuð aðflug ákvað ég að hlusta ekkert meira á leiðbeiningar turnsins og flaug eftir mínum tækjum. Loks tókst mér að komast niður úr skýjunum og sjá brautina. Flaug lágt yfir einhvern skóg þar til ég gat lent heilu og höldnu. Þegar ég síðan fyllti vélina af eldsneyti var mér nokkuð brugðið. Tankarnir voru orðnir nær alveg tómir. Hefði ég reynt enn eitt aðflugið eins og turninn var að reyna að láta mig gera, hefði vélin orðið eldsneytislau í fráfluginu sem hefði endað með flugslysi.

Utanríkisráðherra til bjargar

Þegar ég var að undirbúa stofnun Friðar 2000 bjó ég í London við Thames ána. Upplýst Tower Bridge blasti við þegar ég lagði mig til svefnis á kvöldin og lífleg smábátahöfn með virðulegum siglingaklúbb þar sem ég oft fékk mér týpískan breskan morgunverð. Íbúðin var staðsett í eldgömlu pakkhúsi sem hafði verið gert upp sem íburðamiklar íbúðahæðir ofan á flotastöð breska hersins. Ég þurfti að standast öryggisskoðun leyniþjónustunnar til að fá búsetuleyfi í húsinu. Þetta var nokkuð skemmtileg tilviljun þar sem ég var að vinna að stofnun friðarsamtaka sem hafa það markmið að umbreyta hernaði til þróunarhjálp.

Ég flaug reglulega yfir til meginlandsins á litlu þotunni frá Biggin Hill, lítill flugvöllur suðaustur af London sem gerði garðinn frægan sem helsti flugvöllur Spitfire orustuvélanna í seinni heimsstyrjöldinni. Ég var orðinn vel málkunnugur starfsfólkinu, tolla og vegabréfseftirliti á flugvellinum og yfirleitt nægði bara að kinka kolla til að fara inn og út af vellinum.

Eitt sinn fór ég til Reykjavíkur í fjölskylduheimsókn. Yfirleitt flaug ég þetta sjálfur á tveggja hreyfla Cessnu vélinni eða litlu þotunni, en í þetta skipti ákvað ég að fara með áætunarflugi. Í nokkur ár var ég búinn að byggja upp fyrirtæki í Bretlandi, var þar með starfsmenn og heimili. En ég hafði trassað að ganga frá endanlegu búsetuleyfi í Bretlandi, var enn skráður með búsetu í Skandinavíu. Þegar ég snéri síðan til baka með áætunarfluginu til Heathrow var ég stoppaður á landamærunum. Þeir tóku af mér vegabréfið og gáfu mér stuttan frest til að yfirgefa landið. Nú voru góð ráð dýr. Ég hafði samband við sendiráð Íslands í London sem sögðust lítið geta gert í svona málum þar sem Ísland væri enn ekki orðinn aðili að EES samningnum.

Ég var í ágætum samböndum við öflug fyrirtæki og bauð sendiráðinu krafta mína til að aðstoða íslensk fyrirtæki að komast á breskan markað. Það varð úr að Jón Baldvin Hannibalsson þá utanríkisráðherra gaf út bréf sem fól mér slík verkefni og ég gat síðan mætt með bréf frá sendiráðinu um störf í

þágu íslenska ríkisins til landamæravardanna á Heathrow. Það datt af þeim andlitið þegar ég afhenti þeim bréfið. Ég fékk um leið vegabréfið mitt til baka. Þetta var síðan til þess að ég kynntist menningarfulltrúa sendiráðsins og vann með honum að því verkefni að koma íslenskum bjór á breskan markað í gegnum vinninnflytjanda sem ég þekkti vel í gegnum reglubundin flug okkar með innkaupastjóra nokkra af stærstu verslunarfyrirtækja Bretlands til að heimsækja vínekrur í suður Evrópu.

Viðskiptajöfrar reyndu að stela þotunni

Í gegnum eiganda lítils fjárfestingabanka sem var með skrifstofur steinsnar frá íbúðinni minni í London kynntist ég tveimur viðskiptajöfrum frá Ísrael sem vildu leigja af mér þotuna. Annar þeirra hafði alist upp í Rússlandi. Þetta var í kjölfar hruns Sovétríkjanna og viðskipti í austurblokkinni virtust á þessum tíma vera einhverskonar sambland af venjulegum viðskiptum og villta vestrinu. Það var t.d. alltaf flogið með fulla tösku af dollaraseðlum sem þeir tóku með sér á alla viðskiptafundi. Þá flaug ég með stæðu af sígarettu kartonum í vélinni til deila út sem gjöfum til afgreiðslumanna á flugvöllum til að fá betri þjónustu með eldsneyti og slíkt. Viðskiptalífið virtist meira og minna ganga út á mútur, allt frá forstjórum stóru gömlu ríkisfyrirtækjanna niður í afgreiðslumenn á plani.

Ég var að endurnýja lán á vélinni frá sænskum banka þegar viðskiptajöfrarnir frá Ísrael bjóða mér fjármögnun á betri kjörum og lýsa jafnframt áhuga að kaupa vélina eftir eitt ár. Ég hafði tjáð þeim áform mín að helga líf mitt því að koma á fót friðarsamtökum og kynna hugmyndafræði að varanlegri lausn til friðar á alþjóðavettvangi. Að ég ráðgerði að selja vélina og leggja andvirðið í stofnun samtakanna og kynna hugmyndafræðina Virkjum Bessastaði fyrir íslensku þjóðinni í þeirri von að embætti forseta Íslands myndi gerast óhlutdrægur boðberi friðar í heiminum. Ófriður geisadi þá

þegar í Palestínu og Ísrael og í einfeldni minni hélt ég að þeir vildu aðstoða mig að koma á fót samtökum sem gætu stuðlað að friði í þeirra eigin landi.

Það verður úr að ég tek þeirra tilboði og þeir setja tvo lögfræðinga í að útbúa lánaskjöl og vilja fljúga með mér í vélinni til Guernsey til að ganga frá samningum og greiðslum þar. Eftir að hafa skrifað undir skrapp ég aðeins frá. Þegar ég snéri til baka varð ég vitni að einhverjum fagnaði þegar þeir héldu að ég sæi ekki til þeirra, snéru saman höndum og sögðu “million dollars”. Mér fannst þetta alveg furðuleg uppákoma, skildi ekkert hvað var í gangi, fyrr en ári síðar þegar kaupin á vélinni áttu að ganga í gegn.

Þegar uppgjörs dagsetningin nálgast var ég kominn til Íslands að undirbúa stofnun Friðar 2000. Flugvélin hafði ég skilið eftir í Prague þar sem skrifstofa þeirra var og í umsjón tveggja flugmanna sem unnu fyrir mig. Annar var frá Bretlandi og hinn frá Belgrade í gömlu Júgóslavíu sem var land í sárum eftir styrjöldina þar. Hann var einn besti flugmaður og einn heiðarlegasti maður sem ég hef kynnst. Var áður flugmaður á einkaþotu forseta landsins, sem var af sömu gerð og þotan mín, Cessna Citation.

Ég byrja að hringja í viðskiptajöfrana til að ræða hvort þeir vildu ganga frá kaupum á vélinni eða hvort ég ætti að taka hana til baka. Ég fékk furðuleg svör og útúrslúninga. Þá hringir í mig flugmaðurinn frá Belgrade. Hann segir mér að þeir séu að skipuleggja að ræna af mér vélinni og ætli að nota sambönd sín í austur evrópu til að ná því í gegn. Þeir hafi rætt við flugmennina um áætlunina og boðið þeim gull og græna skóga. Flugmaðurinn sagði ekki vilja taka þátt í svona óheiðarlegum leik og hann hafi farið heim til Belgrade og ráðlagði mér að grípa strax til aðgerða til að tryggja öryggi vélarinnar.

Ég hafði samband við góðan vin sem ég átti í Bretlandi, John Backhouse, framámaður í viðskiptum og mannúðarmálum og stjórnmálum í Liverpool og jafnframt lögmaður með sérhæfingu í flugmálum. Hann átti einnig Cessnu Citation og við flugum stundum saman. Yfirleitt æfingaflug og stutt

millilandaflug, t.d. eitt sinn í hádegismat frá Liverpool til Billund í Danmörku. Hann flaug einnig með mér til Gomel í Hvíta Rússlandi þegar Friður 2000 fór með jólapakka þangað og sjúkraflug þaðan til Írlands með fimm börn sem lágu fyrir dauðanum.

John ráðlagði mér að taka næsta flug til Prague og sækja þotuna. Fljúga henni strax út úr Austur-Evrópu og koma henni í öruggt skjól t.d. á Íslandi. Stutt var síðan Tékkland kom undan Sovétríkjunum. Hann sagði það yrði erfitt að standa í einhverjum málaferlum í austur evrópu, búast mætti við spillingu og ýmislegt vantaði upp á lög og reglur til samræmis vesturlöndum.

Ég átti aukalykil að vélinni í Lisbon Portúgal þar sem hún hafði áður verið hjá flugfélagi þar. Ég hafði aðstoðaði stofnandann nokkrum árum áður, m.a. leigt honum þotuna þegar hann var koma félaginu í gang sem nú var orðið nokkuð öflugt flugfélag. Félagi minn brást skjótt við þegar hann heyrði hvað var í gangi og kom lyklinum á flugstjóra hjá Portúgalska ríkisflugfélaginu sem ég hitti svo á Heathrow á leið minni til Prague.

Þegar ég lenti í Prague fór ég beint á skrifstofu viðskiptajöfranna. Þar var ég í einhverjar klukkustundir að reyna að fá út úr þeim hvað þeir vildu gera, hvort þeir ætluðu að ganga frá kaupum á vélinni eða hvort ég ætti að taka hana til baka. Samtölin einkenndust af undandrætti og útúrsnúningum. Flugmaðurinn minn frá Belgrade var áður búinn að upplýsa mig um blekkingarleik sem var í gangi, þannig nú áttaði ég mig endanlega á stöðunni.

Ég fór út á flugvöll og skoðaði þotuna. Lét fylla hana af eldsneyti. Hafði svo samband við Lisbon og bað flugfélag félaga míns að gefa út fyrir mig flugnúmer svo skráningarnúmer vélarinnar myndi ekki heyrast í radiósamskiptum. Bað þá einnig að setja inn flugplan þaðan á flugnúmerinu. Ég var þess fullviss að viðskiptajöfrarnir væru búnir að múta flugvallarstarfsmönnum.

Ég fór síðan í loftið og flaug í gegnum Noreg, þar sem var stoppað örstutt til að taka eldsneyti og svo beinustu leið til Reykjavíkur. Helgi Jónsson

stofnandi Flugskóla Helga á Reykjavíkflugvelli hafði verið svo yndislegur að lána mér flugskýli til að geyma vélina á öruggum stað.

Næsta dag hringir í mig rannsóknarlögreglumaður og biður mig að koma til sín. Þá höfðu viðskiptajöfrarnir tilkynnt að vélinni hefði verið stolið frá Prague flugvelli. Ég afhendi skráningarskírteini vélarinnar sem sýndi að hún var skráð á mitt félag og útskýrði þær aðstæður sem voru komnar upp.

Nú fóru í gang samningaviðræður í gegnum síma og net við viðskiptajöfrana um að þeir, ef þeir vildu kaupa vélina, myndu greiða umsamið verð. Þeir báðu mig þá að koma til London á fund með lögfræðingunum. Spyrja síðan þar hvort breski flugmaðurinn megi koma og skoða vélina sem ég leyfi. Hann biður síðan Helga Jónsson að fá að renna vélinni út fyrir skýlið til að skoða hana betur. Allt í einu heyrir Helgi að það er byrjað að ræsa hreyflana. Helgi stekkur út úr sinni skrifstofu og í einstöku snarræði ekur bíl sínum fyrir þotuna þannig hún komst ekki lönd eða leið. Aftur átti að reyna að taka á mér snúning, hefði hann komist í loftið er ljóst að ég hefði hvorki séð peninga né þotuna aftur.

Bróðir minn og systursonur fóru strax út á flugvöll og við réðum öryggisverði til að gæta vélarinnar. Ég tók næsta flug heim og mætti beint út á flugvöll þar sem ég opnaði vélarrúmið og tók þaðan startara mótorsins úr, þannig að ekki væri hægt að ræsa hreyflana aftur nema með aðstoð flugvirkja.

Þegar viðskiptajöfrunum var loks ljóst að ráðabrygg þeirra um að svíkja út úr mér vélina hafði mistekist, samþykktu þeir loks að greiða fyrir þotuna eins og samningur okkar hafði kveðið á um.

Allt sett í Frið 2000

Greiðsluna fyrir þotuna notaði ég til að hefja starfsemi Friðar 2000 og fjármagna forsetaframbodið Virkjum Bessastaði. Ég var mjög andlega næmur og tengdur á þessum tíma og fékk oft meira innsæi en aðrir í kringum mig. Þannig var það þegar ég spáði fyrir um hryðjuverkin 11. september í viðtali við Jón Ársæl á Stöð 2 nokkrum mánuðum áður en það gerðist. Það var oft í viðtölum að ég mætti ekkert undirbúinn, settist bara niður, slappaði vel af, og svo streymdi innblásturinn og boðskapur til mín.

Fjölskyldan mín hafði töluverðar áhyggjur af því að ég var að leggja allt mitt fjármagn í friðarsamtökin. Á meðan ég mátti sæta ósvífinni gagnrýni frá dómstóli götunnar um að ég væri að hafa peninga út úr Friði 2000, var staðreyndin hins vegar sú að ég var stærsti styrktaraðili samtakanna. Ég treysti á almættið og spurði einfaldlega mitt andlega sjálf hvort ég myndi ekki spjara mig ágætlega í framtíðinni. Mér fannst ég fá fullvissu um það. Í dag á ég heimili í þremur löndum í glæsilegum einbýlishúsum, bíla og ágætt fyrirtæki, allt skuldlaust. Ég líð svo sannarlega engan skort.

Þegar þú færð köllun, eins og ég upplifði um fertugt, að nýta krafta þína og aðstöðu til að vinna að góðum málum í þágu mannkyns, þá getur verið gott að söðla bara um og svara kallinu. Heimsóknir mínar á stríðssvæði með gjafir og hjálpargögn svo og sjúkraflog með stríðshráð börn hefur breytt minni lífssýn, veitt mér lífsfyllingu og hamingju að vera þátttakandi í því að gera heiminn að betri stað fyrir komandi kynslóðir.



Stofnun Friðar 2000

Ég bjó í London og vann við undirbúning samtakanna frá skrifstofu í Lloyds byggingunni sem er þekkt kennileiti í miðborginni. Lloyds tryggingamarkaðurinn var á hæðinni fyrir neðan okkur. Áhugavert var að sjá tryggingarmiðlara vinna saman í stóru opnu rými og stundum hringja Lutine skipsbjöllunni sem bjargað var úr sökknu skipi árið 1858. Bjallan hefur hangið hjá Lloyds í nær 200 ár og var látið í henni heyra þegar stórir viðburðir gerðust sem höfðu áhrif á tryggingamarkaðinn. Hætt er við að bjöllunni verði hringt út á næstunni verði ekki leitað friðar við Rússland. Í nýlegri umfjöllun New York Times kemur fram að haustið 2022 töldu bandarísk stjórnvöld helmingslíkur á stríði með kjarnorkuvopnum.

Í upphaflegu útgáfu bókarinnar Virkjum Bessastaði árið 1996 er fjallað nánar um upphaf Friðar 2000 í kaflanum: “Friðardúfa á ferð og flugi”. Fyrri bókin fylgir í viðhengi með þessari nýju útgáfu.



Fyrrum forsætisráðherra Steingrímur Hermannsson var einn af stofnendum Friðar 2000. Hér er hann ásamt Ástþóri og foreldrum Ástþórs í hátégisverðarkynningu sem samtökin stóðu fyrir í Perlunni í Reykjavík.

Börnum bjargað

“Ég var ungur, aðeins sex eða sjö ára, ég var mjög veikur... ég man eftir að vera á sjúkrahúsi með vini mínum Vitali og við hlupum eftir Adi og báðum hana að taka okkur með til Írlands, ef hún gerði það ekki myndum við deyjá. Við horfðum á eftir henni yfirgefa sjúkrahúsið og vissum ekki hvort hún kæmi til baka, við vissum ekki að hún væri konan sem myndi bjarga lífi okkar” sagði Sasha tuttugu árum síðar. Hann var eitt barna sem Friður 2000 flaug með frá Hvíta Rússlandi til Írlands árið 1995. “Ég man að ég var með súrefnisgrímu í flugvélinni allt flugið því ég var svo veikur. Ég hafði enga mömmu og pabba með mér, ég var dauðhræddur og einn en á endanum leitaði ég skjóls í fanginu á Adi og svaf í kjöltu hennar það sem eftir var ferðarinnar. Huggaði mig við að ég var ekki lengur einn, hún hefur bjargað svo mörgum okkar,” bætti hann við. „Þótt ég væri barn vissi ég að þetta væri örvæntingarfull viðleitni til að bjarga lífi mínu og hinna þriggja barnanna.”

Nánar er fjallað um flugið í upphaflegu bókinni og hvernig sú hugdetta kom upp í fjölskyldubóði á öðrum í jólum að nýta plássíð í fluginu frá Reykjavík undir gjafir. Systursonur Ástþórs Jón Gunnarsson, síðar dómsmálaráðherra, brást skjótt við og fékk flugeldasölur hjálparveita Landsbjargar með í verkefnið. Á þremur dögum voru komnir 18 þúsund jólapakkar með hvatningarorðum og jólakveðjum frá Íslenskum börnum til veiku barnanna í Hvíta Rússlandi ásamt lyfjaskömmtum fyrir þúsund börn.



Eftir flugið og sjúkrahúsvist í Dublin kom Vitali ásamt Adi Roche stofnanda Chernobyl barnahjálparinnar til Íslands til að færa Friði 2000 og forseta Íslands þakkir fyrir hönd barnanna sem bjargað var með fluginu. Vitali afhendir Ástþóri og Vigdísí Finnbogadóttur forseta Íslands á Bessastöðum þakkarskjal.

Bréf til Guðs leiddi til kraftaverks

Á aðfangadagskvöld gekk faðir í örvæntingu til bjargar lífi ungrar dóttur sinnar inn á skrifstofu CNN í Bagdad með bréf í hendinni stílað til Guðs. Það var 24. desember 1997 og Írak undir umsátri vestrænna hervelda með refsiaðgerðum sem bönnuðu innflutning á bráðnauðsynlegum lyfjum og lækningavörum. Dóttir hans var að deyja vegna þess að engin lyf voru til í öllu landinu fyrir þetta saklausa fórnarlamb stjórnmálanna.

Íslenskur verkalýðsforingi

Hið örvæntingarfulla ákall um hjálp barst kristilegum góðgerðarsamtökum í Hollandi sem heyrta höfðu af væntanlegu flugi Friðar 2000 með jólagjafir til Írak. Ástþór beið þá í Lúxemborg, ásamt Kristjáni Árnasyni fyrrum formanni verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar, eftir rússneskri flugvél til að halda áfram friðarflugi jólasveinsins til Bagdad. Vélin hafði bilað og þeir tafist á Lúxemborgarflugvelli. Kristilegu samtökin náðu þannig símasambandi við Ástþór og báðu um aðstoð Friðar 2000 að koma stúlkunni til Amsterdam þar sem hennar biði sjúkrahúsvist í boði Hollenska ríkisins.

Hættið að drepa börnin mín

Þremur dögum síðar lenti í Bagdad hálftrar aldar gömul flugvél fyrrum forseta Sovétríkjanna, Brezhnev, full af gjöfum og friðarkveðjum frá íslenskum börnum. Íslenski verkalýðsforinginn í hlutverki jólasveinsins steig úr vélinni, kné niður, kyssti jörðina og hrópaði: „Hættið að drepa börnin mín“. „Ofbeldi leiðir til meira ofbeldis. Hættið að nota börn í pólitík.“

Eftir að gjöfunum var úthlutað til íraskra barna í samvinnu við Rauða krossinn/Rauða hálfmánann tók jólasveinninn litlu stúlkuna í fangið og flutti hana til Amsterdam um borð í PEACE2000 flugvélinni þar sem sjúkrahúsið beið eftir að flytja hana á sjúkrahús til aðhlyningar.

Stríði afstýrt

Friðarflug jólasveinsins snerti hjörtu milljóna manna um allan heim. Töfrar jólasveinsins urðu til þess að tugþúsundir námsmanna um allan heim mótmæltu öðru stríði gegn Írak sem Clinton-stjórnin skipulagði. Tilraunir þeirra til að safna alþjóðlegum stuðningi við annað stríð gegn Írak hrundu í kjölfar þessara mótmæla og sem varð til að Clinton hætti við stríðsáformin.

Gríska rétttrúnaðarkirkjan veitti Peace2000 mannúðarverðlaun að tilnefningu UNESCO. Aðspurðir hvers vegna var sagt að friðarflug jólasveinsins hafi afstýrt því að annað stríð braust út í nágrennalandi þeirra.



Peter Annett hinn fræði stríðsfréttaritari CNN ásamt Kristjání Árnasyni verkalýðsforingja í hlutverki jólasveinsins. Flugstjórinn situr á mótornum. Nánast ógerlegt var að fá flugvél til afnota í Baghdad flugið því nánast engin tryggingarfélag leyfa flug inn á skilgreint stríðssvæði. Á endanum tókst að útvega frá Ítölsku flugfélagi hálftrar aldrar gamla vél frá sovét tímanum í þetta fyrsta borgaralega flug til Baghdad eftir fyrra Írakstríð.



Stuttu fyrir landingu í Baghdad. Kristján kominn í búning jólasveinsins innan um pakkana en vélin var hlaðin glaðningi frá íslenskum börnum og fyrirtækjum.




Virkjum Bessastaði


Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan bókinn Virkjum Bessastaði kom fyrst út og síðan þá hefur ótal margt gerst sem ég tel að eigi brýnt erindi við kjósendur, byggt á næstum 30 ára reynslu sem forsetaframbjóðandi. Það sem hér fer á eftir er viðbót við upphaflegu útgáfuna, þar sem ég brýni stefnuna og hugmyndafræðina enn frekar og fer yfir söguna, sem ég tel að sýni okkur að mikilvægt er að við færum ýmsa hluti til betri vegar þegar kemur að lýðræðinu okkar, sjálfum grundvellingnum að farsæld þjóðarinnar.

Þegar ég kynnti fyrst hugmyndafræðina Virkjum Bessastaði í aðdraganda forsetakosninga fyrir þrjátíu árum vonaðist ég til að frambjóðendur myndu gera hugmyndirnar að sínum.

Ég vildi sjá öflugan forseta á Bessastöðum sem væri opinn fyrir því að gera embætti forseta Íslands leiðandi í friðarmálum á alþjóðavettvangi með stuðningi Friðar 2000 og yfir hundrað friðar samtökum og friðarháskólum sem tengdust okkur í 40 þjóðlöndum.



Heimsþekktir fræðimenn í friðarmálum og friðarverðlaunahafi Nóbels hafa lýst stuðningi við hugmyndafræði mína um að Virkja Bessastaði. Þeir eru mér sammála að forseti Íslands með slíkar áherslur gæti valdið straumhvörfum til friðar í heiminum. Þeir birtu um þetta greinar, töluðu við fjölmiðla og einn þeirra hélt um þetta fyrirlestur í Háskóla Íslands eins og fjallað er um hér í bókinni. Því miður var reynt að þagga þetta niður til að kæfa mitt forsetaframboð.



Ein stærsta auðlind Íslendinga

Á Bessastöðum er að finna eina stærstu auðlind Íslendinga. Þjóðin gæti malað gull á þessari nýju auðlind. Það eina sem þarf til er almenn hugarfarsbreyting og að Virkja Bessastaði.

Umræðan um forsetaembættið hefur löngum lent á villigötum og við hverjar kosningar tala sumir um að leggja embættið niður. Það væri álíka óviturlegt og að leggja niður útgerð og hætta að veiða fiskinn í sjónum. Með því að Virkja Bessastaði gæti forsetaembættið lagt hornstein að nýjum atvinnuvegi sem gæti veitt þúsundum Íslendinga góð störf í framtíðinni, aflað milljarðatekna fyrir þjóðarþúfið og virkað sem öflug vítamínsprauta í vaxandi ferðapjónustu landsmanna.

Styrmir Gunnarsson fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins féll í þá gryfju í Silfri Egils árið 2012 að átta sig ekki á verðmætunum sem liggja í forsetaembættinu. Auðvitað er það á skjön við nútíma lýðræði að á Bessastöðum sitji alræðisvald yfir því hvort einstök mál fari í þjóðaratkvæði. Styrmir virðist ekki hafa þekkt hugmyndafræði mína nægjanlega vel til að átta sig á að þetta má leysa með því að Virkja Bessastaði.

Í þessum helsta pólitíska umræðuþætti RÚV hafa verið dregnir fram hinir ýmsu spekingar að fjalla um forsetaembættið og væntanlegar forsetakosningar, en frambjóðendur sjálfir virðast útilokaðir frá þátttöku. Mér hefur t.d. í öll þau 28 ár sem ég hef barist fyrir því að Virkja Bessastaði til friðar- og lýðræðisþróunar verið úthýst úr Silfri Egils.

Þannig getum við einnig komið á mótis við tvo veigamikla þætti lýðræðisþróunar í drögum Stjórnlagaráðs. Forsetinn gæti orðið hraðvirk leið undir núverandi stjórnarskrá til að brúa gjánna sem stundum hefur komið upp á milli þings og þjóðar. Um leið skapast svigrúm til að endurskoða stjórnskipun landsins til lengri tíma með víðtækari samstöðu.

Lýðræðispóllinn í hugmyndafræðinni Virkjum Bessastaði færir valdið til fólksins með beinna lýðræði. Þjóðaratkvæðagreiðslur verði eðlilegur og sjálfsagður hlutur í lýðræðinu og forsetinn nýtir málskotsréttinn með skipulögðum hætti til að leiða þjóðina úr úreltri hugmyndafræði í nútímalegra og beinna lýðræðisform. Þjóðaratkvæðagreiðslur um stærri deilumál eru virkasta formið til að brúa gjánna milli þings og þjóðar til framtíðar og koma á sáttum í samfélaginu.

Samhliða regluverki forseta um hvernig kjósendur kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu má með sama hætti skapa þjóðinni farveg um forsetaembættið að koma lagafrumvörpum til Alþingis. Ég talaði um þetta strax árið 1996 sem mikilvægan þátt til aukinnar lýðræðisþróunar samhliða því að forsetinn skyldi nýta málskotsréttinn.

Atvinnupóllinn í hugmyndafræðinni Virkjum Bessastaði er að skilgreina Ísland sem land heimsfriðar. Á Íslandi verði í framtíðinni aðsetur alþjóðastofnanna sem vinna að friðar- og lýðræðisþróun. Ísland er einstakt að því leyti að hér hefur ríkt friður í nærri þúsund ár og landsmenn hvorki borið vopn né rekið skipulagðan hernað. Það er þessi arfleifð sem hefur fyllt menn erlendis hrifningu hvar sem ég hef kynnt Ísland sem land friðarins.

Við sjáum nú þegar árangur af þessu starfi. Hingað komu heimsþekktir erlendir fræðimenn, m.a. höfundur handbóka Sameinuðu Þjóðanna að friðarsamningum, til að tala fyrir hugmyndum mínum um að virkja forsetaembættið en fengu ekki áheyrn fjölmiðla. Einnig var Ísland valið sem heimaland friðarsúlu og minnismarkis um John Lennon. Nú er bara að halda áfram og ná almennri samstöðu þjóðarinnar um að Virkja Bessastaði.

Með því að sniðganga frambjóðendur í helsta umræðuþætti fjölmiðlanna er verið að viðhalda stöðnun forsetaembættisins og snúa kosningunum upp í hálfgerða fegurðarsamkeppni í stað þess að fjalla um raunverulega innviði embættisins og frambjóðenda. Það er grafalvarlegt mál ef fjölmiðlafólk kemst

upp með að blinda kjósendur með innihaldslausri froðu til að hertaka Bessastaði og byggja þar rólur og sandkassa eins og sumir hafa lagt til.

Hafi menn sem hafa atvinnu af því að fylgjast með þjóðmálaumræðu ekki meðtekið kjarnann í hugmyndafræðinni Virkjum Bessastaði í gegnum 28 ára baráttu forsetaframbjóðanda er það lýsandi dæmi um hvernig fjölmiðlunin hefur brugðist.

Forsetaembætti gæti orðið ein stærsta tekjulind okkar

Hávær undiralda hefur myndast um að flytja stofnanir Sameinuðu þjóðanna frá New York vegna þess að Bandaríkin þykja ekki nógu hlutlaus staður. Menn eru byrjaðir að ræða kannski um Sviss en hvar sem ég hef nefnt Ísland þá hefur verið vel tekið í það.

Starfsemi Sameinuðu þjóðanna, öryggisráðið og stofnanir sem tengjast friðarmálum og umhverfismálum skila 600 milljörðum. Ég vil setja Ísland á kortið sem staðsetning fyrir þessar stofnanir. Þessu fylgir 21 þúsund störf.



Viltu reikning eða ávísun frá Bessastöðum?

Í stað þess að halda úti tilgangslausri glansmynd á Bessastöðum fyrir um 400 milljónir króna á ársgrundvelli, getum við nýtt embætti forseta Íslands til að stuðla að friði, auknu lýðræði og um leið byggja hér upp nýjan atvinnuveg sem mun skila aukinni velsæld til þjóðarinnar.

Með öðrum orðum er ég eini frambjóðandinn sem stefnir á að skila þjóðinni arði í beinhörðum peningum frá embætti forseta Íslands.



Forsetaembættið hefur allt sem til þarf

Hægt er að Virkja Bessastaði til friðar- og lýðræðisþróunar með einföldum hætti undir núverandi stjórnskipulagi. Forsetaembættið hefur allt sem til þarf að vinna þetta verk.

Margir fræðimenn telja aukna lýðræðisþátttöku almennings lykilinn að friðvænlegu samfélagi. Þess vegna er beint lýðræði ein af áherslum mínum. Forseti Íslands er í lykilaðstöðu að nota áhrif sín til að kynna kosti þess fyrir ráðamönnum bæði heima og erlendis.

Forseti Íslands er með áhrifavald. Hann hefur aðgang að flestum þjóðhöfðingjum og ráðamönnum heims. Forsetanum er ætlað að vera sameiningartákn þjóðarinnar og allra flokka. Hann getur einnig orðið slíkt sameiningartákn friðar og mannréttinda alþjóðlega.

Forsetar Íslands hafa reglulega hitt helstu ráðamenn heims, m.a. forseta Bandaríkjanna og forseta Rússlands. Þeir forsetar sem setið hafa á




Bessastöðum s.l. 28 ár gerðu ekkert til að nota þessi tækifæri að tala fyrir friðarmálum og þeirri hugmynd að setja Ísland á kortið sem land friðarins.

Með nýjum forseta koma nýjar áherslur

Ég varaði sterklega við því í aðdraganda forsetakosninganna 2016 að Guðni Th. Jóhannesson myndi ekki vinna að friðarmálum. Ég ætti von á því að hann yrði þægur ljár í þúfu undir hergagnaframleiðendum sem ógnuðu heimsfriðnum með stækkun NATO og aukinni hernaðaruppbyggingu.

Það þurfti ekki annað en að kynna sér hverjir stóðu að baki framboðinu. Þar voru leiðtogar úr Sjálfstæðisflokknum sem hafa verið hallir undir bandaríska hernaðarstefnu. Einnig var áhugavert að mæta lögmanni framboðsins þegar ég var að leggja fram undirskriftalista, þar mætti fyrir Guðna lögmaður sem starfaði fyrir bandaríska vogunarsjóði í bankahrúninu sem jafnframt eru meðal stærstu fjárfesta í bandarískum hergagnaiðnaði.

Mikilvægt er að þjóðin þroskist frá því að líta á forsetakosningar sem einhverskonar fegurðarsamkeppni og átti sig á tækifærinu til friðarmála.




Hlutverk forseta Íslands til friðar

Til að kynna nýja hugmyndafræði friðar þurfum við að koma á samhentun átaki grasrótarinnar (almennings), atvinnulífsins (stór og smá fyrirtæki) og stjórnmalanna (þingmenn og sveitarstjórnarfólk). Þetta er okkar markhópur.

Í hugmyndafræðinni Virkjum Bessastaði gegnir forseti Íslands því hlutverki að leiða saman þjóðfélagshópa bæði innanlands og utan til að mynda samhentun þrýstihóp á stjórnmalin.

Flest okkar og atvinnulífið hafa beina hagsmunum af því að búa í friðsælu samfélagi og að öll heimsbyggðin sé friðsæl. Stríð er líklegt til að valda hruni í ferðþjónustu, viðskiptum og að grunnþjónustur, rafmagn og matvæli verði af skornum skammti. Kjarnorkustríð gæti útrýmt mest öllu mannkyninu.



Forseti Íslands á greiðan aðgang

Forseti Íslands hefur eins og aðrir þjóðhöfðingjar greiðan aðgang að koma boðskap á framfæri hvort sem er í almennum fjölmiðlum eða á ráðstefnum og fundum. Forsetinn getur byrjað að kalla saman fólk á fundi, haldið ráðstefnur, boðist til að koma sem fyrirlesari og í opinberar heimsóknir til annarra þjóðhöfðingja og áhrifavalda í öðrum ríkjum jarðarinnar. Þannig getur forseti Íslands orðið hvatinn að því að boða nýja hugmyndafræði friðar og breytingar á heimsmyndinni.

Fylgið hrynur af hermöngurum

Stjórnmalafólk í lýðræðisríkjum sækir sitt umboð til kjósenda. Það getur velt litlum og stærri leiðtogum úr sessi missi þeir stuðning kjósenda. Í dag sjáum við í skoðanakönnunum minnkandi fylgi við Bandaríkjaforseta að því talið er vegna stuðnings hans við þjóðarmorð í Palestínu.

Lítill kona ögrar kjarnorkuveldi

Við sjáum einnig fylgi Vinstri grænna hrynja í skoðanakönnunum á Íslandi en sá flokkur hefur snúist gegn sinni upprunalegu stefnu friðar og þvert gegn vilja sinna kjósenda talað fyrir auknum hernaðarútgjöldum, útpenslu NATO til austurs sem Rússar telja ögrun við sína öryggishagsmuni og sem er ein helsta ástæða þess að stríð er yfirvofandi í Evrópu. Í stað þess að kynna tillögur til friðar hefur ríkisstjórnin undir forystu Vinstri grænna leigt flugvélar undir vopnaflutninga í stríð við Rússa, rekið sendiherra Rússlands úr landi og lokað sendiráði Íslands í Moskvu. Litla Ísland undir forystu lítillar konu er í dag að ögra einu helsta kjarnorkuvopnaveldi heims til stríðs.

Flestir tapa á stríðsleikjum

Aðeins lítill hópur og fá fyrirtæki hafa hag af stríðsrekstri. Flestir tapa í þeim leik og áhrif ófriðar dreifa úr sér til nærliggjandi landa og um heimsbygðina sem veldur síðan auknum flóttamannastraum og verðbólgu.

Styrjaldir eru eins og krabbamein sem breiða úr sér. Enginn er óhultur, ekki einu sinni á eyju í miðju Atlantshafinu. Hernaðaruppbygging er aftur komin á fullt skrið í Evrópu með þátttöku Íslands.

Íslendingar hýsa herflugvöll og kaþbátaherstöð fyrir kjarnorkuveldi sem virðist stefna í stríð við annað kjarnorkuveldi. Nútíma hljóðfrá flugskeyti geta borist hingað utan úr geimnum á augnabliki. Við þurfum að átta okkur

á þeirri dapurlegu staðreynd að enginn er hér óhultur, við stöndum öll sem þjóð berskjölduð gegn ógninni.

Það er mikill misskilningur ráðamanna að við verjumst slíkri ógn með vopnum frá bandarískum hergagnaframleiðendum. Slík tól eru gagnslaut járnruhl sem vörn gegn hljóðfráum flugskeytum með kjarnorkusprengrjum. Það eina sem getur forðað okkur tortímingu í kjarnorkustyrjöld er að sannfæra þjóðir heims að hætta þessum stríðsleikjum og byggja jörðina og mannleg samskipti með gagnkvæmri virðingu og friðsamlegum samningum.

Styrjaldir framleiða flóttamenn

Styrjaldir eru eins og öflug verksmiðja til framleiðslu á flóttamönnum. Styrjaldir mergsjúga til sín líf, limi og lífsviðurværi tugi milljóna einstaklinga fyrir lítinn hóp örfárra einstaklinga sem hagnast af því að selja stríðstólin.

Stríðsflóttamenn hafa yfirleitt misst heimili sín, atvinnu og lagt á flótta allslausir. Flóttamennirnir leita á náðir annarra með húsaskjól og framfærslu. Á sama tíma þurfa þeir sem flóttamenn leita til að greiða meira fyrir vörur og aðföng vegna truflana á framleiðslu og flutningum

Í dag eru Evrópa og Mið-Austurlönd á barmi stórstyrjaldar. “Hernaðarsérfræðingar”, sem sumir hverjir eru orðnir málpípur hergagnaframleiðenda keppast við að bera á torg áróður um aukin vopnakaup. Það er sorglegt að leiðtogar heimsálfunnar sem séð hefur stærstu styrjaldir mannkynssögunnar hafi ekkert lært.

Fyrrum forseti og forsetaframbjóðandi frá stærsta framleiðsluríki hergagna í heiminum hefur gengið svo langt að lýsa því yfir að þær þjóðir í Evrópu sem ekki setja næga peninga í vopnakaupin, muni ekki fá neina vernd nái hann endurkjöri.

Valdið til þjóðarinnar

Fyrir þrjátíu árum var hugmyndafræðin að Virkja Bessastaði talin mjög byltingarkennd. Forsetaembættið hafði til þess tíma verið formfast og lítið breyst frá upphafi. Ég var fyrstur samtímamanna að vilja virkja málskotsrétt forsetans til aukinnar þátttöku almennings í lýðræðinu. Hugmyndafræði mín kom fyrst fram opinberlega árið 1995. Síðan í ritinu Virkjum Bessastaði árið 1996 og með stofnun Lýðræðishreyfingarinnar 1998.

Já ég vil að málskotsrétturinn sé þjóðarinnar. Eitt af mínu fyrstu verkum yrði að setja reglur um hvernig þjóðin getur virkjað málskotsrétt forseta og hvaða fjölda áskorana þurfi til að forsetinn nýti þennan rétt fyrir hönd þjóðarinnar.

Þjóðaratkvæðagreiðslur um helstu deilumál er öflug leið til að brúa gjár á milli þings og þjóðar og koma í veg fyrir að þær myndist.

Ég vil að þjóðaratkvæðagreiðslur verði eðlilegur hlutur í lýðræðisþróun framtíðarinnar frekar en dramatískar leiksýningar. Ég hef bent á leiðir til að lækka kostnað við kosningar m.a. með því að nota hraðbankakerfið sem kjörklefa samhliða sérlausnum fyrir þá sem ekki komast í hraðbanka.

Álitsgjafar dregnir fram til að blekkja almenning

Í aðdraganda forsetakosninga 1996 talaði ég fyrir því að færa valdið í auknum mæli til fólksins og að hefja slíka lýðræðisþróun með því að virkja málskotsrétt forseta. Fjölmíðlar voru þá notaðir til að kalla til álitsgjafa sem sögðu þetta ekki hægt því engin hefð væri fyrir slíku inngripi forseta. Gert var lítið úr mér og mínum hugmyndum um að forseti Íslands hefði þetta vald.

Það kom í ljós nokkrum árum síðar að ég hafði haft fullkomleg rétt fyrir mér um þetta vald forseta þegar Ólafur Ragnar Grímsson virkjaði málskotsrétt forseta.

Sérhagsmunatengsl brutu ísinn

Því miður var aðdragandinn að fyrsta málinu sem málskotsrétti forseta var beitt í Íslandssögunni ekki eins og við hefðum helst viljað.

Eftir 8 ár í embætti beitti Ólafur Ragnar Grímsson málskotsréttinum þegar kostunaraðilar framboðs hans (eigendur Norðurljósa-365 miðla)ildu með öllum ráðum stöðva lagasetningu um dreifða eignaraðild á fjölmiðlum. Stór mál m.a. Kárahnjúkar, öryrkjamálið og fyrstu Icesave lögín fóru hinsvegar í gegn með samþykki forseta.

Það var ekki fyrr en eftir 15 ár í embætti þegar skoðanakannanir sýndu vaxandi óvinsældir forsetans að hann greip til þess ráðs að nota aftur málskotsréttinn. Ég nefni þetta hér til að fólk átti sig betur á því að forsetinn lét líklegast undan þrýstingi bakhjarla síns forsetaframboðs út frá sérhagsmunalegum sjónarmiðum.

Ólafur talaði ekki um að nýta þennan rétt í aðdraganda forsetakosninga 1996. Líklega því hann ráðgerði það ekki fyrirfram. Hins vegar varð greiðvikni Ólafs Ragnars við Baugsveldið til þess að brjóta ísinn.

Icesave málin sem síðar komu og Ólafur sendi í þjóðaratkvæðagreiðslu voru að mínu mati fullkomlega réttar ákvarðanir.

Fjölmiðlar ráðskast með lýðræðið

Lykillinn að raunverulegum lýðræðisumbótum liggur hjá fjölmiðlum sem í dag ráðskast með lýðræðið fyrir sérhagsmuni eigenda sinna eða valdaelítuna.

Þetta hefur verið áberandi við forsetakosningar síðustu þrjá áratugi. Við höfum horft uppá tvö leikstýrð framboð úr smiðju RÚV, fyrst var það Þóra Arnórsdóttir starfsmaður RÚV sem stökk beint af skjánum í forsetaframboð árið 2012, en í mörgum löndum eru lög gegn slíku til verndar lýðræðinu. Fólkíð sem stjórnaði RÚV á þessum tíma vann áður fyrir eiganda 365 miðla eins og frambjóðandinn sjálfur. Framboðinu var leikstýrt af leikstjóranum

sem bjó til grínkarakterinn Silvíu Nótt og borgarstjórn Jón Gnarr. Það er hollt og nauðsynlegt lýðræðinu að kryfja þetta til mergjar.

Fjórum árum síðar skaut RÚV öðrum frambjóðanda á loft, Guðna Th. Jóhannessyni með því að lauma honum inni daglegar sjónvarpsútsendingar í sérstökum fréttatímum, Kastljóspáttum og fréttum um embætti forseta Íslands og hvernig forsetinn ætti að bregðast við þeirri stjórnmalákrísu sem komin var upp eftir að RÚV sendi út Kastljós þátt um aflandsfélag forsætisráðherra og konu hans.

Guðni Th hafði nokkrum vikum og mánuðum áður átt á laun fundi með valdakilikum um væntanlegt forsetaframboð. Öðrum frambjóðendum sem komnir voru fram var meinað að taka þátt í þessari umræðu hjá RÚV.

Sigmundur hefur haldið því fram að aðförin að honum hafi verið fyrirfram undirbúin flétta að undirlagi kröfuhafa í Icesave-málinu svokallaða sem höfðu haft í hótunum við hann. Í viðtali við DV sagði Sigmundur: „Þetta var stærra en RÚV. Það var skipulagt, og þetta er engin samsæriskennning ég er bara að vísa í staðreyndir sem þessir aðilar auglýstu sjálfir, af hópi fjölmiðla sem að vildu ná ákveðnum mönnum niður.“

Það er ljóst að mjög strangar reglur og eftirlit þarf með fjölmiðlum svo einstakir aðilar geti ekki ráðskast með lýðræðið eins og við höfum horft uppá undanfarna áratugi á Íslandi.

Það er ekki séríslenskt vandamál að frambjóðendur séu gerðir út og stjórnað af fjármálaöflum og hagsmunakilikum. Þetta er alþekkt vandamál víða um heim og eitt af því sem þarf að breyta til að koma á raunverulegu og virku lýðræði.

Forsetinn og Alþingi

Æskilegt er að samhljómur sé með orðum og athöfnum forseta og ríkisstjórnar. Sú staða að meirihluti þjóðarinnar sé komin í andstöðu við

sitjandi ríkisstjórn eða Alþingi eins og hefur komið upp á undanförunum áratugum, t.d. í kjölfar efnahagshrunsins, er ekki boðlegt í lýðræðisríki.

Ef slík staða er komin upp væri eðlilegt að forsetinn fundaði með forystumönnum ríkisstjórnar. Jafnvel efndi til friðarráðstefnu alþingismanna á Bessastöðum að ræða málin með yfirveguðum hætti og reyna að finna lausnir á vandanum. Þetta hlýtur að vera eitt mikilvægasta verkefni forsetans sem sameiningartákns.

Stundum virðist menn gleyma sér í hita leiksins og tala um að hér sé þingræði og skauta gjarnan um leið framhjá kjarna þess lýðræðisumboðs sem þeir hafa frá kjósendum. Það má aldrei gleyma því að við búum í lýðræðisríki þar sem þjóðin á síðasta orðið. Sé það vald útfært með kjörnum fulltrúum á þingi eins og við gerum í dag þýðir það ekki að þjóðin hafi á fjögurra ára fresti framselt hagsmuni sína sérhagsmunaklíkum bakvið einstaka stjórn málaflokka.

Lausnin felst ekki í því að forsetinn fari í einhversskonar stríð við Alþingi, menn eða málefni. Aðeins eftir að ljóst er að allar sáttaumleitanir til að brúa gjána milli þings og þjóðar hefur mistekist með friðarviðræðum við ríkisstjórn og alþingismenn gæti komið upp sú staða að forsetinn þyrfti að koma fram á sjónarsviðið til að gæta hagsmuna þjóðarinnar. En það hlýtur að teljast mjög óeðlilegt að ríkisstjórn sitji eftir að mál eru komin í slíkt öngstræti.

Regluverk þarf um málskotsréttinn

Það er ánægjulegt að sjá þann árangur sem orðið hefur á s.l. þrjátíu árum frá því að ég kynnti fyrst hugmyndina um að gera forseta Íslands að virkum öryggisventli með nýtingu málskotsréttar. Frambjóðendur sem hafa komið fram á síðustu árum hafa margir tekið þetta upp í sínum málflutningi. Ég tel að það þurfi að setja regluverk um hvernig þjóðin getur kallað eftir því að forseti nýti þetta vald í þeirra þágu þegar mikið liggur við.

Fyrstur að tala fyrir beinu lýðræði

Ég var fyrsti aðilinn á Íslandi til að tala um beint lýðræði, nú er það komið mjög vel inn í umræðuna. M.a. hefur einn forsetaframbjóðanda nú 30 árum síðar gert þetta mál að sínu sem er frábært. Ég talaði alltaf um það að ég væri klukkan sem vekur þjóðina, ég væri ekki endilega sá sem myndi sjá afraksturinn af þessu öllu á mínum eigin líftíma.



Alltaf þótt þessi skopmynd frábærlega sniðug. Sigmundur náði hugmyndafræðinni nokkuð vel. Myndin birtist í Morgunblaðinu árið 1996.

Tökum forystu í lýðræðisþróun

Þá hef ég vakið athygli á nýrri hugmyndafræði um framkvæmd kosninga sem Ísland gæti orðið fyrsta landið til að innleiða og taka þannig forystu í lýðræðisþróun á heimsvísu.

Ég mun leggja áherslu á lýðræðisþróun og friðarmál enda sé ég í þeim málaflokkum spennandi sóknarfæri Íslendinga til að auka veg og virðingu þjóðarinnar á alþjóða vettvangi og byggja hér upp nýja atvinnustarfsemi tengt þessum málaflokkum.

Ef við virkjum Bessastaði og forsetinn gerist leiðandi í lýðræðisþróun og friðarmálum á alþjóðavettvangi mun það virka sem vítamínsprautu í vaxandi tekjulindum þjóðarinnar í ferðaþjónustu og útflutningi.

Heimsbyggðin stendur nú á krossgötum og menn að átta sig á að sú stjórnskipan og fjármálakerfi sem flest þjóðríki búa við í dag eru barns síns tíma. Hér á Íslandi getum við þróað beint lýðræði á næstu árum og áratugum sem gæti orðið fyrirmynd annarra þjóða.

Fjölmarginir fræðimenn á sviði friðarmála eru mér sammála að Ísland gæti orðið leiðandi til friðar og lýðræðisþróunar í heiminum. Svári Íslendingar kallinu mun hér rísa nýr og jákvæður atvinnuvegur sem gæti fært þúsundum Íslendinga blómleg störf í framtíðinni.

Sem forseti myndi ég auðvitað einnig leggja öðrum málum lið. Umhverfismál, mannúðar- og mannréttindamál, m.a. baráttan gegn fátækt og sókn til réttlætis er meðal þess sem ég myndi standa vörð um á Bessastöðum.

Beint lýðræði í framkvæmd

Ég hef unnið með hugmyndir að beinu lýðræði sem byggjast m.a. á því að nota hraðbankakerfið sem kjörklefa. Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi verið útfært nokkurs staðar í heiminum. Það gæti orðið mjög áhugavert

verkefni fyrir Ísland að þróa slíkt kerfi sem síðan mætti markaðssetja um allan heim.

Hraðbankar sem kjörklefar

Hraðbankar eru með innbyggðar öflugar öryggisvarnir til að staðfesta persónuupplýsingar. Þeir tengjast í gegnum Reiknistofu bankanna sem sér um miðlægt stýrikerfi og greiðslukerfi bankaþjónustu á Íslandi. Hraðbankarnir eru í raun tölvur með snertiskjám sem eru viðmótið gagnvart einstaklingum sem nýta sér bankaþjónustu. Ætla má að það yrði ekki mjög flókið verkefni að innleiða kosningakerfi inn í þetta kerfi, dulkóða upplýsingarnar og safna þeim miðlægt hjá Landskjörstjórn.

Gallarnir við að láta fólk kjósa heiman frá sér úr tölvu er að einstaka kjósendur geta þar verið undir áhrifum eða þrýstingi frá öðrum á heimilinu hvað þeir eigi að kjósa. Með því nota hraðbankakerfið geta einstaklingar stoppað í næsta hraðbanka og greitt þar atkvæði án þess að vera undir þrýstingi frá öðrum. Það mætti hugsa sér að slíkar kosningar færu fram yfir nokkra daga, t.d. gætu kosningar farið fram yfir 7 daga tímabil.

Tækninni fleygir fram, nú eru flestir komnir með stöðugt netsamband í símann og rafræn skilríki. Einnig gæti verið möguleiki að útfæra rafrænar kosningar í gegnum snjallsíma.

Virkara og haghvæmara Alþingi

Ég tel að við getum gert Alþingi að haghvæmara og skilvirkara löggjafarþingi.

Í dag erum við með 63 þingmenn í fullu starfi, allir með aðstoðarfólk og eigin skrifstofu. Þetta er nokkuð stór yfirbygging fyrir smáriki eins og Ísland. Með því að minnka þennan fjölda og breyta aðeins fyrirkomulaginu mætti hugsanlega gera Alþingi haghvæmara og skilvirkara.

Til að valda ekki misskilningi þá er ég ekki hér að segja að fosesti Íslands eigi að innleiða slíkar breytingar uppá eigin spýtur eða að ég muni reyna að framkvæma þetta sem forseti. Ég er aðeins að leggja fram þessar tillögur sem innlegg í umræðuna um beint og milliliðalaust lýðræði.

Það þarf að fara með gát að innleiðingu á beinu lýðræði. Það þarf að gerast sem þróunarverkefni yfir einhvern tíma. Eins og ég rakti áður þarf einnig að gæta þess að fjölmiðlar starfi hlutlægt og séu með dreifða eignaraðild svo hægt sé að tryggja að einstaka valda- eða peningaklíkur misnoti ekki fjölmiðla til að ráðskast með lýðræðið.

Beint og milliliðalaust lýðræði

- Allir Íslenskir ríkisborgarar geti sent Alþingi tillögu að lagafrumvarpi sem skal tekið til umfjöllunar ef það er stutt undirskriftum 1% kjósenda. Alþingismenn og ráðherrar geti einnig átt frumkvæði að nýjum frumvörpum.
- Þingmenn fari með umræðu og nefndarstörf vegna frumvarpa á Alþingi og kynni fyrir þjóðinni m.a. á rafrænu þjóðþingi og vefsvæði.
- Tilbúin frumvörp lögð fyrir þjóðþing Alþingis til atkvæðagreiðslu t.d. 1.maí og 1.des ár hvert.
- Hraðbankakerfið (sem er samtengt í gegnum Reiknistofu bankanna) verði nýtt sem kjörklefar fyrir rafrænt þjóðþing.
- Ef nauðsyn krefur geti Alþingi samþykkt bráðabirgðalög sem gilda fram að næsta þjóðþingi.
- Þingmenn fara með atkvæði þeirra sem ekki óska að neyta atkvæðisréttar á þjóðþingi Alþingis.

Tillaga að breytingum á Alþingi og ríkisstjórn

- Þingmönnum fækkað í 31.
- Landið verði eitt kjördæmi.
- Þingmenn verði valdir í persónukosningum.
- Alþingi velur ráðherraefni á faglegum forsendum. Forseti, sem þjóðkjörinn umboðsmaður lýðsins og eftirlitsaðili fyrir virku lýðræði, skipar síðan ráðherra og veitir þeim lausn eins og nú er.
- Ráðherrar sitji ekki á Alþingi.
- Ráðning dómara og ædstu embættismanna verði staðfest af þjóðþingi Alþingis.

Ný stjórnarskrá

Rétt er að nefna í þessu sambandi tillögur að nýrri stjórnarskrá. Það eru nokkrir góðir punktar í tillögum stjórnlagaráðs en einnig eru þar gallar. Í sumum tilfellum slíkir að við gætum verið í verri stöðu með nýja stjórnarskrá sem yrði skrifuð eftir þessum drögum. Nauðsynlegt er að vanda þessa vinnu. Hraðsoðin stjórnarskrá verður ekki æskilegur vegvísir til framtíðar.



Tungan er mitt sverð

Fólk áttar sig ekki alltaf á því að það er ekki hægt að vinna friðinn með að vera bara þægur og þegja. Ég hef aldrei á ævinni lent í slagsmálum, ég hef aldrei slegið til baka þótt ég hafi verið sleginn, tungan er mitt sverð.

Friðarboðið getur ekki verið bara einhver hljóðlát dúfa á staur. Hún þarf að geta látið í sér heyra. Þannig breytum við hlutunum.

Bók Hallgríms Helgasonar, Sextíu kíló af sólskini sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2018 fjallaði um ömurð og þrælslund íbúa íslensks sjávarþorps er nútíminn ruddi sér til rúms í stöðnuðu bændasamfélagi sem var nær algjörlega háð einhvers konar þrælavinnu.

Íslendingar hafa oft þannig farið með veggjum, verið seinteknir til mótmæla og jafnan úthrópað jafnvel friðsömustu mótmælendur hérlendis sem þorpsfífl og vitleysinga. Ég fékk þann skammt ópveginn eftir að nota óhefðbundnar aðferðir í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar reynt var að koma mér í 16 ára fangelsi fyrir þær sakir að mótmæla stuðningi Íslands við innrás Bush í Írak.

Uppskrift að friðsömum mótmælum

Mótmæli þurfa að valda einhverri truflun til að skila árangri. Hið minnsta sjóntruflun og stinga í stúf við umhverfið. Mótmæli snúast um að ná athygli fjölmiðla nægilega oft og lengi til að umfjöllun skapist um málefnið. Fjölmiðlar, sérstaklega ritskoðaðir fjölmiðlar eins og við höfum átt að venjast á Íslandi, hleypa ekki í loftið þeim sem ekki eru eigendum þóknanlegir nema búin sé til frétt dagsins.

Ég notaði jólasveinabúning til myndrænna mótmæla í Héraðsdómi 19.12.2002 þegar koma átti mér í 16 ára fangelsi fyrir andóf gegn stríðsbrótlínu í Írak. Ákæran var tekin fyrir í vikunni fyrir jól, ári eftir að utanríkisráðuneytið stöðvaði með lögregluvaldi á Keflavíkurflugvelli flugvél

sem komin var í flugtaksstöðu og átti að færa frá Friði 2000 jólagjafir, lyf og matvæli til stríðshrjáðra barna í Írak.

Stjórnvöld misnotuðu dómskerfið

Sakirnar á mig voru fjarstæðukenndur tilbúningur, brot á tjáningarfrelsi og réttarfarsreglum. Mér var síðar sagt af lögreglumanni að skipun um handtöku mína hafi komið beint úr forsætisráðuneytinu þegar ég hafði vakið athygli á ætlun forsætis- og utanríkisráðherra að nota íslenskar farþegaflugvélar til hernaðarflutninga fyrir Bush Bandaríkjaforseta til Írak.

Tilgangur minn með að mæta í búningi jólasveinsins og setja málgögn sem ég fékk afhent af dómáranum í jólasveinapoka, var að afhjúpa misnotkun stjórnvalda á réttarkerfinu og hvernig dómari lét hafa sig í að misnota dómskerfið. Á myndrænan hátt lýsti ég því að ég tæki hvorki mark á froðuruglinu þeirra fyrir réttinum né fjarstæðukenndri ákærinni.

Málið gegn mér í Héraðsdómi var aftur tekið fyrir 15.04.2003. Þetta bar nákvæmlega upp á þann dag sem loftárásir hófust á Írak. Fjögur þúsund manns, óbreyttir borgarar börn og gamalmenni hlutu blóðugan dauðdaga þennan dag í Írak með flugskeytum sem þau fengu send að himnum ofan með stuðningi Íslendinga. Mér ofbauð svo, að á síðustu stundu áður en ég mætti í réttinn, skipti ég í hvíta skyrtu og ataði hana tómatsósu. Þannig mætti ég fyrir dómáran og ákærvaldið. Ég benti dómáranum á að svona liti þetta út í Írak þennan morgun eftir loftárásir og blóðug morð á óbreyttum borgurum með stuðningi íslenskra stjórnvalda við morðóðan Bush Bandaríkjaforseta. Ég yfirgaf síðan réttinn með því að skella á eftir mér hurðinni og sagðist ekki mæta aftur í þann skrípaleik sem þarna færi fram. Ég stóð við þau orð og mætti aldrei aftur í réttarhaldið.

Eins og ég hef mátt reyna, í þeim óvenjulega skrípaleik ritskoðaðra fjölmiðla og snobbaðra fréttamanna sem hér hefur viðgengist, getur tekið tíma að fá boðskapinn í gegn. Hann kemst sjaldnast óbrennlaður til skila.

Ofbeldi leiðir til aukins ofbeldis

Hins vegar finnst engin lausn í mótmælum byggðum á ofbeldi. Það er bál sem erfitt yrði að slökkva og Ísland má alls ekki þróast í þá átt. Við getum horft til Ísrael þar sem nútíma hryðjuverk hófust. Þótt ofbeldisfull mótmæli og hryðjuverk hafi þar komið einhverjum til valda á síðustu öld, fékk sú nýja þjóð um leið ofbeldið í vöggugjöf. Hvar sem ofbeldi hefur verið notað í andófi, hefur það leitt til meira ofbeldis. Sama myndi gerast hér. Ef knúinn yrði fram árangur með ofbeldi, mun það leiða af sér enn meira ofbeldi. Ofbeldisaldan gæti varað tugi eða hundruð ára og eitrað öll samskipti okkar og lífsmynstur. Við viljum ekki slíkt þjóðfélag.

Leikræn tjáning í mótmælum

Hversvegna mæta mótmælendur ekki með skyrið eða tómatsósubrúsana í mótmælin frekar en með hnífa og múrsteina? Mun áhrifameira fyrir myndavélarnar og slasar engan þótt hann fái gusuna yfir sig. Í mesta lagi kostar það gott bað og fatahreinsun.




Borgaraleg óhlyðni

Borgaraleg óhlyðni er önnur útfærsla mótmæla. Það að gera ekki eitthvað sem "kerfið" ætlast til getur verið áhrifaríkt. Einnig að gera eitthvað sem er "bannað" en með friðsömum hætti.

Frægasti mótmælandinn, Gandhi, í saltgöngunni frægu, truflaði bæði umferð og þjóðlíf og hóf að vinna salt í trássi við lög sem bönnuðu almenningi slíkt. Ekki ólíkt kvótamáli Íslendinga. Hér á Íslandi mætti útfæra þetta með því að mótmælendur fengu lánaða báta, eða bara tækju ónotaða báta tímabundnu eignarnámi, og færu að fiska án kvóta. Leyfðu síðan lögreglu að handtaka sig við löndum sem hluta af friðsömum mótmælum.

Áður en lesandi rýkur til að sjósetja bát í borgaralegri óhlyðni er rétt að viðkomandi kynni sér núverandi löggjöf. Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár komið á móts við gagnrýni á bann við strandveiðum og leyfa takmarkaðar veiðar til eigin neyslu og í atvinnuskyni frá maí til ágúst hvert ár.



Fylgismenn Gandhi gengu niður á strönd og hófu sjálfir að vinna salt úr sjó til að mótmæla háum sköttum á salt af hálfu stjórnvalda undir breska heimsveldinu. Almenningi var óheimilt að sækja sér salt í sjó til eigin neyslu, vinnslu eða sölu.

Fyrsti pólitíski fanginn á Íslandi

Á þeim þrjátíu árum sem nú eru liðin frá fyrstu útgáfu Virkjum Bessastaði hafa íslenskir valdhafar veitt hergagnaiðnaðinum dyggilegan stuðning í nafni íslensku þjóðarinnar.

Mótmæli mín gegn hernaðarhyggjunni leiddu til enn harðari ofsókna gegn minni persónu. Árið 2002 var ég handtekinn og færður í fangelsi nokkrum klukkustundum eftir að hafa sent út tölvupóst með mótmælum gegn því að Icelandair og Atlanta farþegaflugvélar yrðu notaðar til her- og vopnaflutninga.



Ég benti á alþjóðalög um stríðsrekstur sem kveða á um að með notkun almennra farþegavéla í hernaði væru þær orðnar hluti af stríðsvél og lögmætum skotmörkum. Hinn stríðsaðilinn mætti þá granda þeim hvar sem er í heiminum.

Látinn hverfa út í nóttina

Á stríðstímum hefur það verið landlægt vandamál að mótmælendur, blaðamenn og aðrir sem stjórnvöldum þykja ekki þóknanlegir hverfi sporlaust. Þetta var algengt á tímum Gestapo í Þýskalandi seinni heimsstyrjaldarinnar og síðan í einræðisríkjum samtímans og á stríðssvæðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðanefnd um týnda einstaklinga (ICMP) hurfu þannig meira en 2500 manns frá ársbyrjun 2014 í Úkraínu.

Eftir að hafa sent tölvupóstinn til að vekja athygli á hættunni af því ráðabruggi að styðja við ólöglegt stríð gegn Írak með Íslenskum farþegaflugvélum í slagtogi við Bush bandaríkjaforseta, fór ég með konu minni, systur hennar og vinafólki á veitingahús í miðborg Reykjavíkur.

Í miðju borðhaldi kemur þjónn að máli við mig og biður mig að koma með sér eitt augnablik því það séu menn fyrir utan sem vildu heyrast í mér.

Þar er mættur hópur lögreglumanna og tilkynna mér að ég sé handtekinn. Ég spyr hvort ég megi láta konuna mína vita en því var neitað. Því var einnig sýnað að lögreglumaður myndi láta hana vita. Hún þurfti því að upplifa það að ég hreinlega hvarf sporlaust út í nóttina.

Færður daglega milli fangaklefa

Farið var með mig í húsnæði Ríkislögreglustjóra þar sem fram fóru ítrekaðar yfirheyrslur sem voru auðvitað hreinn þvættingur og tímaeyðsla. Málið var einfalt frá upphafi. Ég hafði árum saman starfað í friðarsamtökum og fékk sendar upplýsingar úr öllum áttum um ástandið í heimsmálunum. Ég var einnig vel lesinn í alþjóðalögum og reglum um stríðsrekstur. Mér var ljóst að bein þátttaka Íslands í innrás og stríði gegn Írak var ólöglegt athæfi sem myndi sverta orðspor Íslendinga sem töldu sig vera friðsöm þjóð.

Stjórnvöldum mátti vera ljóst að af mér stafaði engin hætta, önnur en að afhjúpa ólöglegan stuðningi æðstu ráðamanna við stríðsbrölt að undirlagi bandarískra hergagnaframleiðenda. Ég var þegar orðinn þekktur í þjóðfélaginu eftir forsetaframboð og baráttu án ofbeldis gegn stríði. Orðið er mitt sverð en það þarf stundum að vera beitt til að vekja fólk.

Ég hef aldrei á minni lífsleið beitt líkamlegu ofbeldi með nokkrum hætti og aldrei tekið þátt í slagsmálum. Samt virtust þeir telja mig svo hættulegan að ég fékk ekki að fara á salerni nema í fylgd tveggja lögreglumanna.

Þá var ég færður milli fangaklefa af tveimur til þremur lögreglumönnum í hvert sinn á mismunandi lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, þar til ég var vistaður í algerrí einangrun á Litla Hrauni.

Litla Hraun

Þegar ég kom á Litla Hraun í fylgt þriggja lögreglumanna, var ég færður í herbergi og afklæddur úr öllu og afhentur fangabúningur. Síðan vistaður í lítinn klefa með einum smáglugga í öðrum endanum sem ekkert var hægt að sjá út um, hinum megin var blá járn eða stál hurð með lítilli lúgu sem fangaverðir gátu opnað að utan frá og rétt mat í gegnum. Rúmið var steipt á gólfíð og þar ofan á enföld dýna. Opið loklaust klósett úr stáli eða jární var í klefanum. Maturinn var einfaldur oft einhvert samloku drasl.

Ég mátti hvorki hafa útvarp né sjónvarp og ekki lesa blöð eða tímarit. Einu sinni á dag var mér hleypt út til að fá ferskt loft í garð með háum veggjum allt í kring í um það bil hálf tíma. Mátti ekki hitta eða ræða við nokkurn mann. Þannig var ég látinn dúsa á Litla hrauni dögum saman.


Ráðist á skrifstofur Friðar 2000

Á meðan ég sat í gæsluvarðhaldi réðist fjölmennt lögreglulið inn á skrifstofur Friðar 2000 og fjarlægðu allan tölvubúnað og félagaskrár. Farið var í gegnum allar ruslafötur, allar geymslur og skjöl.

Hverju þeir voru að leita að veit ég ekki. Aðgerðin bar hinsvegar öll merki þess að tilgangurinn væri að rústa starfsemi Friðar 2000 á Íslandi. Enda urðu margir félagsmenn svo skelkaðir í kjölfarið þegar skýrt var frá því að félagaskráin með nöfnum þeirra væri komin til lögreglunnar að þeir urðu hræddir að mæta á fundi hjá samtökunum eða taka þátt í starfseminni.

Hótað 16 ára fangelsi

Hjá lögreglunni var mér í yfirheyrslum hótað 16 ára fangelsi drægi ég ekki orð mín til baka. Ég neitaði þessu alfarið og sagði lögreglunni að ég tæki þá Nelson Mandela mér til fyrirmyndar og myndi halda áfram baráttu Friðar 2000 frá Litla Hrauni.



Handtaka mín vakti almenna hneykslan. Um hana var skrifað í erlendum blöðum og rætt á útvarpsstöðum á fjarlægum slóðum eins og Ástralíu. Erlendir þingmenn, mannréttindafrömuðir og fjöldinn allur af fræðimönnum og einstaklingum úr öllum stigum þjóðfélagsins sendu mótmælabréf m.a. í gegnum netgátt Friðar 2000 sem áframsendi sjálfvirkt. Yfir tíu þúsund mótmæli við fangelsun minni bárust ráðuneytum á Íslandi á fáeinum dögum þar til allt netsamband vefþjóna Friðar 2000 á Íslandi var rofið að beiðni ráðamanna.

Æðstu ráðamenn misnotuðu vald sitt

Handtaka mín og allur málatilbúnaðurinn var sprottin af pólitískri misnotkun valds æðstu ráðamanna þjóðarinnar þegar ég og samtökin Friður 2000 vöktu athygli á því ráðabruggi að draga Íslensku þjóðina í stríð og nota farþegaflugvélar okkar til að styðja innrás og ólögmaett stríð í Írak.

Íslenskir fjölmiðlar eins og ríkisfjölmiðlar RÚV hafa gjarnan fjallað um misnotkun valds og tilraunir til þöggunar mótmælenda og ólýðræðislegra aðgerða gegn frjálsum félagasamtökum í fjarlægjum ríkjum. Þetta er oft kennt við einræði eða spillt stjórnvöld. Beint fyrir framan nefið á þeim voru nákvæmlega sömu aðferðir notaðar í Reykjavík án þess að þeir fjölluðu um hvað í raun var í gangi:

1. Forsetaframbjóðandi og forráðamaður friðarsamtaka handtekinn með því að láta hann hverfa út í nóttina frá kvöldverðarboði með konu sinni. Henni var ekki einu sinni sýnd sú virðing að að það mætti láta hana vita.
2. Ráðist á skrifstofur frjálsra félagasamtaka, allur tölvubúnaður og allar félagaskrár fjarlægðar.

Dómari sagði mig pólitískan fanga

Í mínu skjalasafni má finna yfirlýsingu skrifaða 24 nóvember 2002 í fangaklefanum á Litla Hrauni og þar segir:

“Ég sit í gæsluvarðhaldi á Litla Hrauni eftir að lögmaður Ríkislögreglustjóra lagði fram fyrir dómara skjal þar sem vitnisburður minn var afskræmdur og vísitandi rangtúlkaður.

Eftir að dómari hafði kynnt sér þetta skjal og upptöku af skýrslu minni hjá RRL, viðurkenndi hann fyrir mér í vitna viðurvist að ég væri pólitískur fangi, en ekki sá fyrsti á Íslandi því liðsmenn Falung Gong hafi verið fyrstu pólitísku fangarnir hér svo notuð séu orð dómarans sjálfs. Þessi orð féllu fyrir seinni fyrirtöku í dómshúsinu við Lækjargötu sunnudaginn 23. nóvember. “


Umfjöllun Íslenskra fjölmiðla á mælisverð

Eins áður greinir kom það fram í réttarhaldinu af hálfu dómars sjálfs, að ég væri fyrsti Íslenski pólitíski fanginn hér á landi. Dómarinn neitaði kröfu minni að þessi staðreynd yrði skráð í bækur dómsins.

Sem betur fer tókst mér ætlunarverkið með mótmælunum að stöðva þau brjáluðu áform stjórnvalda að leggja til Íslenskar farþegaflugvélar til hernaðar og vopnaflutninga sem hefði brennimerkt flugfélögin og mögulega gert þau að skotmörkum hins stríðsaðilans og hryðjuverkahópa. Forsætis- og utanríkisráðherra drógu í land og hættu við áformin í kjölfar mótmælanna.

Umfjöllun fjölmiðla einkenndist hinsvegar af því að gera lítið úr þeirri alvarlegu misnotkun valds sem þarna átti sér stað. Reynt var að gera mig að aðhláturfefni gagnvart almenningi og mín mótmæli tortryggileg þrátt fyrir að verið væri að misnota Héraðsdóm Reykjavíkur að hætti einræðisríkja.

Þetta gerðu Íslenskir blaðamenn með að skýra frá mótmælunum með neikvæðum hætti. Flestir fjölluðu ekkert um hvað málið snérist þegar ég með leikrænni tjáningu lagði áherslu á þá staðreynd að þennan sama morgun og málið gegn mér kom fyrir dómara lágu fjögur þúsund óbreyttir borgarar í blóði sínu í Írak sem búið var að drepa með stuðningi Íslenskra stjórnvalda.



Hermang gegn þjóðarvilja

Þrátt fyrir að yfir 90% aðspurðra í skoðanakönnunum hafi lýst andstöðu við stuðning Íslands í Írakstríðinu hafa stjórnvöld haldið áfram á braut hernaðar hyggjunnar í stað þess að vinna að friðsamlegum leiðum á alþjóðavettvangi.


Ég sagði í aðdraganda Íraksstríðsins að engin geryðingarvopn myndu finnast þar. Búið væri að spinna lygaveg til að réttlæta innrás sem myndi leiða til mikilla hörmunga. Þetta kom síðan í ljós með afgerandi hætti. Talið er að nær fimm milljónir manns hafi látist í Írak.



Stjórnvöld hafa nú dregið okkur í stríð við Rússland. Utanríkisráðherra í kjölfar fundar með bandarískum hershöfðingjum gekk manna á milli í Evrópu að tala fyrir auknum hernaðarútgjöldum í stað þess að tala fyrir friðsamlegri lausn milli Úkraínu og Rússlands. Íslenskir skattborgarar greiddu fyrir leiguflugvélar sem fluttu vopn. Ekki orð sagt til friðar.

Ég skrifaði bréf með tillögum að friðsamlegri lausn í Úkraínu áður en innrásin hófst. Sem forseti hefði ég getað rætt innihald þessa bréfs bæði við ráðamenn í Úkraínu og Rússlandi. Stríðinu mátti afstýra með einföldum aðgerðum. Sex milljónir manns lögðu á flótta, þúsundir liggja í valnum, allt vegna hermangs og aulaskaps bæði íslenskra og erlendra ráðamanna.

Það er algerlega óraunhæft að ætla að taka á móti milljónum flóttamanna, hvort sem þeir koma frá Úkraínu eða annarsstaðar frá. Þessi stefna að eigna til ófriðar, reyna ekkert til að leysa úr málum með friðsamlegum lausnum, mun ekki ganga upp til framtíðar. Hér þarf að koma til ný hugmyndafræði friðar. Aðeins slíkar aðgerðir geta stöðvað frekari flóttamannastraum.



Samkvæmt skýringarmynd frá Sameinuðu þjóðunum (DESA) voru 6.1 milljón manns á flótta frá Úkraínu árið 2020, tveimur árum áður en innrás Rússa hófst í landið. Þetta undirstrikar þá staðreynd að innrásin gerðist ekki í tómarúmi.

Sjálfstæði þjóðarinnar í hættu

Vanhæfi og undirlægjuháttur við erlend ríki og stofnanir stefnir sjálfstæði og þjóðaröryggi Íslands í hættu. Hér vantar leiðtoga með framtíðarsýn sem sefur ekki á vaktinni.

Við þurfum að standa vörð um að lenda ekki aftur undir erlendu valdi, hvort sem eru erlendar ríkisstjórnir, fyrirtæki eða stofnanir sem geta ógnað sjálfstæði Íslendinga.

Samfélagsmiðlar og gervigreind

Það eru ekki aðeins erlendar stofnanir sem ógna sjálfstæði þjóðarinnar. Miðstýrðir samfélagsmiðlar eru byrjaðir að grafa undan lýðræðinu.

Facebook er orðið svo valdamikið á Íslandi, að nánast engin umræða getur átt sér stað milli kjörinna fulltrúa og þjóðarinnar nema með samþykki Meta. Stjórnendur og eigendur META geta slökkt á mönnum og málefnum eftir geðþótta.

Meta hirðir til sín stærsta hluta auglýsingatekna skattfrjálst. Greiða ekki krónu í opinber gjöld þrátt fyrir að reka stærsta fjölmiðil landsins. Sjálfstæðir íslenskir fjölmiðlar eru að lognast út af vegna þessarar óheilbrigðu samkeppni sem nú tröllrjúður þjóðfélaginu.

Á næstu árum þarf að koma upp samfélagsmiðli sem þjóðin stjórnar sjálf. Með samhentu þjóðarátaki sem forseti Íslands gæti staðið fyrir ásamt íslenskum fjölmiðlum getum við kastað Facebook út á hafsauga á stuttum tíma og stjórnað okkar sjálf í netheiminum.

Hugbúnaðar lausnirnar eru til staðar sem gera fólki kleift að flytja öll gögn og samskipti yfir á íslenskan samfélagsmiðil.

Facebook ógn við lýðræðið

Meta eigendur Facebook er bandarískt stórfyrirtæki sem hirðir ekkert um velferð íslensku þjóðarinnar og rekið hér með því markmiði að soga sem mest af fjármunum okkar úr landi án þess að gefa neitt til baka. Facebook sem í auknum mæli er stjórnað með gervigreind greiðir ekki krónu í laun eða opinber gjöld á Íslandi þrátt fyrir að reka stærsta fjölmiðil landsins. Sjálfstæðir íslenskir fjölmiðlar eru að lognast út af vegna þessarar óheilbrigðu samkeppni sem nú tröllríður þjóðfélaginu.

Eins og fjöldi annarra lenti ég í því vegna tæknigalla hjá Facebook að ég var lokaður úti af minni síðu og í nærri heilt ár ekki getað átt eðlileg samskipti við þær þúsundir sem voru skráðir sem vinir og Facebook fylgjendur.

Ég fékk daglega tölvupósta um að einhver af þeim þúsundum sem fylgja mér á samfélagsmiðlinum hafi sett inn nýja mynd, skrifað póst eða sent mér persónuleg skilaboð. Gat hins vegar engu svarað né skrifað ummæli um fréttir eða málefni á íslenskum fréttasíðum því flestar þeirra nota Facebook kommentakerfið.

Ég skrifaði ÖSE bréf vegna málsins með tilvísun í nýja Evrópulöggjöf sem setur skyldur á samfélagsmiðla í markaðsráðandi stöðu, meðal annars hvað varðar lýðræði. Fyrirtæki sem misnota aðstöðu sína eins og Facebook gerði um langan tíma gagnvart mér sem frambjóðanda til forseta í lýðræðisríki innan Evrópu, getur átt von á sektum allt að 6% af ársveltu þeirra á heimsvísu. Meta fyrirtækið var með nær 127 milljarða dollara veltu á síðasta ári og gæti því sektin á META numið 7,6 milljörðum dala sem samsvarar þúsund milljörðum íslenskra króna.

Stjórnvöld eiga að koma lögum yfir þessa starfsemi. Fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu á Íslandi í samfélagsmiðlun og annarri lykil þjónustu þurfa auðvitað að veita eðlilega aðstoð til sinna viðskiptavini hér á landi. Það þarf að krefjast þess að þeir haldi úti þjónustuveri með virku símanúmeri og öðrum samskiptaleiðum til að tryggja að uppákomur eins og ég hef lent í hjá

Facebook, og að mér skilst þúsundir annarra hafa lent í, með lokun á aðgöngum verði ekki látið viðgangast.

Einnig þarf að tryggja með lögum að slík fjölþjóðafyrirtæki greiði eðlilega skatta og gjöld af tekjum sínum á Íslandi. Ekki er eðlilegt að íslensk fjölmiðlafyrirtæki eigi í samkeppni við slíka sjóræningjastarfsemi sem Facebook er orðið á Íslandi. Ég reyndi að vekja athygli fyrrum dómsmálaráðherra á hættunni sem væri að skapast af markaðsráðandi stöðu Facebook á Íslandi, bæði hvað varðar frjálsa fjölmiðlun og lýðræðisþróun. Svörin sem ég fékk voru á þá leið að lítið væri hægt að gera, það væri ekki hægt að ná neinu vitrænu samtali við Facebook.



Stefnumálin í hnotskurn

Ég vil virkja Bessastaði til friðar- og lýðræðisþróunar

Sameiningartákn þjóðarinnar

Forsetinn skal starfa sem hlutlaust sameiningartákn þjóðarinnar. Ég hef engar tengingar við stjórnmalaflokkana né starfað með þeim og þess vegna vel til þess fallinn að vera hlutlaus umboðsmaður allrar þjóðarinnar á Bessastöðum.

Virkara lýðræði og málskotsréttur

Forsetinn skal stuðla að virku lýðræði á Íslandi og þjóðinni verði gefinn kostur á aukinni þátttöku með þróun á beinu lýðræði með nútíma tækni. Forsetinn skal nota málskotsréttinn til að leggja umdeild mál fyrir þjóðina til úrskurðar telji hann að viðkomandi lagasetning sé á skjön við meirihlutavilja þjóðarinnar.

Ég var fyrstur samtímamanna að vilja virkja málskotsrétt forsetans til aukinnar þátttöku almennings í lýðræðinu. Hugmyndafræði mín kom fyrst fram opinberlega árið 1995. Síðan í ritinu Virkjum Bessastaði árið 1996 og með kynningu Lýðræðishreyfingarinnar 1998.

Leiðandi til friðar- og lýðræðisþróunar

Forseti Íslands fái nýtt hlutverk sem alþjóðlegur talsmaður friðar og mannréttinda. (Tengist þeirri hugmynd að á Íslandi rísi friðarháskóli og þróunarmiðstöð lýðræðis, friðar og mannréttinda, friðargæslu Sameinuðu Þjóðanna boðin aðstaða á Keflavíkurlflugvelli og forsetaembættið vinni markvisst að því að fá til Íslands tengda starfsemi).

Fjölmargir fræðimenn á sviði friðarmála eru mér sammála að Ísland gæti orðið leiðandi til friðar og lýðræðisþróunar í heiminum. Svári Íslendingar kallinu mun hér rísa nýr og jákvæður atvinnuvegur sem gæti fært þúsundum Íslendinga blómleg störf í framtíðinni.



Fjöldi af alþjóðlegum friðarsúlum voru sendar frá Japan til Friðar 2000 til að koma fyrir á ýmsum stöðum um landið.

Forsetasamningurinn

Ég legg fyrir þjóðina Forsetasamning minn sem tekur gildi verði ég kjörin forseti Íslands.

1.gr. Forsetasamningurinn. Aðilar að þessum samningi eru: Ástþór Magnússon Wium kt. 040853-2519 (forsetinn) og kjósendur Ástþórs Magnússonar.

2.gr. Sameiningartákn þjóðarinnar. Forsetinn skal áfram starfa sem hlutlaust sameiningartákn þjóðarinnar en með þeim áherslubreytingum sem kynntar eru í 3-5 gr.

3.gr. Ríkisráðið. Ný lög skulu lögð fyrir forsetann á fundum Ríkisráðs. Í þeim tilfellum sem forsetinn er staddur erlendis þegar halda þarf Ríkisráðsfundi, mun forsetinn leitast við að nota nútíma fjarfundatækni til þátttöku í viðkomandi fundi og þannig tryggja að forsetinn sé sá öryggisventill fyrir þjóðina sem ætlast er til í stjórnarskrá lýðveldisins hvað varðar gildistöku nýrra laga frá Alþingi.

4.gr. Virkara lýðræði og málskotsréttur. Forsetinn skal stuðla að virku lýðræði á Íslandi og þjóðinni verði gefinn kostur á aukinni þátttöku með þróun á beinu lýðræði með nútíma tækni. Forsetinn skal nota málskotsréttinn til að leggja umdeild mál fyrir þjóðina til úrskurðar telji hann að viðkomandi lagasetning sé á skjön við meirihlutavilja þjóðarinnar.

5.gr. Ísland fyrirmynd friðar. Forsetinn mun hafa frumkvæði að því að kynna einstaka sögu Íslensku þjóðarinnar sem fyrirmynd friðar á alþjóðlegum vettvangi og stofna til viðtæks alþjóðlegs samstarfs um að á Íslandi risi stjórnstöð alþjóðlegs friðargæsluliðs er geri einstökum þjóðum mögulegt að leggja niður heri sína og gera varnarsamninga við hið alþjóðlega friðargæslulið.

Ástþór Magnússon - Fyrst kynnt árið 1996 og síðan undir heitinu „Forsetasamningurinn“ í febrúar 2004.

Maður fólksins hvar í flokki sem það stendur

Mikilvægt er að sá einstaklingur sem valinn er til embættis forseta Íslands geti átt samhljóm með fólki úr öllum fylkingum stjórnmalanna. Forsetinn er þjóðinni mikilvægt sameiningartákn sem þarf að geta leitt saman ólíkar fylkingar t.d. þegar kemur að stjórnarmyndunarviðræðum.

Forsetinn þarf einnig að geta beitt áhrifamætti sínum til aðstoðar við atvinnufyrirtæki, líknarfélög og stofnanir að koma málefnum sínum á framfæri án flokkadrátta.

Fyrst og fremst er embætti forseta sameiningartákn og ég vil vinna að því að forseti Íslands verði sameiningartákn allrar heimsbyggðarinnar í friðarmálum. Þetta er ein helsta ástæða þess að ég sækist í embættið í stað þess að óska t.d. eftir setu á Alþingi eins og margir hafa haft á orði við mig. Friðar- og mannúðarmál eiga og geta verið þverpólitísk og þess vegna þarf að vinna friðarmálin úr þverpólitísku embætti eins og forseta Íslands.

Í gegnum árin hef ég öðlast mikilvæga reynslu bæði í viðskiptum og hjálparstarfi. Þá hef ég búið og starfað víða um heim og kynnst mismunandi menningarheimum. Þetta er forseta gott veginesti og mun hjálpa mér að finna samhljóm með mörgum þeim sem til mín gætu leitað eftir aðstoð t.d. við að kynna vörur eða málefni hvort sem er hér heima eða á erlendum vettvangi.

Hagsmunatengsl

En ég myndi nálgast slík samskipti af hógværð og varkárni. Mér er ríkt í huga að forsetinn þarf ávallt að vera hlutlaust sameiningartákn og getur því aldrei myndað óeðlileg hagsmunatengsl við eitt eða fleiri fyrirtæki. Þau fjárhagslegu og persónulegu tengsl sem einn af fyrri forsetum landsins myndaði við stærstu viðskiptasamsteypu og fjölmíðlaveldi þjóðarinnar voru forsetaembættinu ekki til framdráttar.

Það er aðeins tímaspursmál hvenær annað umdeilt lagafrumvarp eins og t.d. svokallað fjölmiðlagrafrumvarp sem snertir einstaka viðskiptablokkir í landinu kemur til álita forseta. Umrætt frumvarp var talið mjög snerta Baug og fjölmiðlafyrirtækið Norðurljós sem styrkti kosningabaráttu Ólafs Ragnars Grímssonar 1996 og kom að útfærslu framboðsins. Þannig áttu kosningastjóri og umboðsmenn framboðandans öll það sameiginlegt að vera eða hafa verið starfsmenn Norðurljósa eða dótturfélaga þess.

Ef þjóðin og réttkjörnir fulltrúar hennar á Alþingi geta ekki verið þess fullviss og treyst því að forsetinn sé óhlutdrægur í umfjöllun sinni um lagafrumvörp sem koma frá þingmönnum, er hann ekki lengur sameiningartákn og þá orðinn vanhæfur til að gegna embætti forseta.

Virkara lýðræði í framkvæmd

Eitt helsta baráttumál mitt er að koma á fót þróunarstofnun lýðræðis á Íslandi. Árið 1997 leitaði ég eftir því að fá til afnota gömlu skólabyggingarnar í Reykholti í Borgarfirði undir friðarháskóla. Innan skólans átti m.a. að fara fram þróunarvinna um lýðræði með skírskotun í gamla Alþingi og stjórnskipan Íslendinga.

Ég vildi koma á stað þróunarferli hér innanlands sem síðan gæti orðið fyrirmynd á erlendum vettvangi. Því miður varð ekkert af þessum fyrirætlunum þrátt fyrir víðtækan erlendan stuðning, vegna þess að hér á landi fékkst enginn stuðningur við hugmyndina.

Þegar ég hafði verið gerður afturreka með umsókn mína frá menntamálaráðuneytinu og þjóðkirkjunni sem vildu breyta skólabyggingunni í geymslur og leigja heimavistina út til hótél- og veitingareksturs, leitaði ég til Ólafs Ragnars Grímssonar, sem þá var orðinn forseti, um aðstoð. Mér fannst verið að kasta á glæ ótrúlega góðu tækifæri fyrir land og þjóð að láta til sín taka á mikilvægum vettvangi, enda ollu viðbrögðin hér heima hneykslan erlendis. En Ólafur synjaði alfarið erindi

mínu um aðstoð á stuttum fundi sem ég átti með honum á skrifstofu forsetans við Sóleyjargötu og vildi ekkert gera til hjálpar, hvorki í orði né verki.

Lýðræðið er frekar ungt í menningu okkar. Á næstu áratugum má búast við miklum breytingum bæði hér heima og erlendis. Flestir fræðimenn eru þeirrar skoðunar að beint og milliliðalaust lýðræði með einhverjum hætti sé framtíðin. Ég fjallaði töluvert um þetta í umræðunni fyrir forsetakosningarnar 1996 og síðan birtist fjöldi greina í Morgunblaðinu um þetta efni. Flestir eru sammála um að beint lýðræði geti ekki gerst nema eftir yfirvegað þróunarferli. Ef hlaupið er of hratt í slíkar breytingar á stjórnskipan getur það dregið dilk á eftir sér og þá annars jákvæðar og lýðræðislegar breytingar snúist upp í andhverfu sína.

Málskotsréttur

Þannig er það t.d. með málskotsrétt forseta Íslands. Hér er um mikilvægan öryggisventil að ræða fyrir þjóðina og tæki sem gæti orðið upphafið að þróun til beins lýðræðis.

Hér þarf að fara í markvisst þróunarferli í samvinnu við Alþingi sem myndi m.a. fjalla um breytingar á stjórnarskrá eða lög/reglugerð um hvernig beita skuli ákvæðum stjórnarskrár um málsskotsrétt forseta. Um þetta þarf að setja skýrar reglur þannig að sátt skapist um málskotsréttinn sem eðlilegan hluta nútíma stjórnkerfis landsins. Það þarf að vera skýrt með hvaða hætti forseti Íslands gæti eða ætti að beita málskotsréttinum.

Forseti getur haft frumkvæði að umræðu um að þróa slíkar reglur eða lög sem Alþingi myndi síðan setja til að samræma þau sjónarmið sem eru uppi um málsskotsrétt. Það verður að vera skýrt hvert er hlutverk forseta Íslands varðandi lagasetningar og sátt um málskotsréttinn meðal þjóðarinnar og Alþingis. Ótækt er að málskotsrétturinn sé notaður eins og eitthvert stríðssverð gegn Alþingi eða lottóspil sem byggist á geðþóttaákvörðunum

eins manns eða þrýstingi frá einstökum fjársterkum bakhjörllum eða persónulegum vinum forseta.

Lög um eignarhald fjölmiðla

Málsskotsréttinum var beitt í fyrsta sinn árið 2004 gegn lögum sem áttu að tryggja dreift eignarhald á fjölmiðlum. Þjóðfélagsumræðan snerist nánast aldrei um grundvallaratriði málsins heldur einstaka fjölmiðla, fyrirtæki og einstaklinga. Öflugustu fjölmiðlar landsins voru nánast á einni hendi og var þeim beitt að fullu gegn frumvarpinu.

Ég tel miður að neitunarvaldinu hafi í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins verið beitt í þágu persónulegra vina og fjárhagslegra bakhjarla framboðs forsetans sem jafnframt voru eigendur stærstu fjölmiðlana. Afleiðingar þess að hafa engar lagalegar takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðlu kom enn frekar í ljós í aðdraganda bankahrunsins og fengu fjölmiðlar á sig áfelligdóm í rannsóknarskýrslu Alþingis.

Ég hef velt því fyrir mér hvers vegna forsetinn hafði ekki á undangengnum átta árum undirbúið jarðveginn fyrir málskotsréttinn með því að hefja um hann umræðu og leggja fram tillögur að reglugerð. Ég tel skýringuna vera að Ólafur Ragnar Grímsson ætlaði sér aldrei að nota málskotsréttinn, en taldi sig ekki geta skorast undan því að ganga erinda kosningastjóra síns og þeirra bakhjarla sem komu honum í embættið átta árum áður og unnu að endurkjöri hans á þessum tíma. Frumvarpi laganna var breytt og úr varð engin þjóðaratkvæðagreiðsla.

Icesave

Málsskotsréttinum var beitt aftur árið 2010 og síðan 2011. Ég tel að það hafi verið hárrétt ákvörðun forseta Íslands að vísa lögum um Icesave til þjóðarinnar.

Virka lýðræði með nútíma tækni

Árið 2004 var ríkisráðsfundur haldinn í fjarveru forseta sem var staddur erlendis. Forsetinn vissi ekki af fundinum fyrr en eftir hann var afstaðinn. Ég tel ótækt að forsetinn sé fjarverandi þegar haldnir eru ríkisráðsfundir. Slíkir fundir eru mikilvægir fyrir stjórnslu landsins og í dag er hægt að nota nútímatækni til að forsetinn geti ávallt verið viðstaddur.

Ríkisráðið er vettvangur fyrir forsetann að ræða við framkvæmdarvaldið og veita þannig nauðsynlegt aðhald án þess að valda úlfúð og stjórnarkreppu í landinu.

Í forsetasamningi mínum við þjóðina segir: 'Ný lög skulu lögð fyrir forsetann á fundum ríkisráðs. Í þeim tilfellum sem forsetinn er staddur erlendis þegar halda þarf ríkisráðsfundi, mun forsetinn leitast við að nota nútímafjarfundartækni til þátttöku í viðkomandi fundi og þannig tryggja að forsetinn sé sá öryggisventill fyrir þjóðina sem ætlast er til í stjórnarskrá lýðveldisins hvað varðar gildistöku nýrra laga frá Alþingi eða ríkisstjórn.'



Ísland fyrirmynd friðar

Hér skulum við byrja á textanum úr forsetasamningnum: 'Forsetinn mun hafa frumkvæði að því að kynna einstaka sögu íslensku þjóðarinnar sem fyrirmynd friðar á alþjóðlegum vettvangi og stofna til víðtæks alþjóðlegs samstarfs um að á Íslandi rísi þróunarstofnun lýðræðis og stjórnstöð alþjóðlegs friðargæsluliðs er geri einstökum þjóðum mögulegt að leggja niður heri sína og gera varnarsamninga við hið alþjóðlega friðargæslulið.'

Við stöndum gagnvart stærsta tækifæri Íslandssögunnar.

Stuðningur frumkvöðla í friðarmálum

Forseti Íslands gæti valdið straumhvörfum á alþjóðavettvangi í friðarmálum fái ég tækifæri til að gegna embættinu næstu árin.

Víðtækur stuðningur er við þessar hugmyndir meðal fremstu fræðimanna og frammámanna friðarmála í heiminum eins og sjá má af heimsóknum dr. Dietrich Fischer prófessor við friðarháskólann í Austurríki, dr. Johan Galtung sem er höfundur handbókar Sameinuðu þjóðanna í friðarsamningum og stuðningsgreinum sem okkur hafa borist m.a. frá Oscar Arias Sanchez friðarverðlaunahafa Nóbels og fyrrum forseta og núverandi forsetaframbjóðanda Costa Rica.

Allir hafa þessir aðilar kynnt sér hugmyndafræði mína um að á Íslandi rísi þróunarstofnun lýðræðis og á Keflavíkflugvelli stjórnstöð alþjóðlegrar friðargæslu Sameinuðu þjóðanna.

Þeir hafa allir verið sammála því að við Íslendingar eru í einstakri sérstöðu að boða nýja hugmyndafræði í friðarmálum á alþjóðavettvangi vegna sögu okkar um það sem hér gerðist á Alþingi árið 1000 og vegna þess að Íslendingar hafa aldrei rekið eigin hernað heldur leyst varnarmálin með samningum við annan aðila. Þetta er fyrirmyndin að því hvernig aðrir gætu

leyst sín varnarmál með samningum við hið nýja alþjóðlega friðargæslulið sem stjórnað yrði frá Keflavíkurflugvelli.

Stundum hefur verið nefnt við mig að óraunhæft sé að forseti lítillar þjóðar eins og Íslendinga geti breytt heimsmyndinni. M.a. kom þetta fram í viðtali við annan forsetaframbjóðanda í Kastljósi RÚV fyrir nokkrum árum. Hinsvegar benti prófessor Dietrich Fischer í viðtali sem tekið var upp fyrir Kastljós á skýr dæmi um hve raunhæfar þessar hugmyndir mínar eru og þá möguleika sem myndu skapast yrði ég kjörinn forseti. Því miður var málflutningur dr. Fischer ritskodaður af RÚV og meirihluti viðtalsins, þar með öll atriði um forsetaembættið, klipptur út áður en viðtalið fór í loftið.

Fischer lýsti því að hugmyndafræði mín sé alls ekki óraunhæf og nefndi fordæmi fyrir því að forsetar lítilla þjóða hafi valdið straumhvörfum í friðarmálum. Þar nefndi hann sérstaklega að árið 1973 bauð forseti Finnlands, Urho Kekkonen, öllum ríkisstjórnnum í Evrópu til ráðstefnu í Helsinki um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem stóð til 1975, og undirbjó jarðveginn fyrir endalok kalda stríðsins. Þetta varð upphafið að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Þá benti hann á að árið 1986 fundaði forseti Costa Rica, Oscar Arias Sanchez, með öðrum forsetum Mið-Ameríku og gerði samkomulag sem undirritað var af öllum forsetunum, sem endaði Contra-stríðið í Nicaragua, og varð að grundvelli annarra svipaðra friðarsáttmála í El Salvador og Guatemala.

Einnig var áhugavert að heyra Johan Galtung um hugmyndafræði mína og forsetaembættið á fyrirlestri í Háskóla Íslands. Johan er af mörgum álitinn upphafsmaður nútímafriðarrannsókna og er ákafur stuðningsmaður við framboð mitt. Þrátt fyrir að fyrirlesturinn var haldinn í tilefni forsetakosninga, sáu fjölmiðlar því miður ekki ástæðu til að fjölmenna og því fékk þjóðin litlar upplýsingar um efni hans. Morgunblaðið birti smáklausu í eindálki og þar sem þessi merki fræðimaður vakti m.a. athygli á því að Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Mary Robinson, fyrrverandi

forseti Íslands, hefðu í sínum mállutningi á alþjóðavettvangi lagt áherslu á m.a. kvenréttindi og mannréttindi almennt.

Þá nefndi hann nokkur dæmi um það hvernig forseti Íslands gæti stuðlað að friði í heiminum. Til dæmis gæti hann haft frumkvæði að því að ræða við stríðandi fylkingar í deilum Ísraels og Palestínumanna og staðið að ráðstefnu í þeim heimshluta um öryggi og samvinnu. Þá nefndi hann einnig það að Íslendingar gætu t.d. tekið sér fyrirverandi forseta Finnlands, Urho Kekkonen, til fyrirmyndar, en hann hefði haldið ráðstefnu um öryggi og samvinnu árið 1973 í Helsinki. Á þeirri ráðstefnu hefði verið lagður grunnur að endalokum kalda stríðsins.

Ég og samstarfsaðilar mínir í friðarhreyfingunni um allan heim bíða eftir því að íslenska þjóðin vakni upp og kannist við hlutverk sitt. Við getum virkjað milljónir manna út um allan heim til að leggjast á sveif með forseta Íslands að þrýsta á um nýja hugmyndafræði friðar. Forsetinn þarf að leiða saman almenning, atvinnulífið og stjórn málin um þetta mál.



Vegna þess hvernig RÚV kom í veg fyrir að boðskapur minn bærist þjóðinni með ritskoðun, tel ég mikilvægt að endurtaka hér að hluta það sem Dietrich Fischer sagði í viðtali við Morgunblaðið nýlega:

Lítill ríki eru í mun betri aðstöðu til að beita sér fyrir friði því ekki sé hægt að tortryggja vilja þeirra og segja þau beita sér í þágu heimsvaldastefnu öflugra og stærri ríkja. Ísland sé eitt þeirra ríkja sem hafin eru yfir þá tortryggni. Einnig sé mikilvægt að Íslendingar hafi aldrei stofnað her.

"Af þeim sökum tel ég að Ástþóri Magnússyni takist mun betur að vinna að friði í heiminum sem forseti Íslands en stjórnandi Friðar 2000," segir Fischer. Ástþór eigi að beita sér sem forseti fyrir lýðræðisþróun í heiminum og frjálsum kosningum, hvetja til samræðna milli stríðandi fylkinga og stöðva sölu og flutning vopna. Þessi atriði hafi leitt til friðar víða um heim. Forseti Íslands eigi að leita eftir samstarfi við forystumenn Norðurlandanna og annarra ríkja sem vilja beita sér fyrir friði í heiminum.'

Þá segir í grein Morgunblaðsins: Hann er sannfærður um að Ástþór geti framfylgt stefnumálum sínum á áhrifaríkan hátt nái hann kosningu. Nefnir hann sérstaklega hugmynd Ástþórs að stofna miðstöð fjölþjóðlegs friðargæsluliðs á Keflavíkurflugvelli, sem ekki einungis verndar Ísland heldur önnur smáriki gegn árlegri þóknun. Það kosti mun minna fyrir hvert land að leggja fjármagn til slíkrar friðargæslu í stað þess að halda uppi eigin herafli.

Dietrich Fischer segir einnig vel við hæfi að stofna hér á landi alþjóðlega þróunarstofnun lýðræðis enda rík lýðræðishefð á Íslandi og eitt elsta þjóðþing heims. "Á meðan fólk talar saman skýtur það ekki hvert annað. Það er mikilvæg grundvallarregla. Finnist fólki að hlustað sé á það er það tilbúið að finna sameiginlega lausn og málamiðlun á deilum sínum. Ef fólki finnst það hunsað og ekki hlustað á sjónarmið þess grípur það til vopna," segir hann. Stuðla ætti að fyrirbyggjandi aðgerðum, áður en stríð brestur á, með samræðum á milli deiluaðila. Slík aðferð feli líka í sér mun minni tilkostnað

og færri mannlíf. Íslendingar gætu sett á laggirnar alþjóðlega sáttamiðstöð, boðið deiluaðilum á einstökum átakasvæðum til viðræðna og beint málinu í farsælan farveg þar sem sáttasemjari aðstoðar við að finna viðunandi lausn.

Atvinnu- og tekjuskapandi forsetaembætti

Ljóst er að sú umfangsmikla starfsemi sem ég vil sem forseti Íslands stuðla að hér á landi mun skapa mikla atvinnu og gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarúið. Þannig mun þjóðin með mig sem forseta fá margfalt til baka þann kostnað sem nú er af embættinu.

Ég tel að ég geti leyst verk mín sem forseti Íslands vel af hendi fái ég til þess traust þjóðarinnar og tel að mér muni reynast það létt verk að vinna hefðbundin verk forseta jafnframt því að styðja við bakið á helstu atvinnuvegum í útrás þeirra erlendis. Ég mun jafnframt með stuðningi helstu fræðimanna og frumkvöðla heims í friðarmálum ná árangri við að byggja Ísland upp sem alþjóðlega miðstöð friðarmála.



Leikrænar tjáningar

Nauðsynlegt er að almenningur skynji muninn á því að vera í hlutverki forseta eða hlutverki forystumanns grasrótarsamtaka. Undanfarin ár hef ég oft gegnt hlutverki mótmælandans í starfi mínu fyrir Frið 2000. Þannig hef ég orðið að nota ýmsar óhefðbundnar aðferðir til þess að vekja athygli á málstað samtakanna. Íslendingar eru ekki mjög vanir slíkum aðferðum, þótt þær séu algengar erlendis. Þannig hafa t.d. stór erlend grasrótarsamtök notað ýmsar uppákomur með mun róttækari hætti en ég hef gert, til að koma málefnum sínum á framfæri. Staðreyndin er einfaldlega sú að fréttatilkynningar frá slíkum samtökum komast yfirleitt ekki á prent eða í loftið nema notuð sé leikræn tjáning.

Hættið að drepa börnin mín

Þannig var það t.d. þegar ég flaug til Bagdad jólin 1996. Með því að "pakka" boðskapnum inn í jólapakka og nota jólasveininn með slagorðunum 'Hættið að drepa börnin mín' tókst okkur að komast í nær alla helstu fjölmiðla heims og þannig hjálpa til við að ýta mótmælaöldu sem þegar gerjafi á netinu upp á yfirborðið víða um heim með þeim árangri að hundruð þúsunda manns risu upp í mótmælum gegn fyrirhuguðu Persaflóastríði. Ekkert varð úr þeirri alþjóðlegu samstöðu sem Clinton var þá að reyna að fá um nýtt Persaflóastríð 1997. Ég fékk mannúðarverðlaun grísku rétttrúnaðarkirkjunnar eftir tilnefningu UNESCO fyrir uppátækið en skammir hjá utanríkisráðuneytinu sem sagðist sjálfst hafa fengið orð í belg frá starfsbræðrum sínum í Bandaríkjunum.

Mótmælin báru árangur

Á sama hátt notaði ég leikræna tjáningu þegar reynt var að þagga niður í mér og fá mig dæmdan til margra ára fangelsisvistar fyrir að vekja athygli á

þeirri augljósu hættu sem myndi skapast ef flutt yrðu vopn og hermenn til Íraksstríðs með íslenskum flugvélum. Áður reyndi lögreglan að hræða mig með 16 ára fangelsi drægi ég ekki viðvörðun mína til baka. Sem betur fer tókst mér að stöðva það brjálæði að Icelandair flugvélar væru notaðar, því þegar málið komst í fjölmiðla með öllum þeim látum sem mér tókst að skapa í kringum það, virtust menn sjá að sér og drógu í land. Síðar bárust viðvaranir um yfirvofandi hryðjuverk gegn þeim vestrænu flugfélögum sem tóku þátt í þessum aðgerðum.

Ég vona að þjóðin hafi þá skynsemi til að bera að skilja þá staðreynd að ég greip til leikrænnar tjáningar að vel íhuguðu máli eftir að ljóst var að aðrar aðferðir dugðu ekki til að fá nauðsynlega umfjöllun í fjölmiðlum. Þeir einfaldlega mættu ekki og reynt var að þegja málið í hel. En uppákomurnar trekkту eins og góð leiksýning þrátt fyrir að fjölmiðlar reyndu síðan að draga úr áhrifum mótmæla minna og gera mig ótrúverðugan með ýmiskonar skítkasti. Var ég m.a. kallaður 'þorpsfífl' af Fréttablaðinu. En eins og gefur að skilja var þetta mál og þau fleiri hundruð skjöl sem ég fékk hinsvegar aldrei að leggja fram í réttarhaldinu allt hið vandræðalegasta fyrir ríkisstjórnina og flugfélögin.

Leikræn tjáning ekki á dagskrá forseta

Að sjálfsgöðu ætti ég ekki að þurfa að taka það fram, en geri það samt, að slíkar leikrænar tjáningar tilheyra hlutverki grasrótsamtaka en yrðu ekki á dagskrá hjá mér sem forseti Íslands. Forseti á greiðan aðgang að fjölmiðlum um allan heim og þarf sem betur fer ekki að notast við slíkar aðferðir til að koma málefnum sínum á framfæri.

Ég er ekki til sölu

Íslendingar geta tekið forystu, ekki aðeins í fótbolta, einnig sem ný og fersk rödd til friðar í heiminum. Allt sem þarf er bjartsýni, áræðni og þrautseigur forseti með sterka sannfæringu og framtíðarsýn.

Þú kastar atkvæði þínu á glæ með því að láta valdaklíkur og peningavald teyma þig eins og sauð til að kjósa þeirra fulltrúa á Bessastaði. Þeir frambjóðendur sem mælst hafa efstir í kokkuðum könnunum fjölmiðla eiga það allir sameiginlegt að vera framleiddar glansmyndir sem tengjast slíku baklandi.

Væri ekki skynsamlegra fyrir þína hagsmuni og þjóðarinnar að fá óháðann forseta fólksins á Bessastaði? Ég er í framboði á eigin forsendum og er ekki handbendi neinna flokka eða fylkinga og að baki mér standa engin slík öfl. Ég er ekki til sölu. Þjóðin getur treyst því að enginn verður staðfastari en ég sem virkur öryggisventill þjóðarinnar á Bessastöðum.

Ég býð mig fram til að standa dyggan vörð um fullveldi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar gegn hernaðarlegri og fjármálalegri íhlutun. Ég er óhræddur við að þjóðin fjalli um sín stærstu mál í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Ísland á að gerast friðarríki. Forseti Íslands getur laðað hingað starfsemi tengda friðarmálum, lýðræðisþróun og náttúruvernd. Rísi stofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna á Íslandi mun byggjast upp nýr atvinnuvegur sem getur skilað fleiri hundruð milljörðum í þjóðarþúfið og veitt þúsundum manns blómleg störf í framtíðinni. Með slíkri tekjuaukningu sem land friðarins getum við veitt ókeypis heilbrigðisþjónustu, bætt kjör eldri borgara og öryrkja og hjálpað ungu fólki að koma undir sig fótunum.

Þetta er raunverulegt tækifæri fyrir íslensku þjóðina eins og fram hefur komið í málflutningi erlendra fræðimanna og nóbelsverðlaunahafa sem hafa tekið undir þessa hugmyndafræði um Ísland sem friðarríki.

Aðeins eru tveir kostir í boði á kjörseðlinum. Ég eða hinir átta. Settu X við Ástþór fyrir forseta fólksins sem mun skila þjóðinni auknum tekjum og velsæld og sem mun standa eins og klettur með fólkinu í landinu bæði hvað varðar innanríkis- sem og utanríkismál. Hinir átta frambjóðendurnir horfa að mestu innávið og munu því litlu skila í ríkiskassann. Margir þeirra tengjast valdakilikum og fjármálaöflum.

Ég skora á þig að hugsa sjálfstætt og virkja atkvæði þitt til að styðja við bakið á þeirri hugmyndafræði að Ísland gerist friðarríki. Þannig lætur þú gott af þér leiða og stuðlar að tekjuaukningu í landinu. Láttu ekki teyma þig í þann bás að kasta atkvæðinu þínu á glæ og fá árlegan skattreikning fyrir veisluhöld forseta.

Allt hefst með einni rödd, einni aðgerð, einu atkvæði. Láttu þitt atkvæði skipta máli.

Fyrst birt á visir.is 24 júní 2016.




Fyrrum forseti, friðarverðlaunahafi Nóbels og heimsþekktir fræðimenn telja hugmyndirnar raunhæfar

Einn frægasti friðarleiðtogi okkar tíma er Oscar Arias Sanchez fyrrum forseti Costa Rica og friðarverðlaunahafi Nóbels, sem lagði niður hernað og kom á friði í sínum heimshluta. Oscar lýsti afdráttarlausum stuðningi við hugmyndafræðina Virkjum Bessastaði.

Þá kom frægasti prófessor í friðarmálum til Reykjavíkur, Johan Galtung, sem oft er vísað til sem föður friðar kennslu á háskólastigi, og lýsti hann yfir stuðningi með fyrirlestri í Háskóla Íslands.

Einnig kom hingað Dietrich Fischer einn af frumkvöðlum friðarháskóla Evrópu og lýsti yfir stuðningi við það að Virkja Bessastaði til friðarmála í viðtali við Kastljós. Viðtalið var því miður klippt úr samhengi til að þagga niður stuðninginn eins og kemur fram í grein sem Dietrich skrifaði í Morgunblaðið árið 2004 og lýsti ritskoðun RÚV sem sambærilegt við hvað gerðist við annan friðarsinna undir stjórn einræðisherra Yúgoslavíu.

Allir þessir heimsþekktu fræðimenn lýstu því yfir að hugmyndirnar um að valda straumhvörfum á alþjóða vettvangi með því að Virkja Bessastaði til friðarmála væru raunhæfar.



Lítill þjóð, takmarkalaus framtíðarsýn

Grein sem birt var í Morgunblaðinu eftir Oscar Arias Sánchez: "...er ég afar ánægður að sjá að Ástþór Magnússon hefur ákveðið að gera heimsfrið að aðalatriði í kosningabaráttu sinni."

CERVANTES skrifaði að friður væri mikilvægastur alls sem maðurinn gæti óskað fyrir þessa jörð. Teljir þú þig meðal þeirra sem eru sammála þessum orðum munt þú fljótlega sjá hve mikilvægt það er að eiga hlutdeild í baráttunni með

skyldum sálum, félagi þinn Kíkóti, bæði heima og að heiman. Á sama hátt og sá sem hefur séð að friður er erfitt og vandasamt verk, er ég afar ánægður að sjá að Ástþór Magnússon hefur ákveðið að gera heimsfrið að aðalatriði í kosningabaráttu sinni.

Þegar rætt er um heimsfrið er nauðsynlegt í sama vetfangi að minnast á þá þörf sem er á kærleika, sem er að sjálfsögðu nánast bannorð í pólitískum umræðum í dag. Það eru til ótal bölsýnismenn sem halda því fram að sá sem er tilbúinn til að berjast fyrir lítilmagnanum, að vinna að friði, að binda enda á þjáningar mannsins, sé einungis draumóramaður. Það afskiptaleyfi sem hlýst af þessu viðhorfi hefur orðið að alheimssjúkdómi. Í okkar veröld virðast bestu tækifærin til samskipta vera í endalausri eyðimörk þagnar og einsemdar.

Í einsemd mega bræður okkar í Afríku þola þá kvöl að horfa upp á börnin sín deyja sökum vannæringar og sjúkdóma. Í einsemd dregst unga fólkið okkar inn í það logandi víti sem eiturlyfjaneysla er.

Í einsemd hverfa börnin sem verða fyrir ofbeldi í stríðshrjádum borgum, og í einsemd þjást fangar í öllum þeim fangabúðum sem enn eru til í



heiminum. Þær milljónir barna sem aldrei munu læra stafrófið skynja þá óheillavænlegu einsemd sem fylgir þekkingarleysi.

Huldir einsemd eru þeir vegir sem milljónir flóttamanna ganga sem hrekjast undan stríðsátökum og vesöld.

Girtir veggjum einsemdar eru þeir sjúku sem ekki hafa aðgang að þeim undrum sem nútímalæknisfræði hefur upp á að bjóða, meðan vinnuframlagi þeirra er eytt í eltingarleik stjórnvalda við hernaðaryfirráð.

Hvað er til ráða? Með hvaða hætti getur gott samfélag tekist á við aðstæður sem skapa slíka örvæntingu? Ástþór Magnússon hefur af umhyggju fært rök fyrir því að Íslendingar geta ekki snúið baki við þeim sem þjást í einsemd. Samt sem áður vekur sú hugmynd að Ísland ætti að stefna að auknum friði utan landsteinanna aðrar efasemdir og deilur. Hvers konar áætlun í friðarmálum ætti Ísland að leggja fram til alþjóðasamfélagsins? Getur þessi eyþjóð án mikilla efnahagslegra og hernaðarlegra áhrifa virkilega breytt einhverju á þeim tímum sem stjórn málin snúast um að þeir sterku hafi ávallt rétt fyrir sér?

Mig langar að deila sjónarhorni frá Costa Rica á þessa og aðrar spurningar, í þeirri von að mikilvægir sameiginlegir þættir landa okkar beggja muni gera athugasemdir mínar mikilvægar.

Þrátt fyrir þær augljósu náttúrufræðilegu andstæður við Ísland, viðamikla jöklana við hlið hitabeltis Costa Rica, deila þessar tvær þjóðir ómetanlegum hefðum í friðarmálum sem tengja okkur í gegnum fjarlægð og ólíka menningu.

Í fyrsta lagi má nefna þann arf sem felst í lýðræðislegum stofnunum; Ísland á sér langa sögu alþingisfunda, meðan Costa Rica getur státað af elsta lýðræði í Rómönsku-Ameríku. Í sameiningu eru lönd okkar lifandi dæmi um þá fjölbreytni og þann þrótt sem getur verið til staðar í lýðræði nútímans.

Í öðru lagi, sem er jafnvel enn merkara í nútímanum, eru bæði Ísland og Costa Rica nútímaríki sem ekki hafa her. Við treystum ekki á öryggi okkar

með einhliða hernaði heldur treystum við á alþjóðleg lög. Við trúum að hægt sé að reiða sig á það sem þjóðin hefur upp á að bjóða og fjárfestum í efnahagslegri þróun og samfélagslegu öryggi þegnanna fremur en að fjárfesta í hervæðingu.

Hið áhrifamikla dæmi um friðsamlegar hefðir okkar gefur Íslandi og Costa Rica möguleika á að styðja frið og koma honum á framfæri án hernaðar í öðrum hlutum heimsins. Við getum ekki sagt öðru fólki hvernig löndum þeirra ætti að vera stjórnað heldur ættum við að vera þeim gott fordæmi og til fyrirmyndar. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að saga okkar er blessun og, til að umorða orð Matteusar, þá ættum við að láta ljós okkar skína um gjörvalla veröldina.

Hér vil ég koma með eitt dæmi um nærgætna aðferð sem forseti eins og Ástþór Magnússon gæti notað til að hvetja til friðar og afvopnunar í öðrum löndum. Árið 1989, þegar ég var enn forseti Costa Rica, hröktu Bandaríkin einræðisherrann Manuel Noriega frá Panama, nágrönnum okkar í suðri, og settu Guillermo Endara í embætti. Hinn nýi forseti sóttist mjög eftir viðurkenningu stjórnvalda annarra landa Rómönsku-Ameríku, sem voru tortryggin og grunuðu hann sem útsendara Bandaríkjamanna.

Ég lofaði að viðurkenna ríkisstjórn Endara ef hann lofaði því á móti að afnema herinn í Panama. Hann samþykkti það fúslega og skömmu síðar bauð Arias-stofnunin löggjöfum frá Panama til Costa Rica til að unnt væri að sýna þeim fram á að land án hers væri til og virkaði á eðlilegan hátt. Í október 1994 var útrýming hersins komin í stjórnarskrána. Þetta vil ég kalla heimsvaldastefnu Costa Rica!

Í forsetatíð minni gat ég þess ótal sinnum við íbúa Costa Rica: "Plöntum friði út fyrir landamæri okkar svo enginn vogi sér nokkurn tíma að planta stríði í okkar jarðveg." Ég gerði mér grein fyrir að Costa Rica myndi stofna í hættu sinni eigin stefnu í afvopnun og lýðræði er við létum hjá líða að flytja þá hugmyndafræði til ófriðsamra nágrannaríkja. Lok vopnaðrar baráttu í

okkar landshluta hefur eingöngu styrkt sannfæringu okkar. Í þessari ótrúlega samtengdu veröld okkar má hvorki Ísland né Costa Rica falla í þá gryfju vanþekkingar að halda að það sé hægt að byggja upp paradís innan landamæra okkar með logandi víti utan landamæranna.

Það munu alltaf vera til bölsýnismenn sem halda því fram að það sé ógerningur og heimskulegt að lítil þjóð hafi afskipti af alþjóðamálum. Sjálfur var ég stimplaður sem einfaldur draumóramaður í kringum 1980 fyrir að trúa því að hægt væri að gera samkomulag til að friða hina stríðshrjáðu Mið-Ameríku. Þeir sem kölluðu sig raunsæismenn staðhæfðu að forseti hins litla lands, Costa Rica, gæti aldrei nokkurn tíma hindrað ofuröflin í því að sækjast eftir hernaðarsigri á svæðinu. Undirritun friðarsáttmálans árið 1987 af fimm forsetum sýndi fram á að raunsæismennirnir höfðu rangt fyrir sér. Einhvern tíma er allt fyrst!

Franski stjórnmálamaðurinn Francois Guizot sagði eitt sinn að framtíðin væri í höndum bjartsýnismannanna; bölsýnismennirnir væru eingöngu áhorfendur.

Ég er enn bjartsýnn og trúi því að lítil en stolt þjóð geti breytt gangi sögunnar með því að útbreiða, ekki hernaðarlega hugmyndafræði, heldur friðaráætlun. Ég trúi því að Íslendingar hafi allar ástæður til að vera bjartsýnir og á þann hátt, með hvetjandi forystu, geti nafn þeirra fallega lands verið samheiti yfir árangursríkar tilraunir til að skapa heim með meiri samstöðu og minni einstaklingshyggju; meiri heiðarleika og minni hræsni; meiri gegnsæi og minni spillingu; meiri samúð og minni eigingirni. Í stuttu máli, heim með meiri kærleika.

Oscar Arias Sánchez

Höfundur var forseti Costa Rica frá 1986 til 1990. Árið 1987 fékk hann friðarverðlaun Nóbels fyrir þá viðleitni sem hann sýndi til að koma á friði í Mið-Ameríku. (Fyrst birt í Morgunblaðinu)

Hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi

Ég hef verið gagnrýninn á misnotkun fjölmiðla í aðdraganda kosninga. Það er alger forsenda fyrir því að innleiða beinna lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur með aðkomu almennings, að fjölmiðlun sé vönduð og óhlutdræg. Annars er hætta á því að fjölmiðlar undir stjórn valdhafa eða viðskiptajöfra taki slík völd af þjóðinni með áróðursmaskínum sínum.

Í þau 30 ár sem ég hef tekið þátt í forsetaframboðum hef ég horft uppá slíka misnotkun fjölmiðla að það slær flestum einræðisríkjum við.

Öfgafyllstu dæmunum varð ég vitni að hjá Morgunblaðinu árið 2004 og síðan RÚV árið 2016.

Líkur má leiða að því að Morgunblaðið beitti sér svo grimmt fyrir Ólaf Ragnar Grímsson árið 2004 að forsetinn var kominn á fulla ferð að nota áhrif embættisins í slagtoyi með útrásarvíkingum sem höfðu töglin og hagldirnar í íslenskum bönkum og viðskiptalífi.

Daginn eftir framboðstilkynningu forsetans árið 2004 birti blaðið stóra frétt á forsíðu og fleiri síður inn í blaðinu þar sem rakin voru stefnumál forsetans og hugmyndir um framtíð embættisins. Einnig gerði Morgunblaðið viðamikla úttekt á embættisverkum forsetans með fjölda glansmynda af honum og eiginkonum hans og spannaði þetta kynningarefni um forsetann nær þrjátíu síður í tímariti Morgunblaðsins á meðan ég fékk engin tækifæri að kynna mín stefnumál í blaðinu.

Þessu er ágætlega lýst í tveimur greinum sem ég skrifaði um þetta á sínum tíma:

Hræsni Morgunblaðsins

Leiðari Morgunblaðsins þriðjudaginn 16 mars hefst með þessum orðum:

“Niðurstöður forsetakosninganna í Rússlandi á sunnudag vekja óeitanlega nokkurn ugg um stöðu lýðræðisins í landinu..... Öryggis og samvinnustofnun

Evrópu sem hafði eftirlit með kosningunum, taldi að þær hefðu ekki staðist skilyrði um eðlilega framkvæmd. Einkum gagnrýndi stofnunin að ríkisfjölmiðlarnir hefðu veitt forsetanum og embættisverkum hans óhóflega mikla fjölmiðlun í aðdraganda kosningana, en hins vegar veitt öðrum frambjóðendum lítinn kost á því að kynna sig og stefnumál sín.“

Á sama tíma og leiðarahöfundur Morgunblaðsins skammast út í Rússneska fjölmiðla í aðdraganda forsetakosninga þar í landi, mismunar blaðið með svo afgerandi hætti forsetaframbjóðendum á Íslandi að ef ástæða var fyrir Öryggis og samvinnustofnun Evrópu að fylgjast með framferði fjölmiðla þar, þá er enn meiri ástæða fyrir þessa sömu stofnun að vakta síður Morgunblaðsins á næstu vikum og mánuðum til að tryggja eðlilegar og lýðræðislegar forsetakosningar á Íslandi.

Á meðan Morgunblaðið gefur Ólafi Ragnari Grímssyni nær hálfu forsíðu og heilsíðu í blaðinu til að kynna framboð sitt með öllum áherslupunktum og ítarlegum útskýringum, fékk undirritaður Ástþór Magnússon forsetaframbjóðandi ‘frímerki’ á nýndu síðu í blaðinu þar sem nær ekkert var birt af stuttri fréttatilkynningu sem ljósmyndari blaðsins tók með sér af kynningarfundum framboðsins. Mikilvægir áherslupunktar framboðsins voru hreinlega klipptir úr umfjölluninni og lesendum færð brengluð frétt af framboðinu.

Það er mjög skondið að það blað sem gefur sig út fyrir að vera málsvara lýðræðis og frjálsrar umræðu í landinu, og sem mest hefur deilt á sovéska fjölmiðlun í gegnum árin, skuli nú í tengslum við forsetakosningar þjóðarinnar falla í þá gryfju að taka upp lágkúrlegri blaðamennsku en alræmdustu fjölmiðlar Rússlands.

Þótt framboð mitt til Forseta Íslands sé einhverjum hulduher á Morgunblaðinu ekki þóknanlegt, ber fjölmiðill með þá yfirburðarstöðu sem Morgunblaðið hefur á Íslandi þeim skyldum að gegna við þjóðina að veita a.m.k. eðlilegan fréttatilkynning af atburðum sem gerast. Slíkt gerði blaðið ekki í sambandi við mitt framboð. Í raun var mjög augljóst að ritstýring að ofan átti sér stað, því strax að loknum kynningarfundum framboðsins var birt á vefsíðu Morgunblaðsins hin ágætasta frétt unnin úr fréttatilkynningu okkar. Hinsvegar þegar fréttin var kominn í prentaða útgáfu blaðsins var búið að afbaka hana með þeim hætti að hún var gjörsamlega óþekktanleg og forsetaframboð mitt alls ekki kynnt lesendum hinnar prentuðu útgáfu blaðsins á málefnalegum grundvelli.

Þeim fullyrðingum sem komu fram í fimmtán sinnum stærri dálkcentimetra umfjöllun Morgunblaðsins um framboð Ólafs Ragnars Grímssonar en um framboð undirritaðs, er vegið að því að framboð mitt sé einhverskonar ‘skrípalæti’. Fjölmiðlar sem vilja láta taka sig alvarlega geta ekki leyft sér svona orðbragð um forsetaframboð, enda er slíkt dónaskapur við frambjóðandann, stuðningsmenn og Íslensku þjóðina. (Birt í aðdraganda forsetakosningar árið 2004.)

Hér má sjá mynd frá 2004. Ég stend við hlið spjalds sem er hærra en ég sjálfur, þar álmind er umfjöllun Morgunblaðsins um framboð Ólafs Ragnars Grímssonar. Í hinni hendi held ég á agnarsmáu blaði, sem sýndi heildar umfjöllun um mitt framboð á sama tíma:



Efnahagshrunið

Stuttu síðar hrundu íslensku bankarnir og íslenskt efnahagslíf lagt í rúst, fjöldi manns misstu heimili sín og almenningur var skuldum vafin árum saman. Bók um störf forsetans sem var verið að senda í prentun var stöðvuð til að fjarlægja kaflana um hvernig forsetinn í krafti síns embættis greiddi götur fjárglæframanna á erlendri grund.

Spáði fyrir um efnahagshrunið

Þegar ég kynnti forsetaframboð mitt árið 1996 á Þingvöllum, talaði ég um heim græðgi, valdapots, svika og pretta. Þessu var svarað um hæl af fjölmiðlum:

(Dagblaðið Tíminn 25. maí 1996). Úr fréttinni: "Ég fæ ekki betur séð en að íslensku þjóðfélagi sé haldið í heljargreipum einhverra huldumanna... Ef það reynist rétt er full þörf á verulegri endurskoðun og uppstokkun"

Í útvarpi, sjónvarpi og á fundum fjallaði ég í framhaldinu hvernig arðrán á þjóðinni myndi á endanum leiða til þjóðargjaldþrots.

Laugardagur 25. maí 1996

Wísir

Frá blaðsamskiptum Ástþórs á Þingvöllum í gær.

Tönnuvísi 65

Ástþór Magnússon sendi stjórnmálum og forsetaframbjóðendum kaldar kvæður á Þingvöllum í gærdag:

Talaði um heim græðgi, valdapots, svika og pretta

Ástþór Magnússon, 42 ára fróanirni, verður í hópi framhjófnenda til embættis forseta Íslands 29. Júní næstkomandi. Ástþór hófsláði í gær til blaðsamskiptum á Þingvöllum og lýsti yfir ákvæðum sínum. Hann segist munu tekið við sean forseti að uppnefna ýmsa spillingu í þjóðfélaginu og þerfast fyrir fríð í heiminnun meðal annars með samkomu leftraga þjóða og trúarbragða á Þingvöllum sunnarið 2000. Ástþór sagði ástandið í heiminnun stórbættast af græðgi, valdapot, svikun og prettum.

Þótt embætti forseta Íslands sé kleið að þeimum völdum er ljóst, að löuseil íslenska lýðveldisins getur fengið miklu árið af rétt er á haldið," sagði Ástþór meðal annars á blaðsamskiptum sínum.

Ástþór Magnússon sagði að gægstærri fjöni forseta á líðinni tíð væri þorab hefði að optuðera þeráttómáli sínu, vartist allt sem framhjófnendur til erindella forseta Íslands setuðu, að þessa stj á þessastabi," kannski vegna þess að þeir hefðu ekkert að segja og væru fullkomlega stelnu- og mál-

efnalasir.

En Ástþór skaut föstum skorum víðar. Hann segist hafa komið að luktum dýrum hjá mörgum háum embættum þessa lands vörðandi kynnirinu í Fríð 2000. Hann sagði að setla megi að valdbótum lítt mibir vel í að forseti hafi sjálstæbar skobanir og að hann legði fyrir dóm þjóðarinnar stærri málemti, slíkt hefði þar geta stóðab lýðveldisins Íslensku. Þegar hann hefði tekið að spyrja Alþingina spurninga um ástlöðu Íslands með kjörkoskvöppum, hafi mikil undirbúðarstarfsemi hafist seggi sér og seggi hana tekið til starfseisbúðarinnu.

Ástþór sendi kirkuáttar þjóðum löðum, údarfletogum misstu unavöppum lengsl við hmbir

stjór og gróðsósín stæðu tón.

„Ég fæ ekki betur séð en að íslensku þjóðfélagi sé haldið í heljargreipum einhverra huldumanna líkt og íerist í aðögnum öðrum réttum þeim. Ef það reynist rétt er full þörf á verulegri endurskoðun og uppstokkun," sagði forsetaframbjóðandinn Ástþór Magnússon á Þingvöllum í gær.

Hann sagði einnig um að hann bættist fyrir þer að öldómstírð 2000 kæmu öndleg og veraldleg líf leftraga heims samari á Þingvöllum þar sem umlírtitbar yfri sáttmáli sem gæti orðið horra-stelin þess að koma á fróðuála og hagsvein samfélagi alra jarðaríða „og að ekkert mannsborn þerfi lengur að grata sig sveit og sjóféi í sværn. JBP

Svar fjölmiðla: "Ófriður tvöþúsund, Friðþór tvöþúsundkall, Landskunnur vitleysingur, athyglissjúklingur, ruglukollur, þorpsfífl"

Þær staðreyndir sem ég lagði á borðið komu heldur betur við kaunin á valdhöfum og útrásarvíkingum sem stjórnðu landinu. Til viðbótar árásum fjölmiðla á mína persónu, spruttu upp allskyns spekingar og nettröll á veraldarvefnum og skildu eftir sig á annan tug þúsunda níðskrifna um mína persónu.

Ég get fullyrt að útrásarvíkingarnir hefðu ekki komist upp með að nota embætti forseta Íslands til að opna dyr fyrir fjársvik sín á alþjóða vettvangi hefði ég setið vaktina á Bessastöðum þau árin. Forsetinn þarf að vera öryggisventill sem kann að grípa í taumana fyrir hönd þjóðarinnar.

Örfáum árum síðar hrundi Íslenskt efnahagslíf og forsætisráðherra flutti frágt ávarp: "Guð blessi Ísland". Þetta leiddi til svokallaðrar búsáhaldabyltingar og gjá myndaðist á milli þings og þjóðar.



“Rússneskar” forsetakosningar á Íslandi í boði RÚV

Þann 27 mars 2012 sendi ég fyrirspurn til Fjölmíðlanefndar vegna forsetakosningar:

Með tilvísun til yfirlýsinga og fyrirlestrar sem fluttur var af framkvæmdastjóra Fjölmíðlanefndar undir heitinu “Ógna rangfærslur og hlutdrægar fréttir lýðræðinu?” óskast álit Fjölmíðlanefndar á því hvort eftirfarandi samrýmist lögum og reglum um lýðræðislegar skyldur fjölmiðla og þá sérstaklega hvað varðar RÚV þar sem þeir fjölmiðlar eru í eigu ríkisins:

1. Árið 2004 og “rússneskar” forsetakosningar á Íslandi í boði RÚV:

Verður árið 2012 endurtekning á árinu 2004 en þá voru fjölmiðlarnir nánast lokaðir forsetaframbjóðendum. Einn þriggja frambjóðanda hafði þá sérstöðu að eiga greiðan aðgang að fjölmiðlum frá forsetaembættinu. Aðrir fengu ekki að kynna sín stefnumál með sama hætti. Engir umræðuþættir með frambjóðendum áttu sér stað í aðdraganda kosninganna fyrr en nokkrum klukkustundum fyrir opnun kjörstaða. Niðurstaðan var svokölluð “rússnesk” kosning enda dæmigert um kosningar í einræðisríkjum. Erlendur fræðimaður líkti RÚV árið 2004 við ríkisfjölmiðla í gömlu Júgóslavíu undir Slobodan Milosevic árið 1992.

2. Er við hæfi að stjórnarformaður RÚV grafi undan einstökum framboðum?

Samræmist það stöðu stjórnarformanns ríkisfjölmiðilsins RÚV að vera þátttakandi í hóp sem kallar sig “Betri valkost á Bessastaði” og taka þannig beina afstöðu gegn öðrum framboðum sem þegar er búið að tilkynna? Sjá <http://www.vb.is/frettir/71074/> og tilvitnun: Björg Eva Erlendsdóttir, fyrrv. fréttakona og nú stjórnarformaður RÚV.

3. Er aðal þáttastjórnandi RÚV hlutdrægur og með hatursáróður?

Samrýmist það stöðu helsta stjórnanda umræðuþátta RÚV Egils Helgasonar, og sem einnig hefur verið þáttastjórnandi í kosningasjónvarpi

RÚV, að skrifa á bloggsíðu sína eftir að komin eru fram tvö mótframboð gegn sitjandi forseta: "Enn er ekki komið í ljós hvort Ólafur Ragnar Grímsson fær alvöru mótframbjóðendur"

<http://silfuregils.eyjan.is/2012/03/20/sumarkosningar-um-stjornarskra-og-forseta/>

Gæti það flokkast undir hatursáróður í skilningi 27gr. fjölmiðlalaga að gefa í skyn með þessum hætti að undirritaður sé ekki "alvöru frambjóðandi"? Með þessu orðavali er ótvírætt verið að lítillækka þau framboð sem fram eru komin. Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á því að undirritaður hefur á líðnum árum verið útilokaður frá þættinum Silfur Egils og synjað um tækifæri að kynna stefnumál framboða sinna þar á meðan aðrir frambjóðendur fengu greiðan aðgang eins og t.d. fyrir síðustu alþingiskosningar. Þátturinn hefur á sama tíma leyft niðrandi tilvitnanir um undirritaðann m.a. af einum þeirra sem nú hefur verið teft fram sem mögulegum frambjóðanda af hópnum "Betri valkost á Bessastaði". Sjá hér eina af mörgum kærum vegna Egils Helgasonar og RÚV sem ber nákvæmlega upp á 2 ár í dag þann 27 mars:

http://frettavakt.blog.is/users/a3/frettavakt/files/_tvarpsrettarnefnd-kae-ra-290309.pdf

4. Álitsgjöfum teft fram í RÚV til að grafa undan forsetaframboði

Eftir að undirritaður svo og annar einstaklingur hafa opinberlega lýst yfir framboðum sínum í komandi forsetakosningum ræddi RÚV við "álitsgjafa", gamlan stjórn málafræðingi, í þætti sem RÚV kallar "Spegillinn" og sem á að vera spegill líðandi stundar. Vísitandi var þar farið með þær rangfærslur að sitjandi forseti verði sjálfkjörinn því enginn myndi þora í mótframboð.

RÚV sá ekki ástæðu til að fjalla um þá leiðréttingu sem ég sendi þeim strax daginn eftir enda virðist um hreinan pólitískan spuna að ræða af hálfu fréttastofu RÚV sem ekki er einsdæmi.

5. Ræðst umfjöllun af því hvort starfsmenn RÚV verða í framboði?

Er Fjölmiðlanefnd kunnugt með hvaða hætti ríkisfjölmiðilinn RÚV ætlar að standa að kynningu framboða í komandi forsetakosningum. Ræðst það af því hvort einn eða fleiri fréttamenn RÚV verða meðal frambjóðenda en hópurinn sem stjórnarformaður fjölmiðlafyrirtækisins stendur á bakvið hefur nú þegar teft fram tveimur slíkum. Við síðustu alþingiskosningar var einu nýju framboði hampað umfram annað. Formaður þess framboðs var einmitt starfsmaður RÚV sem tók sér leyfi frá störfum og svaraði síma um skiptiborð RÚV á kosningaferðum sínum.

6. Hvernig mun Fjölmiðlanefnd standa vaktina um lýðræðislegar grundvallarreglur?

Mun Fjölmiðlanefnd gæta þess að fjölmiðlarnir sinni lýðræðislegum grundvallarreglum samkvæmt 26 gr. fjölmiðlalaga í aðdraganda forsetakosninga 2012 og hvernig ráðgerir Fjölmiðlanefnd að standa vörð um neðangreindar greinar úr lögum um fjölmiðla í komandi forsetakosningum?

Lög um fjölmiðla

2011 nr. 38 20. apríl

26. gr. Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti auk þess að hafa í huga friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

27. gr. Bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðrar háttsemi.

Fjölmiðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðar háttsemi. Bannað er að kynda undir hatri í fjölmiðlum á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.

Forseti Íslands í boði fjölmiðlafyrirtækis

Áhugavert er í þessu sambandi að bæði Ólafi Ragnari Grímssyni svo og Guðna Th. Jóhannessyni var komið í embætti forseta Íslands af fjölmiðlum. Ólafi af fjölmiðlafyrirtækinu Norðurljósum sem rak áður Stöð2, Bylgjuna, Fréttablaðið og DV og naut hann þar stuðnings annarra þeirrar fréttakvanna sem síðar fór í framboð 2012 að því að virtist á vegum RÚV eða stjórnenda þess. Þá var fréttastjóri Stöðvar 2 einmitt sá sem síðan árið 2012 var orðinn útvarpsstjóri RÚV.

Reynsla mín af þátttöku í kosningum á Íslandi yfir 28 ára tímabil er að fjölmiðlar hafa verið með eindæmum hlutdrægir sem beinir þátttakendur og gerendur í atburðarrásinni. Þess vegna var athygli mín sérstaklega vakin á orðum sem framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar lét falla í erindi á Akureyri árið 2012 um að breytingar til hins verra hafi orðið á umfjöllun RÚV eftir sameiningu fréttastofu útvarps og sjónvarps og því að vegna mikilvægis fjölmiðla sem fjórða valdsins verður að vera hafið yfir allan vafa að pólitík mengi ekki störf fjölmiðlanefndar. En hvað með ríkisfjölmiðlana sjálfa, er allt í sóma með að þeir reki hlutdrægan pólitískan áróður fyrir menn og málefni sem eru stjórnendum RÚV velþóknlegir en útiloki aðra?

RÚV lamað vegna fjölmiðlaframboðs

Ritstjóri helsta umræðuþáttar ríkisfjölmiðlanna, Kastljós RÚV, tjáði mér í aðdraganda forsetakosninga 2012 að hann og hans starfsfólk væri vanhæft til

að fjalla um forsetakosningarnar, forsetaframbjóðendur, taka viðtöl við frambjóðendur og skipuleggja kosningaumfjöllun ríkisfjölmiðlanna.

Ástæðuna segir ritstjórinn vera þá að aðstoðarritstjórinn sem sé mjög náinn samstarfsmaður og vinur allra sem þarna starfi sé nú í forsetaframboði og segir orðrétt: "Þannig að við erum öll vanhæft til að fjalla um eitthvað".

Þegar spurt er hvort RÚV geti þá ekki staðið þessum útsendingum með öðrum hætti er svarið: "Við erum vanhæf til að taka svona ákvarðanir, ég held þú hljótir nú alveg að sjá það".

Kosningavaka skipulögð án framboðskynninga

Þann 25. apríl 2012 barst mér tölvupóstur frá Sigríði Hagalín Björnsdóttur fréttastofu RÚV: "Sæll, ekki er ráð nema í tíma sé tekið, og við erum þegar komin á fullt að skipuleggja kosningavökuna 30. júní n.k. Við búumst við fyrstu tölum kl. 23.00, og vildum gjarnan reyna að búa þannig um hnútana að frambjóðendur verði í sjónvarpsal þegar þær verða birtar. Ég veit að enn er langur tími til stefnu, en þori ekki annað en að ræða þetta við þig núna strax."

Ég svaraði Sigríði: "Er ekki eitthvað að forgangsröðinni hjá ykkur á RÚV? Síast þau skilaboðin ekkert inn að gæta þurfi í aðdraganda kosninga að virða og virkja lýðræðið? Að gera frambjóðendum kleift að kynna stefnumál sín fyrir þjóðinni án þess að peningavaldið eða klíkur í þjóðfélaginu mati ofan í fólkið hvað á að kjósa með Göbbels aðferðafræðinni sem virðist vinsæl í dag meðal Íslenskra fjölmiðla."

Þar sem RÚV hafði ekki skipulagt neina umræðu hafði mitt fólk í Lýðræðishreyfingunni skipulagt kappræðufund með forsetaframbjóðendum þann 1. maí og ég spurði Sigríði: "Þann 1 maí verða kappræður forsetaframbjóðenda í Háskólabíó. Viljið þið ekki byrja á að senda út þann fund á RÚV? Eða er RÚV þegar búin að ákveða að næsti forseti verði starfsmaður fréttastofunnar eftir pöntun stjórnarformanns RÚV eins

forsprakka hópsins Betri valkost á Bessastaði stofnað til höfuðs öðrum framboðum og því þurfi ríkisfjölmiðillinn ekkert að undirbúa annað en skemmtiþátt og veislu í sjónvarpssal að loknum kosningum.”

Alvöru forsetaframboð

Þann 21. apríl 2012 sendi ég bréf til innanríkisráðherra: “Undirritaður hefur í dag sent afrit meðmælendalista með forsetaframboði ásamt rafrænni skrá til allra yfirkjörstjórna landsins. Frumrit listanna eru tilbúin til afhendingar og þess óskað að ráðuneytið taki við öllum frumritum eins og við fyrri forsetakosningar.

Vegna mismununar að undanfögnu í helstu fjölmiðlum, þar sem m.a. starfsmenn ríkisfjölmiðla hafa talað niður mitt framboð og sagt að ekki sé um “alvöru” framboð að ræða, er það skýlaus krafa að meðmælendalistarnir verði yfirfarnir án tafar og vottorðum yfirkjörstjórna skilað um hæl.

Það væri á skjön við eðlilegar lýðræðisreglur, og varla við hæfi í þróuðu vestrænu ríki, ef kosningar hefjast án þess að búið sé að leiðrétta þann misskilning sem dreift hefur verið af ríkisfjölmiðlunum undanfarna mánuði að framboð mitt sé ekki “alvöru” forsetaframboð.

Ég skora því á innanríkisráðuneytið að gera mér kleift að skila inn framboðinu og fá það vottað sem “ALVÖRU FORSETAFRAMBOÐ” áður en utankjörfundarkosning hefst.

Athygli innanríkisráðherra, sem fer með framkvæmd kosninganna, er vakin á því að Fjölmiðlanefnd hefur svarað með útúrsnúningum beiðni minni um skoðun á mismunun í fjölmiðlum og hlutdrægri aðkomu stjórnarformanns og þáttastjóranda RÚV að forsetaframboðum.

Virðist Fjölmiðlanefnd sem kostar þjóðina 40 milljónir króna af fjárlögum ekki ætla að skila neinu fyrir þessa peninga, né virðist nefndin þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum. Sjá meðfylgjandi bréf til nefndarinnar.

Væri ástæða fyrir innanríkisráðherra að óska eftir því að kosningaefirlit ÖSE taki að sér eftirlitshlutverk fjölmiðlanefndar í aðdraganda þessara forsetakosninga?

Hvorki innanríkisráðuneytið né kjörstjórnir litu á innsenda meðmælendalista þaðan af síður upplýstu um nokkur vandamál á listunum né gáfu út nein vottorð. Þegar framboðsfrestur var að renna út meira en mánuði síðar komu þeir með ásakanir um að nokkur fölsuð nöfn væru á meðmælendalistum sem þeir höfðu settið á vikum saman og úrskurðu síðan framboðið ógilt. Ég kærði málið til lögreglu sem þremur árum síðar vísaði málinu frá eftir að engar sannanir fundust fyrir fölsuðum undirskriftum. Ógilding framboðsins var því algerlega ólögmat.

Fjölmiðlanefnd

Ég óskaði álits Fjölmiðlanefndar á því hvort umfjöllun RÚV samræmist fjölmiðlalögum. Spurði hvort það væri hugsanlega gat í lögunum að mati nefndarinnar eða hvort Fjölmiðlanefnd taldi að sú staða sem upp væri komin fyllilega samrýmast lýðræðislegum grundvallarreglum. Spurði hvort álit nefndarinnar gæti orðið leiðbeinandi fyrir framtíðina.

Einnig óskaði ég álits Fjölmiðlanefndar á því hvort nefndin telji það samrýmast almennt séð eðlilegum siðferðisreglum fjölmiðlafólks, og opinberra starfsmanna ríkisfjölmiðla í eigu þjóðarinnar, að hoppa beint og fyrirvaralaust af skjánum í pólitískt framboð og valda þannig því upplausnarástandi sem raun ber vitni í miðri kosningabaráttu í stærstu fjölmiðlum landsins.

Þá velti ég fyrir mér á þeim tíma um heilindi slíks frambjóðanda sem talaði um að setja sér siðareglur næði hún kjöri í embætti forseta Íslands. Hvort þetta væri vísir að siðareglum fyrir forseta Íslands í framtíðinni?

Staðreyndin var sú að báðar fréttastofur RÚV lömuðust vegna forsetaframboðs sem tveir starfsmenn stofnunarinnar stóðu að.

Frambjóðandinn og maki hennar voru daglegir gestir á heimilum landsmanna í boði RÚV í fleiri vikur eftir að þrír aðrir frambjóðendur voru búnir að lýsa yfir framboði. Áður hafði ég vakið athygli á aðkomu stjórnarformanns RÚV að Facebook síðu til höfuðs frambjóðendum og talið eðlilegt í framhaldi af því að stjórnarformaðurinn víki sæti.

Í ljósi þess sem kom fram í samtali mínu við einn aðal ritstjóra stofnunarinnar um vanhæfi starfsmanna hlaut að koma til álita að fleiri starfsmenn og öll yfirstjórn stofnunarinnar myndi víkja sæti eða að forsetaframbjóðandi stofnunarinnar myndi íhugi stöðu sína.

Varla getur það talist boðlegt eða eðlilegar siðferðisreglur í lýðræðisríki að einn frambjóðandi til pólitísku embættis haldi ríkisfjölmiðli þjóðar í slíkri gíslingu.

Í bréfi til Fjölmiðlanefndar, minnti ég á 11. gr. fjölmiðlalaga um að "Erindum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga þessara skal beint til fjölmiðlanefndar. Fjölmiðlanefnd tekur ákvörðun um það hvort erindi sem berst henni gefi nægar ástæður til meðferðar. Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er fjölmiðlanefnd heimilt að raða málum í forgangs röð. Þá er fjölmiðlanefnd heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði. Í bréfi mínu sagði: "Í svo alvarlegri stöðu sem upp er komin með þátttöku RÚV í forsetakosningum og vanhæfi starfsmanna helstu umræðuþátta miðilsins af þeim sökum er ótvírætt tilefni til að fjölmiðlanefnd sinni skyldum sínum og láti málið til sín taka.

Í ljósi aðgerðaleyfis Fjölmiðlanefndar óskaði ég eftir að fá upplýst hvernig þeim 40 milljónum króna og öðrum fjármunum sem Fjölmiðlanefnd fékk á þessum tíma úthlutað frá skattgreiðendum væri ráðstafað. Hvaða einstaklingar eða lögaðilar væru að fá greiðslur frá nefndinni og hverju þeir skiluðu í staðin.

Forseta skotið á loft af ríkisfjölmiðlinum

Fjórum árum síðar árið 2016 var RÚV aftur inn á sviði forsetakosninga að ráðskast með framboð þegar þeir bókstaflega skutu á loft núverandi forseta.

Undirbúningur framboðsins hófst í lok árs 2015. Strax um áramót voru haldnir fundir með Guðna og valdaklíkan á bakvið hann byrjaði að skipuleggja framboðið. Þann 3. apríl birti Kastljós RÚV viðtal við forsætisráðherra sem leiddi til afsagnar hans. Sigmundur Davíð segir þetta hafa verið skipulagða aðför að sér úr smiðju kröfuhafa föllnu bankanna.

Þá byrja reglubundnar útsendingar RÚV um hvernig forsetaembættið eigi að beita sér í þeirri stjórnmalakreppu sem komin er upp. Hér var búið til svið fyrir forsetaframboð Guðna Th Jóhannesson til að kynna hann fyrir þjóðinni sem komandi forseta. Aðrir forsetaframbjóðendur sem búnir voru að opinberlega lýsa yfir framboðum fengu enga aðkomu. Beiðni minni um að koma að þessari umræðu var synjað af RÚV. Guðni sagði síðar aðspurður í útsendingum að hann hefði ekki verið byrjaður að íhuga framboð. Hér má hlusta á símtal við Guðna sjálfan þar sem ósannsögli hans kemur fram:

<https://www.facebook.com/watch/?v=806735289854246>

Álitgjafi reyndist frambjóðandi í dulargervi

Guðna var smyglað inni nær allar útsendingar RÚV sem “álitgjafa” þegar rætt var um störf og hlutverk forseta Íslands eins og hann væri Palli einn í heiminum. Hvort sem horft var á beinar útsendingar, fréttir, fréttaskýringar, Kastljós, Vikuna eða Hraðfréttir þar var frambjóðandi RÚV-klíkunnar mættur að þrusa boðskap sínum yfir þjóðina. Skipti ekki máli hvort horft væri á sjónvarp eða hlustað á Rás1 eða Rás2. Um var að ræða tugi innskota. Enginn annar, hvorki aðrir forsetaframbjóðendur né aðrir Íslendingar, virtust til þess fallnir að mati ríkisfjölmiðlanna að hafa skoðun á málinu.

Í kjölfarið var stofnuð Facebook LIKE síða. RÚV flutti svo fréttir af því að komið væri fullt af “lækum” á síðuna en skautaði yfir þá staðreynd að það var gert með kostuðum auglýsingum sem birtust í tugþúsundavís á Facebook tímalínnum landsmanna. Ferlið var eftirlíking af því sem var gert árið 2012 þegar annar RÚV-frambjóðandi steig inní forsetakosningar með stuðningi stjórnarformanns RÚV.

Varðhundur kolkrabbans

Guðni sýndi slíka afburða leiklistarhæfileika að hann hefði verið vel kominn að Eddunni. Þjóðin var blekkt með grímulausum áróðri og heiðarleika snúið á hvolf með skrumskældri lygaþvælu úr munni frambjóðandans um það hvernig framboðið kom til. Gefur spilltustu pólitikusum sögunnar ekkert eftir í lýðskrumi. Staðreyndin er einfaldlega sú að Guðni var til sölu og var keyptur.

Guðna var skotið á loft af forréttindaklíkum landsins úr Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu. Góður forseti beitir sér fyrir því að allir fari að landslögum og sitji við sama borð án undanbragða, lyga, sjóðasukks, stórafskrifta og Tortólufélaga. Guðni var ekki slíkt forsetaefni því honum var teft fram með brögðum og óheiðarleika til að vernda hagsmuni þeirra sem eru að mergsjúga þjóðina, ræna auðlindir og bankareikninga og kunna ekki satt orð að segja.

Úlfurinn í sauðagærunni afhjúpaði sig að nokkru leyti í viðtölum, árið 2009 í tímaritinu Grapevine þegar hann spáði því að það myndi gera okkur nánast eins einangruð og Norður Kóreu ef við myndum ekki samþykkja Icesave samninginn. Þessi spá Guðna rættist ekki eftir að þjóðin hafnaði Icesave í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í viðtölum 2016 kom fram stuðningur hans við Icesave samninginn, inngöngu í Evrópusambandið og óhefta komu flóttamanna til landsins. Bætti um betur og sagði Íslensku þjóðina eiga að borga brúsann. Þá styður hann NATO og lítur undan þegar okkar friðsamlega og vopnlausu þjóð er dregin með í stríðsglæpi og fjöldamorð.

Guðni er fulltrúi gamla Íslands. Hann var varðhundurinn sem skotið var inná Bessastaði til að standa vörð um að völdin færist ekki til þjóðarinnar. Honum var og er ætlað með fagurgala að greiða götu valdaklíkunnar þegar stjórn málaöflin ganga gegn almannahagsmunum. Guðni vísar síðan í söguspeglar og segir, "Þetta eru stjórn mála, þau koma forsetaembættinu ekki við"

Þetta er aumingjalegasta gerð af forsetaframbjóðanda. Maður sem ætlar að vera skoðanalaus í því sem skiptir máli á hverjum tíma, maður sem hefur ekkert gagnlegt fram að færa, maður sem ekki vill leiða þjóðina á nokkurn hátt og hefur engar hugmyndir um hvernig forsetaembættið getur gagnast þjóðinni.

Réðist á aðra frambjóðendur

Eftir að hafa verið skotið á loft af ríkisfjölmiðlunum sem hafa löngum starfað meira í anda bananalýðveldis en lýðræðis, skreið frambjóðandinn þeirra undan dúnmjúkum forsetafeldi RÚV og réðist á aðra frambjóðendur.

Guðni Th. skaut á forsetaframbjóðendur fyrir að hafa málefni sem þeir vilji beita sér fyrir. Sagði svoleiðis fólk ætti að fara í pólitík því forsetaframbjóðendur ættu ekki hafa skoðanir eða stefnu og slíkt gæti valdið því að hann yrði ekki forseti allra landsmanna. Nefndi hann aðra forsetaframbjóðendur eins og Ástþór Magnússon, Sturlu Jónsson og Andra Snæ sem menn sem hafi notað óviðeigandi stefnumál til að afla sér fylgis.

Hvernig gat Guðni haldið því fram að óviðeigandi sé að ég vilji að forsetinn beiti sér fyrir því að Ísland verði leiðandi í friðarmálum í heiminum? Hann hafði ekki kjark til að segja að það sé rangt að taka þátt í hernaði og hernaðarbandalögum sem eru völd að dauða saklauss fólks víða í heiminum? Við höfum nú horft uppá Guðna að sitja aðgerðarlausan þegar ríkisstjórn lagði til stuðning þjóðarinnar við stríðsglæpi og fjöldamorð?

Hvernig gat Guðni haldið því fram að það sé óviðeigandi stefnumál forsetaframbjóðanda að vilja útrýma spillingu og setja landinu nýja og virkari stjórnarskrá? Guðna var og er ætlað að vernda huldumenn Íslands sem fara á svig við þau almennu lög og reglur sem gilda fyrir venjulega Íslendinga.

Geimverur gætu tekið frambjóðandann

Mér ofbauð framganga þáttarstjórnanda Spegilsins á RÚV í viðtali við Andra Snæ Magnason forsetaframbjóðanda. Hálfum þættinum var eytt í þjark þáttarstjórnanda um marklausar kannanir og ítrekaðar spurningar hvort frambjóðandinn muni ekki draga framboð sitt til baka og tryggja sigur þess frambjóðanda sem RÚV skaut á loft eftir uppskrift ríkisfjölmíðla bananalýðveldis. Svar Andra að geimverur gætu numið RÚV frambjóðandann á brott fyrir kosningar átti vel við í þessu tilfalli.

Hversvegna eiga frambjóðendur að eyða tíma sínum og hlustenda í að þjarka við misvitra starfsmenn RÚV um slíka steypu í stað þess að kynna sig og hvað þeirra framboð standa fyrir.

Marklausir álitsgjafar RÚV

Vikunni áður var öðrum bananaspegli RÚV eytt í að byggja líkan ímyndaðra turna RÚV frambjóðandans og sitjandi forseta. Þeir „álitsgjafar“ sem RÚV kallaði þá til urðu marklausir með öllu nokkrum dögum síðar og orðnir athlægi samherja sinna í fræðunum eftir að forsetinn dró framboð sitt til baka.

Ef RÚV myndi eyða samsvarandi tíma og eytt er í þessa froðu í kynningar á stefnumálum frambjóðenda, eins og gert er í alvöru lýðræðisríkjum af ábyrgum fjölmiðlum, þá gætu kjósendur valið sér hæfan forseta í stað þess að fá sífellt yfir sig spillingargrísí sem komast til valda með sápuóperu fjölmiðla.

Nýtt RÚV framboð?

Eurovision keppnin í aðdraganda forsetakosninga 2024 á RÚV gæti verið skotpallurinn til að koma næsta varðhund hernaðarstefnunnar á Bessastaði. Samkynhneigt par sem báðir eru fastagestir á RÚV, annar er leikari, útvarpsmaður, söngvari og tíður dagskrárgerðarmaður í tengslum við Eurovision hjá RÚV, hinn stjórnmálafræðingur, öflug málpípa fyrir NATO og talsmaður þess að koma á fót herliði á Íslandi og nefnt 150 manna herlið í því sambandi.

Af einhverjum ástæðum er þessi herskái stjórnmálafræðingur talinn ómissandi álitsgjafi í flestum útsendingum ríkisfjölmiðlanna um þjóðfélagsmál á síðastliðnum misserum.

Hann mun auðvitað ekkert gefa núverandi forseta eftir sem lét gamminn geisa með einhliða stríðsáróðri í Silfri Egils í mars árið 2022 um stríðið í Úkraínu. Sagði að við skyldum styðja karlmennsku og hafna því að setja okkur inní deilumálið. Þáttastjórnandinn spurði þá hvort við værum dottin í ákveðinn stríðsham og benti á að málið væri ekki eins einfalt og forseti Íslands, sem RÚV skaut á loft í aðdraganda forsetakosninga 2016, léti í veðri vaka. Þá snérist sagnfræðingurinn á Bessastöðum á þúningnum yfir í það sem hann taldi vinsælla, hjal um að hafa setið barnaþing.


Mínar áherslur eru svo sannarlega allt aðrar. Ég tel gersamlega óraunhæft að ætla að verjast nútíma hernaði og kjarnorkusprengjum sem hernaðarsérfræðingar tala nú um að ógni okkur, með einhverju 150 manna herliði á Íslandi. Varnirnar liggja í því að taka upp friðarstefnu og nota embætti forseta Íslands til að tala fyrir því á alþjóða vettvangi. Því miður hef ég fengið lítil tækifæri til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri í ríkisfjölmiðlunum með viðeigandi hætti. T.d. hef ég verið útilokaður frá hinum vinsæla þjóðmálaþætti Silfur Egils.

Ritskoðun RÚV

Í aðdraganda forsetakosningar árið 2004 skrifaði heimspekkur prófessor í friðarmálum um ritskoðun sem hann varð fyrir hjá RÚV um málefnið Virkjum Bessastaði:

Dr. Dietrich Fischer skrifar um RÚV:

“Þessi leið til að hindra frjálsta og opna umræðu minnir einna helst á herferðina í Júgoslavíu árið 1992 þar sem talsmanni friðar, Milan Panic, var aftrað frá að kynna friðarstefnu sína fyrir kjósendum vegna þess að fjölmiðlum þar í landi var alfarið stjórnað af stuðningsmönnum þáverandi forseta landsins, Slobodan Milosevic.”



Dagana 11.-13. maí var ég staddur á Íslandi. Ríkissjónvarpið tók 45 mínútna viðtal við mig í tengslum við komandi forsetakosningar hér á landi. Þar sem viðtal þetta fór fram á ensku átti það að vera birt með íslenskum texta. Því var útsendingunni frestað. Ég heyrði rétt í þessu frá Ástþóri Magnússyni (ég styð málstað hans í friðarmálum) og hann tjáði mér að einungis tíu mínútna brot úr viðtalinu hefði verið birt í sjónvarpinu í kvöld og var þar ekki minnst einu orði á áhersluþætti mína um það hvernig forsetaembætti Íslands gæti beitt sér í friðarmálum á alþjóðavettvangi né heldur var minnst á hvað Ástþór Magnússon hyggst gera nái hann kjöri.

Ég nefndi og studdi eftirtalin þrjú markmið hans en heyrði að þau hefðu öll verið tekin út úr viðtalinu:

1. að koma á fót stofnun í lýðræðisfræðum sem muni stuðla að virkara lýðræði, sem fyrirmynd fyrir alla heimsbyggðina;
2. að breyta bandarísku herstöðinni á Íslandi í höfuðstöðvar friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna;
3. koma á friðarstofnun þar sem leitað verður úrlausna á málum deiluaðila víða að úr heiminum þar sem þeir geta hist ásamt reyndum sáttasemjurum.

Einnig benti ég á að þrátt fyrir að Ísland sé lítið land gæti það samt sem áður haft mikið forskot í að stuðla að friði. Ég minntist á tvo forseta í þessu sambandi:

Árið 1973 bauð forseti Finnlands, Urho Kekkonen, öllum ríkisstjórnunum í Evrópu til ráðstefnu í Helsinki um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem stóð til 1975, og undirbjó jarðveginn fyrir endalok kalda stríðsins.

Árið 1986 fundaði forseti Costa Rica, Oscar Arias Sanchez, með öðrum forsetum Mið-Ameríku og gerði samkomulag sem undirritað var af öllum forsetunum, sem endaði Contra-stríðið í Nicaragua, og varð að grundvelli annarra svipaðra friðarsáttmála í El Salvador og Guatemala.

Ég skýrði frá því að Ástþór Magnússon myndi, ef hann yrði kosinn forseti Íslands, nota þau tækifæri sem gæfust sökum stöðu hans, til að koma Íslandi á kortið sem uppsprettu friðar í heiminum.

Mér var tjáð að öllum þessum þáttum, sem voru kjarni umræðu minnar, hefði verið sleppt þegar hluti viðtalsins var sýndur í sjónvarpinu í kvöld. Ég verð að játa að ég er hneykslaður. Þessi leið til að hindra frjálsa og opna umræðu minnir einna helst á herferðina í Júgoslavíu árið 1992 þar sem talsmanni friðar, Milan Panic, var aftrað frá að kynna friðarstefnu sína fyrir kjósendum vegna þess að fjölmíðlum þar í landi var alfarið stjórnað af stuðningsmönnum þáverandi forseta landsins, Slobodan Milosevic.

Ég vonast til að útgáfa viðtalsins við mig verði birt í fullri lengd og óritskoðuð fyrir kosningarnar 26. júní, til þess að gefa íslenskum kjósendum kost á að ákveða sjálfir hvort þeir séu sammála eða ósammála þeim skoðunum sem ég lét í ljós, í stað þess að einhver komi fram við kjósendur eins og börn sem ákveðið er fyrir hvað þau mega sjá og hvað ekki.

Ég er þakklátur fyrir það tækifæri sem ég fékk til að tjá mínar skoðanir, en ég varð samt sem áður fyrir vonbrigðum þegar þær voru afskræmdar með því að klippa burtu kjarnann í máli mínu.

Með bestu kveðjum
Dr. Dietrich Fischer

Úkraína og stríð við Rússland

Í aðdraganda innrásar Rússa í Úkraínu skrifaði ég bréf frá Alþjóðastofnuninni Friður 2000 til Vladimir Zelensky með tillögum að lausn deilunnar. Efni bréfsins var unnið í samstarfi við þekktan fræðimenn í friðarmálum og byggðist nokkuð á Westphalia friðarsamningnum Sviss árið 1648. Þá hafði geisaði styrjöld í um 30 ár sem leyst var með því að gera Sviss að sambandslýðveldi. Sviss varð síðan eitt blómlegasta ríki heims.

Úkraína á að nokkru leyti við svipuð vandamál að etja, mismunandi þjóðarbrot innan sama ríkis. Í austur héruðum Úkraínu og á Krímskaganum er rússneskt mælandi fólk í meirihluta.

Bandaríska leyniþjónustan

Stríðið má rekja til byltingar sem varð í Úkraínu árið 2014. Aðdragandi hennar var fjárstreymi frá bandarískum stofnunum og CIA sem dældu milljörðum í að koma upp nýjum fjölmiðlum og öðrum áróðursvélum til að skipta um stjórnendur í Úkraínu og koma “okkar mönnum” inn. Það er mikil einföldun á staðreyndum sem haldið hefur verið fram á vesturlöndum að stríðið sé alfarið vegna “brjáláðs” einræðisherra í Rússlandi. Um þetta gæti ég skrifað heila bók en hér hef ég aðeins stiklað á stóru og birti hér að neðan bréfið sem ég sendi til Zelensky.

Gleymdu flóttamennirnir

Áður en innrás Rússa hófst í Úkraínu árið 2022 höfðu þegar meira en tvær milljónir manns flúið landið og 1.6 milljónir lagt á flóttu innan Úkraínu. Samtals höfðu nær fjórar milljónir íbúa Úkraínu flúið heimili sín áður en innrásin hófst 24. febrúar 2022. Sumir töluðu um gleymdu flóttamennina

Því fólkið mætti köldum móttökum í Evrópusambandinu, fékk yfirleitt höfnun á hælisumsóknir og helstu fjölmiðlar þögðu.

Meira en milljón manns höfðu flúið til Rússlands undan árásum hersveita Úkraínu áður en innrás Rússa hófst árið 2022. Þúsundir almennra borgara höfðu þegar verið drepin og fjöldi fangelsaður. Mannréttindaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna gaf út skýrslu sem lýsti handahófskenndu gæsluvarðhaldi, pyntingum og illri meðferð sem sögð voru rótgróin vinnubrögð á svæðinu, og að þessi vandamál hafi verið útbreiddari en takmarkaður fjöldi mála sem Amnesty International og Human Rights Watch rannsökuðu. Þessi alþjóðlegu samtök höfðu gefið út skýrslur um fjölda manndrápa án dóms og laga af hálfu hersveita undir Úkraínskum stjórnvöldum og árangurslaust biðlað til forseta landsins að stöðva blóðbaðið.

Súkkulaðikóngurinn

Í einu slíku bréfi sent olígarkanum Petro Poroshenko, oft kallaður “súkkulaðikóngurinn”, sem átti m.a. fjölmiðlavelði í Úkraínu og varð forseti landsins í kjölfar uppreisnarrinnar 2014 skrifaði Human Rights Watch: “Við höfum skráð fjölmörg atvik af drápum, mannránnum, pyntingum og illri meðferð, hótunum og annarri misnotkun uppreisnarmanna gegn pólitískum aðgerðarsinum, embættismönnum, rannsóknarblaðamönnum og þess háttar. Við skráðum einnig nokkur tilvik um hvarf blaðamanna sem starfa fyrir rússneskar sjónvarpsstöðvar og sjálfskipaða stjórn Donetsk alþýðulýðveldisins (DNR) af úkraínskum hersveitum.”

Kjörorð Poroshenko um forsetaembættið voru hernaður, tungumál og þjóðtrú, og m.a. fjallaði um það að banna rússnesku sem opinbert mál einnig í þeim héröðum þar sem flestir íbúa litu á rússnesku sem sitt móðurmál, og breyta kirkunni með því að slíta hana frá rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni.

Það er mikil einföldun á staðreyndum eins og vestrænir fjölmiðlar hafa reynt að halda fram að innrás Rússa í Úkraínu hafi gerst í einhverju tómarúmi. Áralangt ofbeldi var undanfari innrásarinnar.

Ekki orð til friðar frá Íslandi

Því miður hafði ég ekki aðgang að Zelensky, Putin eða öðrum ráðamönnum til að kynna þessar hugmyndir beint og milliliðalaust eins og hefði þurft að gera af aðilum eins og forseta Íslands, sem hefði getað komið hér að sem hlutlægur boðberi friðar með hugmyndafræði sem gæti leyst deiluna. Í stað þessa lagðist forseti Íslands og ríkisstjórn í lið með hermöngurum og úr varð blóðugt stríð sem geisar enn.

Ég tel miklar líkur á því að atburðarásin í Úkraínu hefði orðið með öðrum hætti ef ég hefði setið sem forseti frá árinu 2016. Ég hefði strax farið í það verkefni að kynna tillögur að friðsamlegum lausnum á deilunni þannig að deilan hefði ekki þróast í þá blóðugu styrjöld sem raun ber vitni.

Bréf til sent forseta Úkraínu:

Virðulegi forseti Volodymyr Zelensky,

Árið 2002 veitti Friðarstofnun 2000 merktum hugsjónamanni friðarverðlaun Leifs Eiríkssonar. Í síðustu viku gaf þessi hugsjónafulli bandaríska þingfulltrúi Barbara Lee yfirlýsingu um málefni Úkraínu: „Það er engin hernaðarlausn á þessari kreppu - diplómatía þarf að vera í brennidepli.

Þingkonan Barbara Lee var fulltrúi þess hugrekksis sem nútímaleiðtogar þurfa að tileinka sér þegar árið 2001 þremur dögum eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september varð hún her eins fyrir frið og ein af 431 þingmönnum og 100 öldungadeildarþingmönnum sem voru á móti því að veita Bush forseta heimild til að beita valdi. stríð „til að svara þessum árásum og losa heiminn við hið illa“.

Sá stríðsleiðangur Bandaríkjanna var algjörlega misheppnaður fyrir utan vopnaframleiðendur sem græddu á 8 milljörðum dala af opinberu fé sem varið hefur verið í það undanfarin 20 ár og valdið því að 38 milljónir manna hafa verið á flótta frá heimilum sínum og 929.000 drepnir, þar af 364.000 óbreyttir borgarar.

Þú stendur nú á miklum tímamótum í lífi þínu Zelensky forseti. Mun arfleifð þín vera mikill hugsjónasamur leiðtogi sem braut leiðina til velmegunar fyrir þjóð þína og Evrópu? Þú hefur vald til að binda enda á þessi átök núna og taka upp nýja stefnu sem mun fá Úkraínu til að blómstra sem frábær þjóð og leiðandi í lýðræði, tækni og viðskiptum.

Við hvetjum þig til að rannsaka pólitískt landslag Sviss. Hvernig sú þjóð, sem hlutlaust friðsælt ríki, varð leiðarljós lýðræðis og traust fjármálamiðstöð í heiminum.

Við hvetjum þig líka til að kynna þér sögu Kosta Ríka og aðgerðir fyrrverandi forseta Oscar Arias Sanchez sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1987 eftir að hafa neitað þrýstingi Bandaríkjanna um að leyfa að flugbraut í landi hans væri notuð sem birgðastöð fyrir Níkaragva sem njóta stuðnings Bandaríkjanna. Þess í stað stóð hann fyrir fundi með forseta Guatemala, El Salvador, Hondúras og Níkaragva sem leiddi til friðarsáttmála sem batt enda á áratug af átökum á svæðinu. Með orðum hans: „Á þeim tíma sem við gerðum frið, háðu stórveldi heimsins stríð þar sem þau útveguðu vopnin og Mið-Ameríka útvegaði þá látinu.

Rannsókn sem gerð var af háskólanum í Kosta Ríka leiddi í ljós að eftir að herinn var lagður niður fór landsframleiðsla á mann á Kosta Ríka að vaxa mun hraðar en fyrir afnám. ^[1]Árið 1948 tók Kosta Ríka sögulega ákvörðun sem ekkert annað land hefði nokkurn tíma tekið, að leggja niður her sinn og lýsa yfir friði við heiminn. Með þessu lofaði Kosta Ríka að borgarar þeirra myndu aldrei sjá skriðdreka eða hermenn á götum sínum. Að það myndi fjárfesta, ekki í vopnum fortíðarinnar, heldur í verkfærum framtíðar þeirra;

ekki í kastalanum, heldur í skólum, sjúkrahúsum og þjóðgörðum; ekki í hermönnum, heldur kennurum, læknum og garðvörðum. Kosta Ríka lofaði að leggja niður ofbeldisstofnanirnar og fjárfesta í þeim framförum sem gera ofbeldi óþarft. Einfaldlega, Kosta Ríka fjárfesti í fólkinu sínu.

Þó að við gerum okkur grein fyrir því að núverandi ástand sem þú stendur frammi fyrir er krefjandi, teljum við að þú sem forseti Úkraínu hafir möguleika og skyldu við þjóð þína til að bregðast við núna á ábyrgan hátt til að binda enda á átökin. Við trúum ekki að aðild að hernaðarbandalagi sé leiðin fram á við til langvarandi friðar og velmegunar fyrir hina miklu þjóð Úkraínu.

Við mælum með að þú farir aðra leið:

1. Gefðu út yfirlýsingu um að Úkraína verði hlutlaust ríki án hernaðarbandalaga og muni ekki sækjast eftir aðild að NATO. Hlutleysi er val sem eykur frelsi Úkraínu frá báðum hliðum og lækkar þröskuld ofbeldis.
2. Ná samningum um að hvorki NATO né Rússland ráðast á Úkraínu og virði hlutleysi Úkraínu.
3. NATO yfirgefi Úkraínu, loki skrifstofu sinni í Kyiv og hernaðarstarfsemi allra aðila við landamæri Úkraínu verði hætt.
4. Biddu um að friðargæsluverkefni SP verði sett á laggirnar á Donbas svæðinu á meðan þú framkvæmir stefnu um umskipti yfir í langtíma pólitíska lausn.
5. Sviss er eitt farsælasta sambandsríki heims. ^[2]Þetta getur þjónað sem leiðarljós lýðræðis fyrir Úkraínu. Sviss sem Úkraína inniheldur marga þjóðernishópa, menningu og tungumál. Eftir borgarastyrjöld fundu Svisslendingar frið með dreifðri bandalagsskipan með tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum og hlutleysi. Það varð ein af velmegustu þjóðum heims. Þú hefur vald til að hafna stríðsáróðri og gera slíkt hið sama fyrir þjóðir þínar í Úkraínu.

6. Úkraína hefur nokkra af bestu hugbúnaðarverkfræðingum í heimi. Þetta gefur þér einstakan vettvang til að auka lýðræði með nútímatækni. Tækni (til dæmis blockchain) er að færa okkur í átt að valddreifingu. Fræðimenn líta á beint lýðræði sem leið fram tíðarinnar. Í dag höfum við tæknina til að innleiða þetta. Hraðbankakerfi hafa örugga auðkenningu og hægt er að breyta þeim í kjörklefa um alla Úkraínu. Þetta gæti gert íbúum Úkraínu kleift að taka meiri þátt í að ákveða mál sín og bjóða upp á leið til að leysa átök.

Ef þú snýrð Úkraínu frá því að vera brúðuvöllur fyrir landstjórnarmál í kalda stríðinu í land sem gerir eitthvað gott fyrir heiminn, mun enginn vilja ráðast á það. Þetta mun veita fólki þínu raunverulegt öryggi fyrir framtíðina sem herbúnaður getur ekki. Ef þú leyfir landinu þínu að verða leikvöllur fyrir stríð, hvað verður eftir þar til að stjórna?

Við hvetjum ykkur til að innleiða friðsamlega leið fram á við og gæta þess að verða ekki leikbrúða hernaðariðnaðarsamstæðunnar sem bíður þess að græða á eyðileggingu lands ykkar og þjóða. Eisenhower, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, varaði okkur við þessu: „Í stjórnarráðum verðum við að gæta þess að hernaðariðnaðarsamstæðan öðlist óviðeigandi áhrif, hvort sem þau eru eftirsótt eða ekki. Möguleikinn á hörmulegum uppgangi valds sem er á villigötum er fyrir hendi og mun halda áfram.“

Við vonumst til að verða vitni að skuldbindingu þinni til að koma á friði fyrir þjóð þína og vonumst til að fá tækifæri til að veita þér friðarverðlaun Leifs Eiríkssonar vegna viðleitni þinnar til að gera Úkraínu að hlutlausri og velmegandi þjóð í friði.

Við óskum þér innilega til hamingju með það verkefni.

Alþjóðastofnunin Friður 2000



Ísrael og Palestína

Friður 2000 hefur unnið með hugmynd að Alþingi-Jerúsalem sem yrði vettvangur til friðarviðræðna þar sem allir deiluaðilar geta sent sína fulltrúa og lagt orð í belg. Við viljum kynna hvernig vikingarnir á Íslandi stofnuðu fyrir meira en þúsund árum Alþingi á Þingvöllum.

Ég hef líkt mikilvægi þessa boðskapar við jólaguðspjallið fyrir mannkynið. Við verðum að finna lausn á deilunni um Ísrael og Palestínu. Það tekst ekki nema með samhentum átaki allra deiluaðila. Það þarf að leiða mönnum fyrir sjónir að ekki sé hægt að útiloka einstaka hópa eða þjóðarbrot frá þátttöku í að byggja friðarríki í mið austurlöndum.

Forseti Íslands gæti hér gegnt mikilvægu hlutverki á næstu árum með því að ferðast um heimsbyggðina og boða nýja hugmyndafræði til lausnar á deilunni. Hér þarf að leiða saman um allan heim friðarhreyfingar, atvinnulífið og stjórn málin til að taka á þessu máli af festu og hlutlægni með því markmiði að uppræta það ófriðarbál sem nú geisar í mið austurlöndum.



Friðarsetur Reykjavíkur

Ég reyndi mikið að fá borgarstjórnann í Reykjavík í lið með mér til að koma á fót alþjóðlegu friðarsetri og friðarháskóla í Reykjavík í samstarfi við friðarsamtök, framámenn og prófessora í friðarfræðum frá öllum heimshornum en hugmyndin átti víðtækan alþjóðlegan stuðning. Fyrst herjaði ég með þetta mál á Sólrúnu Gísladóttur sem var borgarstjóri í kjölfarið á því að Friður 2000 var stofnað á Íslandi árið 1995.

Eftir að ræða við starfsmenn borgarinnar var mér bent á að ræða við skrifstofu byggingarfulltrúa um hvar væru möguleikar á að byggja slíkt friðarsetur og háskóla í Reykjavík. Rætt var um Öskjuhlíðina nálægt Háskólanum í Reykjavík sem heppilega staðsetningu. Mér tókst að hitta á Sólrúnu í örstutt spjall um hugmyndirnar en síðan dagaði málið uppi hjá borginni og ég heyrði aldrei til baka um mögulegt samstarf að koma á fót friðarsetri í Reykjavík.

Friðarháskóli á Íslandi

Ég reyndi einnig að koma þessari hugmynd á framfæri við Menntamálaráðuneytið í ráðherratíð Björns Bjarnasonar. Þá var búið eða stóð til að leggja af skólalald í Reykholti Borgarfirði. Auglýst var eftir hugmyndum að nýrri starfsemi í Reykholti. Um var að ræða skólabyggingu, heimavistarhús og aðrar byggingar. Í raun heilt samfélag. Ég sendi inn umsókn um að koma á fót alþjóðlegu háskóla setri um friðar- og lýðræðisþróun. Aðrar hugmyndir sem bárust voru m.a. að setja upp hótél með veislum að fornum sið. Slíkar veislur snérust oft um margra daga fyllerí fyrir á öldum. Ég reyndi að fá Geir Waage sóknarprestinn í Reykholti með mér í lið en hann hafnaði samstarfi. Ég efndi til samkomu friðarsinna í Reykholti eitt sumarið til að reyna enn frekar að koma hugmyndinni á framfæri. Við vildum halda bænastund til friðar í kirkjunni við dræmar

undirtektir sóknarprestsins sem vildi í fyrstu ekki mæta, en þegar hópur friðarsinna var byrjaður bænastundina í kirkjunni mætti hann loks.

Menntamálaráðuneytið synjaði umsókn okkar og valdi frekar að breyta skólahúsinu í skjalageymslur. Í stað þess að styðja að þróun til friðar í heiminum með alþjóðlegum háskóla vildi þessi hornsteinn menntamála í landinu frekar nýta húsnæðið undir auðar geymslur.

Ég gekk einnig á fund Ólafs Ragnars Grímssonar sem þá var orðinn forseti og bað hann að leggja mér lið til að tala um fyrir menntamálaráðuneytinu um að nýta Reykholtsskóla undir friðarháskóla frekar en geymslur. En hann synjaði einnig erindinu og vildi ekki gera neitt til að hreyfa við málinu.

Reykjavík borg friðarins

Í borgarstjóratíð Jóns Gnarr 2010 - 2014 hélt ég að nú loks væri kominn einhver sem hefði áhuga á að setja Reykjavík á kortið sem borg friðarins, og reyndi ég að ná fundi með Jóni. Þrátt fyrir ítrekaðar hringingar mínar á skrifstofu borgarstjóra til að fá fund um þetta mikilvæga málefni voru alltaf á reiðu einhverjar afsakanir fyrir því að hitta mig ekki.

Kannski síaðist þetta samt eitthvað inn hjá borginni, því á endanum árið 2016, um tuttugu árum eftir að ég kynnti þessar hugmyndir fyrst, var stofnað Friðarsetrið Höfði í samstarfi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Ég þekki lítið sem ekkert til þeirrar starfsemi þar sem mér hefur aldrei verið boðið, hvorki á undirbúningsfundi, opnun eða til annarra viðræðna um þessa friðarstarfsemi borgarinnar.

Vindhani frá Bessastöðum

Þegar Höfða friðarsetri í Reykjavík var formlega hleypt af stokkunum árið 1996 flutti forseti Íslands ávarp og sagði Íslendinga geta lagt sitt af

mörkum til friðarmála. „Við erum herlaus þjóð. Við höfum ekki kynnst styrjöldum á eigin grundu. En orð eru til alls fyrst og að stofna friðarsetur og kenna það við Höfða held ég að geti skipt máli. Orðið Höfði hefur í huga margra tilvísun til friðarumleitunar. Afvopnun og notum það sem við höfum og reynum að verða að liði. Það er það sem þetta snýst um,“ sagði Guðni Jóhannesson. Það er miður að hugur fylgdi ekki máli hjá forsetanum sem síðan árið 2022 hvatti til að styðja “karlmennsku” og hafnaði því að setja okkur inn í deilumálið milli Úkraínu og Rússlands og lét gamminn geisa með einhliða stríðsáróðri í hinum vinsæla þætti Silfur Egils á RÚV. Þáttastjórnandinn spurði þá hvort við værum dottin í ákveðinn stríðsham og benti á að málið væri ekki eins einfalt og forseti Íslands léti í veðri vaka. Þá var forsetinn snöggur að skipta um umræðuefni yfir í það sem hann taldi vinsælla hjal og byrjaði að tala um að hafa setið barnaþing. Eyddi umræðunni.

Nýr forseti getur rutt brautina

Til að ná árangri á alþjóðavettvangi til friðar- og lýðræðisþróunar þarf sterkan og þrautseigan einstakling sem vinnur að þessu verkefni af eldmóð og innri sannfæringu. Sem lætur ekki bugast þótt móti blási. Sérstaklega er þetta mikilvægt í upphafi þegar embætti forseta Íslands stígur fyrstu skrefin til að ýta þessum bát úr vör. Það þarf að ryðja brautina sem aðrir geta síðan gengið.

Þverpólitískt sameiningartákn

Embætti forseta Íslands er þverpólitískt og sameiningartákn allrar þjóðarinnar hvar í flokki sem fólk stendur. Forsetinn getur þannig náð til stjórnámálamanna, atvinnugreina og almennings sem hlutlægur boðberi.

Hugmyndin að Virkja Bessastaði til friðar- og lýðræðisþróunar snýst um að nýta aðgengi forsetans að þjóðinni, alþjóðlegum leiðtogum og stórstjörnum á sviði lista og menningar til að leiða verkefnið og kynna

hugmyndafræðina. Slíkan aðgang að alþjóðlegu samfélagi hafa yfirleitt ekki einstaka þingmenn, starfsmenn stofnana eða friðarsamtök. Embætti forseta Íslands með kraftmiklum boðbera friðar í því embætti og sem getur haldið stefnu hvaðan sem vindar blása, sem ótrauður leiðir málið áfram af heiðarlegri sannfæringu getur gjörbylt heimsmynd okkar til hins betra.



Árið 1996 færði ég bókina Virkjum Bessastaði til þáverandi forseta Bandaríkjanna í Washington.

Gallar í kosningakerfi afhjúpaðir

Forsetaframboð mín afhjúpuðu alvarlega galla í kosningakerfi landsins þegar gerð var skipulögð aðfröð að framboðunum með skemmdarverkum og meintum fölsunum á meðmælendalistum.

Fyrri tilfellið átti sér stað árið 2000 eftir að hundruð undirskrifta reyndust ógildar vegna skemmdarverka sem framin voru á listum sem lágu frammi á nokkrum auglýstum stöðum fyrir fólk til undirritunar. Þegar upp var staðið kom í ljós að 30 undirskriftir vantaði uppá lágmarksfjöldann sem leiddi til þess að sitjandi forseti varð sjálfkjörinn án kosninga í kjölfar þess að umboðsmaður hans synjaði því að veita framboði mínu 24 klukkustunda frest til að bæta úr þessu. Mér fannst þetta nokkuð harkalegt þar sem ljóst var að stuðningsmenn eina mótframbjóðandans, sem jafnframt var sitjandi forseti, höfðu staðið fyrir aðfröðinni að mínum meðmælendalistum.

Seinna tilfellið var árið 2012. Ég auglýsti eftir fólk til að fara um landið með kynningarmöppu og biðja um undirskriftir á meðmælendalista. Öllum meðmælendalistum var skilað inn en þá komu allt í einu fram einhverjar ábendingar um fölsuð nöfn á listum sem einn af fleiri starfsmönnum framboðsins hafði safnað. Sá neitaði allri sök bæði við mig og lögreglu en ég kærði málið umsvifalaust til lögreglu og óskaði eftir lögreglurannsókn á því hvernig tugir falsaðra undirskrifta hefðu ratað á mína meðmælalista.

Yfirkjörstjórnir í Reykjavíkurborgum vísuðu meintum fölsunum á undirskriftum líka til lögreglu. Yfirlögregluþjónn á Akureyri, sem sagðist hafa verið settur á meðmælendalista að sér forspurðum kærði málið og krafðist opinberrar rannsóknar.

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis sagðist hafa gert svokallaðar stikkprufur á meðmælendalistunum. Sögðust hafa hringt í tíu manns, og enginn þeirra kannaðist við að hafa sett nafn sitt á listann. Ég var með engar sannanir í höndunum um að undirskriftirnar væru falsaðar. Símtölin fóru

Þannig fram að sýslumaður í litlu bæjarfélagi hringdi í einstaklinga á listanum og auðvitað var sá möguleiki fyrir hendi að fólk hræddist þetta símtal og vildi ekki viðurkenna fyrir yfirvaldinu að hafa skrifað sig á listann.

Skrifað með titrandi hendi

Eitt dæmið um meinta fölsun var undirskrift gamals manns sem hafði verið skrifuð með titrandi hendi. Annað hvort var mjög fagmannlega staðið hér að verki eða meint fölsun á undirskriftinni átti ekki við rök að styðjast.

Framboðið var úrskurðað ógilt þrátt fyrir að engar sannanir væru fyrir fölsunum. Lögreglan var með málið í meðförum í þrjú ár og þá var málið fellt niður. Það er því ljóst að ógilding framboðsins var ólögmat aðgerð af hálfu yfirvalda þar sem engar sannanir lágu fyrir um falsanir á listum eftir þriggja ára rannsókn lögreglunnar. Einnig er mjög ámælisvert að niðurstaða lögreglu var ekki ljós fyrr en nokkrum mánuðum áður en frambjóðendur og aðrir fóru að leggja drög að kosningabaráttu vegna næstu forsetakosninga á eftir.

Sá háttur er hafður á að frambjóðendur eða fulltrúar þeirra mæta á sameiginlegan fund hjá innanríkisráðuneytinu áður en formleg framboðsvottorð eru gefin út. Á slíkum fundi árið 2012 lét ég bóka athugasemdir við lista annarra frambjóðenda, sérstaklega eins frambjóðanda sem báru merki um sömu áferð á skrift á stórum fjölda meðmælenda. Þrátt fyrir að ég taldi mikilvægt að skjalfesta þetta upp á framtíðar þróun lýðræðis, vildi ég ekki upplýsa fjölmiðla um hvaða framboð væri að ræða enda hefði slík umfjöllun hefði getað haft neikvæð áhrif á það framboð. Hér gat einnig hafa verið um að ræða aðför að öðru framboði. Í viðtölum við fjölmiðla eftir kosningarnar sagði þessi frambjóðandi forsetann hafa ráðist að eiginmanni sínum með ótrúlegum hætti og einsdæmi væri að ráðist sé með slíkum hætti á maka frambjóðanda. Því miður virðist leðjuslagur stjórnmála gamla Íslands enn hafa einkennt forsetakosningar.

Svo virtist sem einhver væri að reyna leggja stein í götu lýðræðisins með því að gera lista yfir meðmælendur tortryggilega. Málið afhjúpaði meiriháttar galla í kerfinu sem þurfti að laga. Ég ræddi mikið við formenn kjörstjórna um vandamálin sem komu upp með listana. Einn þeirra tjáði mér að svona mál hefðu stundum komið upp í alþingiskosningum en verið þöggud niður. Minntist hann sérstaklega eins slíks máls á Akureyri sem kom upp hjá einum af núverandi ríkisstjórnarflokkum fyrir mörgum árum.

Hópur kjósenda kærði ógildingu framboðs

Hópur kjósenda kærði ógildingu míns framboðs árið 2012 til Hæstaréttar þar sem engar haldbærar sannanir voru fyrir fölsun undirskrifa. Sögðu yfirkjörstjórnir og innanríkisráðuneytið hafa brotið á forsetaframboði Ástþórs Magnússonar með því að draga það í meira en mánuð að vinna úr meðmælendalistunum sem hafði verið skilað inn löngu áður en framboðsfrestur rann út. Ef athugasemdir við meintar falsanir hefðu komið fram strax og listum var skilað, hefði það verið einfalt mál að skila inn nýjum undirskriftum í stað þeirra sem úrskurðaðar voru ógildar. Í kærinni var vísað til bókunarinnar hjá innanríkisráðuneytinu um athugasemdir á listum annarra forsetaframbjóðenda 2012 svo og upplýsinga frá Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis um samsvarandi athugasemdir við framboð til alþingiskosninga og spurt um meðalhófsreglu og jafnrétti. Kærendur töldu það ekki geta samrýmst stjórnarskrá eða hafi verið í anda lýðræðis, jafnréttis og meðalhófsreglu að útiloka einn frambjóðanda með þeim hætti sem gert var og sögðu:

“Sem þegnar lýðveldisins og sem kjósendur hljótum að eiga rétt á því að velja okkur forseta úr þeim framboðum sem komin eru fram á sjónarsviðið. Ef um er að ræða falsanir á einstökum undirskriftum meðmælenda eins og sumir starfsmenn kjörstjórna halda fram, hljóta í fyrsta lagi að þurfa liggja fyrir haldbærar sannanir um slíkt auk þess sem það getur ekki verið í anda

lýðræðis að láta það bitna á brotaþolum, frambjóðandanum, og okkur sem viljum kjósa hann.”

Ítrekað sendi tillögur að úrbótum

Ég hafði ítrekað lagt til þá nýjung að hvert framboð skrái meðmælendur sína inn á öruggt vefsvæði og þá fari tilkynning í netbanka viðkomandi sem geti gert athugasemd hafi hann ekki ritað á listann eigin hendi. Með slíkri einfaldri lausn mætti koma í veg fyrir að hægt yrði að ógilda framboð með aðför að meðmælendalistum. Enda eigi slíkt ekki heima í lýðræðisríki.

Í aðdraganda forsetakosninga árið 2016 var framboðum loks veittur aðgangur að þjóðskrá til að slá inn nöfn til að kanna gildi meðmælenda. Þrátt fyrir það komu upp vandamál með meðmælendalista við alþingiskosningar árið 2017 þegar yfirkjörstjórnir í báðum Reykjavíkurborgum vísuðu listum tveggja stjórnámálaflokka til lögreglu þar sem grunur lék á að undirskriftir á meðmælendalistum væru falsaðar. Annað framboðið, sem aldrei hefur komist á þing, dró lista sína til baka, hitt framboðið sem er með þingmenn á Alþingi var úrskurðað gilt þrátt fyrir grun um fölsun þar sem yfirkjörstjórn taldi falsanir þar “afmarkað”. RÚV þurfti að biðja þriðja stjórnámálaflokkinn afsökunar eftir að sá flokkur var ranglega sakaður um falsanir á sínum listum í fréttatíma ríkisfjölmiðilsins.

Blettur á sögu lýðræðis á Íslandi

Þegar upp var staðið eftir margra ára rannsókn lögreglu er ljóst að ekki var grundvöllur fyrir því að dæma forsetaframboð mitt árið 2012 ógilt. Meðferð málsins er blettur á sögu lýðræðis á Íslandi og undirstrikaði alvarlega galla í kosningalögum, reglum og starfsháttum kjörstjórna.

Listum sem var skilað í góðri trú meira en mánuði áður en framboðsfrestur rann út, voru ekki teknir til yfirferðar fyrr en um 5 vikum

síðar þegar allt of seint var að bregðast við þeim ásökunum sem komu upp um listana. Þá þurfti einnig að skila listum út um allt land. Jafnvel samtímis uppá dag og klukkustund var ætlast til þess að forsetaframbjóðandi mætti með lista hjá kjörstjórn í Reykjavík og úti á landi sem var auðvitað útilokað nema vera með fleiri manns í vinnu við slíkt. Þetta jók auðvitað á flækjustigið. Ég vakti rækilega athygli á þessu við hina ýmsu embættismenn og skoraði á þá að beita sér fyrir breytingum.

Kosningar hófust án staðfestingar framboðs

Sú furðulega hefð viðgengst lengi að hefja utankjörfundar kosningar áður en búið var að úrskurða um gildi framboða. Framleiddir voru fyrir þetta stimplar með nöfnum óstaðfesta frambjóðenda. Ef ekki fannst stimpill með nafni einstakra frambjóðenda mátti kjósandinn skrifa nafnið. Þannig komu upp tilfelli um atkvæði til framboða sem aldrei skiluðu inn fullgildu framboði. Ég man eftir dæmi um að Andrés Önd fékk slíkt atkvæði.

Kem ríðandi að hætti Jóns Sigurðssonar

Vinnubrögðin við kosningar árið 2012 gengu svo fram af mér að ég skrifaði grein um það undir fyrirsögninni “Kem ríðandi að hætti Jóns Sigurðssonar”. Ég birti hana að mestu óbreytt hér svo lesendur fái smá innsýn inn í þennan heim. Það verður að teljast merkilegt og það varð líklegast til þess að loks að gerðar voru úrbætur á kerfinu, að í mínu tilfelli var forsetaframboð úrskurðað ógilt þrátt fyrir að meðmælendalistum hafi verið skilað löngu fyrir tilskilinn tíma. Ég þurfti að þröngva listunum inn á ráðuneytið sem ég gerði vegna þess að utankjörestaðakosningin hófst löngu áður en framboð voru úrskurðuð gild, og vegna þess að RÚV var að fjalla um mitt framboð á þeim nótum að það væri ekki alvöru. Vísuðu gjarnan í önnur framboð sem alvöru.

Þetta skrifaði ég með nokkrum vikum áður en framboðsfrestur rann út: Nú fer að nálgast hálfur mánuður síðan ég sendi öllum yfirkjörstjórnnum afrit meðmælendalista við forsetaframboð ásamt rafrænni skrá og óskaði vottorða yfirkjörstjóra að meðmælendur mínir væru kosningabærir, en samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta skal skila framboðinu til ráðuneytis með slíku vottorði. Engin kjörstjórnanna hefur orðið við erindi mínu.

Forneskjuleg vinnubrögð

Hins vegar hafa nú birst smáauglýsingar frá einstaka kjörstjórnnum, þar sem kveðið er á um allt annað verklag en áður hefur þekkt við forsetakosningar. Í samtölum mínum við yfirmenn einstakra kjörstjórna, starfsmenn innanríkisráðuneytisins og Þjóðskrá kemur í ljós að hver höndin er upp á móti í annarri í þessu verkferli. Eftir þessum samtölum er engu líkara en aldrei hafið verið haldnar forsetakosningar áður hérlendis og kerfið allt að ganga úr böndum því starfsmaður sem sá um þetta áður hjá ráðuneytinu hefur látið af störfum fyrir aldurs sakir.

Þar sem farið er yfir alla meðmælendalista af einum aðila, einni skrifstofu sem er Þjóðskrá í Borgartúni, ætti að vera einfalt mál að skipa einn fulltrúa á vegum stjórnsýslunnar til að votta listana eða boða til fundar í innanríkisráðuneytinu þar sem fulltrúar yfirkjörstjórna geta mætt og farið yfir það sem kemur frá Þjóðskrá um þau nöfn sem eru innan þeirra kjördæmis.

Kóngarnir í yfirkjörstjórnnum vilja hins vegar sitja á sínum rassi með fylgdarliði fyrir fleiri þúsund krónur á klukkutíman greitt af skattfé þjóðarinnar með opið hús víða um land fyrir forsetaframbjóðendur að mæta á sama tíma á sama deginum með lista sína í hönd. Sumir þeirra neita að taka við sendingunni í pósti – eigin hendi skal það vera! Ég er vís til að mæta á hestvagni að hætti Jóns Sigurðssonar haldi þeir sér við slíka forneskju.

Í auglýsingum tveggja kjörstjórna 28. apríl s.l. í Fréttablaðinu kemur m.a. fram að kjörstjórnir muni taka við meðmælendalistum vegna forsetakjörs á milli kl. 13 og 15, 15 maí n.k. Í annarri auglýsingunni (frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis) er óskað eftir að meðmælendalistunum verði skilað til oddvita yfirkjörstjórnar á sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki á milli kl. 13 og 15 hinn 15. maí n.k. og að skila verði frumritum listanna. Í hinni auglýsingunni, (frá yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis) er óskað eftir að meðmælendalistum sé skilað til oddvita yfirkjörstjórnar á Geislagötu 9 á Akureyri á milli kl. 13 og 15 hinn 15. maí n.k. og skila verða frumritum listanna. Einnig er óskað eftir að fylgi skrifleg tilkynning um hverjir 2 menn séu umboðsmenn viðkomandi framboðs.

Framkvæmd kosningar á skjön við lög

Vegna þessara auglýsinga vil ég benda á að í lögum um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 eru engar heimildir til kjörstjórna til að neita að taka við meðmælendalistum vegna forsetaframboðs þegar frambjóðendur vilja leggja þá fram eða ákveða einhliða þröngan tímaramma til að taka við listunum. Af lögunum verður ekki annað ráðið en kjörstjórnir skuli úrskurða um kosningabærni þeirra er á meðmælendalista rita þegar eftir því er leitað.

Í lögunum er þess heldur ekki krafist að umboðsmenn séu vegna framboða til forseta Íslands. Þó virðist frambjóðendum það heimilt ef þeir kjósa svo að velja sér umboðsmenn skv. 11. gr. laganna.

Þá er í lögunum hvergi að finna ákvæði þess efnis að kjörstjórnir skuli fá í hendur frumrit meðmælendalista eða halda því, enda á ábyrgð frambjóðenda að skila meðmælendalistunum til ráðuneytisins eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, skv. 4. gr. laga 36/1945. Skv. sömu grein er eina hlutverk kjörstjórna varðandi meðmælendalista að votta að þeir sem á þá rita séu kosningabærir.

Í lögunum er ekki að finna neina heimild eða skyldu til kjörstjórna til að setja sér og gefa út í auglýsingum verklag vegna forsetakosninga sem er öðruvísi en tilgreint er í lögunum sjálfum.

Þar sem verklag kjörstjórna og opinberar auglýsingar um það stangast á við lög um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 fer ég fram á að kjörstjórnir endurskoði verklag sitt og fari að lögunum. Þá krefst ég þess að kjörstjórnir kvitti nú þegar fyrir móttöku meðmælendalista sem þeim hafa verið sendir á rafrænu formi og gegni tafarlaust skyldu sinni um að votta að þeir sem á þá hafa ritað séu kosningabærir eftir því sem yfirferð á listunum leiðir í ljós. Sjálfsagt er að sýna kjörstjórnnum frumrit meðmælendalista og leyfa þeim að taka af þeim afrit sé þess óskað en ekki er hægt að skilja frumritin eftir hjá kjörstjórnnum þar sem það er á ábyrgð framboðsins, en ekki kjörstjórna, að koma þeim til innanríkisráðuneytisins.

Á það er minnt að haldi kjörstjórnir sig við ofangreindar auglýsingar og verklag í stað þess að fara að réttum lögum kann það að fela í sér brot í opinberu starfi og verður farið með slík mál með viðeigandi hætti.

Ég mun skila frumritum meðmælendalista með framboði mínu á morgun föstudaginn 4. maí til innanríkisráðuneytisins og vonast til að tekið verði við þeim þegar ég mæti.

Óski yfirkjörstjórnir í sínum leikaraskap og peningaaustri að fá frumrit af sömu listum afhent eigin hendi á mörgum stöðum samtímis skora ég á ráðuneytið að framleiða slík viðbótar “frumrit” af sömu blöðum og senda síðan boðbera með hestvagni um landið.

Innanríkisráðuneytið gæti einnig beitt sér fyrir einhverri skynsamlegri lausn í málinu þannig að ekki þurfi að sóa tíma frá fjölda manns og peningum þjóðarinnar í að eltast við dutlunga smákónga út um borg og bý sem maka krókinn á úreltu kosningakerfi.

Velkomnar betrubætur

Efni þessa bréfs og athugasemdir sem ég gerði við embættismenn og kærur minna stuðningsmanna til Hæstaréttar árið 2012 virðast hafa haft einhver jákvæð áhrif því nú er loks búið að bæta úr mörgum annmörkum. Listum er í dag skilað á einn stað, hjá Landskjörstjórn. Árið 2016 var opnað fyrir þann möguleika að kanna gildi meðmælenda á listum. 2020 var opnað fyrir rafræna söfnun meðmælenda sem staðfesta sín meðmæli við frambjóðanda með rafrænum skilríkjum.

Ef mín framboð urðu til þess að benda á brotalamirnar í kosningakerfinu, þá er það sigur fyrir Lýðræðishreyfinguna sem vinnur að lýðræðisumbótum.



Eftir árásirnar sem gerðar voru á meðmælendalista framboðsins árið 2012, safnaði ég við fyrir næstu kosningar árið 2016 nær 3000 meðmælendum sem var hámarkið sem mátti safna. Skilaði listunum til Innanríkisráðuneytisins nokkrum vikum áður en framboðsfrestur rann út.

Ráðist á framboðið

Árið 1996 var þeirri gróusögu dreift frá kosningaskrifstofu Ólafs Ragnars Grímssonar við Hverfisgötu að ég hefði komist í álnir með vopnaflutningum. Þetta var auðvitað hrein fjarstæða. Ég hef aldrei nokkurn tíman á minni lífsleið komið nálægt slíkri starfsemi né nokkurn tíman átt vopn af neinu tagi. Ekki eina einustu byssu. Aldrei haldið á skammbyssu í hönd hvað þá notað slíkt. Ég hef ekki einu sinni nokkurn tíman á ævinni lent í slagsmálum. Aldrei slegið til baka þótt ég hafi verið sleginn. Mér sárnaði því þessi gróusaga og enn meira þegar starfsmaður erlendar friðarstofnunar sem hafði starfað með Ólafi Ragnari í alþjóðlegum friðarsamtökum þingmanna tjáði mér að Ólafur sjálfur hefði sagt honum þetta. Hvernig þetta rugl varð til í huga Ólafs er mér alger ráðgáta. En þessi lygasaga er lífseig því nú árið 2024, 28 árum síðar, hef ég orðið var við athugasemdir á Facebook síðu framboðsins þar sem fólk er að éta þetta eftir og starfsmaður minn er jafnframt að heyra söguna frá vinum sínum.

Grátsöngur um kostnað lýðræðis

Fjórum árum síðar árið 2000 þegar rætt var um hugsanlegt forsetaframboð mitt upphófst mikill grátsöngur frá Ísafirði með frétt á RÚV og sagt að ég myndi hafa af nemendum grunnskólans skólaferðalag því slíkur yrði kostnaður sveitarfélagsins við lögbundnar kosningar.

Sami leikurinn endurtók sig aftur árið 2004 og enn aftur í ársbyrjun 2008 þegar Stöð 2 og aðrir fjölmiðlar í eigu stuðningsmanna Ólafs Ragnars Grímssonar hófu skipulagða herferð til að kynna endurkjör forsetans og rakka mig niður í leiðinni. Samhliða umfjöllun um stóryktan kostnað við kosningar fullyrtu þeir að það væri "nauðgun á lýðræðinu" ef ég byði mig fram gegn forsetanum.

Þetta varð til þess að ég hélt blaðamannafund í Háskólabíó og mætti þar með 40 milljónir króna í tvö þúsund króna seðlum sem ég lagði á borðið fyrir framan myndavélar fjölmiðla og bauðst til að greiða fyrir lýðræðið. Á þessum tíma hafði verið talað um að kostnaður við forsetakosningar væri um fjórutíu milljónir króna. Ég skoraði á þjóðina að hafna sjálfkjöri forsetans og finna hæfa forsetaframbjóðendur í mótframboð. Í yfirlýsingu sem ég afhenti á fundinum bauðst ég til þess að greiða fyrir forsetakosningar svo þjóðin gæti komist á kjörstað óttalaus við kostnað svo kosningar og aðdragandi þeirra gæti farið fram með þeim hætti sem er við hæfi í vestrænu lýðræði.



Skipulagðar netárásir á framboðið

Fleiri dæmi voru um að reynt hafi verið að spilla fyrir framboðinu. Árið 2012 setti ég samfélagsmiðla boð um að við hjónin myndum heimsækja

fyrirtæki og kynna framboðið. Vel á annað hundrað beiðnir bárust okkur frá ýmsum fyrirtækjum, en stór hluti þess var svindl. Það komst upp þegar við hringdum til að staðfesta heimsóknina og þá kannast enginn við neitt.

Hvort sem slíkar netárásir voru gerðar í fíflaskap eða einhverjum öðrum hvötum, þá var verið að valda mínu framboði bæði fjárhags- og tímatjóni, og í raun að spila með lýðræðið. Á endanum er það þjóðin sem ber skaðan af því að grafið sé þannig undan lýðræðinu. Engu skiptir í þessu sambandi hvort ég er talinn eiga vinningslíkur eða ekki, lýðræðislegt framboðið á alltaf rétt á sér.

36,200 niðskrif á netinu

Netið var notað óspart til að ráðast á mína persónu og rakka niður mína viðleitni til að virkja og þróa lýðræðið. Mikið af þessu spratt frá vefsvæðinu Málefni.com er þar var að finna 36,200 tilvitnanir í mína persónu. Þúsundir þeirra birtar til að koma á fót tilhæfulausum söguburði í þeim tilgangi að grafa undan forsetaframboði mínu. Það kom síðan í ljós að þessum vef var stjórnað frá Ísafirði, fæðingarbæ Ólafs Ragnars Grímssonar. Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar var ábyrgðaraðili gagnvart Netheimum hýsingaraðila vefsins. Mörg hundruð sinnum var fullyrt á þessum vef að ég væri haldinn geðveiki, maníu, brjálæði og ég væri sýkópatískur, fjárglæframaður, svindlari og slíkur ofbeldisseggur að eftir mig liggi konur marðar og bláar með glóðuraugu. Ég fékk öll uppnefni undir sólinni þarna m.a. að ég væri þorpsfífl. Mikið var skrifað undir dulnefni. Gróa á Leiti á ekki rétt á sér í lýðræðislegri þjóðmálaumræðu. Það er eðlileg krafa að þeir sem vilja tjá sig í þjóðmálaumræðunni geri slíkt undir fullu nafni og með ábyrgum hætti.

Sorpblaðamennska leiddi til sjálfsmorðs

Á þessum tíma var rekin mjög óábyrg ritstjórnarstefna hjá DV sem var vinsælt dagblað á þessum tíma. Til að fá umfjöllun í DV nægði yfirleitt að

birta lygasögur á vefsíðu eða hringja í númer DV, opið allan sólarhringinn fyrir allsgáða sem og blindfulla rugludalla. Þar var þeim leyft að lepja inná símsvara hvaða lygaþvælu sem þeim datt í hug til að koma frá sínum sjúkum huga, upplognum sökum á náungann sem dagblaðið síðan birti yfirleitt án þess að hafa fyrir því að kanna sannleiksgildið.

Eftir að eitt fórnarlamba DV framdi sjálfsmorð árið 2006 varð almenn hneykslan meðal þjóðarinnar og ritstjórnir hrökkludust frá blaðinu. Blaðamaðurinn kom fram í viðtali á hlaðvarpinu Eftirmál árið 2023 og sagðist hafa verið “25-26 ára strákvitleysingur” þegar hann skrifaði fréttina og segir: “Óhætt er að segja að forsíðan hafi verið útbúin á þann hátt að hún öskraði og mörgum blöskraði... Umræðan var þannig að við hefðum drepíð manninn, það var hreinlega fullyrt úr ræðustól Alþingis að blaðið hafi drepíð þennan mann. Fólk var gjörsamlega brjáláð út í okkur. Og við áttum enga málsvara. Það var enginn með okkur í liði. Það voru allir brjáláðir. Auðvitað fannst manni það ósanngjarnt á sínum tíma. En eftir á að hyggja, ef maður horfir á þetta alveg kalt, nokkrum árum seinna þá skapaðist það ekkert bara af þessari einu frétt. DV hafði verið mjög áberandi og umdeilt í umræðunni í langan tíma fram af þessu. Í hugum margra var þetta kornið sem fyllti mælinn. Fólk var búíð að fá upp í kok af þessu blaði og vildi það bara í burtu.... viku eftir að blaðið kom út, sögðu svo ritstjórar upp störfum. Þeir áttu sér ekki viðreisnarvon. DV bar ekki sitt barr eftir þetta og varð í kjölfarið helgarblað með nýjum ritstjórum.“

Lögreglan gekk erinda mannorðsmorðingja

Fjórum árum síðar var DV eignarhaldið leppað af valdamiklum hæstaréttarlögmanni sem löngum var innsti koppur í búri Sjálfstæðisflokksins og fyrrum stjórnarformaður Baugs veldisins. Á skrifstofu að Túngötu 6 voru skráð til heimilis 27 félög sem mörg fóru í gjaldþrot með skuldasúpu uppá 550 milljarða án þess að eignir finndust.

Dómar héldu áfram að falla nánast á færibandi gegn DV í Héraðsdómi Reykjavíkur enda voru vinnubrögð blaðsins enn langt út fyrir allt velsæmi. Ég mátti þola einelti í áratugi af hálfu þessa blaðs sem afskræmdi mína ímynd meðal þjóðarinnar.

30. desember 2010 var ég boðaður til yfirheyrslu hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík. Ég hafði margsinnis og ítrekað sent kærur til Lögreglustjórans í Reykjavík, á annan tug kærumála yfir fjölda ára, vegna lygaþvælu og ærumeiðinga sem birt hafði verið um mig í DV. Kærunum var jafnan vísað frá. Hins vegar virtist DV njóta sérstakrar velvildar Lögreglustjórans sem gekk nú glaðbeittur erinda útrásarvíkinga að virtist til að þagga niður í mér.

DV lét sér ekki nægja að skrifa um mig lygafréttir í gegnum árin, þeir réðust einnig að mér með myndavélum, birtu einnig myndir að mér forspurðum myndir sem fólk sendi þeim úr sínum sínum. Eitt slíkt tilfelli var þegar ég stöðvaði á gatnamótum og beið eftir grænu ljósi eftir að koma frá Landakotsspítala þar sem móðir mín lá fyrir dauðanum, að fullvopnaður ljósmyndari ruddist að mér og byrjaði að ljósmynda mig inn um framrúðuna.

Ég var búinn að fá mig svo fullsaddan á hátterni DV að ég greip til þess ráðs að fá aðstoð til að þrýsta á fyrirtæki sem voru að fjármagna blaðið með auglýsingum að hætta þessum stuðningi við sorpblaðamennskuna. Settur var í loftið vefurinn sorprit.com þar sem birtur var svokallaður DV-Válisti.

Þetta kom við kaunin á eigendum DV og þeir kærðu mig til lögreglu. Hvað ég hafði gert ólöglegt vissi ég aldrei enda var málið fellt niður hjá lögreglunni. En í stað þess að vísa málinu strax frá eins og lögreglan hafði gert við allar mínar kærur gegn DV yfir fjöldamörg ár var lögreglan fljót að hlaupa til og handtaka mig á götu úti eftir að ég hafði tilkynnt þeim að ég myndi ekki mæta í yfirheyrslu sem ætti engan rétt á sér.

Nokkrum dögum síðar skrifaði ég til aðstoðarlögreglustjórans í Reykjavík: “Takk fyrir að senda mér yfirlit kærumála minna vegna DV hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík.

Niðurstaða málanna sætir furðu, og nauðsynlegt að fá nánari skýringar á því við einstök mál.

Gætir þú vinsamlegast upplýst hvers vegna mál gegn tímaritinu Mannlíf var "Fellt niður"?

Hversvegna 8 mismunandi mál á DV enduðu með "Rannsókn hætt"?

Hvað það þýðir að máli gegn DV hafi verið "Lokið í eldra kerfi"?

Hvers vegna var fjórum málum gegn DV og malefnin.com "Vísað frá"?

Hvað þýðir "Til afgreiðslu" í máli 007-2009-072008 gegn DV. Er lögreglan að sækja einhvern út af því máli og fara með í Hverfisstein eins og mig s.l. mánudag?

Í ljósi þess að lögreglan hefur fyrr í þessari viku notað þau úrræði að fylgjast með ferðum mínum og handtaka mig síðan við verslun í höfuðborginni og færa nauðugan til skýrslutöku vegna kæru frá útgefanda DV um meintar ærumeiðingar, vekur ofangreind málsmeðferð á mínum kærum furðu. Var einhver handtekinn og færður til yfirheyrslu í þeim málum?

Það sem gerir þetta allt saman enn furðulegra, er að eftir að hafa lesið vefsíðuna sorprit.com nú í vikunni, hver sem þann texta hefur nú skrifað, finn ég ekkert skrifað á þessari vefsíðu sem ég get heimfært undir slíkar alvarlegar ærumeiðingar og upplognar sakir eins og er að finna í umfjöllun DV og malefnin.com um mína persónu og sem ég kærði til lögreglunnar í ofangreindum málum."

Endaþarmar leiddir saman í skítamáli DV

Frægur stjörnulögfræðingur í Reykjavík hafði verið að munnhöggvast við þáverandi ritstjóra DV sem hafði kallað lögmenninn "endaþarm íslenskrar lögmennsku". Þegar lögreglan spurði mig við yfirheyrsluna hvort ég vildi hafa lögmenn viðstaddan og það ég um stjörnuna sem nýlega var annar endaþarma útnefndir verðlaunhafar ársins 2011 hjá sannleikurinn.com:

Reynir Traustason ritsóði DV, hlaut verðlaun og titilinn, Endaþarmur íslenskrar blaðamennsku, fyrir ævistarf sitt í þágu sorpblaðamennsku á Íslandi.

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður, hlaut verðlaun og titilinn, Endaþarmur íslenskrar lögmennsku, fyrir að fara í taugarnar á endaþarmi íslenskrar blaðamennsku.

Þannig tókst að leiða tvo endaþarma saman í þessu skítamáli lögreglunnar gegn mér sem þeir svo felldu fljótlega niður.

RÚV skáldaði frétt upp úr gróusögum

Í útvarpsfréttum í desember 2015 bað fréttastofa RÚV mig afsökunar á því að hafa ranglega sagt frá því í fréttum að ég hafi verið sakaður um að falska undirskriftir á stuðningsmannalístum fyrir forsetakosningarnar 2012. Hið rétta var að ég hafði ekki réttarstöðu grunaðs manns í málinu, heldur vitnis. Það var annar maður, sem safnað hafði undirskriftum fyrir framboðið sem grunaður var um að hafa falsað undirskriftir en það mál var síðan fellt niður. Viðkomandi neitaði alfarið sök að hafa falsað nánar tilgreindar undirritanir og undirgekkst í tvígang rithandarrannsókn lögreglu en niðurstöður þeirra leiddu til að málið var fellt niður.

Afsökunarbeiðni RÚV kom í kjölfar bréfs til mín frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem segir m.a. : „Ég get eðli máls samkvæmt ekki svarað fyrir frétttaflutning RÚV frekar en annarra fjölmiðla. Ég get ekki ímyndað mér að þessar upplýsingar séu frá lögreglu komnar enda væri um augljóst trúnaðarbrot að ræða auk þess sem upplýsingarnar eru, í samræmi við það sem ofan er rakið, í megindráttum rangar. Athygli vekur að málið var fellt niður í mars 2015 en fréttin kemur til mun síðar.“

Persónunjósir kalda stríðsins

Njósir lögreglunnar um allt að 1000 konur árið 1941 eru umfangsmestu persónunjósir hér á landi sagði sagnfræðiprófessor við RÚV árið 2014 eftir að hulunni hafði verið svipt af gögnum sem fyrsta lögreglukonan á Íslandi safnaði um konur sem taldar voru í ástandinu, það er í tygjum við hermenn.

Þá kom út heimildarmyndin “Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum” sem lýsti stórfelldum persónunjósnum sem landlæknir, forsætisráðherra, Alþingi, lögreglan, fjölmiðlar og almenningur tóku þátt í gagnvart ungum stúlkum.

Persónunjósir Sjálfstæðisflokksins

Í bók Styrmis Gunnarssonar fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins og áhrifamanns í Sjálfstæðisflokknem, Í köldu stríði, viðurkennir hann að hafa sem ungur maður verið virkur þátttakandi í njósnum um pólitíska andstæðinga Sjálfstæðisflokksins sem hann segir hafa með áhrifum sínum ráðið nær öllum fjölmiðlum og stofnunum landsins eftir að hafa verið við völd nánast öll kjörtímabil frá upphafi íslenska lýðveldisins og beitt því valdi miskunnarlaust m.a. plantað sínu fólki í nær öll æðstu embætti landsins.

Fjölmiðlum beitt gegn “vinum”

Flokkurinn hefur löngum notað fjölmiðla sem vopn til að ná fram markmiðum sínum og koma höggi á aðra. Svavar Gestsson lýsir þessu í umfjöllun um bók Styrmis: “Styrmir notar oft orðið vinur. Of oft finnst mér og orðið einkavinur er líka of oft notað. Hvers lags vinátta er það líka, svo eitt dæmi sé nefnt, að láta mynda vini sína með rússneskum diplómat utan við veitingastað, að birta svo myndina í Morgunblaðinu og gefa þar með í skyn að þessir tveir „vinir“ Styrmis geti verið landráðamenn þó hann viti að þeir

hafi alls ekki getað verið það? Er þetta vinátta kalda stríðsins? Þekki það ekki, en svona „vinátta“ er ógeðfæld. Þetta er ekki vinátta”.

Fyrir bandarísku leyniþjónustuna

Upplýsingarnar frá nýsnum Sjálfstæðisflokksins voru síðan veittar forystumönnum flokksins og bandaríska sendiráðinu. Sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson segir í bók sinni “Óvinir ríkisins”: “Það hefur oft komið fram áður að bandaríska sendiráðið hafi fylgst með íslenskum vinstri mönnum; þannig voru á listum þeirra mörg hundruð manna sem voru reyndar ekki allir í Sósíalístafloknum, þar voru menn utan flokka og flokksmenn annarra flokka, til dæmis Þjóðvarnarflokksins.”

Í bók Styrmis segir: “Njónasveitir Bandaríkjanna voru yfir og allt um kring. Alþjóðlegu stúdentasamtökin voru fjármögnuð fyrir CIA peninga (bls. 118). World Assembly of Youth, WAY, voru fjármögnuð af bandarísku leyniþjónustunni.”

Viðurstyggilegar njónsnir erlends ríkis

Þann 5 maí árið 1963 fjallaði Þjóðviljinn í forsíðugrein um njónsnir gegn Íslendingum: “Allt frá því að Ísland var hernumið á nýjan leik árið 1951 hefur bandaríska sendiráðið verið miðstöð hinnar umfangsmestu njónsnarstarfsemi. Þessar njónsnir hafa ekki aðeins beinst gegn öllum þáttum íslensks þjóðfélags, íslensku landi og hafsbotni, heldur gegn hverri einustu fjölskyldu í landinu, hverjum einasta manni.”

Blaðið birtir sýnishorn af njónsnaskýrslu um íslenskan vísindamann: “...sönnunargögn um viðurstyggilegar njónsnir erlends ríkis á Íslandi, njónsnir sem ekkert eru tengdar hernaðarátökum, heldur beinast að einkalífi og skoðunum landsmanna sjálfra.. framkvæmdar í skjóli hernámsflokka þriggja og með beinni aðstoð þeirra.”

Persónunjósir í menntastofnunum

Árið 2023 var Háskóli Íslands sektaður um 1.5 milljónir króna vegna rafrænnar vöktunar með nær eitt hundrað eftirlitsmyndavélum innan og utan bygginga skólans sem hægt var að nota til persónunjósna.

Ég hélt einhvernvegin að persónunjósir hefðu horfið á braut með gömlu “sjálfstæðiskempum” kalda stríðsins sem njósnuðu um félagá sína í Háskóla Íslands eins og fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins fjallaði um í bók sinni. Þess vegna kom mjög á óvart að heyra af persónunjósnum í Háskólanum á Akureyri í aðdraganda forsetakosninga árið 2024.

Ég hef ávallt borið mikla virðingu fyrir Háskólanum á Akureyri sem framúrskarandi menntastofnun jafnvel á heimsmælikvarða. Þegar ég var á ferð um Akureyri að klára meðmælendalista fyrir norðurland, kom ég við í HA að hitta stuðningsmann og ræddi í leiðinni í fáeinar mínútur við nokkra háskólanema og kennara sem sumir hverjir skrifuðu á meðmælalistann fyrir forsetaframboðið mitt.

Siðareglur HA í ruslafötuna

Ekki veit ég hvað hefur komið fyrir Háskólann á Akureyri en almenn kurteis og virðing fyrir skoðanaskiptum sem skilmerkilega er skrifað sem ritningarorð í siðareglur HA virðist einhvernvegin hafa dottið út af námskránni og verklagi starfsmanna.

Tveimur sólarhringum eftir örstuttu heimsókn mína í HA birtist “frétt” á slúðurvefnum DV þar sem farið var um mína persónu og mína örstuttu heimsókn í skólann með niðrandi orðum og alvarlegum ásökunum sem eiga ekki rök að styðjast. Ég hafði símleiðis samband við umræddan starfsmann, forstöðumaður reksturs fasteigna Háskólans á Akureyri, sem ég hafði hvorki séð eða átt orðaskipti við á ferð minni um skólann og spurði hvað honum gengi eiginlega til. Svarið var að hann hefði “sögurnar” eftir öðrum

starfsmönnum og þetta hefði verið “fært í stílinn” af blaðamanni. Engar skýringar voru gefnar á því hvers vegna starfsmenn skólans höfðu sett sig í samband við blaðamann til að bera slúður og rógburð út um mína persónu.

Vísaði hann í samskipti við konu í matsal skólans sem ég ræddi heldur aldrei við en kvikmyndagerðarmaður sem var mér samferða í þessari ferð tjáði mér síðar að hann hafi átt eftirfarandi orðaskipti við þegar konan, sem sagðist starfa við samskipti eða fjölmiðlun fyrir skólann, byrjaði að ljósmynda mig aftanfrá á meðan háskólanemendur voru að skoða bókina Virkjum Bessastaði og skrifa nöfn sín á meðmælendalista með forsetaframbodinu:

[Myndatökumaður] "Vilt þú mynd með Ástþóri?"

[Starfskona HA] "Nei, ómögulega"

[Myndatökumaður] "Er það samt ekki almenn kurteisi að biðja fólk um leyfi áður en maður tekur mynd af því?"

[Starfskona HA] "Ég var ekki að taka mynd af Ástþóri heldur fólkinu sem hann stendur hjá"

Grefur undan trausti í þjóðfélaginu

Háskólanemar hljóta að geta ætlast til að réttur til sjálfstæðra ákvarðana við kosningar sé virtur og starfsmenn menntastofnana séu ekki að stunda á þeim persónunjósnir eða bera á torg rógburð í slúðurbloð landsins. Framkoma sem þessi grefur undan trausti á þjóðfélaginu í heild. Menntamálaráðuneytið hlýtur að taka á slíkum málum og sjá til þess að starfsmenn sem verða uppvísir að grófum brotum á siðareglum menntastofnana sækji endurhæfingarnámskeið áður en þeim er treyst til áframhaldandi starfa í menntastofnunum sem eiga að vera fyrirmynd fyrir framtíðar kynslóðir þjóðarinnar.

Hrunvarpið

Við efnahagshrunið lokuðust peningamarkaðsreikningar míns fyrirtækis í Landsbankanum. Síðan þegar við fengum aftur yfirráð yfir peningunum var auðvitað bróðurparturinn genginn til himna, í “money heaven” eins og einn fyrrum eiganda bankans kallaði það.

Pappírsnaut frá Texas

Nokkru fyrir hrun hringdi tengillinn minn í Landsbankanum til mín að selja mér “nautakjöt” frá Texas í Bandaríkjunum. Sagði að ég gæti margfaldað fjárfestinguna. Minnugur kúariðu sem kom upp í Bretlandi nokkru áður tjáði ég honum að mér litist ekki á að setja mjög mikinn pening í þetta þar sem peningarnir gætu gufað upp ef kúariða kæmi upp í Texas. En ég féllst á einhverjar þrjár milljónir í þetta. Þá peninga sá ég aldrei aftur né “kjötið” sem ég keypti af bankanum í góðri trú. Það kom í ljós að um einhver pappírsnaut var að ræða, prentuð hjá Lehman Brothers bankanum sem rann á hausinn með milljarða dollara tapi eftir að stunda árum saman slík sýndaveruleikaviðskipti með innstæðulausa og ónýta fjármálagerninga.

Ég hafði verið að nurla saman í mörg ár til að fjármagna útrás fyrirtækisins míns í Evrópu. Þegar ég fékk síðan yfirráð yfir þeim hluta innstæðunnar sem hafði ekki tapast í meðförum bankans og gengisfellingum hrunsins, mátti aðeins nota fjármunina til fjárfestinga innanlands en ekki til að styðja við erlenda starfsemi fyrirtækisins. Ég ákvað því að nota hluta af þessum fjármunum til að setja á stofn útvarpsstöð og fjalla þar um þjóðfélagsmál og kynna hugmyndir að betra og beinna lýðræði.

Lýðvarpið afhjúpar spillingu

Eftir að hafa fengið tilskilin leyfi til fjölmiðlareksturs hófust útsendingar Lýðvarpsins árið 2009 á tíðninni FM 100.5 frá útvarpsmastri sem við höfðum komið upp í Bláfjöllum með milljóna króna fjárfestingu.

Eitt fyrsta umfjöllunarefni Lýðvarpsins var fjármálamisferli í Sjálfstæðisflokknum og viðtal sem ég tók við framkvæmdastjóra flokksins í beinni útsendingu um ofurstyrki sem flokkurinn hafði aflað með misnotkun valds og pólitískri spillingu örfáum dögum áður en lög um hámarksstyrki til stjórn mála flokka voru samþykkt á Alþingi. Um var að ræða 55 milljónir króna frá tveimur af stærstu hrunafyrirtækjum landsins, Landsbankanum og FL Group. Eftir að upp komst um þetta mál hafði formaður flokksins talað um að skila peningunum en flokkurinn ekki staðið við það loford. Nokkrum dögum eftir að viðtalið við framkvæmdastjóra flokksins var sent út á Lýðvarpinu, hófst skipulögð aðför frá Sjálfstæðisflokknum með stuðningi opinberra stofnana til að þagga niður í gagnrýni þessa nýja fjölmiðils.

Aðförin hófst með “kvörtun starfsmanns í Bláfjöllum” um að útsending Lýðvarpsins kæmi í veg fyrir að hann gæti hlustað á aðrar útvarpsstöðvar í sínu útvarpstæki. Síðan kom útspil frá Geislavörnum ríkisins sem sögðu að útsendingin gæti valdi heilsuskaða í Bláfjöllum. Síðan kom bréf frá Póst og fjarskiptastofnun, en forstöðumaður þeirrar stofnunnar hafði verið skipaður í embætti af Sjálfstæðisflokknum. Stofnunin skipaði nú Lýðvarpinu að hætta útsendingum frá áður samþykktu mastri í Bláfjöllum. Öllum tillögum okkar um aðra staðsetningar fyrir loftnetin á Bláfjallasvæðinu var synjað.

Gullkálfur Sjálfstæðisflokksins

Það næsta sem gerist er að einn af “gullkálfum” Sjálfstæðisflokksins sem starfað hefur á ýmsum stöðum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og reglulega verið úthlutað verkefnum og embættum á vegum flokksins hefur samband við

mig. Hann rak á þessum tíma útvarpsstöðina Kaninn og vill kaupa Lýðvarpið og tækjabúnaðinn í Bláfjöllum. Þar sem okkur hafði ekki tekist að finna staðsetningu fyrir útvarpsmastrið sem ríkisstofnunin, sem annar innmúraður Sjálfstæðismaður stjórnaði, gat sætt sig við bauð ég Kanamanninum að skoða aðstöðu og tækjabúnað Lýðvarpsins í Bláfjöllum.

Stuttu síðar tókum við eftir því að músíkfroða Kanans er farin að dynja yfir þjóðina á tíðni Lýðvarpsins FM 100.5. Búið var að klippa á tommu þykkan útsendingakapal úr útvarpssendi Lýðvarpsins og staðsetja annan sendi við hliðina með kapal í loftnet sem komið hafði verið fyrir í mastri Lýðvarpsins í Bláfjöllum.

Íslensk þöggun

Engar viðræður voru við okkur eftir að gullkálfurinn komst í aðstöðuna Lýðvarpsins með sinn sendi og þaðan af síður voru okkar boðnar nokkrar greiðslur fyrir afnotin af milljóna króna fjárfestingu okkar. Leyfi okkar til útvarps á tíðninni FM 100.5 til þriggja ára var virt að vettugi af Póst- og fjarskiptastofnun og útvarpsréttarnefnd og gullkálfinum afhent tíðnin til afnota til að senda út innihaldslausa músíkfroðu í stað gagnrýnnar þjóðfélagsumræðu. Froðunni var síðan útvarpað frá nákvæmlega sama stað, úr sama mastri og Lýðvarpinu hafði verið fyrirskipað að flytja burt úr Bláfjöllum.

Einhvernvegin komust Geislavarnir ríkisins að þeirri niðurstöðu að músíkfroða Kanans væru ekki hættulegar útvarpsbylgjur eins og gagnrýnin þjóðfélagsumræða Lýðvarpsins sem væru stórhættulegar og geislavirkar útvarpsbylgjur sem ógnuðu lýðheilsu þjóðarinnar. Kaninn fékk að senda út frá þessum nákvæmlega sama stað í fleiri ár. Útvarpsbúnaður Lýðvarpsins stendur ónýttur og óvirkur eftir aðförina að frjálsri fjölmiðlun sem flokksklíkunni er ekki þóknanleg, sem minnisvarði um viðtæka pólitíska spillingu og íslenska þöggun í hnotskurn.

Matarpeningarnir gerðir upptækir

Í hátiðarræðum vísa ráðamenn á að Ísland sé í fararbroddi í alþjóðlegri mannréttindabaráttu. En hátiðarræðurnar virðast ekki eiga við þá sjálfa eða okkar litla Ísland þegar kemur að því að virða mannréttindi. Sömu stjórn málaforingjar virðast telja það fullkomlega eðlilegt að hafa af sveltandi fólki matarpeninga m.a. greiðslu fyrir fjarvinnu í þágu Íslensks fyrirtækis.

Matarpeningum heimavinnandi húsmóður sem hefur engar tengingar við hernað eða stjórn mála, búsett í landi sem Íslenskir ráðamenn hafa sagt stríð á hendur og segja stjórnað af miskunnarlausum einræðisherra voru gerðir upptækir af íslenskum banka í samstarfi við bandarískan og með fulltingi Héraðsdóms Reykjavíkur. Vilja Íslensk stjórnvöld og dómstólar refsa þessari húsmóður fyrir gjörðir einræðisherrans?

Milljörðum stolið frá almenningi

Bankinn bar fyrir sig viðskiptaþvingunum Bandaríkjanna og segist hvorki geta komið peningunum áfram né skilað þeim til baka, peningarnir séu fastir hjá viðskiptafélögum sínum, Bank of America. Peningana sendi Arionbanki til vesturs í stað austurs. Hvað ætli bankakerfið liggj á mörgum milljörðum sem undir yfirsýni hernaðaráttaka hefur verið stolið frá almenningi?

Um var að ræða þrjú hundruð dollara peningasendingu til einstaklings í landi sem Íslensk stjórnvöld hafa skilgreint sem einræðisríki. Undir stjórn einræðisherra sem fyrrum utanríkisráðherra Íslands sagði “vega að þeim gildum sem við byggjum tilveru okkar á - grundvallarmannréttindum”.

Kúguðum almenningi refsað

Þvingunaraðgerðir Bandaríkjanna gagnvart Rússlandi vegna stríðsins í Úkraínu geta ekki haft þau áhrif að verktakagreiðslum til almennra borgara í

Rússlandi sé ekki komið til skila með þeim afleiðingum að óbreyttir borgarar kunni að svelta eða verða fyrir miklu óhagræði vegna þess. Sjá til hliðsjónar y-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 144/2018 um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Ekki er nægilegt að ráðamenn vísi í slík lög í hátiðarræðum, við þurfum að krefjast þess að lögin séu virt í verki.

Héraðsdómur studdi þjóðarmorð

Ég stefndi málinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem sneiddi hjá því að fjalla um það á málefnalegum nótum. Dómsorðið var nánast ein setning að öllum kröfum á bankann að áframsenda peninga eða skila þeim til baka væri hafnað. Um var að ræða nálægt fjörutíu þúsund krónur og ég skyldi greiða bankanum tuttugufalda upphæðina, átta hundruð þúsund krónur í málskostnað og sætta mig við það að bankinn héldi peningunum.

Dómarinn fjallaði ekkert um þá staðreynd að gera matarpeninga upptæka og kippa þannig fótunum undan lífsviðurværi stríðshrjáðs almennings er skilgreint sem þjóðarmorð í íslenskum lögum og alþjóðasáttmálum. Með því að stinga höfðinu í sandinn í þessu máli lagði dómarinn lögbrjótunum lið.

Íslenskt þjóðfélag er orðið svo gegnumsyrt af hernaðarhyggju að það telst nú eðlilegt að mati íslenskra dómstóla að ræna matarpeningum af einstaklingum sem eiga um sárt að binda vegna hernaðaraðgerða sem þeir eru ekki þátttakendur í eða geta haft nein áhrif á.

ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

VIRKJUM
BESSASTADI



FRÉTTABRÉF FRÍÐAR 2000 • 7 TBL.1996



Ástþór Magnússon

Fréttabréf Friðar 2000 - 7. tbl. 1996
Útgefandi: Friðarland h.f., Austurstræti 17, 101 Reykjavík.
Ábm: Ástþór Magnússon. Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja.
Prentað á umhverfisvænan pappír.

Ljós til friðar

*Ég sá jörðina í fjarska
geislandi sem sólin
fólk streymdi úr húsum
hver með kertaljós til friðar
þetta voru boð til alheims
boð um frið á jörð*

Ásthór Magnússon

Hvítir svanir

*Ég leit til himins
roðinn sem miðnætursólin
þakinn fallegu mynstri hvítra svana
nóttin var kyrr
hreyfill könnunarvélar rauf kyrrðina
hún flaug þvert yfir og til baka*

*„Hér koma þeir“, kallaði einhver
ég leit hátt upp í himinhvolfið
fallegt neistaflug í fjarska
sem fallandi stjarna
glæsilegur neistandi stjörnuhali*

*Komustaðurinn aðeins spölkorn frá
skyndilega neistaflug um komufar
gestirnir voru komnir
við höfðum loks öðlast virðingu þeirra
með leit mannkyns að friði og kærleika
fyrir meðbræður og náttúru jarðar*


*Þeir gengu með okkur
við ræddum framtíðina
framtíð plánetu vorrar
loks áttum við samleið*

Asthór Magnússon

Paradís á jörð

*Stóllinn færðist hægt í gegnum mannfjöldann
framhá píramídanum mikla
burðarmennirnir silkiklæddir
fólkið var fyllt gleði
loksins var dagur friðar
þetta er árið 2025
loks var Hann hér
skipið stórt sem borg lýsti upp himininn
glitrandi sem perla í sólskini
ekkert hljóð nema fagnaðarhróp
mankyns frjálst frá stríðsfjötrum
nú var paradís á jörð*

Ástþór Magnússon



Á fundi með Oscar Arias fyrrum forseta Costa Rica og handhafa friðarverðlauna Nóbels, en hann hefur nýlega gerst aðili að ráðgjafanefnd Friðar 2000. Costa Rica lagði niður herinn eftir heimsstyrjöldina síðari. Forsetinn er helsti frumkvöðull að því að fá aðrar þjóðir til að gera slíkt hið sama, og hefur nýlega tekist að fá Panama og Haiti til að fylgja fordæmi Costa Rica um að leggja niður herinn.

*Ég býð þér frið,
ég býð þér kærleika,
ég býð þér vináttu.*

*Ég heyri þarfir þínar,
ég sé fegurð þína,
ég finn tilfinningar þínar.*

*Þekking mín streymir frá æðri visku,
ég heilsa þeirri visku í þér,
vinnum saman.*

Kæri lesandi.

Sextán hundruð visindamenn hafa nýlega sent frá sér viðvör-
un um útrýmingarhættu mannkyns. Í þessu myrkri hörmunga
er Ísland á margan hátt ljósið sem leitt gæti heiminn inn á nýja
og færsælli braut. Fyrir nokkru stofnaði ég alþjóðahreyfinguna
Friður 2000 og hef í því sambandi ferðast mikið til að kynna Ís-
land sem land friðarins og þá sérstöðu okkar að vera vopnlaus
þjóð sem notið hefur friðar lengur en nokkurt annað ríki á
jörðinni. Þessi sérstaða okkar hefur vakið mikla hrifningu.

Væntanlegar forsetakosningar hafa gefið von til þess að
héðan geti komið sterkur leiðtogi sem þorir að fara ótroðnar
slóðir til að leiða okkur úr ógöngunum. Því miður hafa um-
ræðurnar um væntanlega forseta og framsetning þeirra fram-
boða sem hafa komið fram valdið mér sárum vonbrigðum. Ég
hef af því áhyggjur að aðilar sem lýst hafa framboði sínu hafa
engar hugmyndir um breytingar á verklagi og vinnubrögðum á
Bessastöðum, heldur hyggjast sitja þar, ef kosnir verða, að-
gerðarlitlir og til skrauts. Einnig er það ískyggilegt, að í kyrrþey
í desember 1994 stóðu íslensk stjórnvöld gegn því að alþjóða-
dómstóllinn í Haag ályktaði á óhlutdrægan hátt um réttmæti
kjarnorkuvopna (sjá bls. 39).

Fjölmargir, bæði hér á landi og erlendis, hafa skorað á mig að

láta þessi mál til mín taka af alvöru, og fara sjálfur í framboð og virkja Bessastaði til að koma á friði í heiminum. Ef einhver hefði skorað á mig að fara í forsetaframboð fyrir tuttugu árum, þá hefði ég álitíð viðkomandi væri ekki með öllu mjalla. En það eru breyttir tímar.

Síðari ár hefur bilið á milli ríkra og fátækra í heiminum verið að aukast. Fjármálalegt vald og þar með hið stjórnmalalega vald, er í auknum mæli að færast í hendur fárra einstaklinga sem ráða yfir stærstu fyrirtækjasamsteypum heimsins. Hér á Íslandi er talað um „kolkrabbann“ í þessu sambengi, og hann einnig talinn teygja anga sína inn í valdamesta stjórnmalaflokk landsins og ýmsar æðstu stöður þjóðarinnar.

„Vel ættaður“ forsetaframbjóðandi var spurður að því í beinni útsendingu Stöðvar 2, hvort „kolkrabbinn“ væri nú að tryggja sér forsetaembættið. Sú spurning var eðlileg.

Þótt við búum við lýðræðislegt kosningakerfi og getum kosið til þings og sveitastjórna reglulega, þá höfum við sem einstaklingar frekar lítil áhrif á það hverjir eru í framboði hjá flokkunum. Okkur er boðið að kjósa um „pakka“ og taka því innihaldi sem fylgir. En í fyrsta sinn í 16 ár, hefur almenningur í landinu nú tækifæri á því að velja úr fjölda einstaklinga í stöðu sem hefur frekar lítið hefðbundið stjórnmalalegt vald, en sem hugsanlega gæti haft mikil áhrif fyrir velgengni almennings á annan hátt. Ég sé tækifæri fyrir þjóðina, að nýta embætti forseta Íslands á nýjum vettvangi og geri meðal annars grein fyrir þeirri skoðun minni í þessu riti.

Ég er þess fullviss að sá málstaður sem ég berst fyrir á sér víða hljómgrunn meðal íslensku þjóðarinnar. Þessi bók mun gefa þér, lesandi góður, nokkra yfirsýn yfir þessi mál og gera þér kleift að mynda þér skoðun á því, hvort það sé tímabært að við brettum upp ermarnar og tökum á þessum málum. Eins og kom fram hjá landlækni nýlega, erum við Íslendingar nú að verða fórnarlömb vegna skemmda á ósónlaginu. Við höfum átt minnstan þátt í því að skapa þá mengun sem orsakar þetta.

Framboð mitt til forseta, ef af yrði, væri til að vekja fólk til umhugsunar. Framboðið snérist ekki um mína persónu heldur hugmyndir mínar og þá framtíð friðar og velsældar, sem ég vil sjá á Íslandi og um heim allan. Eigum við fyrir höndum glæsta framtíð í friðsælu þjóðfélagi, eða verðum við "kolkrabbanum" og stríðandi fylkingum að bráð? Ég tel að Íslendingar og forseti Íslands hafi nú einstakt tækifæri til að hafa varanleg áhrif á gang heimsmálanna og koma í veg fyrir frekari hörmungar á jörðinni.

Ég hvorki get, né vil, teljast með þeim skrautfjöðrum í íslensku þjóðlífi sem aldrei hefur aurblettur á fallið. Það hefur verið mikilvægur og lærdómsríkur þáttur í mínu lífi, að hafa snemma á lífsleiðinni orðið undir í viðskiptalegri samkeppni og sjá lífið með augum öreigans sem þurfti að byrja upp á nýtt á lífsbaráttunni. Ég varð sterkari á eftir og þessi lífsreynsla gaf mér djúpan skilning á lífinu og lífsbaráttu almennings.

Ég hef ávallt verið óhræddur við að fara ótroðnar slóðir. Ef þær áskoranir um að ég bjóði mig fram til forseta eiga sér víðari hljómgrunn meðal þjóðarinnar, þá mun ég halda áfram á þeirri braut og brjótast í gegn á nýjum vettvangi fyrir hennar hönd. Þú, lesandi góður, getur látið álit þitt í ljós á bréfspjaldinu sem hér fylgir um hvort slíkt framboð gæti orðið til að hraða nauðsynlegum umbótum. En hvað sem um framboð verður, þá mun ég halda áfram að berjast fyrir þessum hugmyndum mínum.

Það er sannfæring mín, að íslensk stjórnvöld, og forsetinn, hver sem hann verður, muni fyrr eða síðar, taka höndum saman við það fólk, sem lætur sér ekki drauminn um frið nægja, heldur er þess albúið að leggja sitt af mörkum til að hann megi rætast.

Ásthór Magnússon.

Til lesenda

Þessi litla bók er samantekt á ýmsu efni sem ég hef viðað að mér þau tæpu þrjú ár sem ég hef unnið að því að koma á fót samtökunum Friður 2000.

Ýmsum kann að þykja þetta rit harðort og gagnrýnið. Hins vegar er það sem hér er skrifað byggt á ábyrgum heimildum og staðreyndum. Þessu litla riti er einungis ætlað að gefa örlitla yfirsýn og inniheldur að sjálfsögðu ekki tæmandi upplýsingar um allan þann hafsjó af upplýsingum sem komið hafa fram um þessi mál á undanförunum árum.

Það er mál til komið að fella slæðurnar og hætta innantómum fagurgala sem gerir ekkert annað en að breiða yfir óhreinindin sem við þurfum að takast á við. Þessi bók er skrifuð fyrir dóttur mína og komandi kynslóðir sem lenda í forarvilpunnari ef við tökumst ekki sjálf á við hin stóru verkefni og vandamál áður en það verður um seinan.

Ég dreg fram á þessum síðum mynd af stjórnskipulagi og kirkju sem eru orðin samdauna og samofin inn í spillta heimsmynd okkar. Ég vona hinsvegar að kirkjunnar menn á Íslandi láti sitt ekki eftir liggja til að stuðla að þeim umbreytingum sem við þurfum til að leiða okkur og komandi kynslóðir til friðar og velsæðar.

Miðað við margar aðrar þjóðir eru Íslendingar hjartahrein þjóð. Við erum í ríkari mæli að sogast inn í hringiðu alheimsins og þurfum að taka þau mál, föstum tökum til að glata ekki visku okkar og menningu. Ég tel að okkur beri að leiða heiminn til friðar með kærleikann að leiðarljósi og útskýri það nánar á þeim síðum sem hér fara á eftir.

Jafnframt er í þessari bók stutt yfirlit um markmið Friðar 2000, ferðasaga Hörpu Karlsdóttur, sem fór til Sarajevó ásamt öðrum starfsmönnum Friðar 2000, með gjafir íslenskra barna til bosnískra jafnaldra jólin 1995, svo og bréf til hennar frá friðargæslumanni í Bosníu. Að síðustu birtist hér viðtal við mig úr bókinni, „Hver vegur að heiman...“, sem kom út fyrir jólin 1995. Það er birt með góðfúslegu leyfi höfundar bókarinnar, Guðmundar Árna Stefánssonar og útgefanda hennar, Skjaldborgar. Í viðtalinu er lýst lífshlaupi mínu og drepnið á ýmis þau baráttumál mín, sem munu leiða okkur til nýrra og betri tíma.

Efnisyfirlit

Virkjum Bessastaði	13
Heimsendir eða upphaf nýrra tíma?	19
Forréttindi diplomatanna	23
Blekking aldarinnar	27
Víðvörðun vísindamanna	31
Kjarnorkuvopn	35
– Ísland styður kjarnorkuvopn!	
Að spila Matador	41
Hringekja dauðans	47
– Vopnakaþphlaupið heldur áfram	
Friðarpottlok á suðupottinn	51
Friður í vöggugjöf	55
– Er mannfólkið ofbeldishneygðar verur?	
Trúarbrögð	61
Tökum forystuna	67
Þróun til friðar og velmegunar á jörðinni	73
Hvað er Friður 2000?	77
Hvað getur þú sem einstaklingur gert?	81
Óþekkti vinur	82
– Með jólapakkanum fékk ég það dýrmætasta í lífi mínu	
Ferðasaga	84
– Ferðasaga Hörpu Karlsdóttur frá flugi Friðar 2000 til Sarajevo	
Friðardúfa á ferð og flugi	93
– Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður ræðir við Ásthór Magnússon	



Hogen Fukunaga fulltrúi Friðar 2000 í Japan kom til Reykjavíkur í apríl 1996 ásamt friðu föruneyti. Frá vinstri: Frú Tanaka, Yogesh K. Gandhi forseti hinnar alþjóðlegu Gandhi stofnunar, Yoshio Tanaka japanskur viðskiptajöfur, Harpa Karlsdóttir stofnfélagi Friðar 2000. Ástþór, Hogen Fugunaka höfundur meira en 70 ritverka um friðar- og umhverfismál, Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður, Edda Guðmundsdóttir og Steingrímur Hermannsson seðlabankastjóri.



Á ráðstefnu Friðar 2000 hjá Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna í Costa Rica. Frá vinstri: Robert Muller fyrrum aðstoðarframkvæmdastjóri S.Þ. og frambjóðandi til stöðu aðalframkvæmdastjóra árið 1996, Ástþór, David og Nancy Larson stofnendur bandarísku hjálparstofnunarinnar Airline Ambassador's, Rodrigo Carazo fyrrum forseti Costa Rica of frumkvöðull að stofnun friðarháskólans og Róbert Sidy rithöfundur.

„Ég þekki ekkert verðugra verkefni
en að reyna að skapa grundvöll alþjóðlegrar samvinnu
og vinna að bættum hag meðbræðra minna.“

U-Thant, aðalritari Sameinuðu Þjóðanna

Virkjum Bessastaði

Á þessari öld, sem senn rennur skeið sitt á enda, hefur íslenskt þjóðlíf tekið stakkaskiptum. Í byrjun hennar þjuggu flestir landsmenn við fábreyttan og frumstæðan kost. Ekki þarf að líta lengra til baka, en til unglingsára föður míns, á heimili afa, Jóns Wium bónda á Iðu í Biskupstungum. Þar á bæ var hvorki rafmagn né hiti, einungis lítill oliulampi sem hitaði upp baðstofuna á kvöldin. Þá leið sem við nú ökum hratt og þægilega á sléttum og greiðum þjóðvegi yfir Hellisheiðina, braust afi á hestum í tveggja vikna kaupstaðarferðum til að sækja aðföng í búíð.

Þjóðin hóf að virkja orku landsins og hér reis á skömmum tíma eitt blómlegasta samfélag heims. Okkur Íslendingum finnst nú sjálfsagt og eðlilegt að virkja orku landsins til framleiðslu rafmagns og hita. Jafnvel er bollalagt, að flytja rafmagnið út fyrir landsteinana gegnum sæstreng. Reynsla okkar í jarðhitavirkjunum er einnig orðin útflutningsvara. Til að skapa þessi verðmæti, höfum við oft og tíðum þurft að fara ótroðnar slóðir, breyta árfarvegum og fossum svo og setja ýmis merki samtíðar okkar á ásjúnd landsins.

En Ísland býr yfir ýmsu öðru en vatnsorku. Nýir tímar hafa skapað áður óþekkt tækifæri, sem leitt geta þjóðina inn í nýtt blómaskeið, sé rétt á málum haldið. Í auknum mæli er upplýsingabyltingin, sem hófst á síðari hluta aldarinnar, að gjörbylta heimsmynd núlifandi kynslóða.

Landamæri eru óðum að hverfa. Um leið og þetta opnar þjóðinni nýja möguleika, getur upplýsingaflæðið þó haft slæm áhrif á tungu okkar og menningu, sé ekki að gætt. Þarna þarf að gæta jafnvægis.

Forseti Íslands hefur lagt sitt af mörkum, til varnar íslenskri tungu. Hins vegar hefur minna farið fyrir frumkvæði, þegar litið er til þeirra möguleika sem upplýsingabyltingin hefur í för með sér.

Meðan allt þjóðlífið hefur tekið gífurlegum breytingum, hefur litið farið fyrir slíku hvað varðar forsetaembættið, og þeir frambjóðendur til forsetakosninga sem nú hafa komið fram, vilja flestir halda áfram í sama farinu. Auðvitað er sjálfsagt, að halda í það sem gott er. En hvernig væri íslenskt þjóðfélag, ef við hefðum ekki virkjað orku landsins og breytt að ýmsu öðru leyti háttum okkar með hliðsjón af almennri framþróun? Væri okkur betur borgið, ef við byggjum nú við sömu frumstæðu skilyrðin og afi minn Jón Wium gerði?

Allt fram til líðandi stundar hafa flestir litið á Ísland sem einangrað land, fjarri heimsins straumum. En fjarlægðirnar hafa styst og Íslendingar eru í auknum mæli að ganga til liðs við samfélag þjóðanna. En betur má, ef duga skal.

Tölvutæknin hefur rutt sér til rúms um heim allan. Lönd og álfur tengjast í auknum mæli gegnum símalínur og gervihnetti. Talið er, að fjöldi notenda alnetsins aukist um milljónir manna í hverjum mánuði. Þetta skapar nýja atvinnuvegi, þar sem möguleikar Íslendinga eru sem lítt kannað land. Telja má víst, að þeir séu miklir, enda virðist skilningur almennings á þessari nýju tækni óvíða meiri en á Íslandi.

Meðal annars með vísan til hinna öru þjóðfélagsbreytinga, hafa umræðurnar um forsetakosningarnar komið mér spánst fyrir sjónir. Þær snúast litið um málefni, en helst um það, hver „sómi sér best á Bessastöðum“, líkt og til standi að velja ný húsgögn í það ágæta setur.

Nýlega var rætt við fyrrverandi borgarstjóra í Helgarpóstinum. Talið barst að hugsanlegu forsetaframboði ónefnds ráðherra. Um þetta óvissa framboð ráðherrans, lét borgarstjórinn fyrrverandi þau orð falla að: „skáldið í honum myndi loksins fá að njóta sín í forsetaembættinu“. Þó svo að umræddur ráðherra sé hinn mætasti maður, eru þessi ummæli á þeim nótum, að ætla mætti að forsetaembættið gæfi honum kost á notalegu ævikvöldi á Bessastöðum, rétt eins og um væri að ræða orlof á heilsuhæli. Þar gæti hann unnið að hugðarefnum sínum á kostnað almennings í landinu.

Í fjárlögum er árlega gert ráð fyrir vissum kostnaði við rekstur forsetaembættisins. Miðað við núvirði krónunnar, hafa landsmenn lagt

forsetaembættinu til um tvo milljarða króna í forsetatíð frú Vigdísar Finnbogadóttur.

Fámenn þjóð sem telur aðeins um 94.000 heimili, hefur vart efni á slíkum fjárútlátum í eitthvert stofustáss á Bessastöðum. Þess utan þarf sterkan einstakling í þetta embætti, sem getur unnið landi og þjóð fylgi um allan heim. Annað slagið hefur bólað á slíkum tilþrifum, en alltof sjaldan og ómarkvisst.

Ímynd og staða Íslands á alþjóðlegum vettvangi er eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar á þeim breytingatímum sem nú ganga í garð með upplýsingaöldinni. Undanfarið höfum við fylgst með því hvernig ný og kraftmikil íslensk fyrirtæki geta og hafa tekið forystu á erlendum markaði. Með aukinni kynningu á Íslandi erlendis, munu skapast ný atvinnutækifæri, ekki síður mikilvæg en fiskveiðar undanfarinna ára-
tuga.

Í stað þess að velta því fyrir sér hver sómi sér best sem skrautfjöldur á Bessastöðum, er þarft að þjóðin hugleiði, hvernig „fjárfesting“ í forseta, upp á tvo milljarða króna, næstu fjögur kjörtímabilin, skili arði en ekki aðeins útgjöldum. Almennungur í landinu þarf ekki á því að halda, að framfleyta óskilgreindu tákni.

Ég held því fram að embætti forseta Íslands geti orðið ein stærsta tekjulind landsins. Ég vil sjá það skila beinhörðum tekjum í rikissjóð. Ísland hefur slíka sérstöðu, hvað varðar legu þess og sögu þjóðarinnar, að með frjóum huga og útsjónarsemi má skapa ýmsa starfsemi tengda embættinu, án þess að það tapi nokkru af þeirri virðingu sem því ber. Sé rétt á málum haldið, getur forseti Íslands orðið aflvaki mikils átaks til eflingar á jákvæðri stöðu lands og þjóðar. Þetta mun skila sér í gjaldeyristekjum um leið og virðing embættisins mun aukast um heim allan.

Friðarmál eru mér ofarlega í huga, en á þeim vettvangi getur Ísland tekið forystuna. Hvar sem ég hef kynnt Alþjóðastofnunina Frið 2000, sem stofnuð var á Íslandi af nær eitt hundrað friðarsamtökum allstaðar að í heiminum, auk hundruða Íslendinga, er litið á Ísland sem verðandi leiðarljós til friðar. Forseti Íslands gæti haft mikil áhrif í þá veru, að starfsemi tengd alþjóðlegum stofnunum flyttist til landsins. Vegna þeirrar sérstöðu Íslands, að hér hefur ríkt friður í nær þúsund ár, meðan stríð hafa geisað í öðrum löndum, er alls ekki úr vegi að Sameinuðu

Þjóðirnar og aðrar alþjóðastofnanir sem vinna að friði, flyttu höfuðstöðvar sínar eða aðra starfsemi hingað, væri slíkum hugmyndum komið fram á réttum vettvangi.

Með flutningi alþjóðastofnana til Íslands, má reikna með milljarðatekjum fyrir stofnun á borð við Póst og síma, flug- og flugvallarrekstur, bankaþjónustu, hótélrekstur og ráðstefnuhald. Þessu fylgdu að auki fleiri þúsund vel launuð störf. Í raun þarf ekki stóran hluta slíkrar starfsemi hérlendis til að bæta stórlega afkomu almennings.

Ég stóð fyrir stofnun alþjóðlegrar friðarstofnunar á Íslandi, Friðar 2000, með þátttöku um eitt hundrað grasrótarsamtaka, auk fleiri hundruð Íslendinga. Fjöldi þátttakenda hefur meira en tvöfaldast á fyrsta starfsárinu. Þetta er aðeins vísir að því sem koma skal. Nú þegar er Friður 2000 þátttakandi í umfangsmiklu erlendu samstarfi vegna friðarmála, og framarlega í flokki þeirra, sem beita sér fyrir endurskipulagningu Sameinuðu þjóðanna.

Um síðustu jól, stóð Friður 2000 fyrir jólagjafaflugi til Sarajevó. Tugþúsundum bosnískra barna voru þá færðar gjafir frá jafnöldrum þeirra á Íslandi. Megintilgangur fararinnar var að sýna þessum saklausu börnum samhug og kærleika, eftir allar þær stríðshörmungar, sem þau hafa mátt þola síðustu fjögur árin. Ég bauð forseta Íslands, frú Vigdísí Finnbogadóttur með í ferðina til þess að hún, sem leiðtogi þjóðarinnar, gæti vakið athygli um allan heim á nauðsyn þess að fylgja eftir vopnuðum aðgerðum NATO, með óvopnuðum sendisveitum kenara, sáluhjálpara og fjölmiðlafólks, sem hjálpað gætu stríðshrjáðu fólki að finna frið í hjarta sínu.

Þrátt fyrir ítarlegar útskýringar mínar fyrir frú Vigdísí, bæði skriflega og munnlega, á þeirri staðreynd, að friður verður ekki unnin í Bosníu með vopn í hönd, hafnaði hún alfarið því að fara með til Sarajevó sem fulltrúi þjóðarinnar. Bar hún því fyrir sig, að borgin væri „pólitísk púðurtunna“ og að hún yrði að fylgja þeim „umferðareglum“ sem gilda í samskiptum þjóða.

Meirihluta aðildarþjóða S.Þ. er stjórnað af trylltum einræðisherrum eða hershöfðingjum sem virða öll mannréttindi að vettugi. Það er illa komið fyrir okkur Íslendingum, ef við getum ekki staðið uppréttir sem sjálfstæð þjóð og fordæmt barnamorð og önnur ódæði, sem unnin eru í skjóli „diplomatískrar“ verndar glæpamanna.

Það forystuhlutverk sem Íslendingar geta gegnt í alþjóðlegri friðarbaráttu, verður ekki að veruleika með innantómum fagurgala. Það var ekki slíkt hjál, sem braut niður Berlínarmúrinn. Hann hrundi einfaldlega undan vilja fólksins, sem var svo sterkur að hann náði loks yfirhöndinni og reif múrinn niður stein fyrir stein. Til að brjóta niður múra „diplomatanna“, þarf að koma til mikill sannfæringarkraftur, kjarkur og vilji til að fara ótroðnar slóðir og brúa það mikla bil sem hefur myndast á milli ríkisvalds og hins almenna borgara.

Embætti forseta Íslands gefur möguleika á að vinna þetta verk. Að óhlutdrægur þjóðhöfðingi frá friðarríki sé ávallt reiðubúinn til að fljúga inn á ófriðarsvæði, koma á sáttaviðræðum og stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum á óróasvæðum áður en stríð brýst út, gæti gjörbreytt heimsmynd okkar.

Ríkisstjórnir og embættismenn þeirra hafa myndað sitt eigið samfélag sem oft og tíðum er talið hafið yfir hinn almenna borgara. Ég leitaði til frú Vigdísar Finnbogadóttur með þá hugmynd að veita sérstaka viðurkenningu frá Íslandi til fólks sem er að vinna að mikilvægum friðarmálum. Hugmyndin var sú að þetta yrði gert í samvinnu Friðar 2000 og forseta Íslands og að slík viðurkenning yrði veitt til að stuðla að aukinni samvinnu við fólk sem gæti haft jákvæð áhrif til friðar í heiminum. Það kom mér mikið á óvart þegar forseti Íslands sagðist ekki sjá neinn flöt á slíku samstarfi vegna þess að Friður 2000 væri einkastofnun. Ég benti hins vegar forsetanum á þá staðreynd að við værum sjálfseignarstofnun með aðild fjölda erlendra grasrótarsamtaka svo og almennings hér á landi.

Það er samhljóma álit fjöldamargra sérfræðinga um allan heim, að til að koma á friði í heiminum, sé nauðsynlegt að brúa bilið á milli ríkisvalds og almennings. Mikið er rætt um að koma á fót nýju þingi hjá Sameinuðu þjóðunum, „Þingi Fólksins“ þar sem kjörnir fulltrúar almennings eða fulltrúar alþjóðlegra grasrótarsamtaka muni fá atkvæðisrétt. Talið er að áframhaldandi rekstur S.Þ. í núverandi mynd geti ekki gengið, en í dag er stofnunin lokaður vettvangur ríkisstjórna sem margar hverjar eru ekki háðar lýðræðislegum kosningum.

Því miður eru flestir embættismenn ríkisvaldsins orðnir svo samdauna kerfinu að þeir vilja engu breyta, ekkert bæta, bara viðhalda hinu gamla. Flestir þeirra virðast ekki hafa þor eða kraft til að brjótast út úr

þeirri pólitísku spennitreyju sem hneppir fólk í fjötra og stendur í vegi fyrir því að friður nái fram að ganga í heiminum.

Meðan fjörutíu þúsund börn látast á degi hverjum úr skorti og van-næringu, eyða þjóðir heims meira en 140 milljörðum króna í vopn og hernað á hverjum einasta degi ársins! Í sumum þróunarlöndum eyða yfirvöld meiru í hernaðarbróltið en í mennta- og heilbrigðisþjónustu almennings. Aðeins á síðasta ári lentu meira en 5 milljónir barna á ver-gangi og bættust við þann hóp 53 milljóna manna sem misst hafa heim-ili sín á undanförunum árum vegna stríðsrekstrar. Þetta svarar til 1 af hverjum 115 einstaklingum á jörðinni.

Á síðustu árum er Ísland í auknum mæli að verða vettvangur alþjóðlegra samskipta. Það er mikil einfaldni að halda því fram, að við slíkar breyttar aðstæður sé það vænlegur kostur að hafa embætti forseta Íslands í óbreyttri mynd. Slíkt leiðir aðeins til þess að hagsmunir ís-lensku þjóðarinnar verði undir. Þess í stað eigum við að virkja Bessastaði og grípa tækifærið og tryggja að forseti Íslands verði fyrstur þjóðhöfðingja til að brjóta niður vegg „diplomatanna“ og geri Ísland að leiðarljósi heimsins í átt til friðar. Slíkt mun skapa umfangsmikla starf-semi hérlandis, sem mun koma þjóðinni og heimsbyggðinni allri til góða um ókomna tíð.

Við virkjuðum orkuna í náttúru landsins og breyttum henni í raf-magn og hita. Nú eigum við að virkja Bessastaði, embætti forseta Íslands og breyta því í embætti friðarhöfðingja með alþjóðlega skír-skotun.

„Og ég sá nýjan himin og nýja jörð,
því að hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð voru horfin.....“
Biblian

Heimsendir eða upphaf nýrra tíma?

Ég fór stundum í gönguferðir á sumardögum þegar vel viðraði í Hyde Park garðinum í Lundunum, þegar ég bjó þar ytra. Í veðurblíðu er skemmtilegt að ganga um Hyde Park og njóta þessa litla reits náttúruvegurðar sem er að finna innan um gráar og myglulegar byggingar og iðandi stræti borgarinnar.

Menn standa þarna hver af öðrum og hrópa æstir í máli á vegfar-
endur frá litlum pöllum og trékössum í öllum regnbogans litum. Sjálfir eru þeir einnig af öllum litarháttum og trúarbrögðum. Prestar, trúboðar eða eitthvað annað, sumir hverjir með biblíu í hendi og þarna lesa þeir yfir fjöldanum heilagar ritningar og spádóma; oft um yfirvofandi heimsendi.

Gæti verið að þeir hefðu eitthvað til síns máls? Getur það verið að hin hefðbundan heimsmynd okkar sé að líða undir lok? Eða eru þetta trúarofstækismenn sem ekkert er að marka?

Það er erfitt að ímynda sér á fögrum sólskinsdegi innan um fallegan trjágróðurinn að heimsendir sé á næsta leiti. Prestar hafa í gegnum aldirnar boðað guðhræðslu og helvíti yfir mannfólkinu. Á undanförunum tveimur árpúsundum hefur kirkjan, sem stofnun þróast í mikið veraldlegt veldi sem er komið langt út fyrir kenningar Jesús Krists, sem kastaði kaupmönnum og söluborðum út úr Guðs húsi um leið og hann lét ströng orð falla um hræsni og guðlast.

Þrátt fyrir þetta er fæðingardags frelsarans minnst á ári hverju með stærstu söluvertíð kaupmanna. Kirkjan hefur ekki látið sitt eftir liggja að taka þátt gullgreftrinum. Í takt við klukkur kirkjunnar sem hringja fólk til messu á jólahátíðinni, klingja bjöllur Mammons í peningakössum stærstu verslunarmiðstöðva Evrópu og gullið flæðir í kistur ensku biskupakirkjunnar sem eiganda Metrocenter verslunarmiðstöðvarinnar við Newcastle í Norður Englandi. Feður kirkjunnar eru margir hverjir svo uppteknir af sjálfum sér og fjármálasýslunni að þeir heyra ekki eða hunsa neyðaróp þeirra fjögur hundruð og fimmtíu milljóna jarðarbúa sem eru sveltandi og þeirra fjörutíu þúsund barna sem deyja úr næringaskorti á degi hverjum.

Og í raun er þjóðfélagið allt orðið jafn sinnulaust. Fjöldinn flýtur steinsofandi sem skordýr á laufblöðum með straumnum í kjölfar leiðtoga sinna að þeim feigðarósi sem er framundan. Girugir bankamenn og peningakaupmenn sitja yfir tölvuskjám sínum blindir sem kettlingar og skiptast á tölum í gegnum alþjóðlegt fjármálanet þar sem gjaldeyrir gengur kaupum og sölum fyrir jafnvirði yfir trilljón Bandaríkjadala á dag. Leggðu saman raunvirði allrar vöruverslunar landa á milli, og þú kemst ekki einu sinni nálægt þessari tölu. Fjármálaheimurinn er orðinn heimur út af fyrir sig sem er kominn úr öllum tengslum við raunveruleikann. Það er aðeins orðin spurning um tíma hvenær bólan springur og tekur með sér virtar bankastofnanir og fjármálamarkaði. Við fengum lítilsháttar forsýningu af þessu þegar hinn þekkti Barings banki, banki Elísabetar Bretadrottningar, hrundi og varð gjaldþrota á síðasta ári.

Það yrði kannski „heimsendir“ fyrir einhverja við hrun bankakerfisins. Hins vegar gæti slíkt alþjóðlegt fjármálahrun orðið til góðs. Bilið milli ríkra og fátækra hefur aukist gífurlega í heiminum, og það kerfi sem við búum nú við getur ekki þjónað okkur áfram í óbreyttri mynd. Stofnun sem vinnur að húsnaðismálum í Bretlandi, komst að þeirri niðurstöðu nýlega, að árið 2030 verði um helmingur jarðarbúa húsnaðislaus ef núverandi þróun helst óbreytt.

Aldrei hafa geisað fleiri stríð í manna minnum en á þessum svokölluðu „friðartímum“ síðan frá lokum seinni heimstyrjaldar. Ekki aðeins hefur þetta kostað fjörutíu milljón mannlíf, enn fleiri hafa misst heimili sín.

Með alþjóðlegri upplýsingabyltingu, aukinni og frjálsri fjölmiðlun er sannleikurinn óðum að koma betur fram í dagsljósið. Hvernig almúginn hefur verið undirokaður í gegnum söguna, fyrst af sjálfskipuðum landeigendum, síðar af einræðisherrum í mismunandi útgáfum og nú síðast af girugum pólitikusum og fjársýslumönnum sem svífast einskis til að ná sínu fram.

Einræðisherrar fyrri alda lærðu fljótt að nota trúarbrögð sem verkfæri til að ná valdi yfir fólkinu. Þeir mynduðu yfirstéttir með því að launa stríðsmönnum með titlum og forréttindum fyrir arðrán og landvinninga í nærliggjandi eða fjarlægari héruðum. Höfðingiarnir fengu „lagalegan“ rétt til að skattleggja almúgann og tryggðu þannig að stór hluti verðmætanna rynni til yfirstéttarinnar sem að sjálfstöðu hafði lagakerfið á sínum snærum. Upp úr þessu þróaðist ríkisvald okkar tíma sem var myndað með hinum svokallaða Westphalia sáttmála árið 1648. Þessi svokallaði „friðarsáttmáli“ skipti upp landsvæðum og gaf valdhöfum stjórnmalalegan rétt til að fara þar með öll ráð auk þess að lögleiða hervald og ofbeldisrétt valdhafanna.

Allt fram til dagsins í dag hafa aðalatriði Westphalia samningsins leyft einræðisherrum, grímuklæddum sem konungar, ríkisstjórnir eða hershöfðingjar, að arðræna þjóðir sínar og uppfylla valdabætur sínar með því að leika að vild með afkomu og líf milljóna einstaklinga. Slíkir aðilar geta enn þann dag í dag framið fjöldamorð án mikilla afskipta umheimsins eins og glöggst má sjá í Írak, Bosníu, Rúwanda, Nígíeríu og í mörgum öðrum ríkjum.

Í dag ber yfirstéttin mörg andlit. Stjórnmalaleiðtoginn sem oft byrjar sinn feril „í nafni fólksins“ og lofar endurbótum, verður oftast en ekki jafn spilltur og fyrirrennari hans um leið og hann er sestur í valda-stól. Hann er oft búinn snilldarhæfileikum sjónhverfingamannsins; felur sannleikann með fagurgala og öðrum loddaraskap.

Þegar einn „afkastamesti“ einræðisherra aldarinnar hafði „skemmt“ sér og félögum sínum um árabíl við morð og ofsóknir á hendur Gyðingum, og eftir að hafa breytt vængi sína yfir fjölda ríkja og valdið þar meiri hörmungum en fyrri sögur herma, myndaðist mikill þrýstingur frá almenningi að „leikurinn“ yrði stöðvaður í eitt skipti fyrir öll.

Hinir pólitísku leiðtogar áttuðu sig á því að almenningur var farinn að sjá í gegnum hildarleikinn. Hitler hafði virt allar leikreglur að vett-

ugi og í brjálæði sínu ruðst yfir „ríkislínurnar“ með vígvélar sínar. Á hugvitsamlegan hátt stofnuðu leiðtogarnir alþjóðleg samtök til friðar „í nafni fólksins“. Á sama tíma og sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður við hátíðlega athöfn í San Fransisco, var unnið nótt og dag á öðrum stað í Bandaríkjunum við þróun kjarnorkuvopna sem síðar leiddu til upphafs kalda stríðsins.

Eftir að hafa haldið leiknum í gangi í fimmtíu ár, eru Sameinuðu þjóðirnar nú að hruni komnar á hálftrar aldar afmæli stofnunarinnar. Frjáls fjölmiðlun síðari tíma er í auknum mæli að leiða í ljós að stofnunin var byggð á sandi. Þessi samtök hafa oftar en ekki verið skálka-skjól óprúttinna ríkjaleiðtoga sem hafa gengið á rétt almennings, þess almennings sem Sameinuðu þjóðirnar eiga að vernda. Það er eitt mesta hagsmunarmál mannkyns að þessi stofnun verði tafarlaust endurskipulögð og hún starfi í framtíðinni í fullu samræmi við þau fögru orð er rituð eru í stofnsáttmálanum.

Rómaveldi hrundi og með því heil siðmenning vegna græðgi og skammsýni leiðtoganna. Við erum farin að sjá óhugnanlegar hliðstæður í heiminum í dag. Siðmenning okkar mun örugglega hrynja á næstu áratugum ef hinir svokölluðu leiðtogar okkar setja ekki framtíð mannkyns framur sínum eigin skammtímahagsmunum.

*„Hinir vitru eru friðsamir og óvilhallir.
Í þeirra augum er arfleið manna sameiginleg.
Hinir vitru líta á alla menn sem fjölskyldu sína.“*

Bókin um Veginn

Forréttindi diplomatanna

Hvað er diplomat? Í orðabókum er þetta orð þýtt sem: ríkiserindreki, samningalipur, háttvís eða ráðkænn maður. Ef diplomatar samtímans stæðu undir nafni, væri líklegt að ástand heimsmálanna væri í betra horfi en nú er. Því miður er svo komið að ríkiserindrekar eru orðnir forréttindastétt í þjóðfélaginu, yfirleitt hafnir yfir lög og reglur samborgaranna. Þó svo að íslenskir diplomatar séu alls ekki þeir verstu, njóta þeir eins og kollegar þeirra margháttaðra forréttinda. Þeir hafa ótakmarkaðan aðgang að tollfrjálsum varningi, búa við skattfríðindi, eru í fríu húsnæði, fá ókeypis afnot af glæsibifreiðum og síma og eru áskrifendur að háum launum, svo eitthvað sé nefnt. Þeir þurfa ekki heldur að lúta að almennum lögum og reglum þeirra landa sem þeir dveljast í, eins og umferðarlögum - njóta sérstakrar verndar. Eru nánast ósnertanlegir í viðkomandi landi.

Erindrekararnir okkar, diplomatar á erlendri grund, eru ekkert annað en smækkuð mynd af af ástandi heimsmála. Í aldir hafa leiðtogar heimsins unnið að því að skapa sjálfum sér fyrst og fremst, og síðan skósveinum sínum, forréttindi á kostnað annarra. Þjóðir hafa reynt að þenja út áhrif sín í gegnum landtökur, ríkidæmi, trúarbrögð, menningu og stjórnmál. Samhliða þessu hafa eiginleikar kærleikans látið í minni pokann. Baráttan fyrir veraldlegum auði og völdum hefur lamað andlega þróun mannkyns og staðið í vegi fyrir henni. Í stað þess að

rækta kærleikann, hefur mannkynið ræktað græðgi og ótta, arðrán og þrælkun, hatur og fordóma, rógburð og stríð. Þessi uppskrift hefur endurspeglað heim samtímans sem byggður er á vantrausti og brjálæði. „Leiðtogar“ leiða þjóðir sínar til sjálfsmorðs eða örbirgðar.

Ýmsir áhrifamenn ala á stríði, ótta og hatri í heiminum með eigin skammtímagróða í huga. Oft vinna þessir aðilar bak við tjöldin og með peningavaldinu nota þeir ráðamenn og þjóðarleiðtoga sem strengjabrúður til að vinna skítverkin. Þegar heiðarlegir stjórnarerindrekar leitast við að koma á vináttu og friði, koma þessir aðilar upp á yfirborðið í hlutverki vantrúaðra svartsýnismanna og hleypa af stað tortryggni, rógburði og atburðum til þess eins að grafa undan öllum friðarumleitunum og eyðileggja mannorð viðkomandi.

Ef sálarástand nokkurra þeirra sem hafa staðið á móti friði og sameiningu mannkyns er skoðað, sjást oft sláandi hliðstæður. Þetta fólk á sér oft svipaða sögu sem fórnarlömb haturs, höfnunar og lítil-lækkunar í æsku og leitast því síðar á ævinni við að sanna yfirburði sína með valdbeitingu. Framagirni þeirra kemur þeim oft í valdastöður þar sem þeir verða hættulegir mannkyninu með pólitískum og efnahagslegum áhrifum og eða í gegnum fjölmiðla. Þar ala þeir á ótta, hatri og efnishyggju. Upplýsingar í ævisögum bæði Hitlers og Vladimar Zirinovsky þjóðernissinnans í Rússlandi eru skólabókardæmi um feril slíkra valdhafa. Zirinovski hefur til dæmis lýst því yfir í sjónvarpi að hann ráðgeri að nota kjarnorkuvopn við útþenslu landsins komist hann til valda.

Hinar gifurlegu umframbirgðir vopna sem geta eytt öllu mannkyni margsinnis og áframhaldandi framleiðsla í „birgðafjallið“ er nægileg sönnun þess að „leiðtogar“ heimsins eru ekki með öllum mjalla og að þeir hafa þröngvað þessari brjálæðisstefnu upp á þegna sína á kostnað velferðar þjóðfélagsins. Fólk almennt berst í bökkum og víða skortir lágmarks nauðsynjar, mannlíf víða orðið óhamingju og sársauka að bráð. Og ástæður þessa eru einfaldlega þær að leiðtogar hafa sólundað starfsorku og ráðstöfunarfé þjóða heimsins með græðgi og ótta að leiðarljósi. Með þessu háttalagi er forysta heimsins í raun sek um verstu glæpi. Afsakanir og innihaldslaus réttlætning er engin vörn fyrir kaldrifjaða og falska forystu.

Í dag láta diplomatar og stjórnámálamenn hugsjónir brjálæðinga setja

línurnar um framvindu heimsmálanna, þannig að hver apar brjálæðið og vitleysuna eftir öðrum. Við byggjum tilveru okkar á sálfræðilegri óreglu, þar sem systkinin, ótti, öfund og græðgi, eru í höfuðhlutverkum. Þessi óregla verður það sjónarhorn sem á að vísa okkur veginn. En þetta er leið til glötunar. Það er vitlaust gefið. Heimurinn er ekki á bjargi byggður með þessari smíð, heldur á sandi. Viðmiðin eru röng.

Diplomatarnir eru sem blindar mýs og hlaupa í endalausum hringi eltandi skottin á sjálfum sér í óendanlegu ferðalagi í sömu holunni, án þess að miða nokkuð áfram. Þeir láta stjórnast af gráðugri og smáborgaralegri hagsmunapólitík. Þetta er hugsjónalaus heimsmynd sem virðir að vettugi undirstöðulögmál lífsins og náttúrunnar. Diplomatarnir eru orðnir fangar heimsstefnu sem skapar sér eigið líf og tilveru og nærast á eigingjarni hagsmunastefnu lítills minnihluta samfélagsins. Of mikið er gert úr mikilvægi mannsins og yfirburðum hans yfir náttúrunni. Þetta uppblásna sjálfsálit stofnar náttúrulögmálunum og framtíð mannkyns í hættu. Ný stefna verður að breyta þessu.

Þegar fyrstu myndirnar af jörðinni voru sendar hingað utan úr himingeimnum, öðlaðist mannkyn nýtt sjónarhorn og nýjan skilning á tilveru sinni. Að sjá heimili okkar án landamæra, kynþátta og trúarbragða, veitti okkur dýpri sýn á hlutverk mannkyns sem hluta af stærri heild.

Hinn mikli aragrúi sjónvarpsstöðva sem við getum nú skipt á milli á augnabliki með fjarstýringunni gefur okkur líka annað sjónarhorn. Þar sjáum við í einum litlum glugga heima í stofu öll þau mismunandi litbrigði mannfólksins, eins og fallega samsett og litríkt blómahaf úti í náttúrunni. Okkur dytti aldrei í hug að rækta aðeins blóm í einum lit í garðinum okkar. Því skyldum við þá vilja búa á jörð þar sem mannfólk er allt mótað og litað eins.

Mörg vanda- og ágreiningsmál mannkyns virðast í raun hlægileg þegar þau eru skoðuð í stærra samhengi. Ef fólk gerir sér grein fyrir því að við erum öll hluti af stærri guðdómlegri heild, þá skapast annar og betri grundvöllur fyrir mannleg samskipti. Í slíku samhengi verða deilur um landsvæði, náttúruauðlindir, fjölda kjarnorkuvopna og hugmyndafræði efnishyggjunnar tilgangslausar og í raun geðveikislegar. Sem hluti af slíkri guðdómlegri heild eru eyðilegging, morð, limlestingar og eignarhald yfir öðrum, séð sem glæpir gegn mannkyni, nátt-

úrulögmálunum, heilögum guðdómi eða hvaða nafni sem hver vill kalla lífsheildina.

Sannir leiðtogar stjórna af visku, skynsemi, raunsæi og trúnaði. Almennigur hefur falið þeim umboð til að stjórna þjóðarbúinu og samfélaginu á farsælan hátt. Það eru aðeins óhæfir stjórnendur sem ala á mismunun þegnanna. Í dag stjórnast mannkyn af ótta og uppnámi því leiðtogarnir hafa ekki hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Vandamál skapast þegar lögmál og grundvallarreglur eru brotnar af svokölluðum „leiðtogum“ sem virða sameiginlega hagsmuni að vettugi og misnota lög og rétt í eigin hagsmunaskyni til gróða og valda. Lög eiga ekki aðeins að gilda um efnahagslega tilveru, heldur þörfnumst við lögmála um gildi náttúrunnar, mannlífið og öll mannleg samskipti.

Góður stjórnandi stingur ekki höfðinu í sandinn á meðan heimurinn í kringum hann er að hrynja með ógnvænlegum afleiðingum fyrir allan almennig. Góður leiðtogi þorir að taka af skarið og benda á það sem betur mætti fara. Við sjáum til dæmis hvernig leitast er við að koma friði á í Bosníu með 60.000 vopnuðum mönnum, en á sama tíma er lítill sem enginn gaumur gefinn að öðrum nauðsynlegum þáttum friðarins, svo sem þætti fjölmiðla. Við sjáum áralöng stríð á Norður- Írlandi og í Afríku. Við sjáum óhugnalega aukningu ofbeldis meðal þjóðanna og sölu vopna til þróunarlanda þar sem hundruð milljóna svelta. Góður leiðtogi lætur þetta ekki framhjá sér fara heldur gerir eitthvað í málinu.

„Deir segja: „Það er friður!“ þegar það er enginn friður...“

Biblían

Blekking aldarinnar

Á hálftrar aldar afmæli Sameinuðu þjóðanna, hvatti aðalritari þeirra, Butros Gali, NATO til að taka við stöðu friðargæslusveita S.Þ. í fyrrum Júgóslavíu. Hann opinberaði þá skoðun sína, að sá grundvöllur sem S.Þ. voru stofnaðar á, væri brostinn, og að stofnunin væri nú ekkert annað en skrifræðisbákn sem í auknum mæli væri að glata tiltrú almennings og þeirra ríkisstjórna sem standa að henni.

En staðreyndin er sú að, að S.Þ. urðu í raun ekki á nein sérleg mistök á fimmtíu ára afmæli sínu. Hins vegar var sá blekkingarvefur sem tilvist stofnunarinnar hefur byggst á til þessa dags að bresta, og sannleikurinn að koma í ljós. S.Þ. sem stofnaðar voru í nafni fólksins, stóðu nú berskjaldaðar fyrir augum almennings sem ein mesta lygasaga aldarinnar. Stofnunin átti aldrei möguleika á því að láta hin göfugu markmið stofnsáttmálans rætast, því slíkt var aldrei ætlun stjórn-málarefanna sem stofnuðu S.Þ.

Til að skilja hvernig slík blekking varð til, þurfum við að sjá þetta í ljósi seinni heimstyrjaldarinnar. Í lok stríðsins myndaðist þrýstingur frá hópi listamanna, rithöfunda og háskólafélks sem reglulega kom saman í London, á að eitthvað yrði gert til þess að koma í veg fyrir frekari stríðshættu og blóðsúthellingar í heiminum. Eftir margra ára stríðshörmungar, olli það þeim þungum áhyggjum hvernig ítalskir fasistar ólu börn sín á slagorðum eins og: „Hlýðið, trúið, berjist!“, og nasistar þýskan æskulýð á áróðri svo sem: „Hugsið með blóðinu“ og „hvenær sem ég heyri orðið menning, tek ég öryggið af byssunni minni“.

Úr slíkum jarðvegi spruttu Sameinuðu þjóðirnar, en þær voru

stofnsettar í San Fransisco í júnímánuði 1945. Hörmungar stríðsins, höfðu fært fólki heim sanninn um, að fara yrði nýjar leiðir til að tryggja frið. Stjórnmalaleiðtogar Vesturlanda lofuðu, að þær leiðir yrðu farnar í krafti S.Þ. Í stofnsáttmála þeirra er gefið fyrirheit um, að með sameiginlegu átaki, verði svipu stríðshörmunga bægt frá mannkyni og að herafla verði ekki beitt, nema öryggi mannkyns krefjist þess.

En jafnvel meðan stofnsáttmálinn var undirritaður í San Fransisco, unnu menn að gerð kjarnorkuvopna í Nýju Mexíkó. Aðeins fjórutíu dögum eftir undirritun stofnsáttmála S.Þ., lagði kjarnorkusprengja Hiroshimaborg í rúst.

Fyrsta ályktun Allsherjarþings S.Þ. lýsti ótta við kjarnorkuvopn og þingið samþykkti einróma að kjarnorka yrði aðeins notuð í friðsamlegum tilgangi. Meðal þeirra sem greiddu atkvæði voru Sovétríkin, Bretland og Frakkland sem öll framleiddu kjarnorkuvopn fáeinum árum síðar. Ályktunin var virt að vettugi og kjarnorkuvopnakapphlaupið var hafið með hefðbundnum gagnkvæmum ásökunum deiluaðila.

Engin viðunandi skýring hefur komið fram á því hvers vegna Bandaríkjamenn afhentu S.Þ. ekki kjarnorkuvopn sín fyrir fimmtíu árum, hafi þeir á annað borð einhvern tíma ætlað sér, að stuðla að því, að kjarnorkumál kæmust undir alþjóðlega stjórn. Hugsanleg ógn frá Sovétríkjunum skiptir engu máli í því sambandi. Henni hefði mátt bæga frá af alþjóðlegu valdi, sem hefði haft yfir kjarnorkuvopnunum að ráða.

Þetta ástand hefur ekki breyst. Það er engin þörf á kjarnorkuvopnum í eigu einstakra ríkja. Vopnum þessum á þegar að koma í hendur S.Þ. eða annarrar stofnunar sem sett væri upp í þeim tilgangi að sjá um þetta mál. Þar til eitthvert kjarnorkuveldanna tekur af skarið og afhendir þessi vopn til alþjóðlegs eftirlits, er lítil von til þess, að kjarnorkuvopnum verði eytt. Til þess hefur of lítið breyst undanfarin fimmtíu ár, hvað sem líður fagurgala stjórnmalamanna. Þeir tala fjálglega, en einungis til að viðhalda óbreyttu ástandi. Á meðan fyllast ruslakörfur alþjóðastofnana af fagurlega orðuðum samþykktum sem hafa enga þýðingu.

Í bók sinni „Brotið blað“, segir Fredrico Mayor aðalframkvæmdastjóri UNESCO: „Ég veit, að það er ekki létt verk, að sigrast á þeim óhemju hagsmunum, sem andvígir eru breytingum. En við störfum

ekki á vegum S.Þ. til að leiða skriffráskrá. Okkar hlutverk er, að stuðla stöðugt að breytingum. Það er erfitt. Eigi að síður er ljóst, að mistakist okkur að draga úr misrétti í heiminum og þá fyrst og fremst því stærsta sem er, að 20% jarðarbúa hafa yfir að ráða 80% af auði hennar, þá munum við hljóta þunga dóma af komandi kynslóðum. Því nú eru breytingar mögulegar. Við þekkjum leiðina til betra mannlífs. En til að ganga hana til enda, verðum við að breyta forgangsröð okkar og venjum. Þetta er einfaldlega spurning um pólitískan vilja“.

Eins og dr. Mahubub ul Haq, sérlegur ráðgjafi Alþjóðápróunarstofnunarinnar og fyrrverandi bankastjóri Alþjóðabankans orðar það: „Ef S.Þ. myndu aðeins svipast eftir lögmæti hinna frægu upphafsorða í stofnsáttmála sínum, „Við, fólk hinna sameinuðu þjóða....“ Og bætur svo við: „En aldrei í sögu mannkyns, hefur valdaafsal almennings gengið fyrir sig með skjótari hætti. S.Þ. urðu þegar í stað klúbbur ríkisstjórna, í stað þess að verða samtök fólksins.“

Dr. Haq leggur til, að við fögnum 21. öldinni, með því að breyta Alsherjarþingi S.Þ., þannig að fulltrúar þar yrðu kosnir með beinni almennri kosningu, í stað þess að vera einungis fulltrúar ríkisstjórna. Þar með myndi það lýðræði, sem á vaxandi fylgi að fagna um heim allan, ekki aðeins verða drifkraftur í einstökum löndum, heldur einnig í alþjóðlegum samskiptum.

Almenningur er langt á undan ríkisstjórnnum sínum, hvað varðar hugmyndir um mannréttindi, eins og t.d. jafnrétti kynja og kynþátta. Það er furðulegt að almennum borgarasamtökum skuli meinuð þátttaka í alþjóðlegri samvinnu, með sama hætti og þau starfa í einstökum löndum. Þó hefur nokkur framför orðið í þessum efnum, þar sem farið er að halda almennar ráðstefnur til hliðar við opinbera alþjóðafundi, s.b.r. kvennaráðstefnuna í Kína á s.l. ári. Að sögn dr. Haq gera stjórnvöld þó allt sem í þeirra valdi stendur, til að bægra „óæskilegum“ áhrifum frá virðulegum ríkjaráðstefnum.

Deilur koma oft upp meðal einstakra þjóða, frekar en milli þeirra. Þetta á t.d. við um deilur um atvinnumál og önnur innanríkismál. Lausn slíkra deilna krefst þróunar, ekki vopna. Dr. Haq segir friðargæsluliða S.Þ. gagnlausu til lausnar innanlandsdeilum. Lausn slíkra deilna úrheimti ákveðna þróun, sem best sé að horfast í augu við strax, í stað þess að senda hermenn á staðinn síðar. Hann leggur til, að við leggjum

niður kostnaðarsama vopnaða friðargæslu, en snúum okkur þess í stað að þróunarverkefnum, sem almannastofnanir og samtök leiði. Brún þörf á slíku starfi, mun fljótlega sanna tilgang þess. Hugmynd hans er sú, að við leitumst við að koma í veg fyrir diplomatísk mistök, í stað þess að taka þá fyrst til hendinni, þegar afleiðingar þeirra hafa valdið ómældum hörmungum.

Það er ekki gleðiefni að horfa á eftir tveimur milljörðum Bandaríkjadala í gæslulið S.Þ. í Sómalíu á einu ári, þegar vitað er að slík fjárfesting í uppbyggingu landbúnaðar, menntunar og heilsugæslu landsins tíu árum áður hefði afstýrt hörmungunum. Það er ekki fagur vitnisburður, mannlegum vitsmunum, að undanfarin tíu ár, hafa menn eytt 200 milljörðum dala í baráttuna gegn alnæmi, þegar þess er gætt að hefði tíu milljörðum verið varið í markvissa heilsugæslu, nokkru áður en ósköpin dundu yfir, hefði mátt koma í veg fyrir þau.

Við undirritun sáttmála S.Þ. fyrir hálfri öld, beindust sjónir manna að sameiginlegu öryggi og alþjóðlegri afvopnun. Markmiðið var, að setja öll öryggismál undir einn og sama hattinn til að forða komandi kynslóðum frá hörmungum styrjalda og tryggja þeim almenn borgararéttindi. Ákveðið var að sáttmálinn skyldi endurskoðaður að tíu árum liðnum.

Hinn virti lögfræðingur, Benjamin B. Ferencz, lagaprófessor og fyrrum saksóknari í Nurnbergrettarhöldunum, lét hafa eftir sér: „Engri af þeim lagalegu skuldbindingum, sem skráðar eru í stofnsáttmála S.Þ., hefur verið fullnægt.... Látum Bandaríkin taka forystuna í að krefjast þess, að allar þjóðir standi við þennan sáttmála, sem þær hafa skuldbundið sig til að virða. Það er skjótvirkasta og ódýrasta lækningin sem völ er á“.

Þar sem Bandaríkin voru meðal þeirra fyrstu til að brjóta sáttmála S.Þ. og hafa jafnan verið hvað stórtækust við þá iðju, er erfitt að ímynda sér að þau veiti þeim nauðsynlega aðhlyningu, með því að hleypa almannasamtökum til eðlilegra áhrifa á þessum vettvangi. Það er ólíklegt, að ríki sem lifa í vellystingum, muni blaka hendi, til að sáttmálinn öðlist sitt raunverulega gildi, án þess að sterk fjöldahreyfing knýi þau til þess. Við verðum að leggja af allt ljúflingshjal og taka á honum stóra okkar, til að virkja almenning allra landa með það að markmiði, að S.Þ. geti orðið markviss friðarboði 21. aldar.

Viðvörðun vísindamanna

Sextán hundruð vísindamenn, þar á meðal hundrað og tveir Nóbélhafar, hafa varað við, að mannkynið sé í útrýmingarhættu vegna offjölgunar og ábyrgðarlausra lífshátta.

Á dögum Kristis voru jarðarbúar um eitt hundrað milljónir. Árið 1950 var fjöldi þeirra 2.5 milljarðar. Síðan hefur mannfjöldi rúmlega tvöfaldast. Þess er vænst, að árið 2050 verði íbúar jarðar meira en 10 milljarðar.

Undanfarið hefur dregið úr fólksfjölgun í iðnríkjunum, en fæðingartíðni er nú gífurleg í þróunarlöndunum. Þar svelta 600 milljónir og meira en milljarður manna býr við sára örbið. Á hverjum degi deyja 40.000 börn í þróunarlöndunum vegna hungurs og skorts á læknishjálpi.

Þróun heilbrigðiskerfis hefur hækkað meðalaldur fólks í ríku löndunum. Á næstu árum mun þessi þróun í auknum mæli berast til fátækra landa. Það mun enn auka fólksfjölgunarvandann, nema til komi samhlíða ráðstafanir sem draga úr barneignum.

Þverstæður í mannlífi, þjóðskipulagi og öfgakenningar trúarleiðtoga eru þættir sem valda því að fólksfjölgunin virðist nær óstöðvandi, sérstaklega í þróunarlöndunum. Í kjölfar iðnbýltingarinnar hefur þjóðskipan tekið miklum stakkaskiptum og í auðugum ríkjum heimsins er ekki lengur lögð áhersla á stórar fjölskyldur. Ítalía er með fæstar barnaeignir miðað við fólksfjölda þrátt fyrir að vera kaþólskt ríki, og þótt kaþólska

kirkjan hafi alfarið staðið gegn getnvaðarvörnum. Þar hefur skynsemi og þekking verið yfirsterkari blindri trú á páfann. Frjósemi hefur farið minnkandi á Vesturlöndum. Ástæðan er ekki kunn, en áætla má að orsökina hjá konum megi rekja til pillunnar, og minnkandi frjósemi karlmanna megi rekja til breytt mataræðis.

Til eru þeir, sem líta á stríð sem nauðsynlegan þátt í lífi jarðarbúa til að hefta mannfjölgun. Jafnvel fræðimenn hafa komið fram með slíkar kenningar án þess að setja fyrir sig meðfylgjandi hörmungar. Einn vinur minn, skýrði mér nýlega frá fundi um umhverfismál sem hann sótti í Bandaríkjunum, þar sem einhverjum fræðimanninum tókst að sannfæra fundargesti um, nauðsyn þess, að halda umræðunni um umhverfismál og friðarmál aðskildum, meðal annars af þessum ástæðum. Mér varð svo um, að heyra þetta, að ég spurði hvort við ættum þá ekki einfaldlega að taka upp aðferðir Hitlers, og koma á fót útrýmingarbúðum og útrýma vissum þjóðflokkum?

Hver er það sem ætlar að setja sig í slíkt dómarasæti yfir mannkyninu, að ákveða hverjir eru þess verðir að lifa og hverjum yrði útrýmt? Það er ekkert sem réttlætir slíka umræðu, hvorki um útrýmingarbúðir, né útrýmingu þjóða af völdum drápsvopna sem limlesta og murka lífið úr fólki á sársaukafullan hátt. Það eru einnig alls óviðunandi aðferðir til takmörkunar á fólksfjölgun að svelta hundruðir milljónir fólks af mat og nauðsynlegri þjónustu, meðan eytt er margföldum þeim verðmætum sem þarf til að hjálpa þessu fólki í tilgangslaus hernaðartól.

Eins og ég skýri frá á öðrum stað í þessu riti, er mannfólkið ekki fætt með ofbeldishneygð. Hinsvegar leiðir óréttmæt þjóðfélagsskipan oft til uppreisnar og ofbeldis. Siðmenning án jafnvægis og gagnhvæms skilnings milli ólíkra stétta, er dæmd til tortímingar. Yfirstétt, sem rakar að sér auði, meðan aðrir líða skort, grefur sjálfri sér gröf. Sama lög málgildir í samfélagi þjóða. Lífskjör vesturlandabúa laða t.d. að sér fólk frá fátækari löndum þriðja heimsins, sem nú eru fjölmennari en ríku þjóðirnar. Sambúð komumanna og þeirra, sem fyrir eru, vill oft fara úrskaiðis. Í Þýskalandi hafa svokallaðir „gestaverkamenn“ frá Tyrklandi orðið fyrir aðkasti og ofbeldi innfæddra.

Þótt fáir íbúar Vesturlanda svelti, spretta þar í auknum mæli upp ýmis félagsleg vandamál. Atvinnuleysi fer vaxandi í flestum stórborgum með þeim afleiðingum, að þegar er orðin til undirstétt, sem nærast á

hatri og öfund. Í örvinglun sinni, leita margir þeirra, sem þar hafna, á vit glæpaverka og ofbeldis. Undir misfáguðu yfirborði misréttisins, blundar eldur, sem fyrr eða síðar brýst út, verði ekkert að gert.

Ofbeldi og notkun skotvopna kom upp á bensinstöðvóm í Bandaríkjunum í oliukreppunni þegar aðilar ruddust fram fyrir aðra í biðröðum til að ná í bensín á bílinn. Fátækt hefur aukist mikið í Bandaríkjunum á undanförunum árum, og nú eru framin ofbeldismorð að meðaltali á fimmtán sekúntna fresti meðal þjóðarinnar.

Einungis með því að minnka bilið á milli ríkra og fátækra í heiminum, er hægt að koma í veg fyrir uppreisn frá þróunarlöndunum. Ef ekkert er gert til þess að skipting jarðarauðæfanna verði jafnari, mun þessi fjöldi „fátæklinga“, sem nú eru margfalt fjölmennari en Vesturlandabúar, fyrr eða síðar rísa upp og finna leiðir til að brjóta niður núverandi þjóðskipulag. Slíkt gæti leitt til mikilla blóðsúthellinga og ef til notkunar kjarnorkuvopna kæmi, hugsanlega til útrýmingar mannkyns.

Flestir stjórnmalaleiðtogar skella skollaeyrum við teiknum yfirvofandi hörmunga. Skammtíma hagsmunir hindra þá í, að taka á málum, sem kjósendur vilja ógjarnan horfast í augu við.

Sameinuðu Þjóðirnar reka umfangsmikla „pappírsverksmiðju“ sem dælir út skýrslum um vanda heimsbyggðarinnar. En þeim er flestum stungið undir stól. Mannkyn á líf sitt undir því að þarna verði breyting á.

Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar til lausnar vandamálnum, svo sem á fólksfjölgunarvandanum. Flestum er ljóst, að almenn menntun í þróunarlöndunum er nærtækasta lausnin, sem og aðgangur almennings að getnaðarvörnum. Aðrar lausnir hafa þó verið nefndar. Þannig skrifaði breski lækurinn Roy Calne bók, sem hann nefnir „Of margt fólk“ þar, sem hann m.a. leggur til að kannaðar verði líffræðilegar aðgerðir til getnaðarvarna, t.d. með því að takmarka barneignir í gegnum erfðavísi (DNA). Barneignir yrðu þá sjálfkrafa takmarkaðar við vissan fjölda þungana, og þannig telur hann vinna mætti á offjölgunarvandanum og forða mannkyninu frá útrýmingu af hans sökum, eða vegna notkunar kjarnorkuvopna, sem orsakast gæti af meðfylgjandi spennu. Áður en gripið verður til þeirra vægast sagt örþrifaráða að breyta erfðavísi komandi kynslóða, ætti heilbrigð skynsemi að gera það mögulegt að ráðamenn sameinist um aðrar nærtækari og mannlegri lausnir á vandanum.



Áhrif geislavirkni eru ógnvænleg. Barn fætt í Hvíta Rússlandi eftir Chernobyl-slysið. Við erum farin að ógna lögmálum náttúrunnar.

Kjarnorkuvopn

„Engar sannanir eru fyrir því, að kjarnorkuvopn hafi komið í veg fyrir heimstyrjöld. Hinsvegar er vitað, að þau orsökuðu næstum þriðju heimstyrjöldina. Mest ógnvekjandi stund lífs mins, var þegar Kúbudeilan stóð sem hæst, í október árið 1962. Ég þekkti ekki allar staðreyndir þá, en okkur er nýlega orðið ljóst, hve nærri við vorum heimsstyrjöld. En ég vissi nóg, til að skjálfa af hræðslu. Milljónir manna virtust standa andspænis snöggum dauða og annarra beið kvalafyllri dauðdagi. Framtíð stórs hluta mannkyns hékk á bláþræði og siðmenningin virstist á enda runnin. Allt valt á ákvörðun eins manns, Nikita Khrushchev. Léti hann undan úrslitakostum Bandaríkjanna, eður ei?

Þetta er veruleiki kjarnorkuvopna. Þau geta orsakað heimsstyrjöld, stríð sem er ólíkt þeim, sem við höfum þekkt til þessa, á þann hátt, að þau myndu útrýma allri siðmenningu“

Þetta sagði kjarnorkueðlisfræðingurinn Joseph Rotblat þegar hann tók við friðarverðlaunum Nóbels árið 1995 og skoraði á kjarnorkuveldin, „að muna skyldu sína við mannkyn“.

Tugir milljóna manna hafa farist í styrjöldum frá lokum seinni heimstyrjaldarinnar. Í þessum styrjöldum hafa kjarnorkuvopnin verið álitin ónothæf vegna útrýmingarhættunnar. Heimur án kjarnorkuvopna yrði því ekki sjálfkrafa laus við ógnir. En mannkyn yrði laust við ógnir útrýmingarhættu af þeirra völdum.

Kjarnorkuveldin keppast við að fullyrða, að kjarnorkusprengjur séu nauðsynlegar vörnum þeirra. Sama gildir með tilraunir með slík vopn, eins og nýleg dæmi frá Frakklandi og Kína sanna. En þessi rök gætu

nýst fleirum. Ef þau ríki, sem hafa mesta hernaðarlega yfirburði fyrir, þurfa á kjarnorkuvopnum að halda, hvað þá um hin ríkin, sem veikari hafa varnirnar? Er hægt að meina þeim, að koma sér upp kjarnorkuvopnum? Sannleikurinn er sá að núverandi stefna í kjarnorkuvopnamálum, ýtir undir útbreiðslu þeirra, og er því uppskrift að hörmungum.

Áður en Frakkar hófu síðustu kjarnorkutilraunir sínar við Múróaeyjar, buðu Bandaríkjamenn þeim aðgang að öllum upplýsingum um eigin tilraunir. Sérfræðingar hafa lýst því yfir, að upplýsingarnar hefðu gefið Frökkum allt sem til þurfti til frekari tilrauna með tölum á rannsóknarstofum, en slíkar áframhaldandi tilraunir í rannsóknarstofum voru yfirlýst markmið Frönsku stjórnarinnar með sprengingunum í Karabíska hafinu. Hinsvegar afþökkuðu Frakkarnir alfarið boðið, og sögðust ekki vilja vera upp á Bandaríkin komnir með varnarmál sín.

Marc Launois, aðstoðar forstjóri hernaðardeildar Frönsku kjarnorkustofnunarinnar lýsti því yfir í viðtali við tímaritið Time í September 1995 að þetta væri „spurning um sjálfstæði ríkisins“. Gagnrýnendur telja þetta þó fyrst og fremst lýsa franskri þjóðarrembu sem rekja megi aftur til nýlendustefnu síðustu aldar. Þeir telja að Chirac Frakklandsforseti hafi eingöngu fyrirskipað þessar tilraunir, til að örva þjóðerniskennd landa sinna. Hann hafi með öðrum orðum viljað tryggja eigin stöðu innanlands og gera heiminum ljóst, að Frakkland sé stórveldi.

En þessi skammsýni, gæti átt eftir að koma forsetanum í koll síðar. Oscar Temaru, frelsisleiðtogi Tahiti, hefur kallað hann „glæpamann“ og Frakkinn Róbert Muller, fyrrum aðstoðarforstjóri Sameinuðu Þjóðanna, hefur lýst þeirri skoðun sinni, að ákæra beri Chirac forseta fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag.

Frakkar hafa haldið því fram, að kjarnorkutilraunirnar við Múróaeyjar, valdi ekki verulegum umhverfisskaða. Má vera, að það gildi um líðandi stund. Hins vegar er alls óvíst, hvað skeður eftir eina öld eða svo. Þá er hugsanlegt, að neðanjarðar sprungur í basaltlaginu undir sjávarbotninum opnist. Úr sprungunum gætu þá borist geislavirk efni í sjóinn, en geislavirkni verður til staðar í meira en 20.000 ár. Séu Frakkar spurðir, hvers vegna þeir framkvæmi ekki þessar tilraunasprengingar í Frakklandi, ef þær séu jafn meinlausar og þeir vilja vera láta, er viðkvæðið jafnan á þá lund, að lagalegu séu Múróaeyjar ekki síður franskar en París eða Lyon.

Nokkuð víst er, að vegna þessara tilraunasprenginga, mun framtíðin minnst Chiracs, sem manns, sem framið hefur glæpi gegn mannkyni. Söm er minning Trumans Bandaríkjaforseta, sem fyrirskipaði kjarnorkuárásirnar á Hiroshima og Nagasaki og lýsti svo ánægju sinni með árangurinn, þegar honum var tjáð, að borgunum hefði verið tortímt og hundruð þúsunda óbreyttra borgara látið líf sitt.

Komið hafa fram upplýsingar, sem leiða í ljós að þær ástæður, sem gefnar voru fyrir kjarnorkuárásunum á Hiroshima og Nagasaki, voru lygi. Sagt var, að sprengjunum hefði verið varpað, til að koma í veg fyrir gífurlegt mannfali í annars nauðsynlegri innrás í Japan. Nú er hins vegar komið á daginn, að yfirmönnum Bandaríkjahers var, þegar ákvörðun var tekin um að varpa sprengjunum, fullkunnugt um það að japanski herinn var að því kominn að gefast upp.

Hin raunverulegi tilgangur Bandaríkjastjórnar með kjarnorkuárásunum var sá, að sýna heiminum, og þá einkum öðrum stórveldum, fram á yfirburði Bandaríkjanna. Hér eftir skyldi litið á Bandaríkin sem yfirburðar heimsveldi á jörðunni. Þetta var viðvörun til nýlendþjóðanna um að halda sér réttu megin, auk þess sem Bretar og Frakkar voru settir á sinn stað sem annarsflokks heimsveldi og með tilrauninni var leitast við að gera hið sama við Stalín. Það þarf að skilja þennan kalda raunveruleika til að skilja yfirlýsingu Truman Bandaríkjaforseta þegar hann lýsti árangri Hiroshima sprengjunnar sem „mesta afreki sögunnar“.

Í forsetatíð Trumans, var lagt hart að honum að semja við Sovétmenn um kjarnorkuvopnin. Ein þeirra hugmynda, sem fram kom, og vafalaust sú heillavænlegasta, var að stofnað skyldi alþjóðlegt ráð, undir forystu S.Þ. og færi það með stjórn alls er að kjarnorkumálum lyti. Með þessu var leitast við, að hindra, að kjarnorkuvopn væru í höndum leiðtoga einstakra ríkja, sem gætu notað þau gegn mannkyninu.

Bandaríkjamenn féllust ekki á þessa hugmynd. Það varð til þess að Stalín fyrirskipaði gerð kjarnorkuáætlunar Sovétríkjanna. Kalda stríðið var hafið. Þetta varð einnig til þess að S.Þ. urðu aldrei það afl til friðar, sem þeim hafði verið ætlað að verða. Stórveldin sáu sér einfaldlega hag í því, að hindra, að S.Þ. gætu komið á friði í heiminum.

Nákvæmlega á sama hátt sem neikvæð afstaða Bandaríkjanna til að láta af hendi yfirráðin yfir kjarnorkuvopnum sínum í lok seinni heimstyrjaldar, olli Kalda stríðinu, útbreiðslu kjarnorkuvopna og síðan geð-

veikislegu vopnakkapphlaupi milli stórveldanna, er nú hætta á að gífurleg útbreiðsla á kjarnorkuvopnum muni eiga sér stað á næstu árum. Nú þegar er vitað um mörg ríki sem annaðhvort hafa slík vopn undir höndum til viðbótar þeim fimm sem viðurkennd voru fyrir, eða sem hafa möguleika á að framleiða kjarnorkuvopn með stuttum fyrirvara. Kjarnorkuvopn eru að verða „stöðutákn“ meðal hernaðarríkja. Það er því ekki óeðlilegt að ríki eins og Indland, Pakistan, Norður Kórea, Íran, Saudi Arabía, Ísrael, og Írak til að nefna nokkur þeirra, sækjist í þetta stöðutákn. Þau telja að þetta gefi þeim aukið pólitískt vald, enda hefur slíkt komið á daginn í ýmsum samningaleitunum undanfarið.

Kjarnorkuvopnaveldin hafa með öllum tiltækum ráðum reynt að halda í svokallaðan NPT samning sem gerður var fyrir 25 árum. Tilgangur samningsins var, að hefta útbreyðslu kjarnorkuvopna. Þau ríki, sem undirrituðu hann skyldu fá aðgang að kjarnorku til friðsamlegra nota. Kjarnorkuveldin skyldu svo smám saman losa sig við kjarnorkuvopn. Lítið sem ekkert hefur miðað í þá átt. Nú er svo komið, að ýmsar þjóðir benda réttilega á, að samningurinn mismuni ríkjum, þar eð kjarnorkuveldin ríghaldi í kjarnorkuvopnabirgðir sínar, meðan þær meini öðrum ríkjum, að eignast slík vopn. Því séu forsendur samningsins brostnar.

Nú þegar hefur eitt kjarnorkuvopnaveldið, Sovétríkin, splundrast í smærri einingar. Að mati sérfræðinga hefur þetta í för með sér stóru aukna hættu á útbreyðslu kjarnorkuvopna og slysaþættu af þeirra völdum. Engin trygging er fyrir því, að slíkt geti ekki hent önnur kjarnorkuveldi, t.d. Bandaríkin. Þar bendir nú margt til vaxandi óstöðugleika bæði á sviði efnahags og stjórnmála. Við þurfum ekki að líta lengra en til eigin aldar, til að sjá, að fjöldi stórvelda hefur brotnað niður í smærri einingar. Má í því sambandi benda á Breska heimsveldið svo og það franska, keisaradæmi Habsborgaranna og nýlenduveldi Hollendinga, Belga og Portúgala.

Eina raunhæfa lausnin á kjarnorkuvánni, er að setja öll kjarnorkuvopn nú þegar undir alþjóðlega stjórn. En þar standa kjarnorkuveldin í veginum. Í stað þess að vinna að þessum eina raunhæfa möguleika til að tryggja framtíð mannkyns, berjast þau með kjafti og klóm til að réttlæta þessi vopn og koma í veg fyrir að þau verði dæmd ólögleg.

Í árslok 1994 lagði Alþjóðaheilbrigðisstofnunin fram tillögu á als-

herjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þar var lagt til, að Alþjóðadómstóllinn í Haag, skæri úr um lögmæti kjarnorkuvopna, á þeim forsendum, að þau væru slík ógn við framtíð mannkyns, að hafa slík gerðeyðingarvopn sem varnartæki einstakra þjóða væri brot á mannréttindum.

Eftir að tillagan kom fram, fóru sögur af því hvernig helstu kjarnorkuveldin sendu fulltrúa sína um heiminn, sem notuðu öll ráð, þ.á.m. hótanir og mútur, til þess að fá ríkisstjórnir til að greiða atkvæði gegn henni. Alþjóðadómstóllinn skyldi ekki svo mikið sem fá að fjalla um þessi mál á óhlutdrægum grunni, hvað þá heldur fá að láta álit sitt í ljóst.

Ísland styður kjarnorkuvopn

Þrátt fyrir þá staðreynd, að „smávægilegt“ kjarnorkuslys, gæti eyðilagt fiskimið Íslendinga fyrir alla framtíð, fyllti ríkisstjórn okkar þann flokkinn, sem greiddi atkvæði gegn tillögunni. Vafalaust var hún þarna í vasa Bandaríkjamanna. Frændur okkar Svíar, sýndu hins vegar þann manndóm, að styðja tillöguna.

Það voru þeir Davíð Oddsson forsætisráðherra og Jón Baldvin Hannibalsson þáverandi utanríkisráðherra, sem fyrir hönd Íslands, sýndu af sér þessa skammsýni. Forseti Íslands hefði getað vakið athygli á málinu, t.d. í fjölmiðlum eða með frumvarpi á Alþingi sem hann hefur heimild til skv. 25 gr. stjórnarskrárinnar. En þaðan heyrðist ekki orð. Fjölmiðlar fjölluðu nær ekkert um málið og á afstöðu Íslands var ekki minnst. Má þó með sanni segja, að þarna hafi verið um að ræða eitt mesta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þess má einnig geta, að hvorki forsætisráðherra né forseti Íslands, hafa svarað bréfum Friðar 2000 um að skýra þessa afstöðu.

Sem betur fer, tókst kjarnorkuveldunum ekki að kæfa málið í fæðingu. Þann 15. desember 1994 var tillagan samþykkt í Alsherjarþinginu. Auk þess var samþykkt, að málinu skyldi hraðað vegna aukinnar hættu af kjarnorkuvopnum. Málið var dómtekið fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag í apríl 1995. Þótt þarna væri verið að fjalla um það, hvort mannkynið væri í raun í útrýmingarhættu, mættu engir sjónvarpsmenn á staðinn. Málið skyldi sem sagt gjörsamlega þaggað niður.

Svo heppilega vildi til að einn samstarfsmanna Friðar 2000, Ástral-

inn Kevin Sanders, mætti í réttarsalinn og hafði sjónvarpstökuvél meðferðis. Hann náði að festa málaflutninginn á filmu. Hann hefur lýst atburði þessum sem hreinum skrípaleik. Þannig lýsti fulltrúi bresku stjórnarinnar því yfir, að alþjóðalög hefðu ekkert gildi gagnvart breskum lögum. Kjarnorkuvopnaeign Breta væri þeirra innanríkismál og því öðrum óviðkomandi. Málaflutningur fulltrúa Bandaríkjamanna og Frakka, var á sömu nótnum.

Og þó er kjarnorkuváin því miður ekki fjarlægari en svo, að í endurminningum Powells, forseta bandaríska herráðsins á tímum Persaflóastríðsins, kemur fram, að varnarmálaráðuneytið fól honum að gera áætlun um kjarnorkuárás á Írak.

Þrátt fyrir að kjarnorkuvopn, að mati þessara aðila, komi alþjóðlegum lögum ekkert við, né mannkyninu yfirleitt, öðrum en einhverjum útvöldum brjálæðingum í Breskum; Frönskum eða Bandarískum hermálaskrifstofum, telja þeir sig hafa fullan rétt á því að sigla um alþjóðlegar siglingaleiðir. Meðal annars fara kaþbátar fullir af kjarnorkuvopnum um fiskimið okkar Íslendinga og geta breytt þeim á einu vettvangi í sannkallað dauðahaf.

Að spila Matador

Eftir seinni heimstyrjöldina voru settar upp svokallaðar Brenton Wood stofnanir, með því markmiði að gera heiminn að einu markaðs-
svæði. Þetta var meðal annars gert í nafni friðar, en því var haldið fram
að sem ein fjárhagsleg heild yrði heimurinn sjálfkrafa að friðarsvæði.
En það var önnur ekki svo augljós ástæða, sem var sú að opna heiminn
fyrir bandarískum fyrirtækjum og að einhverju marki öðrum vestrænum
fyrirtækjum, þegar Bandamenn stóðu uppi sem sigurvegarar stríðsins
og Bandaríkin voru óumdeilt völdugasta ríki jarðarinnar. Þetta lagði
grunninn að alþjóðlegu fjármálakerfi sem hefur flutt auð og arðsemi
heimsins á lítinn fjölda einstaklinga og stofnana. Þetta kerfi, sem virk-
ar ekki ósvipað og Matador, þar sem allir leikmenn verða á endanum
gjaldþrota nema sigurvegarinn, er nú að hruni komið. Nær milljarður
manna sveltur í heiminum og almenningur í iðnvæddum löndum nær
ekki endum saman í auknum mæli. Bilið milli ríkra og fátækra eykst
stöðugt og var þó nóg fyrir.

Á þessum tímum „friðar“ frá síðari heimsstyrjöldinni hafa geislað
fleiri styrjaldir en nokkru sinni fyrr og um fjórutíu milljónir manna hafa
látist af þeim völdum. Undanfarin ár hefur komið fram fjöldi óhugnan-
legra staðreynda um aðild bandarísku leyniþjónustunnar CIA í því að
koma af stað mörgum slíkum vopnuðum átökum og fjöldamorðum með
alls kyns undirróðusstarfi. Oft lét CIA til sín taka í löndum þar sem
leiðtogar risu upp með hugmyndir um virka og lýðræðislega stjórn í
þágu hagsmuna almennings. Þá taldi CIA oft að viðskiptalegum hags-

munum Bandaríkjanna væri stefnt í hættu og greip til aðgerða. Lýðræðislegar ríkisstjórnir voru hindraðar eða kollsteypt með stuðningi Bandaríkjanna. Má þar nefna Íran 1953, Guetemala 1954 og aftur 1963, Dominíkanska lýðveldinu 1963 og 1965, Brasilíu 1964, Chile 1973 og víða annars staðar fyrr og síðar. Á dögum kalda stríðsins var slík ihlutun Bandaríkjanna, ef upp komst, réttlætt með kommúnistagrýlunni án nokkurs tillits til stjórnámálegegra skoðana viðkomandi leiðtoga.

Það er rétt að geta þess að ég sjálfur tilheyrði þeim hópi fólks sem gjörsamlegast blindaðist af þessari áróðursstefnu um kommúnista og tók því slíkum útskýringum sem „Guðs sanna orði“. En sá fjöldi bóka og rita sem nú er kominn fram og varpar ljósi sannleikans á það sem bakvið bjó, hefur gjörsamlega breytt skoðun minni á þessum málum og ég hef gert mér grein fyrir því að þeir stjórnámálegegu leiðtogar sem ég dýrkaði í gegnum árin, bæði hér á landi sem og erlendis, hafa verið fullir af svikum, prettum og lygi, eða í besta falli handbendi valdamikilla leiðtoga með slíkt innræti.

Ég vil taka það skýrt fram, að enda þótt ég hafi hér einkum staldrað við CIA og Bandaríkin í þessum efnum, þá var framferði kommúnistanna í Kreml og KGB engu skárra.

Royal Institute of International Affairs í London, Hin konunglega stofnun alþjóðamála, komst að þeirri niðurstöðu að á meðan bandarísk stjórnvöld og hin iðnvæddu ríki töluðu hástöfum um lýðræðið, þá hefði hin raunverulega skuldbinding þeirra verið við auðjöfra og alþjóðleg fyrirtæki þeirra. Þegar hagsmunir fjárfesta voru í veði, þá varð lýðræðið að víkja. Ef það þjónaði hagsmunum peningavaldsins þá var allt í lagi að starfa með morðingjum og öðrum glæpamönnum. Aðferðirnar voru oft með eindæmum grimmilegar, sem gripið var til í skjóli lýðræðisríkjanna svokölluðu, eins og dæmi sanna frá Nicaragua, El Salvador og Guatamala, Vietnam og víðar og víðar. Enginn var hólpinn. Ungabörn voru barin með grjóti, konur hengdar upp á fótunum með brjóstin skorin af og húð skræluð af andlitinu til að þeim blæddi út, höfuð skorin af fólki og sett á prik. Takmarkið var að brjóta niður alla mótstöðu og þau vinsælu alþýðuöfl sem gætu komið á virku lýðræði og sjálfsforræði viðkomandi ríkja. Á síðustu tuttugu árum er talið að 200,000 manns hafi verið myrtir í Suður-Ameríku af skæruliðum og herforingjum sem studdir voru af Bandaríkjunum og bandamönnum þeirra þegar brotin

var niður aukin sókn til lýðræðis og félagslegra endurbóta í þessum löndum.

Í auknum mæli eru nú Brenton Wood stofnanirnar, International Monetary Fund og World Bank, notaðar í stað hernaðarlegra íhlutunar til að ráðskast með fjárhag og afkomu þróunarlanda. Þessar stofnanir starfa í dag sem gluggatjöld fyrir hið raunverulega markmið, arðrán þróaðra ríkja á hinum vanþróuðu. Í gegnum þessar stofnanir hefur lánnum verið veitt til þróunarlanda til að koma upp umfangsmikilli framleiðslu á matvælum sem síðan verður útflutningsvara til Bandaríkjanna og annarra iðnvæðra ríkja. Hinsvegar er ekki óalgengt að á sama tíma og þúsundir tonna streymi á alsnægtarborð þeirra sem mest hafa, sveltí fólkíð sem vinnur við framleiðsluna í útflutningslandinu eins og t.d. hefur gerst á Haiti.

Árið 1992 var körfuboltastjórnunni Michael Jordan greiddar 20 milljónir dollara fyrir að koma fram í auglýsingum og kynna Nike skó. Þessi upphæð var hærri en árslaun allra starfsmanna verksmiðjunnar í Indónesíu sem framleiddi skóna. Sama ár voru meðallaun forstjóra þúsund stærstu fyrirtækja heimsins \$3.8 milljónir dollara, nær 250 milljónir íslenskra króna, sem var að meðaltali um 42% hækkun frá fyrra ári. Þessi ófgafulla þróun hefur átt sér stað um leið og meðal árslaun almenns verkafólks í heiminum hafa lækkað.

Á árunum 1977 til 1989 hækkuðu laun þeirra Bandaríkjamanna, sem tilheyrðu hópi þeirra 1% hæst launuðu um 78%, á sama tíma og laun þeirra sem tilheyrðu hópi þeirra 20% lægst launuðu lækkuðu um 10.4%. Fyrri hópurinn (þessi 1%) fær nú til samans greidd meiri laun en allir þeir landsmenn samanlagt sem tilheyra hópi 40% þeirra lægst launuðu! Er þetta nokkur glóra?


Bandaríkjamenn sem í dag eru 5% jarðarbúa njóta 40% af neyslu heimsins. Bilið á milli ríkra og fátækra í heiminum er stöðugt að aukast. Meðan 20% þeirra sem búa í ríkustu löndum heims njóta 82.7% innkomunnar, fer aðeins 1.4% af innkomu heimsins til þeirra 20% sem búa í fátækustu löndunum. Hvar eru réttlætið og skynsemin í þessu?

Fjöldi milljarðarmæringa í Bandaríkjunum hefur aukist frá einum manni árið 1978 í 120 manns árið 1994 og á örfáum árum hefur fjöldi milljarðamæringa í heiminum öllum meira en tvöfaldast. Árið 1987

Skipting heimstekna

Fólksfjöldi heims
skipt eftir tekjum

Dreifing tekna



Fátækasti fimmtungur mannkyns skiptir með
sér 1,4% heimstekna

Ofangreind mynd sýnir hvernig auður heimsins skiptist milli jarðarbúa. Þeir sem tilheyra hópi þeirra 20% auðugustu njóta nú 82,7% jarðarauðsins, meðan þeir sem tilheyra hópi þeirra 20% fátækustu njóta 1,4%.

Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

voru þeir taldir 145 en árið 1994 voru þeir orðnir 358 einstaklingarnir með eignir upp á 760 milljarða dollara, sem samsvara samanlagðri eign 2.5 milljarða manna í fátækustu löndunum. Þarf ekki að gefa upp á nýtt?

Núverandi efnahagskerfi, eins og Matador leikurinn, færir stöðugt

auðinn frá fjöldanum yfir til fárra einstaklinga. Um þúsund milljónir einstaklinga skrimta að meðaltali á minna en 50 krónum á dag. Það þarf ekki lengur að fara til Biafra í Afríku til að sjá slíkt, því í stórborgum svo sem New York og London má sjá þúsundir betlara á götum úti í skjóli pappakassa á köldum vetrarkvöldum, meðan uppáklæddur minnihluti stígur úr glæsikerrum með innbyggðum börum og sjónvarpi inn á matsölustaði þar sem verð einnar máltíðar myndi nægja til að framfleyta betlaranum jafnvel vikum saman. Hvar er kærleikurinn?

„Matadorleikurinn“ stefnir allri siðmenningu okkar í hættu eins og meðal annars má sjá af þeirri staðreynd, að í dag er talið að 100,000 börn í Bandaríkjunum mæti vopnuð í skólann. Og fjórutíu þeirra slasast þar eða látast af völdum ofbeldis á hverjum einasta degi.

Núverandi hagkerfi okkar hefur breytt áður gagnlegum fyrirtækjum og fjármálastofnunum í kolkrabba harðstjórnarinnar, sem teygir anga sína um alla jörðina eins og krabbamein. Krabbinn yfirtekur sífellt stærri hluta af lífi okkar, leggur afkomu okkar og heimilislíf í rúst, rústar sjálfstæði þjóða og gerir lýðræðið marklaust. Krabbinn lifir sem óhugnanlegt sníkjudýr í samfélagi okkar í óseðjandi leit að gróða og peningum.

Í gullæðinu höfum við gleymt skyldum okkar við fjölskyldur okkar og samborgara. Einnig höfum við gleymt náttúru jarðar og eigin velferð. Flest okkar hafa á einn eða annan hátt fallið í þá sömu gryfjuna og grámyglulegu jakkaklæddu „tölvuskjádýrin“, sem mæta sem svefn-genglar á hverjum morgni í kauphallirnar og verðbréfafyrirtækin til að rýna á endalausar skjátölur daginn út og inn, tölur sem ekkert hafa lengur með raunveruleg verðmæti að gera. Það skiptir þá litlu máli hvort „pappírarnir“, sem höndlað er með á skjánum eru seldir til að fjármagna fyrirtæki sem framleiðir kjarnorkuvopn, barnableiur, lyf fyrir deyjandi börn eða mat handa hungruðum. Talið er að fyrir hverja krónu sem fer í raunverulega framleiðslu, streymi allt að 50 krónur í gegnum skjái kauphallanna gjörsamlega úr tengslum við raunveruleg verðmæti og framleiðslu. Kerfið byggir á tiltrú auðtrúa almennings og svo blekkingarverf hagfræðinga og bankamanna. Og enginn þorir að vekja athygli á því, að lítið sem ekkert er á bakvið tölurnar í hirslum bankanna og að leikurinn er meira í ætt við ævintýrið um nýju fötin keisaranns, en raunveruleg viðskipti.

Gjaldeyrismarkaðarnir sem í dag velta um þúsund milljörðum Bandaríkjadala á dag í gegnum elektrónískt kerfi, eru dæmi um þetta fánarlega fjárhættuspil. Þar gengur „fjármagnið“ sitt á hvað til kaups og sölu. Nýir eigendur selja jafnvel nokkrum sekúndum eftir að þeir hafa keypt einhvern gjaldmiðil. Í raun er nú byrjað að nota tölvur stjórnað af sérstökum kauphallarforritum til að höndla þessi viðskipti nær sjálfkrafa, því mannfólkið getur ekki unnið úr tölunum og gert viðskiptin nægilega hratt til að tryggja sem mestan gróða.

Eitt sinn var útgáfa Bandaríkjadala byggð á gullforða þjóðarinnar. En í tíð Nixon Bandaríkjaforseta var þeirri viðmiðun hætt, þar sem peningaveltan var komin fram úr gullforðanum. Þannig að í dag er lítið annað á bakvið þessa peninga en loftið tómt og tiltrú almennings, sem lætur blekkjast. Vélræn hagfræði og stjórnarfar ganga hreinlega ekki upp.

Í byrjun aldarinnar risu Sovétríkin upp sem heimsveldi, byggt að miklu leyti á kenningum Karl Marx um kommúníska stjórn og hagkerfi, sem lengi vel myndaði andstæðan pól við frjálst hagkerfi undir kapitalískri stjórn Vesturlanda. Reynsla undanfarinna áratuga af báðum þessum kerfum hefur leitt það í ljós með óvægjanlegum staðreyndum að hvorugt kerfið virkar fyrir mannkyn.

Hið kapitalíska hagkerfi Vesturlanda hefur leitt til þjóðfélags sem hefur ekkert annað en græðgi í skammtímagróða að markmiði og virðir að vettugi alla mannlega þætti og náttúru jarðar. Kommúnisminn virðir ekki þarfir einstaklingsins og lýðræðisást hans.

Undanfarin ár hafa komið upp ótalmörg dæmi um forstjóra stórfyrirtækja sem hafa sagt upp fleiri þúsund starfsmönnum og síðan sjálfir tekið milljóna dollara ársbónus sem umbun fyrir að hafa sparað í rekstri fyrirtækisins með því að losa sig við starfsfólkið.

Bæði kerfin færa verðmæti fólksins yfir á hendur fárra einstaklinga eða stofnana sem þrífast á spillingu og hafa ekki velferð mannkyns sem heild að leiðarljósi, heldur hagsmuni örfárra útvaldra. Fyrr eða síðar kemur það glögglega í ljós að samfélagið getur ekki þrífist með stjórnkerfum sem byggja á slíkum öfgum. Þau munu hrynja eins og Rómaveldi forðum daga.

*„Klæðist alvæpni Guðs,
til þess að þér getið staðist vélabrögð djöfulsins.
Því að baráttan, sem vér eigum í,
er ekki við menn af holdi og blóði,
heldur við tignirnar og völdin,
við heimsdrottna þessa myrkurs...“
(Biblían)*

Hringekja dauðans

Vopnakaþhlaupið heldur áfram

Ofangreind orð Biblíunnar eru nú bersýnilega komin í ljós. Baráttan fyrir heimsfriði er ekki við almenning, heldur við ríkisstjórnir og tvískinnungshátt þeirra. Það kann ekki góðri lukku að stýra, þegar stærsta vopnasala heims, er falið það hlutverk, að koma á afvopnun og friði, eins og t.d. í Bosníu. „Við viljum fækka vopnum í Bosníu“ (Mbl 12.3.96), sagði James Pardews fulltrúi Bandaríkjastjórnar, um að koma á friði á Balkansskaga. Samtímis kynnti hann fyrirætlun ríkisstjórnar sinnar um að veita Bosníuher 100 milljónir dala (um 6,6 milljarða króna) til hergagnakaupa.

Meðan ríkar þjóðir hafa eitthvað dregið úr eyðslu í hergögn, hefur vopnakaþhlaup fátækra þjóða aukist. Ástæðuna má af stórum hluta rekja til Bandaríkjanna, Bretlands og annarra helstu vopnaframleiðsluríkja heims. Þegar heimamarkaðurinn minnkar, leita vopnaframleiðendur markaða í þróunarlöndunum, og eru oft veittir ríkisstyrkir til slíks útflutnings. Mörg bláfátæk þróunarriki eyða nú tvisvar til þrisvar sinnum meiri fjármunum til hernaðarbrólts, en til menntunar og heilbrigðisþjónustu. Í dag eru tuttugu sinnum fleiri hermenn í þriðja heiminum en heilsugæslufólk, þrátt fyrir það að drepsóttir, vannæringarsjúkdómar og aðrar pestar séu þar landlægar.

Í löndum, þar sem fólk sveltir heilu hungri, leggja ríkisstjórnir metnað sinn í kaup á orustubotum. Þannig sóa Indverjar og Pakistanar ár-

lega 20 milljörðum dala í vígbúnað. Andvirði hveftrar orustubotu, sem ríkisstjórnir þessara landa kaupa, dygði til að mennta milljón börn og veita þeim heilbrigðisþjónustu að auki. Þetta er dæmi um hina öfugu forgangsröð.

Þess eru dæmi, að vopnum, sem þróunarlönd kaupa, sé beitt gegn seljendunum. Nærtækast er dæmið frá Írak. Árið 1980 græddu helstu vopnaframleiðsluríki heims á vopnasölu til Írak, sem þá eyddi átta sinnum meira í uppbyggingu hersins en í menntun og heilbrigðisþjónustu. Aðeins örfáum árum síðar notaði Íraski herinn þessi vopn gegn seljendunum í Persaflóastríðinu.

Einnig er ástæða að nefna smáríki eins og Svíþjóð í þessum efnum, sem skilgreinir sig sem land friðar og afvopnunar en er samtímis stór vopnasali. Þær eru ófáar stýrjaldirnar, þar sem sænsk vopn hafa verið beggja vegna víglínunnar. Yfir slík vinnubrögð er aðeins eitt orð: hræsni.

Þróunarhjálp hefur oft einnig einkennst af tvískinningshætti og stundum jafnvel aukið hörmungar fólks. Má í því sambandi nefna Sómalíu, en árið 1980 fengu stjórnvöld þar aðstoð í formi vopnasendinga. Á sama tíma ríkti þar tilfinnanlegur skortur á framleiðslutækjum til matvælaíðnaðar. Áratug síðar sprakk blaðran. Þá var eytt tveim milljörðum dala í matarsendingar. Hefðu Sómalir fengið sömu fjármuni áratug áður, til matvælaframleiðslu en ekki vopnakaupa, hefði aðstoðin 1990 verið óþörf og miklum hörmungum afstýrt. En þá hefðu vopnaframleiðendur líka misst spón úr aski sínum.

Forgangsröðin er gjörsamlega röng, og virðist ráðast af hagsmunum örfárra einstaklinga sem ráða yfir voldugum hergagnaframleiðslufyrirtækjum í stað þess að ráðast af vilja og þörfum hins almenna borgara. Hvenær verður mönnum það ljóst, að framleiðsla og notkun vopna til að limlesta og drepa fólk er álíka úrelt og fánanlegt fyrirbæri og einvígi og þrælahald voru á síðustu öld.

Mahbub Ul Haq forstöðumaður þróunarhjálp S.Þ. hefur lýst því, hvernig hægt sé að fjármagna alla heilbrigðisþjónustu í þróunarlöndunum, með því að draga úr hernaðarútgjöldum þeirra um 12%. Sú upphæð, sem þannig fengist, mundi nægja til að fjármagna heilsugæslu eins milljarðs manna, árlega yrði hægt að bjarga lífi tveggja milljóna barna, sem nú deyja úr læknanlegum sjúkdómum, og næra mætti 200

milljónir barna, sem nú svelta. Þá mætti veita 1.3 milljörðum manns ómengað drykkjarvatn.

Í stað þess að meta verðgildi stríðstóla í bandarískum dólum, ætti að meta þau í mannlegum verðmætum. Ein orustubota kostar t.d. menntun milljón barna. Þar sem menntun almennings er undirstaða að blómlegu þjóðfélagi, er ljóst hversu alvarlegar afleiðingar slík stefna hefur á þróunarlöndin og heiminn allan.


Áður en Ul Haq hóf störf hjá S.Þ. var hann fjármálaráðherra Pakistans. Hann hefur lýst því, hvernig spennan óx á landamærum Indlands og Pakistan, í maímánuði á hverju ári. Þetta var ekki tilviljun, heldur samsæri herforingja. Þeir vissu sem var, að í Pakistan voru fjárlög samþykkt í júní, ár hvert. Og þeim lá á, að skapa óróa á landamærunum, áður en fjárlög voru afgreidd. Ef fjármálaráðherrann setti sig upp á móti hækkun hernaðarútgjalda, var viðkvæði herforingjanna jafnan það sama: „Hr. fjármálaráðherra, hafið þér tekið eftir því að Indverjar hyggjast ráðast á okkur“? Ef fjármálaráðherrann maldaði í móinn og talaði um nauðsyn á framlögum til heilsugæslu og menntunar, stóð ekki á svari herforingjanna: „Hvaða gagn er af slíku, þegar landið er fallið í hendur óvina“? Þetta er aðeins eitt dæmið af mörgum, um þá sviðsetningu sem er á borð borin fyrir almenning í heiminum. Varla þarf að taka það fram, að þessir herforingjar, sem og starfsbræður þeirra um allan heim, standa oftast en ekki í „sérstöku vináttusambandi“ við vopnasala. Og þar gilda mútur í stað umhyggju.

Sá fámenni eiginhagsmunahópur sem vinnur að vopnasölu í heiminum hefur unnið að því öllum árum, að eignast bandamenn í þróunarlöndunum. Fjöldi þessara landa er stjórnað af spilltum ríkisstjórnnum, einræðisherrum og embættismönnum sem setja eigin skammtimahagsmuni framar hagsmunum þjóðar sinnar. Mútugreiðslur og aðrir baktjaldasamningar eru því regla fremur en undantekning.

Ríkisstjórnir helstu vopnaframleiðsluríkja hafa komið á móts við framleiðendur með ýmsum ríkisstyrkjum, sérstaklega útflutningsbótum, um leið og þeirra eigin vopnakapphlaup hefur dregist saman. Þannig hafa þeir sýnt á alþjóðlegum vettvangi samdrátt í sínum eigin hernaði, þrátt fyrir að lítið eða ekkert hafi dregið úr framleiðslu hergagna, sem jafnvel í sumum tilfellum hefur aukist. Þetta hefur orsakað mikla aukningu á vopnastreymi til þróunarlandanna og vopnaframleiðendur sitja

Virkjum Bessastaði

að veisluborði meðan almenningur í þessum löndum býr við sult og seyru. Fyrst selja þeir vopnin og svo þegar Þjóðskipulag kaupandans er að hruni komið, þá framleiða þeir aftur og selja þeim enn meira. Síðan senda Vesturlöndin hermenn til bjargar, og þá er hægt að selja aftur enn meiri vopn. Þannig er komin á hringekja dauðans, endalaus hringur þar sem fáeinir einstaklingar græða á þjáningum hundruð milljóna saklausra einstaklinga.



Oft verða saklaus börn og unglingar fómarlömb vopnasölnnar.

Friðarpottlok á suðupottinn

Í Þjóðlífsþönkum Morgunblaðsins var fjallað um það hvers vegna íslenska þjóðin sé friðsöm. Greinarhöfundur benti réttilega á, að ýmsar aðstæður hér, hafi hindrað vopnaskak. Hinsvegar veður greinarhöfundur í þeirri villu, að telja eina meginástæðu friðar á Íslandi, felast í einangrun landsins, sem aftur valdi því, að um fátt sé að deila.

Okkur Íslendinga skortir ekki ágreiningsefni, frekar en aðrar þjóðir. Munurinn er hinsvegar sá, að allt frá Sturlungaöld, höfum við verið vopnlaus þjóð og ekki tamið ungmennum vopnaburð, svo sem siður er annarra þjóða. Þetta vopnleysi lagði grunninn að því blómlega lifi, sem við lifum nú. Okkur er það ljóst, að þá fyrst taka hnefarnir við, þegar vitið þrýtur. Í stað þess að taka okkur vopn í hönd og vanvirða þar með verk skaparans, höfum við tamið okkur þann ágæta sið, að útkljá deilur friðsamlega, ýmist á vettvangi stjórn mála eða fyrir dómstólum.

Menn þurfa ekki að vera af sitthverju þjóðerninu, til að berast á banaspjótum, eins og greinahöfundur Morgunblaðsins virðist telja. Þeir sem áður kölluðu sig Júgóslava, hafa dregið fornar erjur fram í dagsljósið til að ala á stríðslöngun fámenns hóps. Við Íslendingar gætum allt eins vel dregið fram slík miskliðarefni og farið í stríð, t.d. við alla afkomendur Dana hér á landi, vegna yfirráða Dana hérlendis á árum áður. Og því ekki að etja saman Norðlendingum og Sunnlendingum?

Sem betur fer, erum við vaxin upp úr slíkum barnaskap, enda er

okkur ljóst, að stríðsrekstur er óþarfur og óæskilegur atvinnuvegur. Þetta er það ljós, sem við ættum að miðla heimsbyggðinni allri. Okkar heimsljós! Að vísu er hætt við að vopnasalar mundu þá missa spón úr aski sínum. En sá spónn yrði aftur kærkomin gjöf milljónum barna sem í sakleysi sínu eru nú fórnarlömb þeirrar hringavitleysu, sem viðgengst í refsák stjórnmálanna.

Í Júgóslavíu þurfti aðeins einn brjálæðing, til að hleypa öllu í bál og brand. Slobodan Milosevic var sem útsmoginn eitursnákur, þegar hann með klækindum sviðsetti þjóðrembuna í nýjum búningi endurvakningar með aðstoð fjölmiðla. Fyrirmyndina fékk hann líklegast frá Adolf Hitler sem með ekki síðri sviðsetningu ýtti undir ofsóknir á hendur Gyðingum. Þennan leik má víða leika, með slíkri misnotkun á fjölmiðlataekninni.

Í þeim löndum sem áður tilheyrðu Júgóslavíu, segir útlit fólks ekkert til um þjóðerni þess, ekki frekar en hægt er að greina afkomendur Dana frá öðrum Íslendingum. Allt hefur þetta blandast meira og minna. Hér á landi búa t.d. hjón sem flúðu stríðið fyrir rúmum tveimur árum. Þeim var ekki lengur líft í Sarajevó, vegna þess að þau eru ekki talin af sama þjóðarbrotinu. Eins er það með fráskilda foreldra ungs drengs, sem ég hef haft spurnir af. Hvorugt þeirra getur haft drenginn hjá sér. Hann fer huldu höfði til að bjarga lífi sínu af ótta við eigin ættingja.

Þar sem ekki er hægt að þekkja fólk af útlitinu, hefur verið gripið til þess ráðs, að greina þjóðerni þess eftir ættarnöfnum. Væri ekki ráð, að fyrrum Júgóslavar, tækju upp þá meginreglu Íslendinga, að leggja niður ættarnöfnin?

Nú hafa leiðtogar Vesturlanda enn veikt stöðu S.Þ., þegar þeir sáu til þess að sveitir þeirra urðu að hverfa frá Bosníu með skömm. Nú skyldi skipt um fána, og senda sveitir NATO á staðinn undir forystu Bandaríkjamanna. Það gleymdist, að friður er hugarástand sem næst aðeins gegnum hjórtu fólks, en ekki með vopnum og nýjum hersveitum.

Grimmdarverkin eru ótrúleg. Fyrir nokkru bárust fréttir af fjöldamorði, þar sem öllum karlmönnum í litlum bæ, sjö þúsund talsins, var safnað saman á knattspyrnuvöll staðarins, og þeir brytjaðir niður á tuttugu mínútum.

Gífurlegs átaks er þörf til sáluhjálpar fólks fyrrum Júgóslavíu, eigi að komast þar á friður. Slíkt má meðal annars vinna með jákvæðri

Friðarpottlok á suðupottinn

fjölmiðlun og hópfundum fólks á öllum aldri. Það er tilgangslaust að senda einungis hermenn til Bosníu. Sendum þangað einnig fjölda kennara, sáluhjálpara og fjölmiðlafólk. Að öðrum kosti er hætt við að friðarpottlokið þeytist ofan af suðupottinum, áður en langt um líður.


Friður 2000 vinnur að því að koma á fót jákvæðri fjölmiðlun og friðarkennslu. Æskilegt væri að þetta gæti orðið samstarfsverkefni almennings, fyrirtækja og opinberra aðila. Friðarboðar undir forystu Íslands, gætu skotið 60.000 NATO hermönnum ref fyrir rass, með því að taka suðuna af og efla frið, með mætti orðsins.



Ellefu ára stúlka Benafasha í Afghanistan steig á jarðsprengju þegar hún fór að sækja vatn fyrir ömmu sína rétt utan við heimaborg sítt. Hún missti báða fæturla.

Hvaða heimsmynd vilt þú ?

Þessi mynd sýnir eyðslu þjóða heims í vopn og hernað nær þúsund billjónir bandaríkjadala, í hlutfalli við þá fjármuni sem þarf til að leysa mörg vandamál heimsins.



Friður í vöggugjöf

„Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn“ var rauði þráðurinn í samskiptum Íslendinga á víkingaöldinni, þegar landið okkar byggðist. Við Íslendingar erum afkomendur mikilla stríðsmanna, víkinga sem þekktir eru af rányrkju og drápsferðum til friðsælla byggðarlaga. Íslendingasögurnar lýsa miklum ófriði og valdagræðgi manna á meðal.

Einangrunin hér á Íslandi og hið stórbrotna landslag hefur vafalaust haft djúpstæð áhrif á landnámsmenn. Á skömmum tíma gerðu þeir sér grein fyrir að þeir voru aðeins lítil þeð á stóru taflborði náttúrunnar. Landið var harðbýlt og þeim var ókleift að búa á Íslandi nema í sátt við landið - og sambýlinga sína. Í sátt við Guð og menn. Þetta varð sá grundvöllur sem gerði Alþingi Íslands að sáttþingi, að þeim griðarstað þar sem jafnvel hörðustu óvinir mættust og sömdu frið sín í milli.

Alþingi víkinganna á Þingvöllum var upphafið að þjóðskipulagi þar sem aldrei var þörf fyrir skipulagða herþjónustu. Ísland er í dag eina lýðveldisríki heims sem aldrei hefur haft eigin her, sem aldrei hefur haft vopnaðnað af nokkru tagi, þar sem friður hefur ríkt í nær þúsund ár.

Þetta veitir okkur Íslendingum algjöra sérstöðu á alþjóðlegum vettvangi til að verða leiðandi í friðarmálum. Um leið skapar þetta okkur ýmis tækifæri til að byggja upp starfsemi hérlendis til þjónustu við friðar- og umhverfismál. Við eigum að leysa úr læðingi þá einstöku reynslu kynslóðanna sem við byggjum á og láta friðarrödd okkar hljóma óhikað um heimsbyggð alla: „Við þekkjum friðinn - við viljum kynna hann fyrir ykkur.“

Einu raunverulegu verðmætin á jörðu hér eru þau sem skapa lífsvið-

urværi fyrir okkur sjálf og samborgara okkar. Ég minnst oft sjónvarpsmyndar sem BBC gerði fyrir nokkrum áratugum. Þar voru sýnd eftirköst kjarnorkusprengru fyrir bæjarfélag í Bretlandi. Í myndinni sést maður bjóðast til að kaupa brauð á þúsundföldu verði. Maðurinn sem átti brauðið svaraði hins vegar: „Hvað á ég að gera við þessa peninga, ég borða ekki peninga.“ Í Þýskalandi kreppuáranna þurftu menn að aka hjólbörum fullum af peningum til að geta keypt í matinn. Það eru því ekki tölurnar á þessum krónum sem skipta höfuðmáli eins og margir fjármálajöfrar virðast halda, heldur er það okkar brýnu nauðsynjar, líkamlegar sem andlegar.

Ég fæddist á Hjallavegi í Reykjavík fyrir rúmum fjörutíu árum. Ef ég á að bera líf mitt saman við meirihluta jarðarbúa, þá fæddist ég með silfurskeið í munnum. Foreldrar mínir, Magnús K. Jónsson og Unnur H. Lárusdóttir, hafa staðið mér að baki í gegnum þykkt og þunnt. Við vorum ekki fjáð ef borið er saman við þá fámennu yfirstétt sem öllu ræður í samfélaginu. Ef tölurnar á peningunum eru viðmiðunin þá var fjölskylda mín ekki rík. En ef ástríki og kærleikur og önnur slík raunveruleg verðmæti er notuð sem viðmið, þá bjuggum við fjölskyldan við rikidæmi.

Eitt stærsta vandamál heimsins er að við höfum misst sjónar af raunveruleikanum. Gildismatið er rammshakkt. Jafnframt því að leika okkur með Matador tölur á kaupmiðlunarmörkuðum heimsins, meðan nær 80% af jarðarbúum búa við örbirgð, sólundum við 800 milljörðum bandaríkjadala á ári hverju í vopnaburð.

Ég bjó um nokkurt skeið í Mayfair hverfi Lundúna, sem talið er eitt af finustu hverfum borgarinnar. Á næsta götuhorni var Richou eitt elsta og virtasta kaffihús borgarinnar. Þar mátti sjá heldri borgara mæta í morgunkaffi klædda dýrindis fötum og skartgripum. Við hlið kaffihússins var verslun sem seldi Mercedes Benz og Porche glæsivagna. Og svo verslun með dýrindis listmuni fyrir heimilið. Það er ekki óalgengt að íbúð í hverfinu kosti allt að 100 milljónum króna.

Það stóðu tvær kirkjur við götuna. Við aðra kirkjuna gekk ég oft fram á mann á miðjum aldri þar sem hann svaf á kirkjutröppunum. Þarna var hann nótt eftir nótt, hvernig sem viðraði umvafin gömlum dagblöðum til að reyna halda á sér hita. Hann hafði í engin hús að venda. Fékk ekki einu sinni leyfi til að sofa innandyra í kirkjunni. Þetta

var hæglátur og mjög kurteis maður. Ég gaf honum oft nokkur pund er ég gekk þarna framhjá. Það skein mikið þakklæti úr augum hans í hvert sinn sem ég færði honum eitthvað, en hann bað aldrei um neitt eða betlaði. Þessi heimilislaus maður var aðeins einn af fjölda fórnarlamba vaxandi atvinnuleysis og sárrar fátæktar á Vesturlöndum.

Þessar andstæður á götum Lundúnaborgar voru himinhrópandi, en þau eru aðeins eitt dæmi af milljónum sem alls staðar blasa við í samfélagi okkar. Er ekki kominn tími til að vakna? Smám saman áttaði ég mig. Ég vaknaði af þessum væra blundi.

Er mannfólkið ofbeldishneigðar verur?

Eftir að ég byrjaði að vinna að stofnun Friðar 2000 var oft sagt við mig að heimsfriður væri útilokað dæmi. Mannskepnan væri einfaldlega þannig gerð að frá örófi alda hafi stríðsrekstur verið snar þáttur í öllum samfélagsgerðum og það yrðu alltaf stríð. Við værum ofbeldishneigðar verur og þessu fengi ekkert breytt. Ég fann það innra með mér að þetta var ekki rétt. Ég sem Íslendingur, fæddur og uppalinn í friðsælu landi, var með sterka skoðun á því að stríðsrekstur og ofbeldishneigð séu okkur ekki meðfætt, heldur áunnið, nokkuð sem kemur með uppeldi og fræðslukerfi þjóðfélagsins. Ég neita að trúa því að mannfólkið geti verið svo vitlaust, að á þessum tímum upplýsingaaldarinnar, geti fólk stutt áframhaldandi stríðsrekstur og meðfylgjandi hörmungar fyrir allan almenning. Með fjölmiðlabyltingunni eru hörmungar meðbræðra okkar ekki lengur óþekktar, ekki eitthvað sem við getum lokað augunum fyrir. Börnin birtast okkur á skjánum, fórnarlömb haturs og ógnar. Við viljum öll frið í hjörtum okkar.

Ég fékk allt í einu upp í hendurnar stuðningsyfirlýsingu vísindamanna við þessa kenningu mína. Á friðarráðstefnu á Spáni var mér sýnd niðurstaða helstu fræðimanna heimsins sem höfðu að frumkvæði UNESCO komið saman og haldið ráðstefnu einmitt um þessi mál. Þeir gáfu út skýrslu sem gengur undir nafninu „Sevillu yfirlýsingin“ eftir borginni þar sem fundur þeirra var haldinn. Fræðimennirnir komust að þeirri niðurstöðu að mannskepnan væri ekki fædd með ofbeldishneigð, heldur væri alið á slíku í þjóðfélaginu.

En þótt upplýsingabyltingin geti verið gagnlegt tæki til friðar, þá

fylgja henni ákveðin vandamál. Aukin ofbeldishneigð í daglegum samskiptum fólks og eiturryfjanotkun er bein afleiðing þróunar sem hefur orðið í framleiðslu kvikmynda, sjónvarpsefnis og tölvuleikja.

Ýmsar kannanir hafa leitt í ljós að gagnvirk tölvuforrit eru ein fljót-virkasta kennsluaðferð sem fundist hefur. Hana má nýta á jákvæðan hátt, en einnig neikvæðan. Stórfyrirtækið B&Q í Bretlandi var eitt af brautryðjendum í notkun gagnvirkra tölva í þjálfun starfsmanna. Á skömmum tíma tókst þeim að minnka kostnað og tíma við þjálfun um meira en 50% um leið og hæfni starfsmanna jókst til muna.

Tölvuleikir barna og unglunga eru ekkert annað en hraðvirk kennslu-tæki. Áhugi og spenna unglunganna fyrir þessari nýju tækni er gífurlegur, og ef þau hafa til þess tækifæri þá eru þau gjarnan tímunum saman að leik við tölvurnar. Því miður byggist yfirgnæfandi hluti tölvuleikja á ofbeldi, á því að skjóta, drepa eða limlesta þá sem verða á vegi þinum.

Ofbeldi í kvikmyndum og sjónvarpsefni er annað vaxandi vandamál. Í könnun sem háskólinn í Sheffield í Bretlandi stóð fyrir árið 1995, kom fram að 81% af því efni sem sýnt var á „The Movie Channel“ innihélt obeldisverk. Hlutfallið á „SKY Movies“ var svipað eða 79%. Könnunin leiddi í ljós að á eftir kvikmyndum og leiknum þáttaröðum var nútíma barnaefni hvað líklegast til að innihalda ofbeldisverk, sérstaklega í gervihnattasjónvarpi.

Yfirleitt eru afleiðingar hins vegar ekki sýndar, líkamlegar og andlegar; þjáningar sem hljótast af morðum, limlestingum eða öðrum ofbeldisverkum. Sjaldnast er sú sorg og ógæfa sem fylgir fórnarlömbunum eða fjölskyldu hluti af „skemmtuninni“. Framþróun kvikmynda-tækninnar er slík að bilið á milli skáldskapar og raunveruleika er óðum að minnka. Börn og óharðnaðir unglingar eiga á hættu að verða fyrir alvarlegum áhrifum af slíku efni og gera sér oft á tíðum litla grein fyrir þeim afleiðingum sem af ofbeldisverkum hljótast.

Í Bandaríkjunum eru gífurleg vandamál vegna ofbeldis og jafnvel morða í skólum. Nýlega var einnig framið morð í breskum skóla, er kennari var myrtur af nemanda sínum, þegar hann reyndi að stilla til friðar í slagsmálum nemenda. Tilraunir hafa verið gerðar í einum bandarískum skóla með að taka friðarkennslu upp sem sérstaka grein. Þetta hefur gefist ótrúlega vel, og á skömmum tíma hafði slík kennsla verulega jákvæð áhrif á nemendur og skólalífið.


Friður í vögggjöf

Meira en 240 friðar- og grasrótarsamtök hafa byrjað tilraunir með friðarkennslu barna og unglinga. Meðal þeirra er Gandhistofnunin í San Fransisco í Bandaríkjunum en hún hefur beitt sér fyrir því að friðarkennsla verði tekin upp í skólum borgarinnar. Áhersla er lögð á að kenna unglingum leiðir til að leysa úr deilumálum án þess að grípa til ofbeldis. Einnig hefur Adi Roche forstöðumaður Chernobyl-barnahjálparinnar gert tilraunir með friðarkennslu í skólum á Írlandi. Þrátt fyrir að þessar tilraunir hafi gefist mjög vel, virðast yfirvöld og kennarar frekar sofandi gagnvart skyldu sinni í því að móta næstu kynslóð til friðar. Líbanon er meðal þeirra örfáu ríkja sem hafa tekið friðarkennslu upp sem hluta af opinberu menntakerfi þjóðarinnar eftir góða reynslu af sumarbúðum á vegum UNICEF þar sem börn af ýmsum trúarbrögðum og þjóðarbrotum komu saman á tveggja vikna friðarnámskeiði.

Við Íslendingar þekkjum friðinn og hversu gefandi hann er. Það er okkar skylda að miðla honum til annarra. Ég vil leggja mitt að mörkum í þeim efnum og veit að í því verkefni á ég víða stuðning.



Tuttugu og fjórir fulltrúar frá ýmsum þjóðlöndum komu saman í Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna í Costa Rica í apríl 1996 til að stofna aldamótaráð Friðar 2000. Fundurinn sendi allsherjarþingi S.Þ. tillögur um ýmsar aðgerðir fram til aldamóta og fór þess á leit að árið 2000 verði gert að alþjóðlegu ári friðar og þjóðar heims láti pólitíska fanga lausa.



Skrautsýningar páfa og margra annarra trúarleiðtoga eru í litlu samræmi við kenningar spámanna og Jesú Krists, sem flestir hverjir lifðu og boðuðu trú án slíks íburðar.

*„Ekki munu menn segja: Sjá, þar er það eða hér er það,
því Guðs ríki er innra með yður.“*

Biblían

Trúarbrögð

Hver lifandi vera á þessari jörð er Guðs hús

Það gætir oft þess misskilnings milla manna, að trúarbrögð hafi verið orsök eða ástæða fyrir stríði. Trúarbrögð valda ekki stríði. Menn valda stríði. Ófyrirleitnir og samviskulausir einstaklingar hafa í gegnum sögu mannkyns meðtekið trúarbrögð í sína eigin þágu og rangfært kenningar spámanna í þeim tilgangi að uppfylla markmið sín um veraldlegt vald og auðæfi.

Hann býr í glæsilegri höll sem skartar ellefu þúsund herbergjum sem eru troðfull af bestu og verðmætustu listmunum í heiminum. Það er nær tveggja kílómetra gangur frá einum enda til annars. Hann er verndaður af vopnuðum bláklæddum vörðum sem hafa skipanir um að skjóta og drepa skyldi nokkur ógna lífi hans. Hann er „mikilvægari og heilagri“ en nokkur annar á þessari jörð. Hann hefur eigin bankastofnun, hann greiðir ekki skatta eða önnur opinber gjöld, hann er lögin og ríkið. Hann kom þarna með engar veraldlegar eigur árið 1978 og nú er hann einn af völdugustu mönnum heims. Þetta er Karol Wojtyla, fæddur í Pólandi og nú afvegaleiddur eins og fyrirrennarar hans. Hann mun yfirgefa þennan stað án veraldlegra auðæfa eins og við hin.

Karol Wojtyla, nú kallaður John Paul II., páfi eða faðir kaþólsku kirkjunnar, hóf líklegast feril sinn sem heiðarlegur, góðhjartaður og blíður maður. Kannski of blíður, því hann hefur gefið sig á vald andlitslausu skrifstofubákni Vatikansins sem hefur tryggt að hugmyndir páfa samræmist aldagrónu kerfinu. Það er hins vegar engin afsökun fyrir því að halda áfram hræsninni og breiða yfir suma af verstu glæp-

um sem framdir hafa verið gegn mannkyninu í nafni trúarinnar. Meðan tugmilljónir manna eru heimilisláusir, og eyða jafnvel köldum vetrarnóttum í pappakössum á kirkjutröppum, sefur páfinn íklæddur dýrindis silkiklæðum í þægilegri rekkju hallar sinnar.

Þeir heimilisláusu geta ekki opnað reikning í banka Vatikansins. Þar komast aðeins í viðskipti voldugir einstaklingar sem skarta umtalsverðum veraldlegum auði og yfirleitt er krafist meðmæla sem staðfesta slíkt.

Ríkidæmi páfa er byggt á meiri blóðsúthellingum en í nokkru öðru ríki á jörðunni. Þetta er í mikilli andstöðu við Guðstrú og kenningar Jesús Krists. Í frumkristni var ekki til einn einasti kristinn stríðsmaður. Nokkrum öldum síðar lagði kirkjan blessun sína yfir og tók beinan þátt í blóðugum styrjöldum og miskunnarlausum ofsóknum gegn mannkyninu. Allt í nafni Krists, þótt aðfarirnar væru ekki í neinu samræmi við boðskapinn. Kærleikurinn, fyrirgefningin og miskunnsemin voru þá víðs fjarri.

Kirkjan innleiddi rannsóknarréttinn með það að leiðarljósi, að betra væri að drepa hundrað saklausa en að einn villutrúarmaður slyppi. Það voru um það dæmi að heilar fjölskyldur væru pyntaðar til að þær bentu á „sökudólg“ í sínum hópi. Að tilhlutan Formósusar páfa grófu fulltrúar rannsóknarréttarinnar jafnvel upp fleiri hundruð lík sem voru færð fyrir dóm og fundin „sek“. Um leið og sá framliðni var fundinn sekur, voru fyrrverandi eigur viðkomandi gerðar upptækar, erfingjarnir misstu arfinn, allan þjóðfélagslegan rétt og gátu talist heppnir að sleppa lifandi fyrir sérstaka miskunnsemi páfa. Dómurum rannsóknarréttarinnar var venjulega greiddur helmingur af andvirði þess sem gert var upptækt, afgangurinn greiddist til páfagarðs. Eins og við mátti búast, tapaði því rannsóknarrétturinn ekki einu einasta máli. Ef fangi var fundinn saklaus af því að hafa sagt eða gert eitthvað sem flokkaðist undir villutrú, var þrátt fyrir það hægt að refsa honum fyrir innstu hugsanir, efa, eða freistingar.

Erkibiskupinn í Köln gaf út verðlista yfir pyndingar sem innihélt fjörutíu og níu aðgerðir og verð, sem skyldu greiðast böðlinum af fjölskyldu fórnarlambins. Sem dæmi, kostaði það fimm sinnum meira að skera í burtu tungu fórnarlambins og stinga síðan glóandi járn í munninn, en einföld flenging í fangelsi. Þetta var einskonar stórmarkaður pyndinga. Lítil börn voru jafnvel pínd til að ná fram „sannleikanum“.

Sex ára gömul stúlka var yfirlýst norn og brennd á báli í einni af þeim fjöldabrennum sem eyddu jafnvel lífi hundruða manna samtímis.

Allt til þessa dags hefur páfagarður bælt niður biskupa og presta sem óska eftir umbótum á stofnuninni. Í stað þess að sverja trúnað við Guðsorð, sverja kaþólskir biskupar sig inn í kirkjuna með því að lofa að: viðhalda, verja, auka og stuðla að: rétti, heiðri, dýrð, forréttindum og völdum páfa sem er þeirra lávarður og fulltrúi Guðs. Það er til fjöldi dæma á síðari árum um presta sem hafa verið reknir eða hótað brottrekstri fyrir minnstu gagnrýni á páfa eða stefnumál hans.

Páfi á strax að selja allar veraldlegar eigur kirkjunnar og stofna sjóð til hjálpar fátækum. Það ætti að kanna möguleika á því að selja eða leigja byggingar Vatikansins sem ferðamannastað til ítalska ríkisins í skiptum fyrir fjármagn í slíkan sjóð. Annar valkostur er að gera þessar byggingar, ásamt miklum fjölda annarra og landareigna í eigu kirkjunnar um allan heim, að athvarfi fyrir flóttamenn og heimilislausu. Einnig ætti að endurskipuleggja banka Vatikansins og gera hann að banka þeirra sem minna mega sín. Kirkjan gæti í gegnum bankann miðlað fjármagni og lánum til flóttamanna, heimilislausra og atvinnulausra og skapað þeim ný tækifæri til þátttöku í atvinnulífinu með uppbyggingu lítilla fyrirtækja.

Páfi ætti að flytja í látlausari híbýli. Páfi þarf ekki á höll fylltri gulli að halda til að vera í samvistum við Guð. Hvorki Jesús Kristur né aðrir sem hafa á þessari jörð gengið hafa þurft á slíkum íburði að halda til bænastunda. Hver vera á þessari jörð er Guðs hús og fyrir Guði erum við öll jöfn hvort sem um er að ræða páfa eða umrenning á strætum Lundúna. Á sama hátt og hinir fyrstu kristnu menn nálgudust Guð undir berum himni eða í fábreyttum húsakynnum, geta almenningur og páfi náð til Guðs á hvaða stað sem er á jörðunni og án nokkurs veraldlegs íburðar. Allt sem þarf til að ná Guðsríki er opið hjarta.

Rétt eins og ýmsir leiðtogar kristninnar hafa í gegnum aldirnar afbakað trúna í þágu eigin valdabaráttu og arðráns, hefur múslimatrúnni verið nauðgað í pólitískum tilgangi í aldaraðir. Öfgamenn hafa myndað pólitíska trúarvakningarhópa og framkvæmt hryðjuverk í nafni Islam auk þess að skipa fólki fyrir hvað varðar hugsanir þess, hátterni, klæðaburð og lífernir. Þessir þrýstihópar hafa einnig vaxandi áhrif á stjórnarfar þjóða.

Íslömsku þrýstihóparnir hafa skilning á kenningum Machiavelli og Plato um möguleikann á að lögleiða vald með notkun trúarbragða. Síðustu ár hafa þeir notað íslömsku trúna til að ná fram auknum pólitískum völdum með því að rangtúlka ýmsar kenningar Múhameðs spámanns og Kóransins, sem þeir þykjast vera að endurnýja. Sem dæmi má nefna þær miklu hömlur sem lagðar eru á réttindi kvenna af íslömskum öfgamönnum, svo sem einangrun, eða krafan um að þær hylji gjörsamlega andlit sitt og líkama. Þetta á sér enga stoð í Kóraninum eða kenningum spámannsins.

Múhameð mælti með því að konur tækju þátt í stjórnámálum, að þær störfuðu og eyddu frístundum með karlmönnum, og hann krafðist þess ekki að þær hyldu andlit sín. Í pólitískum tilgangi, hefur ásetningur spámannsins varðandi hlutverk konunnar í þjóðlífinu verið mistúlkað og misnotað. Samhugur spámannsins fyrir réttindum kvenna endurspeglast yfirleitt ekki lengur í lögum og stjórnarháttum múslimskra ríkisstjórna.

Lífi flestra múslimskra stúlkna er stjórnað af þeim karlmanni sem stendur þeim næst í fjölskyldu. Í þessari menningu er það faðir stúlkunnar sem ákveður hver verði væntanlegur eiginmaður. Ef stúlka er ekki hrein mey þegar kemur að brúðkaupsnóttinni, er ekki óalgengt að hún sé myrt af bræðrum sínum til að halda meintri virðingu fjölskyldunnar.

Fyrir ekki löngu, kom ung kona á stað öldu reiði og mótmæla í Pakistan þegar hún spurði í bréfi til dagblaðs, að ef fjölkvæni væri islamskur réttur karlmannna, hversvegna íslömsk lög gæfu ekki konum sama rétt. Hneykslaðir trúar- og stjórnámálaleiðtogar fordæmdu konuna og lýstu spurningu hennar „ólöglega, ósiðlega og ábyrgðarlaus“. Þess var krafist að hún iðrandi drægi skrif sín til baka, að öðrum kosti yrði hún opinberlega lýst villutrúar.

Skilaboðin sem hin unga kona var að leitast við að koma á framfæri var orðið algjört aukaatriði í allri heiftinni sem greip um sig, það að fjölkvæni var ekki ætlað að vera sjálfkrafa réttur múslima til að skipta á eldra módeli fyrir eitthvað yngra og sprækara. Upphaflega var ætlunin sú, að veita ekkjum og munaðarleysingjum vernd. Vers kóransins um fjölkvæni voru rituð stuttu eftir mikla orustu þar sem fjöldi múslimskra karlmannna lét lífið og konur stóðu eftir bjargarlausar, nema að þeir karl-

menn sem eftir lifðu skytu yfir þær skjólshúsi; tækju sér fleiri eiginkonur.

„Islam er lausnin“ virðist oft heillandi og ósjaldan eini sýnilegi valkosturinn í löndum stjórnað af spilltum, kúgandi og óhæfum ríkisstjórnunum sem hafa ekki getað, eða vilja ekki, veita almenningi góð atvinnutækifæri, húsnæði eða aðra lágmarks þjónustu. Paul Kennedy, forstöðumaður alþjóðlegra öryggisrannsókna hjá Yale háskólanum í Bandaríkjunum segir: „Er það nokkur furða, að atvinnulaus og örvæntingarfullur almúgi sem býr í fátækrahverfum og við lélegar veraldlegar aðstæður á allan hátt, líti til trúarleiðtoga eða öfgamanna sem höfða til stolts múhameðstrúarmanna, þjóðernisbyggju og mótspyrnu gegn erlendu valdi og áhrifum?“

Undir beinum eða óbeinum ógnunum frá hryðjuverkamönnum sem nota Múhameðstrúna sem pólitískt afl, hafa margar ríkisstjórnir í Mið-austurlöndum sýnt ótrúlega skammsýni með því að styðja starfsemi þeirra með milljónum Bandaríkjadala. Þar má nefna Saudi-Arabíu sem studdi palentisku hryðjuverkasamtökin Hamas með 72 milljón dollara framlagi á einu ári. Konungsfjölskyldan leitast við með þessu að koma í veg fyrir að vera ógnað, hótad eða ráðin af dögum af þessum öfgasamtökum, en skilur ekki að þetta eru aðeins kaup á skammtíma líftryggingu. Kuwait hefur einnig um árabil verið kúgað á svipaðan hátt. Milli árana 1981 og 1987 stóðu hryðjuverkasamtök fyrir fjölda sprengjutilræða í Kuwait. Kuwait greiðir nú „verndargjald“ til fleiri öfgasamtaka og hefur viðurkennt að hafa t.d. á árinu 1989 einu saman greitt 60 milljónir bandaríkjadala til Hamas. Arabíska furstadæmið hefur af sömu ástæðum fjármagnað svipuð samtök og einstaklinga og hefur meðal annars gefið milljónir bandaríkjadala til Abu Nidal, hryðjuverkamanns sem Arabar þekkja sem „Föður tortímingar“.

Trúarbrögð geta átt mikilvægan þátt í því að koma á heimsfriði. Þau geta einnig skapað áframhaldandi óróa. Í Þýskalandi á tímum nasista, gerði kaþólska kirkjan í fyrstu ekkert til að andmæla þjóðernishyggju Hitlers. Kirkjan lék hins vegar mjög tækifærissinnað hlutverk með því að viðurkenna lögmæti nasistastjórnarinnar og hafði þannig mikil áhrif til stuðnings pólitískri stöðu Hitlers, þegar hann var enn ekki orðinn fastur í sessi og þurfti mikið á slíkri viðurkenningu að halda. Margir biskupar og prestar studdu afdráttarlaust ýmis stefnumál nasista meðal

annars Nürnberg-lögin gegn Gyðingum árið 1934. Það var fyrst þegar hagsmunum kirkjunnar var ógnað af nasistum, t.d. með banni við kaþólskum ungmennafélögum, að kirkjan tók afstöðu á móti nasista-stjórninni.

Kirkjan hefur hinsvegar stundum gegnt mikilvægu hlutverki við sáttaumleitanir. Hér má nefna stríðið milli Rhodesíu og Zimbabwe á sjöunda áratugnum þegar 20.000 manns létust og einn af hverjum sex svörtum þegnum Rhódesíu missti heimili sitt af völdum stríðsins. Í Rhódesíu hafði kirkjan áratugum saman ræktað notalegt samstarf við ríkið, hvíta minnihlutann. Með því að veita blessun yfir óréttmæta þjóðfélagsskipan varð kirkjan síðar ein af orsökum átakanna milli svartra og hvíttra. Þegar einstaklingar og ýmsar stofnanir innan kirkjunnar byrjuðu að vakna til raunveruleikans, var mótmælum þeirra gegn óréttmætum aðgerðum ríkisstjórnarinnar mætt með mikilli andspyrnu af kirkjunnar hálfu. Um síðir sýndi þó kirkjan opinskátt andstöðu gegn forréttindum hvíttra. Þó ekki fyrr en næstum þrjátíu árum eftir að afrísk réttindabarátta byrjaði að ógna áhrifum kaþólsku kirkjunnar upp úr 1950. Hið formfasta kerfi kirkjunnar, fjárhagslegir þættir og aðild að stjórnkerfi rikja, höfðu stuðlað að því að kirkjan var sem lömuð óg gerði löngum ekkert til að koma í veg fyrir miklar blóðsúthellingar og mannlegar þjáningar.

Til þess að kirkjan geti staðið við skuldbindingar sínar við Guð og mannkyn, þarf hún að losa sig við sín jarðlegu auðæfi og hætta afskiptum af hefðbundinni stofnanahyggju stjórnmalanna. Kirkjan á aðeins að beita sér fyrir andlegri handleiðslu jarðarbúa þar sem friður og velferð hvers mannsbarns eru höfð að leiðarljósi. Veraldlegar eigur kirkjunnar ber að nota til að fjármagna breytingu á núverandi heimsmynd, haturs og stríðs, til samfélags sem byggir á kærleika og friði í heiminum. Trúarleiðtogar ættu að vinna saman að því að finna leiðir til að styrkja trúarkerfi hvers annars til sameiginlegs markmiðs friðar og kærleika fyrir mannkyn og náttúru jarðar. Prestar og aðrir fulltrúar trúarsafnaða ættu að hætta að vinna eftir kerfi þar sem persónuleg eða stofnanaleg áhrif eða auðæfi eru í fyrirrúmi. Ef kirkjunni yrði umbreytt á þennan hátt í sannan boðbera Guðs, þá loks gæti kirkjan gegnt mikilvægu hlutverki í því að tryggja framtíð mannkyns og jarðar og verið sá engill friðar sem henni er ætlað.

Tökum forystuna

Fyrir 10 árum var leystur úr læðingi mikill kraftur sem breytti heimsmynd okkar. Það gerðist hér á Íslandi, því eftir leiðtogafundinn í Höfða leið kalda stríðið undir lok og þáttaskil urðu í heiminum.

Okkur Íslendingum var gefið það í vöggugjöf að gegna forystuhlutverki í því að leiða heiminn til friðar. Á árinu 1996 mun Ísland brjóta af sér ísinn frekar og vakna af löngum vetrardvalanum. Við munum þá hefjast handa við það merkilega verkefni sem forfeður okkar lögðu hornstein að fyrir nær þúsund árum, þegar þeir lögðu niður vopn á Þingvöllum. Á Íslandi hefur í raun ríkt friður allar götur síðan. Meðan blóðugar stýrjaldir hafa geisað um heiminn, hafa Íslendingar einir þjóða aldrei tekið sér vopn í hönd til að leysa úr deilumálum hvað sem yfir þjóðina hafa dunið. Hreint og fagurt land, friðsælt og gott mannlíf, sam hjálp og samhugur er vitnisburður okkar Íslendinga um árangur friðar og afvopnunar.

Hinar óhugnarlegu náttúruhamfarir á Súðavík og Flateyri sýndu glöggt hve þjóðin stendur saman eins og klettur þegar á reynir. Auk þess að sýna samhug í verki, hafa Íslendingar leyst farsællega úr mörgum vandamálum með umburðarlyndi. Kristnitakan á Þingvöllum er dæmi um slíkt umburðarlyndi sem leiddi til friðsamlegrar lausnar á miklu deilumáli þeirra tíma. Þá voru leiddar saman í sátt og samlyndi um trúmálin fylkingar úr mörgum áttum á Íslandi, og síðar reis hér land friðarins.

Þessi reynsla mun verða mikilvægasta útflutningsvara okkar Íslendinga á komandi árum. Okkar biður það hlutverk að leiða heiminn til

friðar, að kenna börnum jarðarinnar þörfina á umburðarlyndi og sam-
hug manna á meðal, og hvernig fagna beri lífinu í öllum þeim mismun-
andi litum og tilbrigðum sem fylgja fegurð náttúrunnar. Íslendingar
geta og eiga að gera friðarboðskap að atvinnugrein. Okkur er það í
blóð borið að flytja út fyrir landsteinanna dýrmæta reynslu sem er kær-
komin og nauðsynleg fyrir allan heiminn.

Við eigum þjóðhöfðingja sem stendur utan daglegs amsturs stjórn-
sýslunnar sem hlutlaust tákni þjóðarinnar. Í hugum okkar flestra er
embætti forseta Íslands tákni um samstöðu þjóðarinnar. Frú Vigdís
Finnbogadóttir hefur á undanförunum 16 árum komið víða fram og unn-
ið hug og hjörtu fólks fyrir hönd okkar sem geislandi verndarengill
þjóðarinnar. Lögð hefur verið rík áhersla á að forsetinn standi utan um-
ræðu um dægurþras stjórnmalanna sem þingmenn og ráðherrar deila
um á mismundandi viðeigandi hátt. Ef forsetinn væri þátttakandi á
þeim vettvangi, er hætt við að embættið myndi fljótt missa þá ímynd
sanhugar og virðuleika sem það hefur í dag.

Skiljanlega, þegar nú skal ganga til kosninga um nýjan forseta, er
rætt um þetta embætti, tilgang þess og markmið. Sumum finnst þetta
hálfgerð vandræðastaða, þar sem embættið hefur nánast engin völd í
landinu og forsetanum því miklar skorður settar hvað varðar viðræður
og samneyti við forseta annarra þjóða, sem flestir hverjir gegna forystu-
hlutverki í stjórnsýslunni.

Lítill þjóð eins og við Íslendingar hefur ógjarnan efni á því að hafa
valdalausn skrautforseta með tilheyrandi fylgdarliði á Bessastöðum. Í
Bretlandi er fólk gjarnan þeirrar skoðunar að halda beri konungsfjöl-
skyldunni úti vegna þeirra miklu ferðamannatekna og kynningar í fjöl-
miðlum um allan heim sem skapast í kringum þetta fólk. Það er hverj-
um hugsandi manni augljóst að við Íslendingar þurfum hins vegar að
sníða okkur stakk eftir vexti og finna nýtt viðeigandi hlutverk fyrir for-
setann okkar og nýjar tekjulindir á móti kostnaði okkar af embættinu.

Ef rétt verður haldið á spilunum á næstu mánuðum og árum, getur
forseti Íslands orðið ein mesta tekjulind þjóðarinnar. Forseti okkar hef-
ur þá óvenjulegu stöðu að standa utan við stjórnsýslu þjóðarinnar og
það er einmitt mikil þörf á slíkum óhlutdrægum aðila, einskonar sátt-
semjara til friðar, á alþjóðlegum vettvangi. Undanfarin ár hafa Banda-
ríkjamenn gengt forystuhlutverki við friðarsamninga. Hinsvegar eru

mjög skiptar skoðanir innan Bandaríkjanna um þetta hlutverk, og alls óvíst eftir forsetakjör þarlendis á þessu ári, hvort þetta hlutverk haldist óbreytt. Þar í landi er einangrunarhyggjan vaxandi. Einnig er það oft óhjákvæmilegt að til komi ýmsir hagsmunaárkestrar milli viðsejanda og stórvelda svo sem Bandaríkanna. Það er einnig kaldhæðnislegt, að ætlast til þess að stærsti vopnasali heimsins, Bandaríkin, gegni óhlutdrægu hlutverki við að koma á afvopnun í heiminum.

Það er alls ekki hægt að ganga að því sem vísu að forseti Bandaríkjanna geti gengt hlutverki sáttasemjara við öll tækifæri eða boðað frið á jörð á sannfærandi hátt. Til þess er tvískinningurinn of áberandi. Enginn er betri í þetta hlutverk en forseti Íslands. Þjóð okkar er virt og vel liðin um allan heim og við erum sú þjóð sem búið hefur lengst af öllum við vopnlausan frið. Við erum sú þjóð ein sem aldrei hefur rekið skipulagðan hernað eða gegnt herþjónustu. Smæð þjóðarinnar er okkar máttur á þessum vettvangi og gerir okkur kleift að taka á málum án hlutdrægni.

Með því að gera forseta Íslands að boðbera friðar í heiminum, þá mun rísa á Íslandi ný og kærkomin atvinnugrein sem getur bjargað milljónum mannlífa og linað þjáningar um allan heim.

Margir telja vafalaust ég sé að boða einhverja fjarstæðu þegar ég tala um Ísland sem leiðandi afl til friðar. En þeir láta blindast af umfjöllun fjölmiðla um mikilvægi stórveldanna í þessum efnum. Ný sókn til friðar mun koma úr grasrótinni, frá fólkinu sjálfu, en ekki valdastéttinni. Sannfærandi rödd Íslands mun ná eyrum almennings, ef rétt er að verki staðið. Oft veltir litil þúfa þungu hlassi.

Á sama hátt og hægt er að æsa fólk til stríðsrekstrar með fjölmiðlaáróðri, þá er hægt að nota fjölmiðlatækni til að koma á friði. Með jákvæðri fjölmiðlun má gefa almenningi dýpri skilning á tilverunni. Innst inni er fólk í heiminu þreytt á stríðsbröltinu og á enga ósk heitari, en búa í sátt og samlyndi með nágrönnum sínum. Öfgafull þjóðerniskennd og trúarofstæki býr ekki í hjörtum fólks, heldur þráir það nýtt jákvætt afl, lýsandi vegvísu í átt til varanlegs friðar.

Við þurfum að opna hjörtu fólksins fyrir ljósinu. Ísland, með forseta okkar í fararbroddi sem tákn um frið og samhug, gæti sem eina vopnlausu þjóðin í NATO, orðið aflið til að vinna friðinn með kærleika og rökhyggju að vopni. Máttur orðsins er mikill. Við eigum margt gott

fjölmiðlafólk sem gæti veitt þessu máli lið og orðið frumkvöðlar að jákvæðri fjölmiðlun í alþjóðlegu samstarfi. Ísland gæti byrjað á því að boða frið og kærleika í Bosnía með því að koma á fót samstarfi um friðarútvarp í Sarajevó. Í stað þess skipa fólki í flokka og þjóðarbrot eins og nú er gert, þegar rætt er um vandamál stríðsins, yrðu áherslurnar þær að leysa málið með samhug allra landsmanna að leiðarljósi, gjarnan með því að fólk úr öllum áttum komi saman í útsendingu. Slík fjölmiðlun gæti komið af stað jákvæðri skriðu til friðar um allan Balkanskaga.

Árangur leiðtogafundarins í Reykjavík fyrir 10 árum gaf heiminum tækifæri sem má ekki ganga okkur úr greipum. Við lok kalda stríðsins skapaðist fyrst möguleiki á því að koma á heimsfriði. Það er sorglegt, að enn í dag byggjum við jörð sem er næstum járni klædd af ógnvænlegum útrýmingarvopnum, og lítið lát er á tvískinnungshætti og þeim tilburðum þjóðanna að halda áfram að fjárfesta í dauðanum. Eyðslan í hernaðarbróltið er talin vera 144 milljarðar íslenskra króna hvern einasta dag ársins. Þetta er þó aðeins um 6% af „verðmætasköpun heims“ og atvinnugreinar svo sem ferðaþjónusta eru nú mun stærri en vopnaíðnaður. Þrátt fyrir þetta eru sumar þjóðir enn fastar í gamla tímanum, eins og Frakkar sem héldu áfram tilraunum með kjarnorkuvopn og virtu að vettugi mótmæli annarra jarðarbúa. Frakkar komast upp með þetta ódæði gegn mannkyni því í augum stjórnvalda á Vesturlöndum tilheyra Frakkar hópi „ábyrga þjóða“.

Mikil þörf er á sáttmála sem setur jarðarbúum skýrar umhverfisreglur við náttúruna og mannfólkið, þar sem meðal annars yrðu sett alþjóðleg lög gegn kjarnorkuvopnum. Mikhael Gorbachev braut blað í sögunni á leiðtogafundinum í Reykjavík fyrir 10 árum og er sú persóna sem á hvað stærstan þátt í endalokum kalda stríðsins. Þessi merki maður starfar enn í þágu mankynns. Nú sem einn frumkvöðullinn um áður nefndan jarðarsáttmála. Alþjóðastofnunin Friður 2000, sem stofnuð var á Íslandi árið 1995, hefur gerst stuðningsaðili þessa átaks, og vinnur að því að kynna þann möguleika að leiðtogar heimsins hittist á Þingvöllum árið 2000 til að undirrita jarðarsáttmálann. Stefnt er að undirbúningsráðstefnu um þetta mál haustið 1996. Þá um leið er ráðgert að setja upp minnismerki í tilefni af leiðtogafundinum og hefja afhendingu árlegra friðarverðlauna frá Íslandi. Ég kynnti þessi áform lauslega á ráðstefnu


grasrótarsamtaka hjá Sameinuðu þjóðunum í New York í október 1995. Þar eins og annarsstaðar sem ég hef kynnt friðarboðskapinn frá Íslandi, var þessu frumkvæði frá landi friðarins tekið með opnum örmum. Nú eru á annað þúsund Íslendingar og meira en eitt hundrað fjöldasamtök í heiminum aðilar að íslensku sjálfseignarstofnuninni, Friður 2000. Meðal annars er unnið að því að koma upp Internet- miðstöð hér á landi fyrir bandarísku stofnunina CCC-UN sem stofnuð var af fyrrum forsetafrú Bandaríkjanna, Elenor Rosenvelt, til að miðla upplýsingum til almennings um störf Sameinuðu þjóðanna. Tilgangurinn með Internet-miðstöðinni á Íslandi er að samhæfa aðgerðir á annað þúsund grasrótarsamtaka um allan heim frá landi friðarins.

Íslendingar, stöndum saman um stærsta og mikilvægasta málefni allra tíma, heimsfriðinn. Brettum um ermarnar og göngum til verka. Bregðumst ekki skyldu okkar við mannfólkið og náttúruna. Skorum á Alþingi að forseti Íslands og stjórnvöld beiti sér fyrir því á alþjóðlegum vettvangi að tekin verði upp ný og farsælli stefna í friðarmálum heimsins.



Of ung til að hata.

Virkjum Bessastaði



Yogesh K. Gandhi, forseti Gandhi stofnunarinnar og einn af ættingjum hins fræga indverska leiðtoga, og Ástþór Magnússon fóru á fund forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur í ársbyrjun 1996 og skorðu á forsetann að beita sér fyrir því að Ísland leiði heiminn til friðar.

Þróun til friðar og velmegunar á jörðinni

Á undanförnum árum hafa komið fram ýmsar athygliverðar tillögur til þróunar friðsamlegs mannlífs á jörðinni. Meðal annars frá alþjóðlegum nefndum í tengslum við S.P., þar sem átt hafa sæti ýmsir þekktir einstaklingar og þjóðarleiðtogar. Í byrjun níunda áratugarins var t.d. nefnd undir forsæti Olav Palme, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, sem lagði það til að kjarnorkuvopn yrðu án tafar bönnuð, því að öðrum kosti væri framtíð mannkyns í stórhættu. En þrátt fyrir falleg skrif og fagurgala, miðar málum hægt í þá átt að koma þeim aðgerðum af stað sem nefndirnar góðu hafa lagt til. Eins og gerðist með skýrslu Palme-nefndarinnar, þá eru þessi mál að miklu leyti þöggvuð niður eins og frekast er kostur, þegar einhver ræðir um nauðsyn þess, að koma tillöggunum á framkvæmdastigið. Í slíkum skýrslum komast nefnilega sérfræðingar oft að niðurstöðum sem gætu komið niður á skammtíma-hagsmunum sumra ríkisstjórna og stærri fjölþjóðaafyrirtækja. Á hverjum tíma virðist alltaf litið til þröngra sérhagsmuna í tíma og rúmi og þannig komast mál framtíðarinnar ekki inn í forgangs röðina.

Til þess að hægt sé að breyta núverandi heimsskipan, sem flestum er ljóst að gengur ekki til frambúðar, þarf að koma til nýtt afl sem hefur framtíðarvelferð mannkyns að leiðarljósi í stað skammtíma sérhagsmuna. Markviss forysta frá Íslandi gæti leyst slíkt afl úr læðingi. Með umbreytingu á utanríkisstefnu þjóðarinnar, væri hægt að koma á fót

bandalagi þjóða undir forystu Íslendinga sem hefði eftirfarandi markmið:

1. *Að banna kjarnorkuvopn með alþjóðlegum lögum*
2. *Einstakar þjóðir heims hætti hernaði og stofnaðar verði friðarsveitir undir alþjóðlegri stjórn sem taki að sér varnarmál þjóðanna.*
3. *Þeim fjármunum og mannafla sem sparast við breytt fyrirkomulag í hernaði, verði beint til þróunarhjálp, skriðdreka breytt í dráttarvél.*
4. *Að gerður verði alþjóðlegur sáttmáli er tryggi öllum jarðarbúum jöfn mannréttindi og farsæld í ómenguðu umhverfi.*

Menntun er lykilatriði til þess að hægt sé að bæta lífskjör fólks í þróunarlöndunum, því nauðsynlegt er að gera fólki kleift að byggja samfélög sín og atvinnu á eigin forsendum og eigin atorku. Það hefur til dæmis sýnt sig um allan heim, þegar offjölgunarvandamálið er skoðað, að jafnvel í hörðustu vígjum kaþólsku kirkjunnar svo sem Ítalíu, að menntun, fræðsla og greiður aðgangur að heilbrigðisþjónustu og getnaðarvörnum hefur fljótlega dregið stórlega úr barneignum.

Grundvallarbreyting þarf einnig að eiga sér stað varðandi hlutverk ýmissa stofnana svo sem NATO. Undir forystu Íslands til friðar, þarf að kynna áhrifamátt jákvæðrar fjölmiðlunar og koma á fót alþjóðlegum aðgerðum í þeim tilgangi að skapa frið með mætti orðsins í stað sverðsins. Þá þarf að koma af stað slíkri jákvæðri fjölmiðlum til friðar í öllum heimshlutum, svo sem á Balkanskaga, í Afríku og Mið Austurlöndum og víðar og víðar. Máttur orðsins mun fljótlega hafa áhrif.

Mikil endurskipulagning þarf að eiga sér stað innan Sameinuðu þjóðanna og hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum. Auka þarf stjólfstæði þeirra og skilja frá sérhagsmunum einstakra ríkja. Athuga þarf leiðir sem S.Þ. gætu notað til skattlagningar á alþjóðleg viðskipti. Markmiðið er að breyta Sameinuðu þjóðunum í sjálfstætt afl sem starfi að hagsmunum mannfólks í stað þess að vera hagsmunatæki ríkisstjórna, sem of oft virða mannréttindi að vettugi og láta sig velferð fólks litlu skipta.

Athuga þarf möguleika á því að breyta að einhverju leyti skattlagningu fyrirtækja, þannig að í stað beinna tekjuskatta greiði þau fyrir

notkun náttúruauðlinda og vegna þess úrgangs sem þau láta frá sér. Þetta mun skapa jákvæða viðleitni til að vernda náttúru jarðar. Einnig þarf að koma á alþjóðlegum lögum og skattlagningu á alþjóðleg fyrirtæki, þannig að þau geti ekki fært starfsemi sína og hagnað á milli einstakra ríkja eftir hentugleika til að komast hjá eðlilegri þátttöku í uppbyggingu samfélagsins.

Sú staðreynd að auður heimsins færir stöðugt á færri hendur grefur undan möguleikum á réttlátri heimsmynd þar sem mannkyn getur búið saman í sátt og samlyndi í blómlegu samfélagi. Athuga þarf möguleika á því að koma á fót einum gjaldmiðli fyrir allan heiminn og taka þannig fyrir gjaldeyrisbrask. Einnig þarf að stuðla að því að eignarhald og arður atvinnutækja dreifist á jafnari hátt, t.d. með því að veita skattaávilnanir til fyrirtækja, sem eru að miklum hluta í eigu starfsmanna sinna. Þá þarf einnig að huga að þeirri þróun sem á sér stað þar sem vélmenni taka í auknum mæli við af verkafólki, en nú þegar er framleiðsla margra fyrirtækja að stórum hluta byggð á „vinnuafli“ vélmenna. Tryggja þarf hag almennings við slíkar breytingar.

Til þess að íslenska ríkisstjórnin geti orðið virkur þátttakandi í því að leiða aðrar þjóðir í þessa réttu átt, þarf ríkisstjórnin að afskrifa öll frekari hagsmunatengsl vegna herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Stefna þarf að því að byggja upp aðra starfsemi sem kæmi í stað þeirra tekna og atvinnu sem af hersetunni hafa skapast. Þannig getur íslensk utanríkisstefna fyrst orðið sjálfstæð og mótast þá ekki lengur af hagsmunum bandarískra fyrirtækja og yfirvalda þar í landi, eins og gerðist til dæmis árið 1994, þegar íslensk yfirvöld tóku vægast sagt umdeilda afstöðu til kjarnorkuvopna.


Þar sem forseti Íslands stendur utan ríkisstjórnarinnar og hins hefðbundna stjórnkerfis í stórum dráttum, þá getur hann tekið þessa stefnu upp án þess að ríkisstjórnin þurfi, eða í raun geti haft, mikil afskipti þar af. Þetta gæti verið byrjunin fyrir okkur Íslendinga, þannig gætum við farið að láta til okkar taka og í okkur heyra, þannig að heimsbyggðin leggi við hlustir. Forsetinn gæti leitt aðra þjóðhöfðingja til viðræðna og í raun verið í forsvari fyrir uppbyggingu nýs friðarbandalags þjóða heimsins, hvað sem liði stöðu ríkisstjórnarinnar.

Koma þarf upp samstarfshópum í þeim tilgangi að undirbúa stefnuskrá og tillögur að framkvæmd friðarstefnu Íslands. Mikið af upplýs-

ingum og tillögum liggja fyrir frá ýmsum alþjóðlegum stofnunum sem þarf að samræma í raunhæfa og markvissa áætlun um væntanlegt hlutverk Íslands, forsetaembættisins og annarra stofnana hér á landi til að leiða þjóðir heims til friðar. Á Íslandi getur risið upp nýr og blómlegur atvinnuvegur sem mun tryggja velferð landsmanna til framtíðar auk þess að hafa veruleg áhrif á framtíð alls mannkyns og náttúru jarðar.

Hvert ferðalag hefst á fyrsta skrefinu. Það skref eigum við Íslendingar að stíga. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að ferðalagið geti hafist. Tökum höndum saman og hefjum sókn til nýrrar og betri framtíðar.

Hugsanleg breyting á hernaði til öryggis- og þróunarmála:





*„Við álitum Frið 2000 vera svar við bænum okkar,
að Guð komi á fót friðsamlegu samfélögi um allan heim“
U.B. James - Akwa Ibom IFOR Peace Group - Nígeríu*

Hvað er Friður 2000?

Fyrst og fremst er það takmark mitt með stofnun Friðar 2000 að koma á stað þjóðarátaki okkar Íslendinga til að leiða alþjóðlega baráttu fyrir friði og réttlæti í heiminum. Meginmarkmið samtakanna, sem rituð eru í formála að samþykktum hreyfingarinnar, lýsa nokkuð hvað mun felast í slíku átaki:

MEGINMARKMIÐ FRIDAR 2000:

AÐILAR AÐ FRID 2000 eru staðráðnir í því að bjarga móður jörð frá eyðileggingu, sem skapast af ofbeldi, styrjöldum og umhverfisspjöllum. Við höfum ákveðið að sameina krafta okkar til hjálpar því að viðhalda mannlífi jarðar og náttúru með því að skapa aðstæður, sem stuðla að friðsamlegri og hagsælli framtíð á næsta árþúsundi.

JARÐLÍFI OKKAR HEFUR VERIÐ UMBREYTT aðalega með tækniþróun, fjölmiðlum og hagkerfum. Þjóðir heims hafa framleitt miklar birgðir af banvænum vopnum sem geta eytt nær öllu lífi á jörðu. Aukinn fjöldi fólks þjáist af völdum stríðstóla og fátæktar. Við upplifum nú aukna útbreyðslu ofbeldis í þjóðfélaginu, sem fjölmiðlar ýta

undir og sem ógnar framtíð mannkyns. Okkur er ljóst, að umhverfið þekkir engin landamæri þjóða og að örlög alls mannkyns eru samofin.

TIL AÐ NÁ ÞESSUM MARKMIÐUM höfum við stofnað alþjóðlega hreyfingu undir nafninu „Friður 2000“, sem hvata til að sameina allar þjóðir, fyrirtæki og stofnanir jafnt sem ríkisstjórnir til að vera í fylkingabryjsti til umbreytinga á núverandi heimsskipan til að ná fram friðsömu árbúsundi. Friður 2000 skal styðja grundvallargildi um virðingu fyrir lífi á jörð, frelsi, réttlæti, jafnrétti, gagnhvæmri virðingu, samhjálp og heiðarleika. Friður 2000 fagnar og styður rétt alls mannkyns til að búa við stöðugt og heilbriggt umhverfi, þar sem friður, virðing og velferð ræður ríkjum. Friður 2000 og aðilar hreyfingarinnar skulu ávallt starfa án tillits til kynþáttar, trúarskoðana, kynferðis eða aldurs.

MARKMIÐ OKKAR eru að kalla á aðgerðir án tillits til flokka-
dráttá eða stjórnmalakenninga:

(I) efla almenna þekkingu með rannsóknum á málum, sem varða áhrif ofbeldis í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, og nota fjölmiðla á ábyrgan hátt til að stuðla að ofbeldislausri hegðun.

(II) stuðla að stjórnskipulagi sem viðheldur lífi á jörð. Stuðla að umbreytingum á hernaðarstefnum til að takast á við hinn geigvænlega skort á efnahagslegri og félagslegri þróun mannkyns, afnámi fátæktar, sjúkdóma, lífsbjargarleysis og þjáninga hvar sem er.

(III) rannsaka orsakir og áhrif átaka, sem eiga sér stað innan ríkja eða á alþjóðlegum vettvangi, finna aðferðir til að draga úr slíkum átökum, og koma á milligöngu um friðsamlega lausn slíkra átaka með aðstoð hlutlausra sáttasemjara.

(IV) efla kannanir um gagnsemi og gerð alþjóðlegra laga og stuðla að alþjóðlegum jarðarsáttmála studdum af alþjóðlegum reglum um aðgerðir til að afstýra átökum með sérstakri áherslu á friðargæslumál, umbreytingar á hernaðarstefnu og hernaðarútgjöldum, vopnauðnaði og öryggi heims, með félagslegri framþróun og ábyrgri stjórnun, verndun og nýtingu landsvæða, gróðurs, dýralífs, vatnsbirgða, orkugjafa, andrúmslofts og annarra náttúrulegra auðlinda.

(V) kynna almenna þekkingu og skilning á ofangreindum málefnum og hvetja til almennrar þátttöku með sameiginlegum skuldbindingum um grundvallargildi, sem sameina ólíka menningarstrauma, stjórn mála-skoðanir, trúarbrögð og heimspekikenningar umhverfis þessi markmið.

TÁKN

Tákn Friðar 2000 er hringur, sem táknar jörðina og innan þess hið forna kínverska tákn (ying jang), sem er ímynd jákvæðra og neikvæðra afla og þörfina fyrir jafnvægi. Bryndreki, sem breytist í dráttarvél, sem táknar umbreytingu hernaðarlegrar efnahagsstefnu í efnahagsstefnu friðar. Tvær hendur halda jörðinni uppi, sem undirstrikar að framtíðin er í höndum fólksins. Orðin Friður 2000 merkja frið á jörð á næsta ár-þúsundi. Orðið friður má þýða á önnur tungumál.

Núverandi staða Friðar 2000

Þegar þessi bók er rituð hafa nær tvö hundruð erlend friðarsamtök gerst samstarfsaðilar Friðar 2000 og félagsmenn á Íslandi orðnir nær tvö þúsund. Stefnt er á að halda ráðstefnu aðildarfélaga í Reykjavík haustið 1996, og leggja drög að heimsfundi á Þingvöllum árið 2000 þar sem undirritaður verði jarðarsáttmáli. Þá er í undirbúningi starfsemi fjölmiðlafyrirtækis sem m.a. mun framleiða sjónvarpsefni og tölvuleiki sem stuðlað geta að friðsamlegri þróun samfélagsins. Friður 2000 vinnur að því að kynna Ísland sem „land friðarinn“ og mun veita alþjóðleg friðarverðlaun héðan til fólks sem stuðlar að breyttum áherslum í fjölmiðlun og kvikmyndagerð.

Í samvinnu við Frið 2000 stefnir Rodrigo Carazo, fyrrverandi forseti Costa Rica á, að koma á fót alþjóðlegum samtökum fyrrverandi forseta alls staðar frá í heiminum til að veita friðarbaráttunni lið. Ráðgert er að stofnfundur um þetta átak fari fram í Reykjavík í október 1996, og hef ég fært frú Vigdís Finnbogadóttur bréf frá forsetanum f.v. þar sem henni er boðin þátttaka. Einnig er ráðgert að stofna á sama tíma fulltrúaráð Friðar 2000 með þátttöku fleiri hundruð grasrótarsamtaka.

Friður 2000 er opið öllum sem áhuga hafa á að fylgjast með eða taka þátt í starfi félagsins. Nánari upplýsingar um starfsemina liggja frammi á skrifstofu félagsins.



Lois Nicolai, einn samstarfsaðila Friðar 2000 gekk á fund Hilary Clinton, forsetafrúar Bandaríkjanna, og kynnti starfsemi samtakanna. Í bréfi frá Hvíta húsinu til Ástþórs Magnússonar býðst forsetafrúin til að senda stuðningsávarp til fyrirhugaðs Fulltrúaráræðsfundar samtakanna.

*„Við höfum enn ekki öðlast heimsfrið
af því að í hugum manna ríkir ekki friður.“
U-Thant, aðalritari S.P.*

Hvað getur þú sem einstaklingur gert?

Það sem skiptir mestu máli er að öðlast innri frið. Þá að taka næsta skref og leggja hönd á plóginn. Ég hafði aldrei spáð mikið í vandamál heimsins né þær hörmungar sem stór hluti jarðarbúa býr við af völdum stríðsreksturs og rangra áherslna í fjárfestingum ríkisstjórna. Ég tilheyrði þeim hópi sem flýtur sofandi að feigðarósi.

Eftir að ég gerði mér grein fyrir ástandinu, fyrir um þremur árum, tók ég til hendinni og lagði mitt af mörkum. Samtökin Friður 2000 og þessi litla bók eru afrakstur þess.

Friður 2000 hófst með vinarfundi í Lundúnum. Á sama hátt gætir þú komið saman með vinum eða starfsfélögum til hugleiðslu friðar, jafnvel komið á fót Friðar 2000 félagi á meðal ykkar. Alþjóðastofnunin Friður 2000 sem ég hef komið á fót í Reykjavík hefur það markmið að styðja slík framtök. Ef þú sækir kirkju eða aðra fundi í trúfélagi, því ekki að fara með bæn til friðar. Ef þú er ritfær gætir þú beitt þér fyrir að skrifa í fjölmiðla og til áhrifamanna um þessi mál. Þú gætir byrjað á því að undirrita þá „Áskorun til friðar“ sem hér fylgir. Áskorunin er póstkort sem má rífa úr bókinni og setja ófrimerkt í póst.

Óþekkti vinur!...

„Með jólapakkanum
fékk ég það dýrmætasta í lífi mínu“

Harpa Karlsdóttir skýrir frá

Fyrir hönd alþjóðastofnunarinnar Friður 2000, langar mig að þakka íslenskum börnum samhuginn við jólagjafasöfnunina til Sarajevó um síðustu jól. Fleiri tugir þúsunda gjafa söfnuðust sem sýnir mikinn sam-
hug í verki. Við vorum fimm talsins sem fórum í þessa ferð á vegum stofnunarinnar og dreifðum sjálf aðeins litlum hluta jólagjafanna, en Rauði krossinn í Bosníu hafði tekið að sér alla umsjón með dreifingunni. Við fengum aðeins að stoppa í sólarhring í borginni.

Við settum upp íslenskt jólatré á torginu í miðborginni og þar söfnuðust saman hátt í 2000 manns á einni klukkustund, sem vildu sjá jólasveininn og verða sér úti um gjafir í leiðinni. Okkur tókst einnig að gefa okkur tíma til að koma við á munaðarleysingjahæli sem hýsir 16 munaðarlaus börn á aldrinum 7 mánaða upp í 9 ára og þar var handagangur í öskunni þegar jólasveinninn mætti með þakka. Stærsta hluta gjafanna dreifði síðan Rauði krossinn í Sarajevó til þeirra sem minna mega sín, en það var aðallega til barna, sem misst hafa foreldri eða forelda í þessu fátánlega stríði.

Einn piltur, 13 ára gamall, vék sér að mér, þar sem ég stóð í hópi erlendra blaðamanna og bað mig um eiginhandararitun, sennilega vegna þess, að ég var með jólasveinahúfu. Við skiptumst á nokkrum orðum gegnum túlk og þar sem hann minnti mig svo á son minn Frans, sem er 12 ára, lét ég hann hafa nafn hans og heimilisfang í von um að koma á skriflegu sambandi og fá að vita meira um líf barna sem flest lifðu ósköp venjulegu lífi eins og íslensk börn, áður en stríðið braust út. Bréfið lét ekki á sér standa og var skrifað samdægurs og birtist það hér á eftir.

Sarajevó 22.12.1995

„Óþekkti vinur!“

Ég heiti Muamer Mehmetovic og er fæddur í Sarajevó 02.01.82 og er í áttunda bekk grunnskóla. Síðustu þrjú skólaár hef ég lifað í stríðshörmungum sem mannkynið hefur ekki áður þekkt og mín ósk er sú, að enginn þurfi að upplifa slikt og að öll börn heimsins getir lifað í friði og við frelsi.

Elskulegi óþekkti vinur Franz, mér finnst óþægilegt að við skulum kynnast svona, en þetta samband er mér mjög mikilvæg. Af þessu sé ég, að börnin í Bosniu-Hercegovinu eru ekki gleymd á þessum erfiðu stríðstímum.

Ég kynntist mömmu þinni óvænt þegar hún var að gefa börnunum jólagjafir og hún tók mig úr hópi barna, að ég held, annað hvort vegna þess að ég er líkur þér eða að eitthvað í mínu fari hefur minnt hana á þig. Það fyllti mig gleði. Hún sýndi mikinn áhuga á að við kæmum á skriflegu sambandi og gaf mér heimilisfangið þitt. Ég fékk strax áhuga og ákvað að skrifa þér strax. Forlögin réðu því, að með jólapakkanum fékk ég það dýrmætasta í lífi mínu og það er vin, sem býr langt í burtu. Á Íslandi.

Í þessu brjáláða stríði missti ég marga skólabræður en ég er svo heppinn að vera á lífi í dag. Skriðdrekaflaug lenti beint í miðri skólastofunni minni og varð mörgum börnum að bana. Í þeirra hópi var upphaldskennslukonan mín. Þessi hörmungarsjón, blóði drifin og sundurtætt lík saklausra barna. Þegar ég rifja þetta upp storknar í mér blóðið af vanlíðan og hræðslu.

Kæri Franz, sögur af svona upplifunum gæti ég skrifað þér endalaust. Vinur, ég veit að það er mikill munur á barnæsku minni og þinni, því líf mitt byggist á hræðslu. Ég er meira að segja hræddur við að loka augunum þegar ég fer að sofa því þá birtast mér óhuggulegar sýnir. Ég yrði þakklátur ef þú vildir skrifa mér og segja frá þinni barnæsku því þá gæti ég ímyndað mér hvernig mitt líf hefði orðið ef stríðið hefði ekki brotist út. Mín ósk er sú, að fá mynd af þér svo ég viti hvernig þú lítur út. Með þessu bréfi sendi ég gamla mynd af mér sem er í raun heppni að ég skildi eiga eftir, því allar aðrar myndir brunnu þegar gerð var árás á íbúðina okkar.

Kæri Franz, ég vona að þú slítir ekki þessu sambandi og jafnvel einhverntíma gætum við hist. Ég bið þig að þetta bréf styrki vínattu okkar og að þetta samband slitni ekki, því ef það gerðist legðist það þungt á sálina í mér.

Með bestu kveðju, Muamer.

Ferðasaga....



Klukkan er 6.30 að morgni 21. desember 1995. Ég er að leggja síðustu hönd á undirbúning fyrir jólapakkaflugið til Sarajevo. Það hefur tekið alla nóttin að ferma Boeingbotu Atlantaflygfélagsins, þeim rúmlega 50 þúsund jólagjöfum, sem íslensk börn hafa verið svo hugulsöm að færa jólasveininum í þetta sinn svo hann geti gefið þeim, sem minna mega sín í hinni stríðshrjáðu fyrrum Júgóslavíu. Í farteskinu eru einnig 6 tonn af íslensku lambakjöti, sem íslenskir sauðfjárbændur hafa lagt til ferðarinnar svo og sælgæti og síðast en ekki síst 3ja metra hátt jólatré. Það er mikil tilhlökkun en líka kvíði. Farþegar eru 12, jólasveinninn Pakkasníkir, þrjú Júgóslavar, hjónin Zlatan og Nashia og Irena sem ætlar að túlka, tveir fréttamenn og einn kvikmyndatökumaður, ásamt starfsfólki Friðar 2000 sem eru Linda Lundbergs, Ástpór Magnússon, Baldur Bragasson ljósmyndari, Sigurður Halldórsson og undirrituð. Flugíð tekur um 5 klukkustundir með millilendingu í London. Þar slást í för með okkur ljósmyndari og blaðamaður frá Daily Mirror.

Loks er Sarajevó í sjónmáli en lendingarleyfi fæst ekki á tilsettum tíma og þurfum við að sveima yfir borginni í 45 mínútur áður en það fæst. Áhöfninni list ekki á blikuna eftir að sjá flugskeytum skotið í aðfluginu.

En hvernig líður aðkomumönnum í Bósniú? Til að gefa lesandanum nokkra hugmynd um það, hef ég fléttað inn í þessa ferðasögu nokkur bréfkorn frá friðargæsluliða, sem vill ekki láta nafns síns getið, en hefur starfað um hríð fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Bosniú.

Kæra Harpa!

Takk fyrir bréfið. Þú segist vera á leið til Sarajevo með 737 þotu. Það þarf mikið að breytast hér til að það gangi upp en vonandi fá börnin pakka og ef þú hefur einhver áhrif á það hvert pakkarnir fara (sem ég veit að þú gerir) beittu þér fyrir því, að mest fari til Bosniú, ekki til Króatiu, því þar hafa margir allt af öllu þó vissulega sé mikil fátækt hjá sumum þeirra. Mesta þörfin er á stríðshrjádustu svæðum múslima og Bosniú-Serba. Í öllu hjálparstarfi miðast allt við Króata og muslimabyggðir í Bosniú því Bosniú-Serbar eru taldir mestu stríðsglæpamennirnir. Þá má ekki gleyma því, að þetta eru allt Júgóslavar og ég hef haft þau forréttindi að kynnast öllum og sjá ástandið hjá öllum stríðsfylkingum. Ég finn mest til með Serbunum því allur heimurinn virðist hata þá. Þar er útilokað fyrir þá að fá vörur eða þjónustu frá öðrum og börnin þar eru hræðileg útlits. Þeim er innrætt að S.P., Nato og allur heimurinn sé á móti þeim og þau séu hötuð allsstaðar. Sjálfur hef ég lent fyrir barðinu á þeim, trukkanurinn verið grýttur og orðið fyrir tárassprengju. Þrátt fyrir þetta hef ég tekið afstöðu með þeim. Þetta eru jú saklaus börn. Svo, þegar pakkarnir berast verða þeir vel þegnir því það er lífsspursmál hjá mörgum að vita til þess, að hinn Vestræni heimur hugsar nú til þess, að áður komu hundruð þúsundir ferðamanna til Bosniú, nú kemur enginn. Bosniúbúum finnst, að þeir sem heimsóttu þá ár eftir ár hafi gefið skát í alla íbúana og fara bara eitthvað annað. Að sjálfsögðu. Þeir vita að enginn vill eða kemst til þeirra, en pakkar, bréf og annað gleður meira en nokkur getur imyndað sér, því fólk heldur að það sé algjörlega vinalaust.


Klukkan er rúmlega 5 síðdegis og það er myrkur í Sarajevo. Loftið

lyktar af stríði. Brunalykt. Við áttum von á því að við sjálf þyrftum að afferma flugvélinu þegar hingað væri komið, þar sem þjónustu er ábótavant á flugvelli í miðju stríði. En hér eru mættir 50 hermenn og friðargæsluliðar af ýmsum þjóðernum til að afferma vélinu og koma þökkum og góðgæti á trukka sem síðan fara til Rauða Krossins. Þeim finnst þessi þota frá Íslandi með sjálfan jólasveininn innanborðs, gefa lit í gráa tilveru þeirra. Þeir spyrja margs, sérstaklega þeir bandarísku sem vilja vita allt um Ísland. Einn tjáir mér að hermennirnir dundi sér við að spila „risko,, þegar færi gefst sem snýst um landráð og er vinsælast að ná Íslandi fyrst. Þessir vopnuðu en vingjarnlegu menn tæmdu vélinu á 30 mínútum, sem betur fer, því tryggingafélag hennar leyfði einungis klukkustundar stopp á flugvellinum, þar sem hún er á hættu-svæði. Okkur er fljótlega vísað út af flugbrautinni og inn á afgirt svæði.

Á dauða mínum átti ég von en ekki á því að 50 blaðamenn og ljós-myndarar væru mættir og létu dæluna ganga. Hvað er íslenskur jóla-sveinn að gera í Sarajevó? Hvaða boðskap hefur hann að flytja? Ætlar hann að gefa börnum af öllum þjóðarbrotum gjafir? Hverjum datt þetta eiginlega í hug? Eru þig snarvitlaus að lenda hvítu þotu hér innan um drungalegar herflugvélnar? Menn eru hissa þegar þeir fá að vita að jólagjafirnar sem við færum eru frá um fimmtingi íslensku þjóðarinnar.

Við ætlum að gista yfir blánóttina á Holiday Inn hótelinu í Sarajevó. En hér eru hvorki leigubílar né flugvallarrútur enda flugstöðin sundur-tætt, hvergi heil rúða og allt þakið sandpokum. Júgóslavarnir áttu að verða sóttir af skyldmennum sínum en þeim var vísað frá. Það er ekki hættulaust að keyra til eða frá flugvellinum í myrkri. Allsstaðar geta leynst leyniskyttur. Við fáum loks þrjá hertrukka til fólksflutninga. Ég og Linda fáum danskan friðargæsluliða til að koma okkur á hótelið. Til öryggis bætast við tveir ítalskir hermenn og einn franskur. Þeir slá á léttu strengi og sakna þess að vera ekki heima á jólunum. Þeir höfðu þó fengið pizzu í kvöldmat, en þurftu að standa fyrir utan matsölustaðinn í kuldunum og nærast vopnaðir, en innandyra sátu yfirmenn þeirra og gæddu sér á pizzu í hlýjunni.

Það er drungi yfir götunum, húsunum, trjánnum og fólkinu á leiðinni að hótelinu. Öll háhýsi eru ónýt eftir loftárásir. Hér ríkir útgöngubann



eftir klukkan 22 á kvöldin. Við verðum að fara bakdyramegin inn á hótelið af öryggisástæðum. Tveimur dögum áður hafði kona verið skotin framan við hótelið. Það er ískuldi í þessu áður stórglæsilega hóteli. Hermenn með hriðskotabyssur á hverri hæð og helmingur hótelsins rústir einar. Þar er ekki heil rúða. Við setjumst að snædingi um kvöldið í glæsilegum matsal hótelsins. Það er þó byrgt fyrir alla glugga enda sorglegt útsýni og maturinn er af skornum skammti. Þar er grænmeti engin undantekning. Diskar okkar Lindu eru þaktir volgum grænum baunum. Við berum saman bækur okkar fyrir morgundaginn, því við eigum fund með forseta Rauða Krossins í Sarajevó, Pero Butikan og einnig er ætlunin að setja upp jólatré kl 13.00 á Noble Park sem er torg

í miðbænum, en þar sprakk sprengja s.l. haust og grandaði fjölda saklausra borgara.

„Kæra Harpa!

Ég kom til múslimaþorps fyrir nokkrum dögum síðan, sem hefur orðið fyrir meiri árásum en nokkur annar bær í Bosníu. Það er svo einangrað af Serbum að nánast enginn veit hvernig það lítur út nema nokkrir Hollendingar og bílstjórar sem fá að fara gegnum þorpið. Það er leitað á öllum sem þar koma, að myndavélum, filmum, o.sv.fr. Þegar við förum þar inn eða út. Ef slíkt finnst, er vottinn víst. Fyrst þú fylgist með stríðinu bið ég þig, að leggja þennan stað á minnið. Srebrenica. Þegar ég var þar í janúar s.l. gengu börnin saman í röð í gífurlegu frosti og héldu í hvort annað. Þau voru á gangi allar nætur, því ef þau stóðu kyrr frusu þau. Við gátum ekki boðið þeim í hlýjuna í bílnum okkar því þá erum við álitnir múslimavinir. Þarna er ekki eitt hús uppi-standandi.“

Það er föstudagsmorgun og klukkan er 10.30. Ferðinni er heitið á munaðarleysingjahæli sem breskur herforingi að nafni Cook lét opna s.l. haust. Húsið, sem áður var skóli, er hreysi eitt eftir loftárásir eins og raunar flest önnur hús. Þarna dvelja munaðarlaus börn og tel ég 8 lítil grindarúm í hverju herbergi. Ég tek upp lítinn 7 mánaða snáða, sem hefur setið og hjalað í ruggustólnum sínum. Hér grætur ekkert barn. Þau eru ekki vön því, að mamma eða pabbi komi og taki þau upp þótt þau gráti. Hér er ekki mikið um hreinlæti né veraldleg gæði, en börnin eru samt ótrúlega vel á sig komin og glaðleg. Þau hópast strax að jólasveininum sem deilir út gjöfum og það er handagangur í öskjunni. Sumar litlu hendurnar hafa sennilega aldrei handfjatlað jólapakka á stuttri ævi. Þau eldri elta jólasveininn út með von um fleiri gjafir. Ég held á poka þar sem enn eru eftir fimm pakkar. Lítil telpa, á að giska 6 ára, réttir út höndina. Ég tek upp pakka, sem á stendur stúlka 5-8 ára og finn strax að þarna er Barbie dúkka og gleðin leynir sér ekki. Barbie er ekki auðfáanleg í Sarajevó. Drengur, á aldrinum 10 til 13 ára, togar í Ástþór. Hann heldur á leikfangabyssu sem hann afhendir gegn íslenskum jólapakka og þar með er munaðarleysingjahælið orðið „vopnlaust“ svæði. Hinum megin við götuna stendur kona um þritugt.

Hún réttir biðjandi fram höndina, og fær síðustu pakkana úr mínum poka til að gefa börnum sínum.

„Kæra Harpa!

Síðasta miðvikudag fékk ég heimild til að aka til Bihac. Þá voru skráð þar 47 dauðsföll af völdum hungurs. Þar sá ég þjáð, svöng, skólaus börnin á götunum, en þau veifuðu til okkar. Unglingar hafa kynnst venjulegu lífi en börn 6 ára og yngri þekkja ekkert annað en stríð. Þarna eru ekki skólar. Bílar og dráttarvélar eru til en enginn á bensín eða olíu, svo hestar og uxar eru notaðir. Húsdýrin, svo sem hænur, uxar, hestar, kýr og svín eru vinsælustu skotmörk andstæðingsins. Ein fjölskylda á kannski eina geit sem er lífsvon hennar. Henni er aldrei sleppt. Alltaf er einhver sem heldur í hálsólina.“

Hádegi. Við erum loks stödd á sundurskotinni skrifstofu Rauða Krossins í Sarajevó, þaðan sem farminum verður dreift síðar. Við komumst að því, að sum simbréf frá okkur hafi farið forgörðum. Samskipti hafa ekki gengið klakklaust fyrir sig þennan mánuð fremur en aðra, því rafmagn er af skornum skammti og símasamband næst ekki auðveldlega. Einnig höfðu starfsmenn Rauða Krossins ekki fengið heimild til að sækja okkur á flugvöllinn þar sem komið var myrkur. Hr. Butikan er glaðlegur, málgefinn maður á fimmtugsaldri. Hann talar ekki ensku, en hefur túlk. Hann faðmar Ástþór eins og dýrðling. Honum finnst það afrek að ókunnur maður frá litla Íslandi skuli koma færandi hendi til Sarajevó. Það verður ekki erfitt að finna börn sem langar í leikföng frá jafnöldrum sínum á Íslandi. Kjötinu á að dreifa í götueldhúsin í borginni, enda mikill skortur á slíkum varningi.

Starfsmenn Rauða Krossins aka okkur niður að torginu í miðbænum til að setja upp jólatréð og dreifa nokkrum pokum af gjöfum. Strax hópast að fólk, aðallega konur með börn sín. Ég giska á, að á þessari einu klukkustund sem við stöldruðum við, hafi komið milli 1500 til 2000 manns til að sjá jólasveininn og þiggja gjafir. Það er ekki auðvelt að dreifa gjöfum til þúsunda útréttra handa. Allir vilja jú fá sitt. En best af öllu er gleðin í andlitum fólksins. Börnin hafa sum hver aldrei séð jólasvein og allir vilja fá að halda í höndina á þessum gleðigjafa í grárri tilverunni. Þótt hluti fólksins haldi ekki jól, þá finnst öllum jafn

skemmtilegt að fá gjafir. Hvort um jólagjafir er að ræða, skiptir ekki máli á þessari stundu. Síðar frétti ég, að dómkirkjan í Sarajevo hefði verið troðfull út úr dyrum. Fólki í leit að friði.

„Kæra Harpa

Í apríl s.l. var ég staddur í frii heima hjá foreldrum mínum. Þá var verið að fagna 50 árum frá stríðslokum í sjónvarpinu. Sýndar voru myndir af Gyðingum, sem voru aðeins skinn og bein. Hörmungin skein úr andlitum þeirra. Heimilisfólkinu hryllti við þessari sjón og fannst gott að þetta tilheyrði fortíðinni. Ég sagði ekkert en hugsaði með mér að fólk væri að flýja raunveruleikann sem fyrirfinnst í heiminum í dag en ekki fyrir 50 árum. Hér í Bosníu sé ég börn jafn illa haldin og Gyðingarnir í seinni heimstyrjöldinni. Sami svipurinn. Ég hef aldrei séð barn gráta í Bosnía - bara svipinn, sem segir margt. Ástandið er jafn slæmt.

Fyrir þremur vikum veittu Serbar heimild til að sækja 31 sjúkling til Srebrenica sem er á landamærum Serbíu. S.Þ. báðu um aðstoð við flutningana með að leggja til rútu og aka sjúklingunum á sjúkrahús í Sarajevo. Allir sjúklingarnir voru með slæma augnsýkingu. Flestir með bundið fyrir augun. Allir nema ein, ung, falleg stúlka. Hún hafði sjálf reynt að framkvæma fóstureyðingu og næstum blætt út. Það er ekkert blóð að hafa í Srebrenica, því lá á að koma henni til Sarajevo. Heimild fyrir því fékkst ekki. Stúlkan varð eftir“

Það er komið að lokum þessarar stuttu ferðar. Atlantavélin bíður okkar á Ítalíu. Hún var löngu farin frá Sarajevo, því viðbótartryggingargjöld fyrir þessa lendingu og þetta örstutta stopp vélarinnar okkar í Sarajevo voru rúmlega ein milljón króna. Það hefði kostað fleiri milljónir hefði hún beðið okkar á velinum. Við fáum því far með Nato-vél sem á að koma sjúku múslimabarni á spítala þar í landi. Önnur Nato-vél fór um klukkustund á eftir okkur með særð börn frá Tusla. Það var skotið á hana, en engan sakaði, sem betur fer.

Hr. Butikan og starfsfólk hans sér til þess, að gjafirnar komist í hendur þeirra, sem eru fórnarlömb í þessu tilgangslausa stríði hvort sem jól eru eða ekki. Verður þessum kærkomna varningi frá Íslandi og ekki síst gjöfunum frá íslenskum börnum, sem hugsuðu svo vel til jafn-

aldra sinna í stríðinu, dreift skipulega í skóla, spítala og á munaðarleysingjahæli. Það eru þúsundir heimilis-og foreldralausra barna, sem eftir standa í í miðri kúlnahríðinni.

„Kæra Harpa!

Fyrir nokkru kynntist ég Serba, sem ekki er í frásögur færandi, nema þetta er indæll náungi. Hann á konu og 3ja ára telpu. Hann er sprengjusérfræðingur og líkar stríðið illa. Hann bauð mér í afmælið sitt. Oft þegar fólk hefur litið af veraldlegum hlutum, getur andlega hliðin verið nánari og fólkið skemmtir sér betur. Í hans bæ er ekkert rafmagn, kaffi og því síður rúður í gluggum. Veislan var frábær. Heill grís grillaður. Hann sagði mér, er leið á kvöldið, að á heimilinu væri einnig 15 ára piltur. Ég spurði um þennan pilt og hér kemur svarið:

Til að aðgreina þjóðflokka er farið eftir ættarnöfnum.

1. Móðir hans var Serbi, sem ólst upp Króatíumegin landamæra Króatíu og Bosníu.
2. Faðir hans var Bosníu-Serbi en þau hjónin bjuggu í heimabæ konunnar. Hjónin skildu fyrir stríð og konan giftist aftur Króata og fær því króatist ættarnafn og drengurinn, sem fylgdi móður sinni eignast fösturpabba og þau þrjú búa í Króatíu.

Stríðið hefst. Konan getur ekki haft soninn því hann ber ættarnafn kynföður síns (þá 11 ára). Hann getur ekki farið til föður síns því hann er Bosníu-Serbi, sem er í stríði við Króata-Serba (Serbar í Krajínahéraði). Drengurinn er því mitt á milli og elst nú upp hjá vini mínum, Serbanum, sem er móðurbróðir hans. Kannski er þetta flókið. Lagið „Ég er afi minn“ með Ladda er svipað.

Þetta sýnir fátánleikann í þessu stríði. Fyrir fjórum árum voru þetta einfaldlega Júgóslavar. Nú er einblint á ættarnöfn....

Ég segi þér þessa sögu og vonandi er hún hvetjandi í baráttunni fyrir mannréttindum, því þessi saklaus 15 ára piltur er ekkert einsdæmi. Nú ráfar hann um foreldralaus í draugabæ, sem er í verulegri hættu þessa dagana verði hann fyrir áhlaupi Króata því bærinn er alltof nálægt Zabreb til að Króatar geti verið öryggir með borgina.“

Endurbirt úr bókinni
„Hver vegur að Heiman....“
eftir Guðmund Árna Stefánsson alþingismann
og fyrrum ráðherra.



Ástþór
Magnússon.

FRIDARDÚFA Á FERÐ OG FLUGI

Hann var umtalaður og umsvifamikill „businessmaður“ hérlendis í kringum 1980. Rak þá ýmis fyrirtæki, þar á meðal eitt undir eigin nafni á vettvangi ljósmyndunar og framköllunar. Það hallaði síðan undan fæti og eftir nokkuð fjölmiðlafár varð hann undan að láta. Fyrirtæki hans fóru á höfuðið og hann hvarf af vettvangi íslenskra viðskipta og flutti til útlanda.

En hann er nú mættur til leiks að nýju hér heima; nú hins vegar á allt öðru róli en áður var. Nú eru það friðarmálin sem eiga hug hans allan og hann er frumkvöðull að stofnun og rekstri friðarsamtakanna

„Friður 2000“, sem eiga hér heimilisfestu en teygja anga sína víða um heim. Hvað var hann að gera þessi 12 ár í útlöndum? Er hann alkominn heim til Íslands? Hver er hugur hans til Íslendinga?

Hann heitir Ástþór Magnússon, rétt rúmlega fjörutíu ára gamall. Oftast kallaður Thor Magnússon til einföldunar á alþjóðlegum vettvangi.

Ég hitti hann að máli nokkrum sinnum í sumar og haust og við tókum tal saman um eitt og annað, sem á daga hans hefur drifið.

En fyrst lá beinast við, að spyrja um hin nýju markmið hans í lífinu, sem tengjast stofnun og starfsemi „Friðar 2000“.

- Friður 2000 - eða Peace 2000, eins og það heitir, hvað er það og hvernig kom til að „businessmaður“ eins og Ástþór Magnússon er kominn á bóllakaf í baráttuna fyrir friði í heiminum?

„Upphafið má rekja til samtals sem ég átti við Englending einn, Ray Logan að nafni, sem ég hitt fyrir einum þremur árum. Fundarefnið átti ekki að snúast um ástand heimsmála eða friðarbaráttuna, heldur alls-endis óskyld mál. Hins vegar þróaðist okkar samtal yfir á þær brautir. Hann fór að segja mér frá viðhorfum sínum til starfsemi Sameinuðu þjóðanna, sem hann taldi mjög gagnlega, en skilningur og þekking almennings til þeirrar merku starfsemi væri á hinn bóginn af skornum skammti. Hann ræddi nauðsyn þess, að gefa út tímarit í stóru upplagi um það starf sem unnið væri á vegum Sameinuðu þjóðanna og að þetta tímarit hefði höfðun til alls almennings. Jafnframt hafði hann fastmót- aðar skoðanir á því, að ákveðnar breytingar þyrfti líka að gera á skipu- lagi og starfsemi SP, bæði í innra starfi og ekki síður varðandi form þeirra og ímynd. Hans sjónarmið voru þau til lengri tíma litið, að Sameinuðu þjóðirnar ættu hvergi annars staðar heima en á Íslandi. Landið væri herlaust og lega landsins að mörgu leyti heppileg og ímynd Íslands að öðru leyti heppileg fyrir starfsemi á borð við þá sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir.

Ég þekkti Ray Logan ekki neitt áður en þessi fundur kom til. Hann er kominn á eftirlaun, en var með ýmis konar rekstur, bílaleigu og fleira. Staða heimsmála er hins vegar mjög ofarlega í hans huga og hann hefur ritað margar greinar, þar sem hann hefur viðrað ýmsar skoð- anir sínar.



Nókrir aðstandendur hjálparflugsins til Hvíta-Rússlands í árslok 1994, þangað sem veik börn voru sótt og flutt undir læknishendur á Írlandi. En auk þess voru fluttir þúsundir jólapakka til barna í Hvíta-Rússlandi.

Ég varð dálítið hugsi eftir þetta spjall við Ray Logan. Fór að velta fyrir mér ýmsu því sem hann hafði sagt og að kynna mér ýmsar hliðar þessara mála. Lesa bækur og blöð og víða að mér alls konar upplýsingum um starfsemi SP og almennt um þróun heimsmála; samskipti þróaðra og vanþróaðra ríkja, hergagnaiðnaðinn, friðarumræðuna og fleira þessu tengt. Og ég varð fljótt gagntekinn. Hafði sjálfur haft lítinn áhuga á alþjóðastjórnámálum, en á stuttum tíma jókst áhugi minn til mikilla muna og ég fann innra með mér, að ég vildi láta til mín taka með einhverjum hætti á þessum vettvangi.

Ég þurfti ekki að lesa lengi til að átta mig á því, að heimsmálin eru í raun og sanni í algjörrri rúst. Við jarðarbúar höngum á bláþræði.

Ég hafði verið eins og hver annar; fylgst með sjónvarpinu og fréttunum og séð og heyrt stjórnámálamennina sannfæra okkur um að allt væri í raun í besta lagi. Það væru smávandamál hér og þar, sem þeir væru að leysa alveg í næstu framtíð. En þetta er bara ekki svona. Það þarf engan

ofurheila til að komast að þeirri niðurstöðu, að ástand heims mála hefur aldrei verið jafnt slæmt og nú á tímum. Og því miður eru leiðtogar okkar, stjórnámálamennirnir, ekki að leysa nein vandamál til framtíðar. Þetta eru í besta falli einhverjar plástranir hér og þar, en grunnurinn sjálfur er horfinn. Við byggjum okkar heimsmynd á sandi. Það er ekki fast land undir fótum heldur þvert á móti órói, eynd og flokkadrættir. Hvaða stjórnámálamaður gat til dæmis sagt fyrir um þessa óheillaþróun sem átt hefur sér stað í gömlu Júgóslavíu og enginn sér nú fyrir endann á? Og jafnvel þótt einhver stjórnámálamaður hefði hugsanlega getað spáð fyrir um þessa hörmulegu þróun, þá hefði hann verið jafnúrræðalaus á þeim upphafsreit um lausn vandans. Og eftir nokkurra ára tímabil hörmunga á Balkansskaga erum við jafnlangt frá því að leysa vandamálin og við vorum við upphaf átakanna. Stjórnámálamenn hafa því miður misst tókin á þróuninni og eru ráðalausir, þegar raunveruleg stórvandamál koma upp, sem hafa bein og óbein áhrif um alla jarðarkringluna.“

- Þetta hefur verið eins konar uppljómun, eða öllu heldur uppgötvun þín á sárum sannleika um möguleika jarðarbúa um framhaldandi líf á jörðunni?

„Ef til vill má lýsa því þannig. En ég sannfærðist á stuttum tíma, eftir að ég fór að gefa þessum málum gaum, að eitthvað stórt og áhrifamikil, raunveruleg hugarfarsbreyting, yrði að koma til, ef þetta ætti bara ekki að vera búið hér hjá okkur á allra næstu áratugum.“

Einhvers staðar segir að sagan endurtaki sig. Ég get ekki leynt því, að mér finnst þær blikur sem á lofti eru í heims málunum minna óþægilega á síðustu daga Rómaveldis til forna. Það er allt að hrynja og ef spilaborgin hrynur ekki í rétta átt er engin trygging fyrir því að það taki að byggja upp á nýjan leik. Svo alvarleg er staðan að mínu mati. Ég er enginn heimsendispostuli, heldur hef ég reynt að kynna mér málin til hlítar og draga mínar eigin ályktanir. Og þær eru einfaldlega þessar.

Ég er langt í frá einn um viðhorf af þessu tagi, því fjölmargir fræðimenn hafa lýst þeim skoðunum sínum, að ef ekki verður tekið fljótt og rétt á málum þá muni siðmenningin, eins og við þekkjum hana, líða undir lok í allra næstu framtíð.“



Ástþór gagnrýnir harðlega vígbúnaðarframleiðsluna í heiminum á sama tíma og fjörutíu þúsund börn deyja úr skorti og vannæringu á hverjum degi. Eitt þeirra veiku barna, Vitali Gustav, sem sótt var til Hvíta-Rússlands, hitti forseta Íslands. Hér er hann á myndinni ásamt frú Vigdísí Finnbogadóttur á Bessastöðum. Ástþór er lengst til hægri á myndinni og við hlið hans írsk leikkona sem lagði málinu lið. Lengst til vinstri er rússneskur túlkur og við hlið hans frú Adi Roche, sem var aðalhvatamaður þessa björgunarleiðangurs af hálfu írskra aðila. Konan bak við hana er írskur aðstoðarmaður frú Roche.

SKRIÐDREKA BREYTT Í TRAKTOR

- Hver eru helstu hættumerkin? Er það efnahagslegt hrun, er það kjarnorkuváin, umhverfismálin eða hvað?

„Það er ljóst að stórir hlutar heimsins búa við mikla fátækt - bilið milli ríkra þjóða og fátækra hefur verið að breikka - aðstöðumunur Norðurs og Suðurs, iðnvæddra ríkja og vanþróaðra hefur verið að aukast og var þó nægur fyrir. Ég hygg að við búum við tímasprengju í

Þessum skilningi. Þriðji heimurinn og raunar fyrrum kommúnistaríkin í Austur-Evrópu búa við gífurlega fátækt. Ég hygg að það sé eingöngu tímaspursmál þar til fólk á þessum svæðum rís upp og gerir bókstaflega byltinu gegn okkur hinum ríku íbúum Vesturlanda.

Á hverjum degi látast um fjórutíu þúsund börn af skorti og vannæringu. Á sama tíma er eytt milljörðum á milljarða ofan í hernaðarútgjöld. Það er þessi þverstæða, þessi öfugmæli, sem skapa þetta ójafnvægi í heiminum.

Í merki samtakanna, „Friður 2000“ má sjá skriðdreka, sem breytist í traktor. Það er raunverulega það, sem ég vil sjá. Það eru fjórutíu milljónir manna, sem vinna við vopnaframleiðslu og skipa hersveitir hinna ýmsu þjóðríkja um heiminn allan. Það kostar 800 milljarða Bandaríkjadala að halda úti þessari alheimsvígvel. Ég vil sjá áherslubreytingar. Nýta þennan mannafla og þessa fjármuni til bæta lífið á jörðunni allri. Veita þessu fjármagni til þróunaraðstoðar og uppbyggingar.

Þá spyrja menn: Hvað með öryggismálin? Hvernig geta þjóðir heims varið sig, ef á þær er ráðist? Og þar komum við aftur að hlutverki Sameinuðu þjóðanna. Ég vil stórefla þær og sjá þær tryggja öryggi og frið. Þær verði eins konar varnarbandalag allra þjóða heims, eins og Atlantshafsbandalagið hefur verið fyrir Vesturveldin og Varsjárbandalagið var fyrir gömlu kommúnistaríkin. Ef það er gert, þá sér hver maður í hendi sér, að fjárframlög til hergagnaiðnaðar og varnarmála verða aðeins brotabrot af því sem er í dag.“

- Nú ert þú „bissnessmaður“ og ýmsir efnahagssérfræðingar hafa haldið því fram að nýskipan af þessum toga, þar sem hergagnaiðnaður yrði dreginn hratt saman og fækkað mjög í herjum stórþjóðanna, myndi leiða til fjöldaatvinnuleysis og rústa efnahagskerfinu í heiminum. Hvað segir þú um það?

„Þetta hef ég vissulega heyrt. Okkar hugmyndir lúta ekki að því, að allar hersveitir í heiminum verði leystar upp í einum vettvangi. Þvert á móti vil ég halda í þetta skipulag. Það eina sem breytist er að hermaðurinn leggur frá sér byssuna og tekur sér skóflu í hönd. Með öðrum orðum, þá verði margar þessar hersveitir einfaldlega settar til annarra og uppbyggilegri starfa, þá ekki síst í aðstoð við þróunarlöndin. Í herjum heimsins býr mikil þekking og kraftur og ég vil nýta þá þekkingu og reynslu áfram - en ekki til að undirbúa styrjaldir þjóða eða heimsálfa í

milli, heldur til að byggja brýr, til að hjálpa öðrum þjóðum til sjálfs-
hjálpar.

Það eru vitaskuld mjög sterk öfl sem engu vilja breyta í þessum efn-
um. Hjá stórþjóðum Vesturveldanna, svo sem eins og í Bandaríkjunum,
Bretlandi og Frakklandi, er tregðulögmálið mikið og sterkt, enda þótt
almenningsálitið kalli á viðhorfsbreytingar. Sjáum Frakkland með þess-
ar kjarnorkutilraunir niður í Kyrrahafi. Almennitur í Frakklandi er
andvígur þessu, en fámenn valdastétt stjórnámálanna fer sínu fram. Í
orði kveðnu vilja allir kveða niður þessa kjarnorkuvá og samningar á
samninga ofan eru undirritaðir um þau efni. En samt er tregðulögmálið
svo sterkt, að Frakkar telja sig verða að sprengja nokkrar sprengjur í al-
gjöru tilgangsleysi, þótt þeir ásamt öðrum hafi undirritað sáttmála um
bann við kjarnorkuvopnatilraunum sem tekur gildi innan skamms tíma.

Þessar kjarnorkutilraunir Frakka og afstaða stjórnvalda, þegar þau
hunsa með öllu viðhorf almennings í heimalandinu og raunar um ver-
öldina alla, segja mér einnig að brýn þörf sé á nýrri hugsun hvað varðar
lýðræðið í heiminum. Lýðræðiskerfið okkar, þetta fulltrúalýðræði sem
við þekkjum, þarfnast algjörrar uppstokkunar. Það gengur ekki að
stjórnámálamennirnir fái umboð á þriggja til fimm ára fresti og geti á
þeim tímabilum nánast gert hvað sem þeim sýnist burtséð frá viðhorf-
um almennings. Þetta er arfur liðinna tíma, þegar fólkið, lýðurinn, var
ekki upplýstur og vissi stundum ákaflega lítið um gang mála. Nú er
þessu öðruvisi farið og fólk yfirleitt allvel með á nótunum og raunar
létt verk að auka til muna á upplýsingastreymi til þess. Ég vil því sjá
virkt lýðræði fjöldans. Ný tækni í tölvu- og sjónvarpsmálum getur til
dæmis gert fólki kleift að kjósa heima í stofu hjá sér. Ég sé fyrir mér
að reglulega, svo sem eins og vikulega eða mánaðarlega yrðu haldnir
upplýsingafundir í sjónvarpi um tiltekin mál, þar sem stjórnámálama-
nn og aðrir þeir sem vel þekkja til veltu upp kostum og göllum viðkomandi
mála. Það væru síðan kjósendur heima í stofu, sem gæfu merki á tölv-
unni sinni um afstöðu sína. Sú kosning yrði bindandi og embættismenn
og stjórnámálama-nn ættu síðan framkvæma vilja fólksins. “

VALDIÐ TIL FÓLKSINS

- Þú talar um valddreifingu, valdið til fólksins, aukið lýðræði, í samhengi við breytta og betri heimsmynd. Telurðu að beint vald til fólksins sé forsenda þess að við sjáum betri tíð og tíma í heimsmálunum?

„Já, ég held að ef valdið færist til fólksins á þennan hátt, þá verði stjórnámálamönnum gert ókleift að halda til streitu gæluverkefnum á borð við óraunhæf og geggjuð hernaðarútgjöld eða þegar farið er með ófriði á hendur næstu nágrönnum. Aftur vísa ég til gömlu Júgóslavíu. Það eru ekki íbúar á Balkanskaga sem hafa óskað eftir og kallað þessar hörmungar yfir sig, þar sem fyrrum nágranna og vinir í sömu götu er nú stillt upp hverjum gegn öðrum með byssur og sprengjur að vopni. Nei, það er fámenn yfirstétt, sem er í valdabaráttu og gerir sitt til að æsa almenning upp, þjóðarbrot gegn þjóðarbroti. Þetta væri einfaldlega ekki hægt, ef fólkið sjálf réði hlutunum og stigi á bremsurnar færu stjórnámálamennirnir af stað í slíkt gönuhlaup.“

- Þú ert dómharður í garð stjórnámálamanna.

„Já, ég er það og get ekki verið annað. Stjórnámálamenn og valdamenn víða út um heim vilja vera í sviðsljósinu og taka ákvarðanir fyrir fólkið; vilja hafa völd. Og alltof oft eru þeir í andstöðu við vilja fólksins eða að þeir skynja ekki og skilja óskir þess og þrár. Og vafalaust munu hugmyndir mínar um valdið til fólksins ekki hljóta vinsældir hjá stjórnámálamönnum. Þeirra hlutverk yrði þá fyrst og fremst að ræða mál og reifa og kynna fyrir fólki, en ákvörðunin yrði ekki þeirra, heldur fólksins í viðkomandi landi.“

- Þér verður tíðrætt um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í þessari mynd sem þú bregður upp af nýskipan heimsmála.

„Já, enda verða þær að gegna lykilhluverki í þessari framþróun, eða á þessari nýju braut til velsæðar og friðar í heiminum. Ég veit vel, að Sameinuðu þjóðunum er í dag að verulegu leyti stjórnað af stórbjóðum heimsins, þá einkanlega Bandaríkjamönnum, sem stjórna þar miklu og fjármagna að verulegu leyti stóra þætti starfseminnar. En með nýjum Sameinuðum þjóðum yrðu allar þjóðir heims jafnar fyrir hverri annarri. Og ef fyrirstaðan verður of mikil og tregðulögmálið of sterkt innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, þá verður að stofna annað samband þjóða heims, þar sem hægt er að vinna nýjum áherslum brautargengi.“

Það sem verður að gerast er að þjóðir heims afvopnist og færi SÞ eða nýju bandalagi þjóða heims í hendur tæki sín og tól og heraflla að einhverjum hluta. Upp úr því yrði stofnað varnarbandalag allra þjóða heims. Við höfum vísi að þessu með bláhjálmunum, sem menn þekkja úr sjónvarpi þegar sýnt er frá átökunum á Balkanskaga, en ég er að ræða þetta í langtum stærra samhengi og einnig um leið, að allar þjóðir heims skuldbindi sig til að halda ekki úti eigin her, heldur treysti á þetta alþjóðlega lið til að varðveita og tryggja frið í heiminum og halda óstýrilátum þjóðum í skefjum komi til þess.

Ef enn og aftur er litið til styrjaldarinnar í gömlu Júgóslavíu, þá er augljóst að þetta gamla slitna kerfi virkar ekki. NATÓ virkar ekki, veikar Sameinaðar þjóðir virka ekki, ríkisstjórnir Vesturveldanna virka ekki, og valdamenn þessara þjóðarbrotá á Balkanskaga fara sínu fram og murka lífið úr nágrönnum sínum og um leið úr eigin fólki. Allir þessir friðarsáttmálar verða gagnslaus plögg um leið og undirritun þeirra er afstaðin. Þetta er svipað því og ef maður yrði myrtur hér niður í Austurstræti og áður en hann yrði handtekinn og leiddur fyrir lög og rétt, þá þyrfti að ræða við alla aðila stjórnmalaflokkanna til að fá þeirra viðhorf til málsins. Sterkur alþjóðlegur her sem hefði engra sérstakra hagsmuna að gæta, annarra en þeirra að varðveita frið í heiminum, myndi einfaldlega hafa stöðvað allan vígbúnað í gömlu Júgóslavíu á frumstigi og afvopnað alla þessa aðila og sagt þeim, að vilji fólkið aðra skipan mála verði það sjálf að ræða sig niður á vitræna niðurstöðu. Ég hefði engar áhyggjur af því að slíkt gengi ekki. Ég held að Króatinn og Serbinn, sem bjuggu hlið við hlið í Sarajeov nái algjörlega farsælli niðurstöðu sín á milli, þannig að þeir geti búið áfram saman hlið við hlið í sátt og samlyndi, svo lengi sem stjórnmalamennirnir og valdastéttin er ekki að blanda sér í þeirra mál og segja þeim að fara með ófriði á hendur öðrum.

Ég tala um valdastétt og stjórnmalamenn í sömu andránni. Það eru gífurlega sterkir hagsmunaaðilar, menn sem með geysilega fjárhagslega hagsmuni í fyrirrúmi, sem toga í marga þessa spotta og pólitikusar dingla út örnum. Helstu vopnaframleiðendur í eru með skrifstofur á sömu „torfunni“ og Pentagon í Bandaríkjunum. Þeir þurfa næstum ekki annað en skjótast einn gang á enda til að ganga frá næstu vopnapöntun við hershöfðingjana.

Hræsnin og yfirdrepsskapurinn í þessu sambandi er dapurlegur. Stórfyrirtæki eins og „General Electrics“ er til viðbótar þeirri neytendaframleiðslu sem við öll þekkjum, svo sem íssápar og ljósaperur, jafnframt á bólakafi í vopnaframleiðslu. Með annarri hendinni leggja þeir lið framleiðslu kjarnorkuvopna en með hinnri hendinni rétta þeir brosandí fram hjálp til almennings í einhverjum rósrauðum sjónvarpsauglýsingum.

Það sem er hvað dapurlegast í þessu sambandi er, að bláfátækar þjóðir þriðja heimsins eru í auknum mæli að vígbúast. Æ stærri hluti lágra þjóðartekna þeirra fara til kaupa á morðtólum. Og sölumenn dauðans, einkanlega vopnaframleiðendur í Bandaríkjunum, leggja mikla áherslu á markaðssókn inn á þriðja heiminn til að mæta þeim samdrætti sem þó hefur sem betur fer orðið í sjálfum Bandaríkjunum. Vitleysan er að breiðast út - ruglið að aukast. Vesturveldin eru að hervæða fátækar þjóðir þriðja heimsins, þegar þarf að aðstoða þær til að brauðfæða íbúanna. Það mun gerast, verði ekki af þessari braut snúið, að fátækar þjóðir þriðja heimsins munu heimta sinn sanngjarna skerf af verðmætaköku veraldarinnar. Og ef þær fá ekki sinn skerf með góðu munu þær sækja hann með hörðu - og væntanlega nota þau vopn sem þær hafa verið og eru að kaupa frá iðnaðarþjóðum Vesturveldanna. Þetta er ein hringavitleysa.“

ÚT ÚR VÍTAHRINGNUM

- Nú er margt af því sem þú segir ekki nýtt af nálinni og trúarhreyfingar, friðarhreyfingar og ýmis stjórn málaöfl hafa talað í svipaða átt. Þrátt fyrir það hefur lítið þokast. Hvað er það í raun sem er nýtt hjá „Friði 2000“ sem tryggir meiri og betri árangur?

„Við erum engin byltingarsamtök. Við viljum einfaldlega opna augu fólks fyrir því að hergagnaiðnaðurinn og þessi vopnaði friður sem við búum við, er eins og krabbamein í samfélaginu og mun hægt og bitandi eyðileggja líf fólks og afkomumöguleika þess.

Horfum á ástandi í Nígeríu. Fólksfjöldunin þar er sjöföld á við það sem gerist í Evrópu. Ástæðan er eingöngu þekkingarskortur og vöntun á fræðslu um getnaðarvarnir. Það eru engar trúarlegar hindranir í Nígeríu til dæmis, sem koma í veg fyrir að fræðsla um getnaðarvarnir og



Ísland getur gegnt lykhillutverki í friðarbaráttunni í heiminum að áliti Ástþórs Magnússonar. Hér er hann með góða gesti hjá forseta Íslands, en þar er um að ræða Brian W. Walker, sem var formaður „Oxfam,“ stærstu líknarsamtaka í Bretlandi, og eiginkonu hans.

notkun þeirra geti verið með skynsamlegum hætti. Eg sé fyrir mér, að hægt væri að senda vopnlausar alþjóðlegar „hersveitir“ þarna til að hjálpa þessu fólk, fræða það og upplýsa, aðstoða við bággt ástand í heilbrigðismálum, kenna því nýja tækni í framleiðslu og svo framvegis. Í Nígíeríu eins og fjölmörgum öðrum ríkjum þriðja heimsins eru þvert á móti stóraukin útgjöld til hernaðarmála. Ég hef fengið bréf frá fólki í Nígíeríu, þar sem það segir mér að það sé hræðilegt en staðreynd engu að síður, að fólk sækir mjög í nígeríska herinn, því hann einn geti skapað fólki trausta og örugga atvinnu og afkomu. Það vilji enginn í herinn, en hann sé neyðarbrauð fyrir ungt fólk sem vilji tryggja framtíð sína. Þetta er skelfilegt ástand.

Þriðja heims ríkin eyða meiru í hernað, en menntun og heilsugæslu. Hvílik fjarstæða. Við verðum að komast út úr þessum vítahring áður en verður um seinan.

- „Friður 2000“ eru alþjóðleg samtök, en með aðsetur á Íslandi. Hvers vegna? Hvað hefur Ísland að bjóða sérstaklega?

„Það hefur verið friður á Íslandi í nær þúsund ár. Ísland hefur aldrei haldið úti eigin her. Það gerir landið sérstakt og frábregðið. Þá sérstöðu vil ég nota.

Þegar ég tala um afvopnun og frið, þá geri ég mér grein fyrir því, að það gerist ekki á einni nóttu. Þetta þarf einhvern aðlögunartíma - menn og þjóðir þurfa að þrepa sig niður.

Ég sé til dæmis hér heima á Íslandi nauðsyn þess, að menn leggi í skipulega vinnu á Suðurnesjum til að skapa því fólki atvinnu sem nú vinnur hjá bandaríska hernum. Við eigum að vera algjörlega herlaus þjóð og auglýsa okkur sem slíka.

Ég tek það fram að ég hef aldrei verið neinn sérstakur herstöðvarandstæðingur í gegnum tíðina og verið fremur hægri sinnaður í pólitík. Hef ekki verið í hópi þess fólks sem hefur gengið frá Keflavík annað slagið og mótmælt veru hersins hér á landi. Ég segi einfaldlega núna, að það væri hagsmunum Íslands þóknanlegt, ef við hefðu frumkvæði að því að afvopna Ísland. Efnahagslegir hagsmunir Íslands yrðu betur tryggðir sem herlaus og vopnalaus þjóð, þjóð sem myndi auglýsa sig og markaðssetja sig á heimsvísu sem griðarstað friðarins í heiminum öllum, þar sem engin vopn væri að finna, þar sem enginn her væri, þar sem menn vildu leggja sitt að mörkum til nýsköpunar heimsmála með réttlæti og frið að leiðarljósi. Við eigum að gera Ísland að miðstöð friðar í heiminum á sama hátt og Sviss og nú síðar Luxemburg hafa markaðsett sig sem ríki alþjóðlegs fjármagns.

Það kann að vera að þetta hljómi yfirboðskennt gagnvart einhverjum, en ég er búinn að vera í viðskiptum lengi og eiga og reka fyrirtæki, þannig að ég veit að þetta er hægt, ef rétt er að staðið.

Sjáum hvað þeir hafa verið að gera í Costa Rica. Fyrrverandi forseti Oscar Arias hefur síðustu árin verið eins konar friðarpostuli og ferðast um heiminn og prédíkað í þá veru, að þeim minni hernað sem hver þjóð heldur úti því meiri verða möguleikar á velsæld og hamingju og varanlegum friði. Og til að undirstrika þetta viðhorf sitt og íbúa Costa Rica, þá einfaldlega lögðu þeir niður eigin her í lok síðari heimstyrjaldarinnar. Í stað þess settu þeir upp Háskóla friðarins, „University of peace“, í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar.

Áherslur af þessum toga vil ég sjá hér á Íslandi. Við eigum að láta í okkur heyra á alþjóðlegum vettvangi með þannig málflutning og bjóða þjóðum heims, samtökum þjóða og fleiri aðilum griðarstað á Íslandi fyrir slíka starfsemi.“

ÍSLAND MEÐ LYKILHLUTVERK

- Þetta eru stór og mikil áform, sem þú og þínir félagar í „Friði 2000“ eruð með í gangi. Í stefnuskrá samtakanna og skipuriti þeirra er búið að kortleggja þessa sókn til friðar. Sjónvarpsstöð, markaðsfyrirtæki og ýmislegt fleira sem er á þróunum. Markmiðið er háleitt, en ýmsir aðrir hafa verið og eru á þessum „markaði“ - að vinna að heimsfriði. Hvað er það sem gerir „Frið 2000“ öðruvísu og hvað gefur þú þér langan tíma, þar til samtökin eru farin að láta til sín taka um heimsbyggð alla þannig að um munar?

„Það getur gerst um árið 2000. Þá erum við með hugmyndir um stóran fund hér á landi, þar sem þjóðarleiðtogar og trúðaleiðtogar frá öllum heimsins hornum hittast og ráða ráðum sínum. Ég hef líka heyrt hugmyndir í þá veru, að í tilefni þess, að þúsund ár eru frá kristnitöku hér á landi, þá væri tilvalið að kalla á trúarleiðtoga og setja á fund á Þingvöllum. Það er allt í lagi, en mín hugmynd er mun víðtækari og tengist í sjálfu sér ekki þúsund ára afmæli kristnitöku hérlendis. Ég vil sjá fulltrúa allra trúarbragða og fulltrúar frá sem flestum ríkisstjórnnum. Þá finnst mér mikilvægt, að eitthvað komi út úr þeim samfundi og þjóðar- og trúarleiðtogarnir undirriti þar sáttmála um jörðina, um frið á jörðu og einnig um umgengni manna við náttúruna.

Þessi hugmynd um samkomu æðstu manna í pólitík og trúmálum heimsins á Íslandi er ekki frá mér komin heldur er hún frá árinu 1991 og á rætur í Bandaríkjunum. Hugmyndin kom frá virtri stofnun þar vestra, sem heitir „Millenium institute“ og er nokkurs konar rannsóknarstofnun um ýmis konar þróunarmál í heiminum. Hugmyndin þá og nú er sú, að leiðtogarnir hittist á Íslandi, þar sem litlar deilur eru um Ísland í heiminum og einnig hitt, að vel færi á því að samkoman yrði á Þingvöllum. Sá staður er vagma lýðræðis hér á landi, þar sem elsta þingi í heimi var komið á. Og ekki síst eru Þingvellir sá staður, sem óvinir komu saman og ræddu málin til hlítar og náðu þar niðurstöðu og oft

sáttum. Það er einmitt það sem ég vil sjá gerast á Þingvöllum árið 2000.

Mín hugsun er sem sagt sú, að það taki ein fimm ár að skjóta styrkum stöðum undir þessa starfsemi. Þá verði ýmsar undirstofnanir komnar í gang og mín von er sú, að þá verði samtökin orðin það öflug fjárhagslega að þau hafi bolmagn til að halda úti kröftugum málflutningi á ýmsum vettvangi, sem fari ekki framhjá nokkrum manni. Mínar áætlanir miða við, að ýmis friðarsamtök gangi til liðs við okkur og „Friður 2000“ verði eins konar regnhlífarsamtök.

Ég leyni því ekkert, að hugmyndafræðin gengur út á það, að Ísland verði ákveðinn miðdepill í þessu. Það er að vissu leyti grundvöllur undir starfsemi „Friðar 2000“.

- Nú eru þetta býsna háleit markmið. Trúirðu því að þú náir saman tugum ef ekki hundruðum þjóðarleiðtoga hérlendis um aldamótin?

„Já, ég trúi því. Þetta er auðvitað mikið verk. Það yrði vissulega mikil hjálp í því, ef íslenska ríkisstjórnin myndi koma til liðs við okkur varðandi þetta fundarhald. Það myndi vekja feiknaathygli á málinu, ef íslensk stjórnvöld gengju fram af festu og boðuðu til þessa fundar í samvinnu við „Frið 2000“ og yrðu þar með friðarberar heimsins.

Ég hef enn ekki átt beinar viðræður við íslensk yfirvöld um þessi mál, en það eru undirskriftarsafnanir í gangi, þar sem skorað er á íslensk yfirvöld að taka frumkvæði þessara mála í sínar hendur.

Við höfum farið okkur hægt af stað og viljað undirbyggja alla þætti starfseminnar, áður en farið er á fullt. En þrátt fyrir það hafa um fimm hundruð manns haft samband við okkur og undirritað þessa yfirlýsingu, þessa áskorun, (nær tvö þúsund manns – innskot apríl '96) og margir hafa veitt okkur fjárstuðning til starfseminnar.

Einstaklingar, félög og samtök í um sextíu löndum eru beinir og óbeinir aðilar að „Friði 2000“. Mestan part eru þetta friðarsamtök.

Og nú er í undirbúningi almenn kynning á samtökunum erlendis og ég hef upp á síðkastið verið að ráða fólk til starfa til að kynna samtökin og stefnumál þeirra. Ég hef verið að kalla til starfa markaðsmenn og úti í Bretlandi eru menn á mínum vegum að undirbúa stofnun þessa sjónvarpsfyrirtækis, sem áformað er að setja á laggirnar.

Ég byggi þetta upp að hluta til eins og hefðbundið fyrirtæki. Það er

ekkert fyrirtæki sem gengur án fjármagns og ég nýti mér mína þekkingu og reynslu af fyrirtækjarekstri í þessu verkefni.“

- *Sjónvarp, viðtæk útgáfustarfsemi, útsöðvar um allan heim. Þetta er fyrirtæki sem væntanlega er ætlað að velta hundruðum milljóna, ef ekki milljörðum íslenskra króna?*

„Það er rétt.“

- *Hvar hafid þið fengið fjármagn í þessi fyrstu skref?*

„Ég seldi flugvél sem ég átti og lagði afrakstur þeirrar sölu, 30 milljónir króna, sem stofnfé í samtökin.“

AD FJÁRFESTA Í FRÍÐI

- *Einhver myndi segja, þegar hér væri komið sögu: Þessi maður er geggjaður. Leggur aleigu sína í friðarsamtök, sem enginn veit hvort verður fugl né fiskur í framtíðinni. Er ekki í lagi með þig?*

„Jú, ég er í góðu lagi. Ef til vill sé ég hlutina í stærra samhengi en margir aðrir og hugsa stórt. Mér finnst alltof margir innilokaður í sinni þröngu veröld, sem snýst aðeins um kjarna fjölskylduna, mig og mína, en opna ekki augum fyrir því sem er að gerast í samfélaginu, í næsta nágrenni, eða í veröldinni okkar.“

- *Þú segist hafa reynslu af fyrirtækjarekstri og markaði. Þú ert sem sagt að veðja á friðinn, sem framtíð í viðskiptum?*

„Já, líka. Ég held að æ fleiri átti sig á því að á þessum vettvangi verða að gerast róttækar breytingar, ef nútíma siðmenning á að lifa af. Og þá munu hin alþjóðlegu fjármálaöfl smám saman kveikja á perunni.“

Það rennur upp sú framtíð að fólk áttar sig á því, að það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að stöðva þetta vígbúnaðarkapphlaup. Og viðskiptamenn munu fjárfesta í friði. Því það er einasta framtíðin sem er trygg.

Við Íslendingar veiðum fisk og seljum hann til útlanda. Við gröfum hann ekki í jörðu og geymum. Það skapar engin verðmæti. Nákvæmlega sama er ég að gera. Ég er að flytja út frið og þótt hann sé ekki í háu „verði“ í augnablikinu, þá er ég sannfærður um að „gengið“ mun rísa hratt á næstu árum. Í dag er verið að eyða ógnarháum upphæðum í framleiðslu vopna. Arðurinn af þeirri framleiðslu er enginn - þetta gef-

ur mannkyninu ekki neitt. Af hverju ekki framleiða eitthvað sem bætir líf á þessari jörðu, eykur velmegun? Ég vil leggja mitt af mörkum til að breyta þessari forgangsröðun.“

- *Enn og aftur: Eru þetta ekki draumórar?*

„Nei. Það eru friðarsamtök starfandi um allan heim. Og þau skipta þúsundum. Þau vinna ekki nægilega vel saman, eru að bauka hvert í sínu horni. Ég er að reyna að tengja þessar friðarhreyfingar meira saman, þannig að þau myndi öflugri heild. Fyrirtæki sem afla fjár, hugsjónastarf, stofnanir - þetta geti allt starfað saman hlið við hlið að sam-eiginlegu markmiði.

Þessa mánuðina er ég að virkja fólk í Bretlandi til starfa við undirbúning að stofnun sjónvarpsstöðvar. Er í sambandi við toppfólk. Þar eru hjólin farin að snúast hægt og örugglega. Það eru tvær endurskoðunar-skrifstofur meðal annars sem eru að vinna í þeim málum fyrir okkur og einnig markaðsfólk. Þá höfum við yfir húsnæði að ráða fyrir skrifstofu í London, og við erum að undirbúa opnun hennar.

Ég er líka með í undirbúningi átak til að tengjast fyrirtækjum úti á markaði, sem sjá sér hag í því, að tengjast jafn jákvæðri hreyfingu og hér um ræðir. Mun benda fyrirtækjum á hina gagnkvæmu hagsmuni með ýmsum leiðum.

Þá nefni ég einnig tölvuleiki, sem hugmyndin er að ein undirstofnun samtakanna sjái um framleiðslu og dreifingu á. Það fyrirtæki mun leggja áherslu framleiðslu á tölvuleikjum, sem væru fullkomin andstæða þess ofbeldis, slagsmála og manndráps, sem tröllríður þessum stóra markaði í dag. Almenningsálitið er að snúast gegn þessu gífurlega ofbeldi og ég er sannfærður um að fyrirtæki sem framleiðir og selur tölvuleiki og hefur það sem markmið að vinna gegn ofbeldi á þeim vettvangi, á mikla framtíð fyrir sér. Ég þekki býsna vel þennan markað og veit hvað ég er að tala um.“

- *Ertu í sambandi við fólk erlendis, sem hefur yfir fjármagni að ráða; fólk sem getur lagt þessu lið og komið hjólum í fullan gang?*

„Já, það er ég. Ég hef búið erlendis í 12 ár og verið í alþjóðlegum viðskiptum, þannig að ég þekki fjöldann allan af fólki, sem deilir þessum viðhorfum með mér, sem ég hef verið að lýsa. Og ef ég þekki ekki lykilmenn, þá kann ég að leita að þeim.

Þegar við höfum starfsemi „Friðar 2000“ þá höfðum við samband

við á þriðja þúsund friðarsamtök út um allan heim og leituðum eftir samstarfi. Sum þeirra brugðust vel við, önnur ekki, eins og gengur. Ég hafði um tíma aðsetur í Sviss, í Genf, en þar starfa alþjóðleg friðarsamtök sem studdu okkur vel og dyggilega og veittu okkur alla aðstoð, meðal annars skrifstofuaðstöðu og fleira.“

- Ég tek eftir því, að stundum talar þú um „okkur“ og stundum aðeins „ég“, þegar þú ræðir um „Frið 2000“. Ertu allsráðandi, eða er stjórn yfir þessum samtökum?

„Ég var frumkvöðull að stofnun þessara samtaka, en vissulega hafa margir komið nærri starfseminni og þeim fer alltaf fjölgandi. Það er verið að setja 9 manna stjórn yfir samtökin um þessar mundir, nokkurs konar fulltrúaráð, þar sem nafntogað fólk er í forgrunni. Meðal annarra munu sitja í þessari stjórn, Brian W. Walker, sem var forstöðumaður „Oxfam“, sem eru stærstu líknarsamtök í Bretlandi. Hann er einn virtasti fræðimaður Breta í mannúðarmálum og meðal annars setið sem fulltrúi bresku ríkisstjórnarinnar í nefndum og ráðum sem um þau mál fjalla á alþjóðavettvangi, svo sem í Brussel hjá Evrópusambandinu.“

Síðustu tvö árin, eða frá stofnun samtakanna, hef ég verið að skipuleggja starfið og á því undirbúningsstigi höfum við Ray Logan, sem ég nefndi hér áður, verið í undirbúningsstjórninni. En nú er þetta allt að breytast og mun fleira fólk kemur að málinu. Hver þáttur starfseminnar verður tiltölulega sjálfstæður og með sína eigin stjórn, þegar hjólin eru komin í fullan snúning.“

- Ég hef orðið áþreifanlega var við það við undirbúning þessara samtala okkar, að þú ert ævinlega á ferð og flugi út um allan heim. Í hverju er þetta daglega starf þitt fólgið?

„Það er rétt. Ég er mikið á ferðinni. Ég er að kynna þessar hugmyndir mínar og leita eftir samstarfsaðilum og þeim sem vilja styðja og styrkja þessa starfsemi. Tengja saman fólk, leggja línur.,“

- Hvernig eru viðtökurnar?

„Góðar. Ég finn fyrir hlýhug alls staðar. Og ekki skaðar það að vera Íslendingur, því fólki finnst það mjög eðlilegt og sjálfsagt, að Íslendingar hafi ákveðna forystu í þessum friðarmálum - þessi herlausa þjóð.“

Ég hef einnig verið á mörgum ráðstefnum um friðarmál og tekið þar fjöldann allan af fólki tali. Í ráðstefnu í London fyrr á þessu ári, þar sem fjallað var um framtíð Sameinuðu þjóðanna, hitti ég til dæmis

mann, ósköp venjulegan launamann, sem hafði fengið sýn, eða hugljómun á Þingvöllum. Hann skynjaði þá, að tilgangur hans í lífinu ætti ekki að vera sá eingöngu að draga fram lífið, heldur ekki síður að leggja sitt af mörkum til að tryggja frið og betri heim. Og hann lét ekki standa við orðin tóm. Hann sagði upp sínu starfi og hóf og lauk friðargöngu frá San Fransico, þar sem sáttmáli Sp var undirritaður, til Sarajeov þar sem hann plantaði friðartré í rústum bókasafns, sem Unesco hefur tekið að sér að endurbyggja.“ (innskot apríl '96 – þessi maður hefur nú útvegað fjármagn frá fjölþjóðafyrirkætinu Time-Warner og hafið útgáfu bóka um þessi mál).

- Enn og aftur gætu sumir sagt, að þessi maður væri ekki í fullkomnu lagi í höfðinu; að segja upp vinnunni til að fara í langan göngutúr - þótt markmiðið sé göfugt og allt það.

„Allt er þetta afstætt. En meginmálið er það, að augu æ fleira fólks eru að opnast fyrir því, að hlutirnar ganga ekki upp til framtíðar, verði ekki tekið á málum og við snúum við blaði; áttum okkur á því að heimsmálin eru í ólestri og almenningur verður að taka af skarið og hafa vit fyrir ráðamönnum.“


- Þessi maður fer í langan göngutúr til að vekja athygli á þessu ófremdarástandi heimsmála. Þú hins vegar ferð hefðbundnar leiðir, en þó þannig að starfsemin byggist á markaðslögmálum samhliða háleitu hugjónum.

„Þetta er hárétt lýsing. Ég hef að baki reynslu af viðskiptum í mörgum löndum. Og ég átta mig á því að þjóðfélag okkar stjórnast af peningum, hvort sem okkur líkar betur eða ver. Friðarbaráttan verður hvorki fugl né fiskur án fjármagns.

Ein hugmynd sem fram hefur komið og mér finnst spennandi, er að leggja skatt á áætlunarflug og afrakstrinum yrði varið til friðarstarfa. Að baki liggur sú hugsun, að áætlunarflug getur auðvitað aldrei gengið nema friður ríki á viðkomandi flugleiðum. Þetta er eitt dæmið um það, að viðhorf manna eru að breytast.“

FYRIRTÆKJAREKSTUR FYRIR 12 ÁRUM

- Ef við snúum okkur til fortíðarinnar og vikjum frá verkefnum nútímans og friðarbaráttunni. Þú varst allumsvífamikill í íslensku við-



Ástþór fyrir hálfum öðrum áratug með einkadótturina Ölmú Björk í fanginu. Hann segir nauðsynlegt að snúa við blaði og feta bráut friðar og afvopnunar eigi að vera framtíð fyrir kom,andi kynslóðir hér í heimi.

skiptalífi hér á árum áður, en fluttir utan í lok árs 1983.. Lentir í erfiðleikum með rekstur fyrirtækja og nokkur fjölmiðlaumræða varð um þau mál á sínum tíma. Er sú fortíð þér erfið að einhverju leyti?

„Það kemur fyrir hér heima á Íslandi, en engan veginn úti í heimi. Það er ansi sterkt einkenni á Íslandi hvað kjaftagangurinn um náungann er mikill og miskunnarlaus. Það fer í taugarnar á mér. Ég er ennþá að heyra einhverjar svakalegar tröllasögur af mér frá því ég var með fyrirtækjarekstur hér heima fyrir meira en áratug, þar á meðal Myndiðjan Ástþór. Og fólk er eitthvað að bulla út í loftið að allt hafi þetta nú verið svona og svona, en enginn veit neitt. Málið var ekkert flóknara en það, að eitt af þessum fyrirtækjum, fór á hausinn. Það skapaði erfiðleika fyrir hin fyrirtækin, en þessi rekstur sem ég hafði með höndum var ansi samtengdur. Það hafa nú aldeilis fleiri Íslendingar farið á höfuðið hér

landi með sinn rekstur, bæði á undan mér og ekki síður í kjölfarið, og hefur ekki þótt sérstaklega fréttæmt. Og enginn sýndi því áhuga þá og ef til vill ekki nú heldur, að tveimur árum eftir þessa rekstrarstöðvun hafði tekist að greiða kröfuhöfum á fyrirtækið um 85% af kröfunum. Það eru ekki mörg gjaldþrota fyrirtæki, sem hafa gert það.

Að sumu leyti eru þessar órökstuddu og ósönnu sögur og sagnir um mig og mín viðskipti hér á árum áður, mér fjötur um fót í því starfi sem ég er að byggja upp núna. Það eru fæstir sem segja neitt við mig, en samstarfsmenn mínir og kunningjar eru að segja mér af því, að ennþá séu einhverjar að smjatta á þessu úti í bæ. Verði þeim bara að góðu.“

- Segðu mér frá þessu fyrirtæki á sínum tíma. Þú varst talsvert áberandi í íslensku viðskiptalífi á tímabili, auglýstir mikið og virtist góður gangur í öllu.

„Já, ég var fyrsti aðilinn sem fór í einhverja alvöru samkeppni við risann í ljósmyndavörum, framköllun og stækkun mynda, sem var þá og er enn, Hans Petersen. Ég ruddi nýjar brautir í þessu. Lækkaði verð og bætti þjónustu - afgreiddi myndir úr framköllun á miklu styttri tíma en áður hafði þekkt. Ég man að Hans Petersen h.f. hækkaði ekki verð á sínum vörum og þjónustu í heil tvö ár, þótt verðbólgan væri á fullri ferð, aðeins til að drepa mig niður. Þetta höfum við svo sem séð í íslensku viðskiptalífi fyrr og síðar - því hér er fákeppni á okkar litla markaði - þar sem sá stóri valtar yfir litla samkeppnisaðila með því að halda niður verði og „þola“ tap, þar til þeir litlu gefast upp.

Ég var einnig með póstverslun, einn af þeim fyrstu sem bauð upp á slíka þjónustu. Verðbólgan var mér einnig erfið í því sambandi. Eilífar gengisbreytingar og órói. Ég hef þó vonandi rutt brautina fyrir aðra, sem á eftir komu og hjá mörgum þeirra hefur gengið ágætlega, auk þess sem neytendur hafa notið góðs af.

Ég hef sennilega verið nýungagjarnari og róttækari í viðskiptum á þessum árum 1974-1982 en margir aðrir á þeim tíma - spilaði djarft en tapaði. Það vakti því einhverra hluta feiknaathygli, þegar erfiðleikarnir fóru að láta á sér kræla með þeim afleiðingum, að rekstrarstöðvun var ekki umflúin. Það var eins og þvilíkt hefði aldrei gerst áður. Nokkrum misserum síðar varð síðan hrina gjaldþrota í íslensku atvinnulífi, þar sem stundum ekkert fé var til upp í skuldir, en þá var þetta daglegt brauð og fjölmiðlar og fólk almennt gerði sér lítinn mat úr því.

Ef til vill hef ég heldur ekki notið sérstaks velvilja í bankakerfinu á þeim tíma. Ástæðan hefur meðal annars verið sú, að ég stofnaði Eurocard á Íslandi, þótt ég hefði ekki verið mikið í forsvari fyrir það, þegar erfiðleikar í öðrum rekstri komu upp. En bankarnir á þeim tíma og verslunin almennt var ekkert tiltakanlega hrifinn af því, að kreditkort væru að koma hér inn á markað, þótt sá greiðslumáti hafi verið þá verið þekktur erlendis um langt árabíll. En ég er stoltur af því, að hafa verið frumkvöðull að því hÉrlendis.“

- *Hvað gerðirðu eftir að fyrirtækin fóru í stopp. Nú sagði íslenska kjaftasagan, að þú hefðir nánast flúið land - drifið þig í einum grænum hvelli til útlanda?*

„Já, þetta hef ég heyrt. Þetta er uppspuni frá rótum. Ég var hÉrna heima í rúmt ár eftir að rekstur fyrirtækjanna stöðvaðist og vann með skiptaráðanda við að koma eignum í verð, þannig að hægt væri að gera upp við kröfuhafa. Ég tók því með mjög ábyrgum hætti á afleiðingum. Það er þannig fráleitt að ég hafi verið á hlaupum frá mínum málum . Það eru hrein öfugmæli.“

- *Af hverju eru þessar kjaftasögur svona lífsseigar ?*

„Ég hef ekki hugmynd um það. Ég hef ekki verið hÉrna heima í 12 ár og veit því ekki hverjir hafa reyna að halda þeim lifandi og því síður hvers vegna. Sem dæmi um þetta rugl, þá vinnur með mér ungur maður, sem var í námi í Bandaríkjunum og tiltölulega nýkominn hingað til lands. Á hann var svifið á dögunum og hann spurður hvort hann væri virkilega að vinna með þessum svakalega Ástþóri Magnússyni. Þessi ungi maður spurði hvað væri svona svakalegt við hann. Sá sem spurði varð eiginlegt kjaftstopp. Hann vissi það ekki heldur. Það hafði einhver sagt honum það einhvern tíman, að þessi Ástþór væri nú svona og svona. Engin efnisatriði - bara einhver lopi sem er teygður út í hið óendanlega.“

ÚTLÖNDUM HEILSAD

- *En var ekkert erfitt að hefja nýtt í líf í útlöndum eftir þessa erfiðu reynslu hér heima á sínum tíma?*

„Já og nei. Þegar ég kom til Kaupmannahafnar var ég náttúrulega nánast peningalaus eftir að hafa gengið í gegnum þessar miklu raunir

heima á Íslandi. Það sem ég hafði í veganesti var óbilandi baráttuvilji og svo stuðningur nokkurra erlendra fyrirtækja, sem höfðu átt við mig viðskipti árin á undan meðan ég var heima á Íslandi. Það var hverjum manni ljóst, sem eitthvað þekkti til minna mála, að hin gífurlega verðbólga á Íslandi hafði skapað nær ómögulegt umhverfi í þeim rekstri sem ég hafði verið með, enda gekk hún á endanum að fyrirtækinu dauðu.

Ég fór til Kaupmannahafnar á þriðja í jólum árið 1983 eftir að hafa gengið frá samkomulagi við Ragnar Hall skiptaráðanda um lok minnar aðildar að skiptamálinu. Ég var búinn að gera allt sem ég gat í þeim málum og brátt var komið að skiptalokum. Það sem var sérstakt í þessu máli, var að um 85% af kröfum voru greiddar. Þegar ég skýrði dönskum lögfræðingi mínum frá þessu eftir að ég kom til Kaupmannahafnar, ætlaði hann ekki að trúá sínum eigin eyrum. Sagði mér að slíkt gjaldþrot hefði aldrei getað orðið í Danmörku.

Í gegnum viðskipti hafði ég um nokkurt skeið þekkt Ólaf Haraldsson, sem er bróðir Haraldar í Andra, en hann bjó um þetta leyti í Danmörku. Með okkur hafði myndast vinskapur. Það hafði einmitt verið í gegnum Ólaf, að Haraldur í Andra hafði á sínum tíma komið inn í Kreditkortin. Óli tók á móti mér á Kastrupflugvelli og það var mér ómetanlegur sálrænn stuðningur. Það að upplifa þennan drengskap og sönnu vináttu sem hann sýndi mér gaf mér mikið eftir að hafa upplifað erfiða daga heima á Íslandi og að hafa misst allar mínar veraldlegu eitur. Ég hafði líka lent í hjónaskilnaði nokkru áður og var því sem næst alveg að niðurlotum kominn andlega.

Í Danmörku hafði ég einnig kynnst í gegnum Óla, Hans Björnssyni hönnuði og Gitte konu hans. Hans hafði á árum áður unnið fyrir mig auglýsingaefni í Danmörku, þegar Myndiðjan, sem ég var í forsvari fyrir, var þar með starfsemi nokkrum árum áður. Þá hafði hann einnig hannað allar innréttingar í Magasín verslunina í Kópavogi, sem einnig var á mínum snærum. Hjá þessum ágætu hjónum var ég þessi fyrstu áramót mín á erlendri grund, í Danmörku. Þau studdu mig með ráðum og dáð og hvöttu mig á alla lund. Þessi sanni vinskapur þeirra og Óla gerði gæfumuninn. Ég beit á jaxlinn, hóf að byggja mig upp og tókst á við ný verkefni í viðskiptalífinu, en nú í nýju og framandi umhverfi.

Fljótlega eftir áramótin fann ég hús í útjaðri Kaupmannahafnar.



Í Lundúnum fyrir nokkrum árum. Ástþór ásamt foreldrum sínum, Magnúsi K. Jónssyni og Unni H. Lárusdóttur.

Húsið var í eigu verkfræðings, sem var að fara utan til starfa fyrir Sam-
einuðu Þjóðirnar um tveggja ára skeið og leigði mér þetta skemmtilega
hús á meðan. Húsið var á tveimur hæðum og niðri hafði ég skrifstofu.
Það var stór garður umhverfis húsið og aðliggjandi honum falletgur
skógur. Þetta var algjör draumastaður. Það var því fljótlega eftir að ég
fékk húsið, að foreldrar mínir, fluttust til mín frá Íslandi og bjuggu hjá
mér í nær tvö ár. Fyrrverandi eiginkona mín og dóttir okkar, sem heitir
Alma Björk og er nú orðin 18 ára gömul, höfðu nokkru áður einnig flutt
til Danmerkur og ég hafði því góð skilyrði til að umgangast dóttur mína
reglulega.

Á þessum tíma kynntist ég einnig danski stúlku, Gerdu Solskov og
við bjuggum saman um nokkurt skeið. Við fluttum síðan inn í mjög
stóra og skemmtilega íbúð við Rosenborggade sem er steinsnar frá
gömlu konungshöllinni. Íbúðin var í 200 ára gömlu húsi og sagt að á
einhverjum tíma hefði hinn frægi rithöfundur, Sören Kirkegaard búið
þar og lýst henni í einu verka sinna.

Einn daginn birtist þar góður vinur. Þar fór Róbert Árni Hreiðarsson
lögmaður og fyrrum félagi minn í stofnun Eurocard á Íslandi. Það

leiddi síðan til þess að gerðist meðeigandi í hugbúnaðarfyrirtæki sem ég hafði eignast og hét og heitir raunar enn, „Gold Feder“ upp á þýsku, eða „Gullna fjöðrin“. Róbert þekkti vel til minna mála og hafði starfað með mér um árabíl. Hann hafði verið einn stærsti kröfuhafinn í gjaldþrotinu hér heima, auk þess að vera einn af frumkvöðlum Kreditkort h.f. Það var mér mikill styrkur að Róbert óskaði eftir því að vera áfram í samstarfi með mér - nú á nýjum vettvangi.

Starfsemi fyrirtækisins, sem hafði byrjað í einu herbergi í kjallaranum heima, jókst jafnt og þétt á næstu árum. Ég byrjaði á því að selja vörur til pósthverslana um alla Skandinavíu og svo hugbúnað til að stjórna pantanakerfi slíkra fyrirtækja. Þá hannaði ég grundvöll að verslunarkerfi byggt á „multimedia-tækni“. Með teikningum og pappírsmódeli tókst mér að selja fyrstu 20 kerfinu til fyrirtækis í Noregi fyrir um 40 milljónir króna. Þetta var þá á svo miklu frumstigi, að það var ekkert forrit tilbúið né nein tæki sem hægt var að sýna. Ég varð að selja þetta algjörlega sem hugmynd. Mér tókst að fá í lið með mér fyrrum forstjóra Daells Varehus, sem er stærsta pósthverslunarfyrirtækið í Danmörku til að kynna hugmyndirnar fyrir væntanlegum kaupendum. Boltinn var farinn að rúlla.

Ög næsta áratuginn eða svo var ég meira og minna í sölu og síðar einnig framleiðslu á tölvuhugbúnaði og á tímabili einnig framleiðslu á tækjabúnaði fyrir tölvur. Til að byrja með var Danmörk og Skandinavía minn vettvangur en þegar fram liðu stundir öll Evrópa. Að því kom að ég flutti mig um set; fór yfir til Bretlands; nánar tiltekið Newcastle og setti þar upp verksmiðju.“

- Hafðir þú mikil samskipti heim til Íslands á þessum árum?

„Nei, ég hafði lítið samband við Íslendinga umfram vini mína og kunningja sem bjuggu í Danmörku. Ég kom nær aldrei til Íslands og hafði litla sem enga heimþrá. Þó fann ég fyrir örlítilli heimþrá um skeið, eftir að ég hafði verið ytra í þrjú ár, en það var aðeins „smábóla“ sem hvarf jafnharðan. Ég hætti meira að segja að lesa íslensk blöð. Fannst þau ekkert spennandi lengur og ég orðinn algjörlega fjarlægur því sem var að gerast í þjóðmálunum og í fréttunum heima á Íslandi.

Einn mesti munurinn sem ég fann við að búa erlendis, en ekki heima á Íslandi, að mér fannst ég loks vera frjáls ferða minna; frjáls eins og fuglinn. Ég var með flugpróf og gat leigt vélar í Kaupmannahöfn og

flogið þaðan næstum því hvert á land sem er í Evrópu. Eitt skipti fór ég á litilli eins hreyfils „rellu“ til Hamborgar, þaðan til Englands, síðan Skotlands og yfir til Stavanger í Noregi og loks aftur til Kaupmannahafnar. Þetta voru alls 17 flugtímar. Tilefni ferðarinnar var fundur hjá „Grattan“ póstverslunarfyrirtækinu, sem ég var að vinna fyrir í norður Englandi. Þeir litu á mig sem einhvern furðufugl, að mæta á svona smáflugvél, hálfgerðri saumavél, á flugvellingum í Leeds. En mér fannst þetta stórskemmtilegt. Þegar ég flaug síðan yfir hafið frá Edinborg til Stavanger, lenti ég í mjög slæmu veðri og hélt á tímabili að ég myndi ekki hafa þetta af. Ég var farinn að svitna ansi mikið, þegar ég loks sá brautina í Stavanger í gegnum smá gat í skýjunum og gat troðið mér þar niður til landingar.

Ég var farinn að fljúga meira og minna allar mínar viðskiptaferðir sjálfur og þetta var orðið eins konar vörumerki á mér og minni þjónustu. Það varð því úr að ég keypti átta sæta skrufuflugvél með jafnþrýstibúnaði, sem gerir kleift að fljúga yfir vond veður, og málaði hana í litum fyrirtækisins, bleika og gráa.

Flugvélakaupin opnuðu ýmsa möguleika. Ég var vitaskuld fljótari í ferðum en ella, auk þess sem þetta vakti nokkra athygli hjá mönnum sem ég átti viðskipti við. Ég kynntist til dæmis forstjóra Great Universal Stores, sem er eitt stærsta póstverslunarfyrirtæki í Evrópu í gegnum þennan flugvélarekstur. Þetta fyrirtæki er með marga vörulista, þar á meðal „Kays“, sem margir Íslendingar þekkjá. Þá sótti ég forstjóran, sem heitir Paul Harris, á vélinni til Manchester, flaug með hann í verksmíðjuna okkar, sýndi okkar búnað og síðan til baka aftur seinna um daginn. Með þeim hætti tókst mér að fá hann sjálfan til að skoða okkar vöru. Hann gerði mikið grín að þessum flugvélamálum öllum og þá ekki síst litunum á vélinni. Þessi samskipti urðu hins vegar til þess, að hann keypti tölvur frá fyrirtækinu og síðan varð með okkur ágætur vinskapur. Paul og kona hans fóru síðar í frí á vélinni með mér til Frakklands. Síðar meir eftir að ég hafði keypt fyrstu þotuna, þá leigði hann oft af mér flugvélinu til eigin viðskiptaferða.

Paul var alltaf örflítið hræddur við að fljúga og kona hans var satt að segja dauðhrætt um hann, þegar hann var með mér í flugvél. Ég veit ekki af hverju, því yfirleitt hefur farið gott orð af mér í fluginu. En kunningjar og samstarfsmenn áttu það til að glettast svoltið með þessi

flugævintýri mín og gera úlfalda úr mýflugu; svona smáuppákomur að einhverjum svaðilförum.

Það kom þó óneitanlega fyrir að ég lenti í kröppum dansi í þessum flugferðum mínum. Þá var ég eins og oft áður að leggja í hann yfir Norðursjóinn, frá Leeds til Osló. Ætlaði þar á fund með Narvesen, sem er stærsta blaðsöluþyrntæki Noregs og þar yrði einnig áðurnefndur Paul Harris. Á þessum fundi var fyrirhugað að ræða uppsetningu á hugbúnaðarkerfum frá mínu fyrirtæki. Ég var einn í vélinni og rétt kominn á loft, þegar mér varð litið út um gluggann farþegamegin og sá neistaflugið út úr mótornum. Mér tókst að snúa við og koma flugvélinni aftur niður og á braut, þar sem slökkvilið flugvallarins náðu að slökkva í eldinum sem búið hafði um sig í hreyflinum.

Þetta óhapp varð til þess, að flugvélin var greidd út af tryggingarfélaginu. Mér var síðar sagt, að ég hefði verið heppinn að sleppa lifandi út úr þessu, því burðarbitar í væng vélarinnar hefðu hitnað svo mikið, að þeir voru taldir ónýtir. Auk þess kom í ljós að litlu hafði munað að eldurinn kæmist inn í flugstjórnarklefan. Ég þakkaði mína sæla í hljóði, að þetta óhapp hafði ekki komið upp í fluginu þar á undan, en þar var ég á ferð milli Reykjavíkur og Bretlands og hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum ef neistaflugið hefði byrjað yfir miðju Atlantshafi. Eldsupptökin voru rakin til mistaka í viðhaldi vélarinnar.

Eftir þetta keypti ég mína fyrstu þotu. Hún var útbúin slökkvitækjum í hreyflum og því mun öflugra og öruggara tæki en mínar fyrri vélar. Ég hafði að vísu aldrei ætlað að kaupa þotu, en þegar ég leitaði eftir samstarfi við breskt flugfélag, „Gill Air“ í Newcastle, um rekstur vélar, þá gerði félagið það að skilyrði fyrir samstarfinu að keypt yrði þota. Og ég sló til. Þeir bentu réttilega á að margt fólk væri hrætt við að fljúga í skrufuvélum. Ég keypti síðan G-Holl þotuna, sem rekin var um skeið í samstarfi við þetta breska félag og var leigð ýmsum merkjum aðilum, meðal annars forstjóra Rolls Royce fyrirtækisins.“

- Var flugvélareksturinn þar með orðinn nokkurs konar aukabúgrein hjá þér?

„Ef til vill að sumu leyti, þótt meginatriðið hafi í upphafi og ávallt verið það hagræði, sem því fylgdi í mínum viðskiptum að eiga aðgang að flugvél og komast hratt og vel milli staða.“

Viðskipti með flugvélar geta verið varhugaverð og ýmislegt sem þar



Karen Bell var sambýliskona Ástþórs í Englandi um fjögurra ára skeið. Hér eru þau ásamt mæðrum þeirra beggja.

getur komið upp á. Ég minnst þess með G-Holl þotuna, að eftir nokkurn tíma þurfti ég að setja hana í skoðun. Þar var vélin í um það bil mánuð. Þegar að því kom að ég ætlaði að sækja hana, þá var mér tilkynnt um reikning sem hljóðaði upp á fjórar milljónir króna, sem var margfalt það sem áætlað hafði verið. Þeir töldu sig hafa fundið verk-smiðjugalla í vélinni, sem nú fyrst hafði komið í ljós eftir fimmtán ára „líftíma“ vélarinnar. Það var alveg sama hvað ég reifst og skammaðist og þjarkaði; vélin fengi ég ekki afhenta nema í borgaði strax þetta sama kvöld og ég ætlaði sækja vélin. Ég átti engra annarra úrkosta, en borga brúsann. Þetta var eftir lokun banka og engir tékkar teknir, þannig að ég skipti þessu niður á tvö kreditkort, tvær milljónir á hvort, eftir að hafa fengið sérstaka heimild hjá kortaútgefendum.

En lukkan var með mér, því á meðan G-Holl var í þessari skoðun

hafði forstjóri hollensk flugfélags séð vélina og vildi ólmur kaupa hana af mér. Hollensk yfirvöld höfðu innleitt einhverjar sérreglur varðandi öryggisbúnað þessara flugvéla og kostaði slíkur aukabúnaður mikla fjármuni. Þar sem þessi vél var upphaflega í eigu hollensku flugmála-stjórnarinnar, var hún með slíkan búnað og ég gat því selt þeim vélina fyrir gott verð og með miklum hagnaði. Fór því vel út úr dæminu þegar allt kom til alls.“

FRÁ DANMÖRKU TIL ENGLANDS

- Hver var meginástæðan fyrir því að þú fluttir frá Danmörku til Englands?

„Það voru sennilega margar samtvinnnaðar ástæður fyrir því. Fyrst er að segja frá því, að dag einn bankaði breska kona upp á hjá okkur í Kaupmannahöfn. Hún sagðist vera á vegum breska ríkisins og hafa heyrt af fyrirtækinu og vildi kynna okkur möguleika sem Bretland býði vaxandi fyrirtækjum. Ég kannaði málið og leist ágætlega á og úr varð að við settum upp verksmiðju í Newcastle.

Það var í þessari verksmiðju sem við framleiddum fyrstu „prótó-týpu“ af spilakössum fyrir Lukkutríó björgunarsveitanna á Íslandi. Ég kom hingað til lands í flugvélinni minni vegna vegna þessara mála með einn tölvufræðinginn okkar og frumgerð af svona spilakassa. Þetta gerði það að verkum að Lukkutríóið gat sýnt fulltrúum dómsmálaráðuneytisins spilakassa, leyft þeim að sjá hvernig hann virkaði. Það endaði með því að þeir fengu leyfi til reksturs spilakassa.

Ég var fljótlega mikið í Newcastle. Flaug þó gjarnan á vélinni minni milli Newcastle og Kaupmannahafnar um helgar. Fór stundum seint á föstudagskvöldum og fór til baka til Englands á eldsnemma mánudagsmorgnum. Flugið til Roskildeflugvallar í Danmörku frá Bretaveldi var eitt beint strík í austur. Ekki ein einasta beygja á leiðinni ef þannig stóð á flugbrautum og yfirleitt engar aðrar vélar á ferðinni svona norðarlega um miðjar nætur. Það var því yfirleitt nær ekkert um fjarskipti nema við brottför og landingu. Það kom fyrir að ég setti vélina á sjálfstýringu og settist í meiri þægindi aftar í vélina með góða bók.

Samband mitt við Gerdu var á þessum tíma farið að flosna upp, svo helgarferðunum til Kaupmannahafnar tók að fækka. Það var svo í vetr-

arbyrjun 1988 að okkur varð sundurorða og endanlega slitnaði upp úr sambandinu. Við urðum síðan sammála um það, að Gerda byggi áfram í íbúðinni okkar og hún sá að nokkru leyti um rekstur fyrirtækisins fyrir mig í Kaupmannahöfn um tveggja ára skeið.

Í Newcastle hitti ég Karen Bell, sem ég bjó síðan með í fjögur ár. Karen var mikil fegurðardís, var í tiskusýningum og starfaði einnig sem ljósmyndafyrirsæta. Ég hafði farið á diskótek og sá hana tilsýndar og féll alveg í stafi. Rauk á hana og sló henni gullhamra bak og fyrir og bauð henni síðan á veitingahús upp á pizzu. Þetta kom allt flatt upp á hana og sennilega hefur henni brugðið svo við þessa „árás“ mína, að hún þáði boðið og slóst í för með mér. Hún spurði mig hvað ég starfaði og ég sagðist starfa við „interaktiv video“, en fann strax að hún skildi hvorki upp né niður í þessum útskýringum mínum. Ég bauð henni svo út fyrir og þannig hittist á, að ég var með finan bíl og einkabílstjóra við hendina þetta kvöld. Það stafaði fyrst og fremst af því, að þessi bílstjóri var kvæntur ræstingakonu við fyrirtæki mitt og ég vildi reyna að rétta þeim hjálparhönd og notaði hann því meira en ella. Þegar ég sagði svo Karen, að ég starfaði að hluta til í Danmörku, þá fann ég að henni var hætt að litast á blikuna. Hún kom þó með mér á þennan pizzustað. Það kom síðar í ljós, að Karen var farin að sjóða saman alls konar vitleysu upp úr þessari uppákomu. Þegar hún sá fina bílinn með einkabílstjóran og heyrði að ég vann við eitthvað sem tengdist videoi í Danmörku, þá var hún farin að ímynda sér að ég væri tengdur maffiunni og klámmyndaframleiðslu og væri með áætlanir um að lokka hana inn í þann „bransa“.

Allt þetta tókst mér nú að leiðrétta og eftir að ég hafði boðið Karen með mér í jólafrí til Íslands varð samband okkar nánara og við hófum búskap. Í fyrstu bjuggum við í lítilli íbúð sem ég hafði notast við þegar ég dvaldist í Newcastle, en fljótlega keyptum við fallett einbýlishús í Cleadon Village, sem er í nágrenni Newcastle. Meginstarfsemi fyrirtækisins í Norður-Englandi var tækjaframleiðsla, en um síðir ákvað ég að draga mig út úr þeim þætti framleiðslunnar og einbeita mér að hugbúnaðinum. Það leiddi til þess að við fluttum í íbúð við Thames ánnu í London, þótt við héldum áfram húsinu í Newcastle. Ég neita því ekki að í Norður-Englandi fann ég mun meira fyrir því að vera útlendingur en í London. Samfélagið í London er svo alþjóðlegt og íbúar þar mun

opnari fyrir útlendingum en í rótgróna mynstri fyrir norðan. Ég hitti þar fólk víða að, ekki síst frá Norðurlöndunum, og líkaði þar vel lífið. Hins vegar var Karen ekki jafnhrifin af heimsborginni London. Hún var sannur norðlendingur og vildi hvergi annars staðar vera en í Newcastle. Á þessum tíma fann ég líka breytingar innra með mér. Ég var farinn að missa áhugann á viðskiptum og það var eitthvað sem kallaði á mig inn-anfrá. Við Karen þróuðumst því í sitt hvora áttina. Við ákváðum því að hætta sambúðinni og hún flutti til baka til Newcastle.

Ég man það eins og það hefði gerst í gær: Það var þegar ég bjó einn í þessari glæsilegu íbúð á bökkum Thames. Horfði á upplýsta Tower brúnna úr rúminu mínu, á glymjandi skemmtibátana siglandi upp og niður ána, vissi af Jagúar bílnum mínum í bilageymslukjallaranum og þotunni á næsta flugvelli, að ég fann skyndilega hversu tómlegt og tilgangslaust það er að vinna bara fyrir dauðum veraldlegum gæðum. Ég hafði hagnast ágætlega og þurfti ekki að hafa áhyggjur af peningum. En það var ekki allt. Ég vildi eitthvað annað. Ég dróg mig því út úr þessum viðskiptum og þessum tíma kom inn í líf mitt stúlka frá Póllandi, Alicja Kowalszyk. Það var eins og hún hefði verið send til mín í sérstökum tilgangi, því í gegnum samband okkar opnaðist ég allur sálarlega; komst í snertingu við mitt innra sjálf og fann lífshlutverk mitt. Eftir þetta leiddi hvað af öðru næstum því eins og eftir fyrirfram gerðri dagskrá. Atburðir gerðust og ég hitti fólk, sem leiddi mig síðan til þess að helga líf mitt stofnun alþjóðlegra friðarsamtaka. Þetta var árið 1992.“

ÚR VIÐSKIPTUM Í FRÍÐARBARÁTTU

- *Og hófst þá undirbúningur að öðrum rekstri, „Frið 2000“, sem hlýtur að teljast fjárhagslega óöruggur - ekki satt?*

„Það getur vel verið. En hvað hefur maður að gera við fyrirtæki í Bretlandi, ef einhverj brjálæðingur sem heitir Zhirinovsky kemst til valda í Rússlandi og sprengir jörðina í tætlur með nokkrum kjarnorkusprengjum, eða ef Hússein Íraksforseti setur efnavopnin í gang? Þá er eitthvað fyrirtæki í Bretlandi ekki mikils virði - eða hvað?

- *Þú hefur með öðrum orðum selt eignarhlut þinn í fyrirtækinu og lagt þá fjármuni í rekstur „Friðar 2000“? Voru þetta miklar upphæðir?*

„Það má segja, að ég hafi fengið út úr þessu fyrirtæki þessa flugvél,

sem notuð var í fyrirtækinu í Bretlandi. Ég seldi síðan þessa flugvél í sumar fyrir um það bil 30 milljónir króna og þeir fjármunir eru notaðir í „Frið 2000“.

BÖRNUM BJARGAÐ

- Nú flaugst þú frægt flug á þessari flugvél til Chernobylsvæðisins í lok síðasta árs og sóttir þangað börn, sem höfðu hlotið skaða af vegna kjarnorkuslyssins þar á árum áður. Hvernig kom það til?

„Ég hafði verið með vélina í leigu í Austur-Evrópu og hafði síðan farið með hana í árskoðun í Portúgal. Ég var á leiðinni heim til Íslands í jólafrí, þegar náðist í mig á Heathrow í London. Það voru þá skilaboð til mín frá írskri friðarstofnun, en ég hafði kynnst fólki frá henni á friðar-ráðstefnu á Spáni einhverjum mánuðum fyrr. Þau spurðu hvort ég hefði ekki yfir flugvél að ráða, sem hægt væri að nýta til að sækja veikt barn í Hvíta-Rússlandi, sem þyrfti undir læknishendur eins fljótt og kostur væri. Ég var hins vegar búin að „grounda“ eða leggja vélinni minni í þessari ársskoðun í Portúgal, en fannst málið brýnt og vildi hjálpa til. Hafði samband við vini mína, sem ég þekkti í flugvélabransanum, sem ég hafði áður átt samskipti og samstarf við. Við höfðum hlaupið undir bagga hver með öðrum og lánað vélar á víxl, stæði þannig á. Og ég hafði samband við Írana og sagði að þetta gæti orðið. Undirbúningur fór þá í fullan gang og börnunum fjölgar í fjögur, sem sækja á.

Málið þurfti nokkurra daga aðdraganda; leyfi frá yfirvöldum austur í Hvíta-Rússlandi og annað þess háttar. Ég fór hingað heim til Íslands í millitíðinni. Datt þá í hug, að það væri skynsamlegt að reyna nýta vélina á útleiðinni líka - ekki bara fljúga henni hálfómri þangað. Og þá kom upp hugmyndin, að fylla hana af jólapökkum fyrir börn í Chernobyl. Hugdettan kom upp í jólaboði hjá fjölskyldunni á 2. í jólum og ég beið ekki boðanna, heldur hafði samband við hjálparsevitirnar, Landsbjörg, og óskaði eftir samstarfi. Og það var allt sett í fullan gang. Við sendum hjálparbeiðni til þjóðarinnar, þar sem óskað var eftir varningi, jólapökkum til barna þarna austur í Hvíta-Rússlandi. Á tveimur eða þremur dögum söfnuðust 18 þúsund jólapakkar. Auk þess gaf Lyfjaverslun Íslands lyfjaskammta fyrir 1000 börn. Þetta var stórkostlegt.

Þessir pakkar fóru síðan allir út með flugvélinni og til barna í Hvíta-

Rússlandi. Þar á bæ var mikil ánægja með þessa jólasendingu frá Íslandi.

Mér hefur komið til hugar, að gaman væri að endurteka þetta um næstu jól - ekki endilega til Hvíta-Rússland, heldur allt eins eitthvað annað, því víða um heim eru börn sem sjá engin jól, enginn munur er á einum degi frá öðrum.

Þau mál eru nú í góðum gangi og í samstarfi við Arngrím Jóhannsson eiganda „Óðinn air“,flugfélagsins er áformað að fljúga til „gömlu“ Júgóslavíu þessi jólin á Boing 737 þotu félagsins. Við stefnum að því að fylla vélina af jólapökkum og gætum flutt með henni 140 þúsund jólapakka. Ég trúir því að í góðu samstarfi við gott fólk hér heima gæti okkur tekist að senda 140 þúsund jólapakka til barna sem eiga svo sannarlega um sárt að binda í hinni stríðshrjáðu Júgóslavíu. Og hvað á betra við, en að það komi jólapakkar frá Íslandi, þar sem jólasveinninn á heima. Arngrímur flugstjóri hefur meira að segja lofað því, að fara í jólasveinabúning þegar hann flýgur með pakkana!“ (innskot apríl '96 – þessi ferð var farin 22. desember '95 með vélina troðfulla af gjöfum).

- *Hvað með börnin frá Chernobyl sem komið var undir læknishendur í Írlandi? Hver urðu síðan afdrif þeirra?*

„Það var flogið með þau til Írlands og þar var þeim komið undir læknishendur. Þau voru mikið veik og við höfðum af því áhyggjur, að þau þyldu ekki ferðalagið. En þetta tókst vonum fram. Eftir læknismeðferð á Írlandi fóru þau síðan aftur til sinna heimahaga í Hvíta-Rússlandi. Einu barnanna tókst ekki að bjarga og það dó, en eftir því sem ég best veit, lifa hin þrjú og fengu nokkurn bata eftir þessa dvöl á Írlandi.“

- *Verður framhald á aðstoð af þessu tagi af þinni hálfu?*

„Já, ég er áhugasamur um það og hef verið í sambandi við aðila sem standa að alþjóðlegu átaki, sem nefnist „Children of crisis“. Það er her-
togaynjan af York í Englandi, sem hefur verið verndari þess átaks og við erum meðal margra annarra samstarfsaðila. Átakið er fólgið í alhliða aðstoð við börn í heiminum sem búa við mikla erfiðleika; veikindi og fátækt.

Þessi þáttur hjálparstarfs, er ekki aðalatriðið í starfsemi „Friðar 2000“, en við viljum hjálpa á þessum vettvangi, eftir því sem við getum.“



Flugvélar hafa gegnt stóru hlutverki í lífi Ástþórs Magnússonar. Hér er hann fyrir framan flugvél sem var í eigu hans. Ástþór er þarna í flugmannsbúningi, en um skamma hríð meðan hann dvaldi í Portúgal leigði hann vélina þarlandu flugfélagi og var hann beðinn að fljúga henni nokkrum sinnum.

- Flugvélar hafa augljóslega gegnt stóru hlutverki í þínu lífi og ekki síður eftir að þú hættir hinum hefðbundnu viðskiptum og fyrirtækjarekstri og snerir þér að friðarstarfinu. Ég minnst þess að fjölmiðlar birtu fréttir af einhverjum vandræðum með þessa flugvél, sem þú áttir síðast og seldir síðan í sumar?

„Já, það er rétt, að það urðu mikil ævintýri tengd þessari flugvél. En allt endaði það samt vel. Staðreyndin er sú, að þessir aðilar sem ég hafði átt viðskipti við vegna þotunnar höfðu uppi tilburði að ná henni af mér með klækjum og undirmálum. Höfðu þæft málið, togað og teygt í langan tíma. En ég gaf mig ekki og lögmenn mínir stóðu fast á mínum hagsmunum.

Eftir langvarandi þras virtist þó svo sem samkomulag væri í nánd. En þá gerðist það, að þessir erlendu aðilar, sem eru fjársterkir gyðingar

í Tékklandi, sendu flugmenn hingað til lands, þar sem vélin var og þeir reyndu að stela vélinni á Reykjavíkflugvelli. Ég var erlendis þegar þetta var, en þeir munu hafa sagt yfirvöldum úti á velli, að samkomulag væri því sem næst frágengið og því vildu þeir skoða vélina og gera hana klára til flugs. Þeir fengu þá þotuna setta út úr flugskýlinu og eldsneyti var dælt á hana. En allt í einu heyrðist þegar hreyflarnir voru ræstir með miklum látum og hefði það ekki verið fyrir snarræði Helga Jónssonar, sem rekur flugfélag undir eigin nafni, þá hefði þeim tekist að komast út á braut og í loftið. En hann sá til þess, að bifreið var ekið í veg fyrir vélina, þannig að hún komst hvorki lönd né strönd.

Þetta var að kvöldlagi og það náðist ekki í mig í útlandinu fyrr en nokkrum klukkustundum síðar og þá að næturlagi. Þá hringdi eiginkona Róberts Árna Hreiðarssonar í mig og sagði mér að Róbert Árni væri úti á flugvelli ásamt hluta af fjölskyldu minni vegna þess að flugmennirnir hefðu reynt að stela vélinni. Það tók hana 15 mínútur að sannfæra mig um, að hún væri ekki að grínast. Ég hringdi þá samstundis í GSM síma Róberts Árna og náði sambandi við hann. Var mér þá sagt að búið væri að kalla lögregluna á staðinn, en flugmennirnir hefðu læst sig inni í vélinni og hefðu í hótunum við mitt fólk þegar það reyndi að nálgast vélina. Um síðir náðist svo samkomulag og flugmennirnir yfirgáfu vélina og ráðnir voru gæslumenn sem stóðu vörð um hana 24 tíma á sólarhring. Málið leystist svo nokkru síðar, þegar þessir erlendu aðilar greiddu það sem þeim bar.

Þetta var auðvitað heilmikið ævintýri, en allt er gott sem endar vel. Þannig hefur það gjarnan verið um þessi flugvélaviðskipti mín, þótt á ýmsu hafi gengið.“

ÍSLAND HEFUR BREYST

- Nú förum við aftur til fortíðar. Ástpór Magnússon á unga aldri; var hann þá mikið á ferð og flugi?

„Já, það er óhætt að segja það. Þegar ég var ungur maður fór ég í nám erlendis. Nú er ég rétt rúmlega fjörutíu ára og ég hef því starfað erlendis meira en helming minnar vinnuævi, auk þess sem ég var ævinlega í mjög nánú samstarfi við erlenda aðila, þegar ég var með eigin rekstur heima á Íslandi.“

44 WEDNESDAY 31 AUGUST 1994

Media

Give us some peace!

IT'S NOT an easy task, but that Magnusson is confident. "We want to stop all war now," he says, "and we want convince the military establishment that they should cut out in peace, using their money for such things as humanitarian aid."

And the wealthy Icelandic businessman is about to obtain a formidable weapon in his crusade against militarism, an English advertising agency.

Mr Magnusson, who runs his own software business, has it in mind to run a multi-million-pound advertising campaign to promote world peace and is in contact with a number of top London agencies to that end. He plans to run the campaign through the United World Federation, an organization he founded last year.

It simply came to his conclusion that there was no real sense in building a business where there is no guarantee of peace," he explains.

Magnusson told the agencies that he is launching the ad campaign for next year to coincide with the 50th anniversary of the United Nations, the 10th anniversary of the UN Year of Peace and the 50th anniversary of the Virginia and Negro school boycotts. It is uncertain how he intends to pay for the ads.

The agencies were not taken

an endless procession of unlikely causes is looking to advertising for salvation. Yet agencies must beware - every so often one turns out to be ridiculously successful



Alison Fendley

ON ADVERTISING

entirely succeeding new business prospects. According to Martin Jones, head of new business at J Walker Thompson, they are always keen to hear. "All new business directors are external specialists. And no one wants to be the person who turned down the business."

Or, for that matter, Ireland. According to a diversified industry myth, a man with a West Country accent once turned up at WJW saying he rather wanted to appoint as agency. A superior sort of secretary on finding out he did not have an apprenticeship, turned him away. The secret set to one status agency, and his company, Spaworth, became one of the country's biggest advertising advertisers. But even the notoriously well-connected, new business directors

are account. We didn't pick. Another potential new client in touch with several top London agencies this month is the unlikely sounding Asian Welfare Bureau. Faisal Farish, the secretary-director of the Bureau, has written to several companies from his office in Malaysia, asking if they would be interested in creating a campaign to help them raise funds and publicize the cause. Saeed and Shaukat, one of the agencies involved, isn't too excited about the prospect.

DOWN at Balfour Beatty Sharkey Treat, in Salsbury Square, businessman Sami Res has been talking to new business director Penny Furness about an advertising campaign to



Off the wall: Magnusson wants to promote world peace

lots of ideas for ads and very little money to fund them.

"It's always worth seeing everybody," she says. "Even if only the in 500 cases go with something like gold dust - there's just no way of knowing if there's a serious prospect until you've met them."

There are also those who take the prospect of new business to turn the tables on the agency selection. Steve Robinson, head of new business at Publicis, recalls a top insurance company asking for a meeting, then proceeding to spend the time trying to get jobs from the agency staff. On another occasion

But the most unlikely call of all came in 1991 - just before the start of the Gulf War - when a man purporting to be a representative of the Iraqi government contacted several London agencies. Apparently, President Saddam Hussein's house abroad had been taking a bit of a hammering to recent protests - an ad campaign could help put the record straight.

The call turned out to be a hoax from the now defunct Puzosh magazine. Amazingly, at least two of those contacted said they wanted to fly to a meeting to discuss the matter further.

„Friður 2000“ hefur fengið nokkra umfjöllun í erlendum blöðum. Hér má sjá dæmi um það í Evening Standard í Bretlandi, þar sem fjallað er um störf Ástþórs og „Friðar 2000“.

- Er staða Íslendinga erlendis önnur nú, en hún var fyrir rúmum tveimur áratugum?

„Það held ég að óhætt sé að fullyrða. Ég man eftir því þegar ég fór utan til Bretlands í nám í „gamla daga“, 18 ára að aldri. Þegar maður hittir Breta í þá daga var gjarnan spurt um snjöhúsin á Íslandi. Þetta er liðin tíð að mínu áliti. Langflestir sem ég tala við á Bretlandseyjum og í Evrópu, - og þeir eru ófáir og úr ýmsum stéttum og á ýmsum aldri, vita nú mun betur hvað Ísland er og hvernig lífshættir þar eru.

Í Bretlandi er ég hvað kunnugastur, enda starfaði ég þar um langt árabil. Mín tilfinning er sú, að við njótum þar velvilja. Það sem mér kom ef til vill meira á óvart, að á Spáni og í Portúgal hefur þekking fólks á Íslandi og Íslendingum einnig stórukitt. Ég var þar um eins árs skeið 1993-1994 og líkaði vel.“

- Hvað varstu að gera þar?

„Eiginlega ekki neitt. Ég var þar að velta fyrir mér þessum stórum

málum, „Friði 2000“ og lesa mér til. Lá þar undir feldi og hugsaði minn gang.“

- *Það hefur verið of kalt að gera það á Þingvöllum eins og Þorgeir Ljósveitingagoði forðum daga?*

„Já ætli það ekki. Og eins hitt, að ég var að sækjast eftir ákveðinni fjarlægð og friði frá erli dagsins. Og þá er Suður-Evrópa tilvalin.“

- *Þannig að Ísland er ágætlega kynnt úti í heimi?*

„Já, í öllum aðalatriðum. Því er þó ekki að neita, að þessi umræða um hvalveiðarnar hefur reynst okkur erfið. Þar kemur vitaskuld fram þekkingarleysi fjarlæggra þjóða á afkomu eyþjóðar eins og okkar Íslendinga, þar sem allt snýst um sjóinn og það sem þar þrífst. En fyrir okkur Íslendinga er þetta spurning um hagsmuni. eru það mikilvægari hagsmunir fyrir okkur Íslendinga að veiða hval og fá yfir okkur reiði náttúruverndarfólks um allan heim, en að láta af hvalveiðum og styrkja stöðu okkar og jákvæða ímynd á alþjóðlegum vettvangi? Ég get ekki svarað því af fullri sannfæringu.“

En gegnumheilt fullyrði ég að ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi er góð. Ísland er lítið land, langt úti í Atlantshafi. Það er ekki fyrir neinum. Og ég finn að þessi jákvæði andi byggist ekki síst á því, að fólk dáist að okkur fyrir þá þrautseigju að byggja hér upp menningsarsamfélag og tiltölulega góða afkomu langt norður í Ballarhafi.“

- *Meira um sjálfan þig. Nú er þín aðalskrifstofa hér í Reykjavík, þótt starfsvettvangur þinn sé í raun allur heimurinn. Hvernig er að starfa í Reykjavík aftur eftir 12 ára fjarveru?*

„Það er að vissu leyti erfitt. Ég neita því ekki. Einnig hef ég spurt mig ítrekað hvort það sé rétt að hafa aðalaðsetur á Íslandi. Að sumu leyti væri miklu þægilegra fyrir mig, að starfa út frá London, þar sem ég þekki hvern krók og kima, auk þess sem London er miðdepill allra viðskipta og málsmetandi menn eru þar innan seilingar; búa þar eða eru þar með annan fótinn. En ég hef trú á Íslandi og tel að landið eigi að gegna stóru hlutverki í þessari baráttu, sem samtökin, „Friður 2000“ hefur tekið upp.“

- *En hvað með íslenskt samfélag í heild. Hefur það breyst á þessum rúma áratug, sem þú hefur verið í útlöndum?*

„Já, það hefur görbreytst. Allt yfirbragðið er nútímalegra og alþjóðlegra en áður var. Bara þessi breyting varðandi „restaúranta“ ein og sér

hefur haft sín áhrif. Vafalaust hefur tilkoma bjórsins haft þar áhrif á. Vínmenningin hefur gjörbreyst. Það er liðin tíð að Íslendingar drekki sig blindfulla um hverja helgi og smökkuðu það ekki þess á milli. Nú er þetta miklu jafnara og minna í senn og líkara því sem maður þekkir víða erlendis. Það er ekki svo lítið mál, því margir útlendingar skildu alls ekki neitt í þessari vínmenningu okkar Íslendinga. Það var nánast blátt bann við því að dreypa á léttu víni í miðri viku, en fullkomlega eðlilegt að hella í sig heilli flösku af brennivíni á örskömmum tíma, þegar laugardagskvöldið rann upp. Þetta var alveg fráleitt.

Og svo hitt, að Íslendingar eru hægt og rólega að átta sig á því, að þeir eru ekki einir í heiminum, heldur aðeins lítill hluti af mjög stórrí heild. Þessi einangrunarhyggja, sem hefur stundum verið býsna áberandi hér á landi, hefur minnkað verulega og það er skref í rétta átt.

Fyrir mig sem athafnamann hefur líka orðið sláandi breyting í efna-hagslífinu. Verðbólgan er farin og það er ekki svo lítið mál. Þegar ég var að reka fyrirtæki hér á Íslandi þá var verðbólgan í tugum prósentu og í raun alveg vonlaust að reka hér atvinnufyrirtæki svo eitthvað vit væri í við þær kringumstæður. Ég man eftir því að verðbólgan hrökk upp í 178% á tilteknu tímabili og það sér auðvitað hver maður, að þetta ástand var gjörsamlega út í bláinn. Öll áætlunargerð fram í tíman var ætíð á brauðfótum, þegar enginn vissi hvernig þróun verðlags var - vissir varla hvað gerðist daginn eftir hvað þá lengra fram í tímann. Í þessu samhengi er allt annað landslag á Íslandi.“

- Þú sagðir áðan að þú hefði lítið komið upp til Íslands fyrstu árin erlendis. Breyttist það, þegar á dvölina leið í útlöndum?

„Það get ég ekki sagt. Ég hef komið hingað annað slagið til að heim-sækja fólkið mitt. Þetta hafa verið nokkurra daga ferðir og ég játa það, að ég hef ekki fundið mig. Ekki haft á tilfinningunni að hér ætti ég heima, enda verið rokinn erlendis aftur áður en ég var farinn að átta mig á gangverkinu hér á Íslandi.

Þetta er öðruvísi núna. Síðustu mánuðina hef ég komið oftar og staldrað lengur við í hvert skipti. Ég er farinn að finna mig betur hér-lendis. Hinu leyni ég ekki, að ennþá er ég ekki reiðubúinn að festa hér rætur á nýjan leik. Það er ekki kominn tími á það fyrir mig. Það finn ég.“

- Hvar ertu þá með heimilisfestu?

„Heimilisfestu? Það er erfið spurning. Ég er hins vegar með lög-

heimili í London. Ég er þó með íslenskan ríkisborgararétt og mun ekki breyta því, enda þótt ég sé þeirar skoðunar að hvert mannsbarn á jörðinni sé fyrst og fremst íbúi jarðar, en ekki einstakra ríkja.“

AD BÚA Í FERÐATÖSKU

- *Enn og aftur kúvendum við. Hvað með þína fjölskylduhagi í dag?*
„Ég legg allan minn kraft og tíma í „Frið 2000“.

Sennilega hentar starf mitt, þessi eilífu ferðalög, ekki sérstaklega vel fyrir þetta hefðbundna fjölskyldulíf þar sem menn koma á réttum tíma í kvöldmat.

Foreldrar mínir og systkini búa á Íslandi og ég hef ævinlega reynt að halda nánu sambandi við þau.

- *Ástþór. Hvernig sérðu framtíð þína og framtíðardvalarstað? Kemur þú til með að búa áfram í ferðatösku?*

„Já, ætli það sé ekki rétt lýsing. Ég sé það fyrir mér að vera á eilífum ferðalögum heimshorna á milli næstu tvö til þrjú árin að minnsta kosti. En þótt ég eigi ef til vill hvergi heima í hefðbundinni merkingu þess orðs, þá vil ég undirstrika að stofnunin, „Friður 2000“ á heima á Íslandi, þótt starfssvæði hennar sé heimurinn allur.“



Fæðginin Ástþór og Alma Björk, 18 ára. Ástþór segist reyna að halda góðu sambandi við fólkid sitt, dóttur, foreldra og systkini, þótt hann sé á ferð og flugi um heimsbyggð alla.

Virkjum Bessastaði

Í þessari löngu tímabæru bók Ástþórs Magnússonar, stofnanda Friðar 2000, er tekið á grundvallaratriðum mannlegs lífs og framtíðar á jörðu. Án allrar tæpitungu og með kröftugum rökum sýnir Ástþór fram á, að jarðarbúar eru á krossgötum; til þess að börnin okkar og barnabörn eigi möguleika á framtíð í heimi hér verður fólk að velja - velja leið friðarins.

Híð hefðbundna samfélag þjóðanna og stofnanir hinna fjölmörgu trúarbragða eru á villigötum. Og fólk hefur orðið að vélmennum kerfisins, umkringt svikum og spillingu, með þeim afleiðingum að 40 þúsund börn deyja á degi hverjum úr næringarskortri.

Þrátt fyrir háleit markmið með stofnun Sameinuðu þjóðanna hafa 40 milljónir manna látið lífið á síðustu 50 árum vegna styrjaldarátaka víðs vegar um heiminn. Og þetta tímabil eftir síðari heimsstyrjöldina hafa ýmsir þrátt fyrir þetta leyft sér að nefna „friðartíma“! Sameinuðu þjóðirnar hafa brugðist. Upplýsingaöldin og frjáls fjölmiðlun hefur sýnt fram á, að sú stofnun eru rústir einar - stofnunin því miður oft á tíðum skálkaskjól fyrir óprúttna einræðisherra og fjöldamorðingja. Og á sama tíma og bilið milli ríkra og fátækra eykst í heiminum býr „heilagur“ maður í ellefu þúsund herbergja höll, páfagarði, og ver óbreytt ástand.

Það þarf að breyta. Fólkíð sjálft þarf að rísa upp og krefjast róttækra breytinga.

Í þessari bók Ástþórs Magnússonar eru reifaðar hugmyndir og tillögur sem munu breyta heimsmyndinni og skapa okkur nýja möguleika. Ennfremur lýsir höfundur mikilvægu hlutverki Íslands í þessari friðarþróun.

Ástþór Magnússon var athafnamaður í viðskiptum og jafnframt þotuflugmaður. Í kringum fertugt tók hann hins vegar ákvörðun um að ljúka viðskiptaferlinum, seldi hluti sína í fyrirtækjunum, þar á meðal einkaþotu sína, og lagði fjármagnið í stofnun Friðar 2000 - alþjóðafriðarsamtaka sem hafa það að markmiði að eyða gjöreyðingarvopnunum undir eftirliti virkra alþjóðlegra stofnana, gjörbreyta innra og ytra skipulagi Sameinuðu þjóðanna og gera þær að virkri friðarstofnun. Höfuðstöðvar Friðar 2000 eru á Íslandi.

HVER ER FRAMTÍÐ OKKAR?

Stuttu eftir að sextán hundruð vísindamenn sendu frá sér viðvörðun um útrýmingarhættu mannkyns fékk fertugur Íslendingur, Ástþór Magnússon, þrjár sýnir sem urðu til þess að hann gekk frá blómlegu fyrirtæki, seldi einkapotuna og lagði peningana í stofnun alþjóðlegra friðarsamtaka. Í aðdraganda forsetakosninga 1996 gaf Ástþór út bókina Virkjum Bessastaði og kynnti fyrir þjóðinni þá hugmynd að virkja embætti forseta Íslands til friðarmála.

Hættan á útrýmingu okkar hefur sjaldan verið meiri en nú. Leyniskjöl sem nýlega var lekið til New York Times skýra frá því að bandarísk stjórnvöld telji yfir 50% líkur á styrjöld í Evrópu með kjarnorkuvopnum. Tæknin hefur þróast þannig að kjarnorkusprengjum er hægt að skjóta á Ísland með hljóðfráum flugskeytum utan úr geimnum.

Er það framtíð okkur Íslendinga, að Bessastaðir, heimilin og þjóðin verði stríðseldum að bráð? Eina raunhæfa vörnin er ný hugmyndafræði til friðar. Kynntu þér þessa bók áður en þú gengur að kjörborðinu í forsetakosningum árið 2024.